This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.
+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.
+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.
+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

WIDENER
HN URE7 W

Digitized by Google

Scan 5596.318.5



Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

#

VÍSNAKVER

Páls lögmanns Vídalíns

(1667—1727).

Jón Þorkelsson

sá um prentun á því.

Vöxtur og aflið víða fer,
vitið þó fyrir öllu er.
Páll Vídalín.

KAUPMANNAHÖFN 1897.

Prentað hjá S. L. Möller

á kostnað Sigurðar Kristjánssonar.

Digitized by Google

~~Scan 5547.1~~
Scan 5596.318.5
C

Harvard College Library
Von Maurer Collection
Gift of A. C. Coolidge
Jan. 13, 1904

v M2291

Digitized by Google

Formáli.

Útgáfa kvæðasafns þessa, sem nú birtist hér, er gerð af ýmsum tilfaungum, sém eg verð að skýra nokkuð frá. Aðalsafn það, sem hér hefir verið notað af kvæðum Páls Vídalíns, er bók ein, sem Landsbókasafnið í Reykjavík á (Nr. 360. 8vo), og komin mun vera til safnsins frá frú Elinborgu Friðriksdóttur, er fyrri átti Páll alþingismaður Vídalín, en nú er hún kona Benedikts prófasts Kristjánssonar; er bók þessi öll með hendi Jóns Ólafssonar frá Grunnavík, rituð næsta ár eptir dauða Páls lögmanns, og er hún að öllu merkilegust allra handrita af kvæðum hans, sem og er að vonum, því að Jón Ólafsson kom til Páls barn að aldri, ólst upp með honum síðan og var af honum kostaður í skóla; var hann sá maður, er þekti alla hætti Páls bezt á síðari árum, kunni kveðskap hans og öll tildrög að vísum hans, svo að þær geta ekki hafa geingið mjög úr lagi í hans meðferð. Kvæðasafn þetta hefir svo látandi titil: »Lausavísur. | Epigrammata | Pauli Jonæ Widalini Namophylacis Islandici. | Diligenter collecta et in certas classes (quantum | fieri potuit) digesta, addita occasionis et circum | stantiorum mentione accurata. | A quodam, qui ea legentibus | Jocunda Optat fore.[1]) | Conscripta | Anno ab authoris obitu proximo [ɔ: 1738][2]) | Mense 8bri«[3]). Eins og hér segir hefir Jón í öndverðu skipað vísunum í flokka eptir efni, en því, sem honum hefir seinna borizt, hefir hann bætt aptan við. Þessari flokkaskipun Jóns er þó ekki fylgt hér í útgáfunni, heldur er vísunum hér raðað eptir aldri, að svo miklu leyti sem varð, og það sem óvíst er hvenær ort væri hefir svo verið látið koma á eptir hinu, þó svo að samkynja vísum hefir helzt verið skipað saman. Í formála framan við bókina skýrir Jón Ólafsson svo frá orsökinni, »hvar fyrir þessar stökur eru hér uppskrifaðar:

1. Margir eru þeir, sem fara með nokkrar af þeim, en það svo rangt. að hvergi nær heima. Líka hafa sumir skrifað upp stöku vísur þessa authoris eptir ýmsum, og eru þær aungvu

[1]) þ. e Johanne Olavi filio (Jóni Ólafssyni. [2]) þannig handr., en það er auðsjáanlega sett í ógáti, því að Páll dó 1727, sbr og bls. 60 og 89 í handritinu. [3]) þ. e. Octobri.

Digitized by Google

réttari. Því fer betur að þær sé einhversstaðar svo rétt uppskrifaðar, að helzt megi reiða sig uppá, fyrst svo margir hafa þær um hönd, af hvaða verði sem þær eru allmargar.

2. Ef einhver af hans eptirkomendum eður öðrum vildi sjá þær (1) sér til gamans og (2) forvitnis vegna sjálfs authoris, einkum þá frá líður, sem vant er, (3) helzt ef þeir hefðu heyrt nokkrar þeirra áður, og efað hvort réttar væri.

[3.] Það má vel ske að nokkrar fleiri sé til meðal fólks, sem eigi eru hér skrifaðar. Kann sá, sem vel að gætir, marka af þessum hvort þær hinar sé þessa authoris eður eigi.

4. Eg áset mér að uppskrifa þetta einhvern tíma ef lífið til endist og taka þá úr collection þessari þær beztu og þörfustu. En auðnist mér það ei, bið eg þess þann, er þetta kynni eptir mig að sjá, og það uppskrifa vildi, því satt að segja eru hér sumar þær gamanvísur í, sem óþarft er að komi fyrir augu posteritatis, en syrpu þessa læt eg halda sér meðan eg safna.

5. Þess er og að gæta, að sumar vísur kvað hann uppá hendina, strax af munni sér, þó hér ei altið greint [sé]. Verður því censor poeta, að vorkenna, þó sumt hefði kunnað að segjast með merkilegri meiningu eður orðatiltæki.

6. Honum var og títt að gera seinna helming vísunnar fyrst. Kvaðst hann það gera sökum þess að fólk þeinkti sig ei bragþjóf. Hann hefir án efa gert sér það til fyrirgreiðslu að hlaupa yfir inter describendum«.

Síðan getur Jón þess, að ýmsir hafi feingið hjá sér afskriptir af kvæðasafni þessu, og að einn þeirra, Halldór sýslumaður Jakobsson, hafi skemt bókina fyrir sér, strykað í hana svo að segja alla saman rauðum strykum, sem enn sér merki til. Er það ekki í fyrsta skipti, sem Halldór hefir launað Jóni á líkan hátt bókalán, því svo má heita, að hann hafi skemt á þann hátt hverja bók, sem Jón léði honum. En orð Jóns eru á þessa leið, og tilfæri eg þau hér eins og þau eru, þó að nokkur endurtekning sé í þeim, af því að hann hefir skrifað sumt af þeim sitt í hvert sinn, sumt ekki fyrri en eptir 1773:

»Nú hafa hjá mér feingið vísur Páls lögmanns sér til uppskriptar

1. Sýslumaðurinn Bjarni Haldórsson, þá eg var hjá honum á Þingeyrum circa annum 1749. Páll Pálsson skrifaði þær upp á þeim vetri með fljótaskript í Qvarto, en feldi undan alla formálana, sem eru um orsök innihaldsins.

2. Síðan lét Monsr. Eggert Ólafsson skrifa þær upp fyrir sig circa annum 1762, og

3.[1]) Sýslumaður Haldór Jakobsson frá Strandasýslu, sem á til konu Ástríði dótturdóttur lögmanns, en dóttur fyrnefnds

[1]) 4, hdr.

Digitized by Google

Bjarna sýslumanns. Hann var hér í Khafn um veturinn 1764—5 nú seinast. og hann hefir gert þau langstryk, sem hér sjást ofan frá og niður eptir á blaðsíðunni. Hann hefir gert þau sjálfum sér til eptirtekta og máske úrvals. Þarf því ei að gefa nokkurn gaum að þeim. Þó samt ætti að gerast hér úrkast og útvalning, sem er, að taka úr þær viktugustu að meining eður orðfæri og setja þær fyrir sig, ef menn ei vilja láta þær léttvægu (að inntaki og orðfimi) vera óútiluktar.

Nota bene! Stryk þau á skakk niður eptir eður ofan á við, sem hér sjást hingað og þangað, hefir sýslumaður Haldór Jakobsson gert, þá eg léði honum þetta kver til uppskriptar fyrir sjálfan sig, þá hann var hér um veturinn seinast nú 1764—65. Hann hefir gert þau til einhverrar sinnar eigin eptirréttingar eður eptir einhverju sínu eigin áliti. Að þeim strykum er einginn gaumur gefandi. Samt ættu þó þessar vísur Páls lögmanns að vinzast betur, og takast úr þær efnisminstu. Eg meina þær, sem eru um lítils eður einskis væga hluti, ei heldur nein sérleg vena poetica í. Það er þær, sem hvorki prýðir þarfleg meining né fagurt orðfæri; því eg hefi hent saman undir eins þær deproperuðu og fljótlega fram hreyttu sem þær vel præmediteruðu og vönduðu.

Nota bene. Vísur þessar Páls lögmanns hefir sýslumaðurinn Bjarni Halldórsson látið uppskrifa c. 1748 í quarto, en undan feldi víða formálana. Monsr. Eggert Ólafsson lét uppskrifa þær sér hér í Kaupinhafn circa 1762 og nú sýslumaðurinn Haldór Jakobsson nú í vetur 1765. Þau stryk, sem hér eru langs eður á skakk, hefir hann gert sér til greinisemi, og þurfa þau að eingu að aktast framar.

Nota. Haldór Jakobsson sýslumaður í Strandasýslu, þá hann var hér í Kaupinhafn, hefir krassað þetta exemplar með skakkstrykum ofan frá hingað og þangað, sem að eingu á að aktast. Eg léði honum til uppskriptar fyrir sjálfan sig þetta kver þá hann var hér í Kaupinhafn um veturinn 1764—65[1]) circiter. Sýslumaðurinn Bjarni sál. Haldórsson lét uppskrifa sér það í quarto, þá eg var þar hjá honum frá 1744 öðru veifinu til þess 1749«.

Í formála sínum fer Jón svo feldum orðum nm kveðskap Páls:

»Um hans skáldskap er það að segja.

1. hann gat talað upp á hendina alla hluti í ljóðum, þá hann vildi og var ungur, einkum nokkuð kendur.
2. Optast nær óbeþeinktur, sem hann þó tíðum ámælti.
3. Stundum kastaði hann fram seinni helming vísunnar fyr en hinum, svo menn gæti ei kallað sig bragþjóf.

---

[1]) Hér stendur »1768« í hdr., en það er vantanlega misskript (sbr. hér á undan).

Digitized by Google

4. Enn hvað stirður hann var orðinn seinast, má hér sjá sumstaðar, og það sannaði hann opt sjálfur.

Samfeld kvæði kvað hann eigi fyrir utan þau, sem hér eru. Enn ætlaði einu sinni að kveða *rímur af Indriða ilbreiða*, og komst af með fyrstu rímuna eður þó ekki heila. Hefi eg heyrt nokkuð af mansaungnum, sem var um rómversku og norsku fornskáldin, þeirra samjöfnun og snilli. Síðan hætti hann þar við, og sagðist eigi hafa kent sig hafa gáfu eður kunnáttu til að gera það til gagns, því það væri tvent ólíkt að kasta fram stöku liðlegri eður yrkja heilt kvæði, sem þeir skyldu hafa til að bera, er sönn skáld væri«.

Á þessu handriti er auk vísna Páls, mart af vísum eptir ættmenn hans, sem flest er prentað hér síðla í þessu kveri. Enn eru þar og ýmsar vísur eptir hina og þessa, sem hér eru ekki prentaðar.

Frá þessu safni Grunnavíkur-Jóns, sem nú geingur í frumrits stað, þar sem það nær til, munu stafa öll þau heildarsöfn önnur af kvæðum þessum, er nú eru til, þótt flest sé þau nokkuð öðruvísi í hátt, því í flestum þeirra er vísunum raðað eptir stafrofsröð. Að nokkuð af þessum söfnum sé hin sömu og þau, er Grunnavíkur-Jón getur um hér að framan, er mér til efs, nema hvað kvæðasafnið í safni Jóns Sigurðssonar 299. 8vo er endurrit af afskript Haldórs Jakobssonar. Af heildarsöfnum öðrum en Grunnavíkur-Jóns af þessum kvæðum, er einna merkilegast handrit Landsbókasafnsins 270. 4to. Sýnist mér aðalstofn handritsins vera með hendi Sveinbjarnar rektors Egilssonar, og þó að allar vísurnar sé í stafrófsröð, er þó grundvöllurinn undir safni þessu einmitt safn Grunnavíkur-Jóns, en skýringar hans og athugagreinir eru þar víða styttar, og að hinu leytinu aukið inn ýmsum vísum. Síðan hefir Páll stúdent Pálsson bundið bók þessa inn með eyðublöðum, aukið hana stórum, og hann og Jón Árnason hafa borið hana saman við mörg handrit. Í fyrsta lagi við handrit, sem átt hefir Brynjólfur bókbindari Oddsson (d. 1887), og ritað hafði Matthías Ásgeirsson, prests Jónssonar í Holti í Önundarfirði, eptir handriti Gísla Konráðssonar, en Gísli ritaði eptir: 1. »Authoris eiginhendi; var það gömul og góð settleturs hönd«.[1]) Á það að hafa náð yfir Ástalofsvísurnar til Þorbjargar; 2. eptir hendi Jóns sýslumanns Espólíns; 3. »fáar vísur eptir ýmsum handritum«. Í öðru lagi hefir Páll stúdent borið þetta safn saman við handrit, er Páll alþingismaður Vídalín í Víðidalstungu léði honum 1864, og Haldór Jakobsson (d. 1810) hafði ritað. Stóð þessi titill á því: »Epigramata eður lausavísur Páls Jónssonar Vídalíns, sem var í

---

[1]) Páll Vídalín skrifaði, mér vitanlega, annaðhvort sjaldan eða aldrei settletur.

Digitized by Google

Víðidalstungu, nú að nýju uppskrifaður af Anonymo MDCCCVI«, og er það hið sama handrit, er fyrri getur, að nú sé í safni Jóns Sigurðssonar 299. 8vo. Í þriðja lagi hefir Páll stúdent, og að nokkru séra Magnús Grímsson, borið saman við þetta safn handrit með hendi séra Þorsteins Helgasonar í Reykholti, handrit í safni Jóns Árnasonar og handrit í safni Jóns háyfirdómara Péturssonar, sem skrifað hefir verið í Kaupmannahöfn seint á 18. öld af ýmsum, svo sem Guðmundi Helgasyni Ísfold, er dó af slagi 1781 eða 1782, Jóni Jónssyni o. fl., að nokkru leyti eptir safni Grunnavíkur-Jóns. — Í handriti þessu, eins og það er nú, er mart, sem ekki finst í safni Jóns Ólafssonar.

Þriðja heildarsafn af kvæðum Páls er í safni háskólans í Öxnafurðu á Englandi, Nr. 6. Fol., meðal hinna íslenzku handrita, er Finnur Magnússon seldi þangað 1832. Er það handrit skrifað í öndverðu, um 1770, fyrir Jón sýslumann Árnason á Ingjaldshóli (d. 1778), og er vísunum raðað þar í stafrófsröð. Þetta handrit er víða allgott til samanburðar, og sumstaðar hefir það greinilegri skýringar en hin.

Fjórða safnið er í safni JSig. 279. 4to og er lítið á því að græða. Hvort það kynni að stafa frá Bjarna sýslumanni Haldórssyni læt eg ósagt.

Fimta safnið má segja, þótt það sé alt annars kyns en hin, sé í safni JSig. 278. 4to; er það bæði safn af kvæðum og vísum eptir Pál og allskonar drög viðvikjandi ritum hans, er Jón Sigurðsson hefir gert, þar á meðal fjöldi vísna og annað skrifað upp úr orðabók og öðrum ritum Grunnavíkur-Jóns, og finst þar mart af vísum Páls og mart um hann, sem ekki stendur í kvæðasafninu með hendi Jóns. Hefir alt þetta verið til mikils gagns við þessa útgáfu.

Auk þessara aðalhandrita, er nú hafa verið talin, er kvæði og vísur eptir Pál Vídalín að finna í fjölda af handritum innan um kvæði eptir hina og þessa, og getur maður opt rekist þar á ýmislegt eptir hann, sem ekki stendur í aðalsöfnunum, auk þess, sem nota má það til samanburðar. Má meðal þessara handrita nefna Thotts safn 489. 8vo; Rasks safn 46. 4to og 81. 8vo; safn Bókmentafélagsins í Kaupmannahöfn 37. 8vo, 208. 8vo, 629. 8vo, 631. 8vo, 635. 8vo, 639. 8vo og 734. 8vo; safn Finns Magnússonar í British Museum Add. 11, 175. 8vo; í Bodleys safni í Oxford 130. 4to og 109. 8vo; Landsbókasafn 176. 8vo, 179. 8vo og 265. 8vo; safn Jóns Sigurðssonar 231. 4to (Þingeyrabók), 245. 4to, 260. 4to (Þingvallabók), 265. 8vo, 410. 4to, 265. 8vo og 472—475. 8vo (= safn Jóns Árnasonar A III—VI) og 489. 8vo (= JA. A XX). Ennfremur má nefna kvæðabók Gunnlaugs á Skuggabjörgum í safni Jóns Sigurðssonar. Auk þessa er ótalið býsna mikið af kvæðadruslum í mínum fórum, sem eg hefi notað töluvert við þessa útgáfu.

Digitized by Google

Eg hefi fylgt þeirri meginreglu hér í útgáfunni, að geta ekki um heimildir að þeim vísum, sem standa í kvæðasafni Grunnavíkur-Jóns, þótt þær væri til í fjölda annara afskripta, og þó að skýringar ýmsar kunni að vera teknar úr öðrum handritum, sem ekki finnast hjá Grunnavíkur-Jóni. En við allar þær vísur, sem vantar í safn Jóns, er heimildanna getið. Verið getur að sumir felli sig ekki við það, að ekki eru sett stryk eða nein skörp merki milli vísna eða kvæða hér í kverinu, en eg vona samt að það valdi eingum verulegum baga. Kemur þetta af því, að básinn var manni nokkuð markaður og að maður hins vegar vildi reyna að láta rúmið vinnast til þess, að ekki þyrfti að fella neitt undan, sem á nokkurn hátt væri prentandi, og það þótti mér meira vert en stryk milli vísnanna. Enda er hér alt prentað af veraldarvísum Páls, það sem eg hefi rekizt á og þorandi er að eigna honum, nema ein kúr vísa, og að síðustu eru prentaðar þær vísur, sem nokkur vafi er á, hvort hann hafi gert, þótt þær sé eignaðar honum. En sálmum hans hefi eg slept og að eins getið þeirra.

Af því að til er óvenjulega röksamlega samin æfisaga Páls lögmanns eptir Þórð háyfirdómara Sveinbjörnsson framan við útgáfu hans af skýringum Páls yfir fornyrði Jónsbókar (Rvík 1854), kom mér og kostnaðarmanni þessarar bókar saman um það, að óþarfi væri að fara nú að semja nýja æfisögu, er fylgdi kvæðakveri þessu, en hitt þótti okkur báðum maklegt, að láta æfisögu Páls eptir Grunnavíkur-Jón koma orðrétta framan við kvæðin, því að hana er að skoða sem frumrit og grundvöll bæði að æfisögunni eptir Þórð og þeim öðrum æfisögum Páls, sem ritaðar hafa verið. Þeir hafa allir orðið að byggja á Grunnavíkur-Jóni, og er þá réttast að sá maðurinn sé einu sinni látinn segja sjálfur frá með sínum eigin orðum, sem réttast veit, því að hans orðum spyrja allir, sem sannfróðir vilja vera, en síður að hinu, hvernig aðrir fara að því að gera hans frásögn að sinni.[1]) Það varðar mann litið um. Grunnavíkur-Jón hefir líka lagt svo mikla rækt og elsku við minningu fóstra síns, að það verður honum altaf til sóma, auk þess, að alt er fult af fróðleik, sem hann ritar, þótt fátt hafi verið prentað eptir hann hingað til. Að vísu virðist hann vera mjög hlutdrægur um viðskipti þeirra Páls og Odds, og þar er Þórður Sveinbjörnsson ekki mikið betri, en víðast hvar er þó hægt við því að sjá, þótt ekki verði það til fulls fyrri en einhver hefir rannsakað og ritað um æfi Odds frá rótum; hitt er meira vert, að Jón þekti sjálfur persónulega manninn, sem hann skrifar um. Um framætt

---

[1]) Handrit það af æfisögu Páls, sem þórður Sveinbjörnsson hefir haft fyrir sér, er nú í Landsbókasafni 515. 4to, og er æfisagan að nafninu til eptir Haldór Jakobsson, Agrip af æfisögu Páls á dönsku er og í Thottsafni 1485. Fol.

Digitized by Google

Páls og fyrri tíðindi skeikar æfisögu Jóns í sumu, en allar helztu missagnir hefi eg gert mér far um að leiðrétta neðanmáls. Þessir gallar eru og smáir í samanburði við kosti sögunnar, sem skýrir svo vel frá öllu, að manni finst næstum að maður sjálfur sjái og heyri menn og viðburði eins og hjá sér.

Þórður Sveinbjörnsson telur upp rit Páls allvendilega (bls. LXI—LXIV), en þó má skýra nokkuru ger frá því efni, og ætla eg því að geta þeirra hér að nokkru.

1. *Deo, Regi, Patriæ*, ritað á latínu 1699, um hag og framfarir landsins. Finst það meðal annars í þessum handritum: AM. 192. 4to, Thott. 953. Fol. og British Museum Add. 11, 217. 4to, og segir Finnur Magnússon, að það sé eiginhandarrit. Aðalefni þessa rits er gefið út af Jóni konferenzráði Eirikssyni á dönsku máli í Sórey 1768: Udtog af afgangne Lavmand Povel Vidalins Afhandling om Islands Opkomst under Titel Deo, Regi, Patriæ; samt nogle Andres af samme Indhold anvendt paa nærværende Tider. Soröe 1768. Alls 404 bls. í 8vo. Jón Ólafsson getur þess, að rit þetta væri til með Páls eiginhendi í 4to eptir hann dauðan.[1])

2. *Jarðabókin* ásamt Árna Magnússyni. Frumrit hennar á íslenzku er í Ríkissjalasafni Dana, og afskript þar af í Landsbókasafni Reykjavíkur (safn Jóns Sigurðssonar), en dönsk þýðing af henni er í Árna safni (464—474 .Fol.). Þess utan eru í safni Árna ókjörin öll af skjölum og öðru viðvíkjandi jarðabókarmálinu (AM. 438—451. Fol., 462. Fol. og 223. 8vo). Jarðabók yfir Múlasýslurnar vantar alveg, og yfir Skaptafellssýslu er ekki annað til en ágrip þeirra bræðra Ísleifs og Ólafs sýslumanna (sbr. þó AM. 223. 8vo).

3. *Frumvarp Páls til íslenzkrar lögbókar*, eptir Norsku lögum Kristjáns konungs hins fimta, samið 1720 og þar eptir. Þórður Sveinbjörnsson getur þessa rits, en kveðst ekki vita hvar það sé nú að finna. Að minsta kosti að nokkru leyti er samt afskript af því í Landsbókasafni 62. 4to og 171. 4to; ennfremur í safni MSt. 88. 4to og í Ríkisskjalasafni Dana, og ef til vill í Landsskjalasafni Íslands.

4. *Skáldatal og rithöfunda á 17. og 18 öld.* Jón Ólafsson skýrir svo frá því í skýrslu sinni um handritasafn Páls (Brit. Mus. 11, 245. 4to): »Recensus poetarum et Scriptorum island. hujus et superioris seculi í 4to, mestöll með hendi Haldórs Einarssonar, fátt frá geingið, og lá það laust þar í hreinskrifað; var það eigi fleira, að mig minnir, en vita séra Hallgríms og Jóns Magnússonar sýslumanns« (sbr. Add. á háskólasafninu í Khöfn 8. Fol.). Afskript af latínska frumritinu í heilu lagi er óvíst að nú sé til. En rit þetta er til í nokkuð styttri

[1]) Add. Brit. Mus. 11, 245 4to.

Digitized by Google

íslenzkri þýðingu eptir séra Þorstein Pétursson á Staðarbakka (safn Jóns Sigurðssonar 30. 4to og Bibl. Bodl. Oxford. Collect. FM. 66. 4to).

5. *Íslenzk orðabók*, er Þórður Sveinbjörnsson svo nefnir og Hálfdán Einarssen kallar *Onomasticon* Páls Vídalíns, mun vera það, sem Jón Ólafsson kallar (Add. Brit. Mus. 11, 245. 4to) »Nokkrar annotiones rerum et vocum á lausum blöðum, í 8vo latine«. Hvort þetta rit sé nú til er óvíst.

6. *„Uppbyrjuð historia hujus (ɔ: 18.) seculi og Annales“* er eitt af því, sem Jón Ólafsson segir, að hafi eptir hann legið, þegar hann dó (Add. Brit. Mus. 11, 245. 4to). Ennfremur:

7. *»Talbyrðingur* og útskýring yfir hann, þunnur í 8vo; hafði M(agnús) Einarsson skrifað með settaskript«.

8. *»Skrif um jarðavirðingar*, annóterað og ófrágeingið«, telur Grunnavíkur-Jón og (Add. Brit. Mus. 11, 245. 4to; sbr. AM. 462. Fol.).

9. *Æfisaga séra Hallgríms Péturssonar á latínu* (Vita Hallgrimi Petræi) mun vera úr Rithöfundatali Páls [Thott 1149. Fol., 1150. Fol. (bæði á latínu); Thott 1151. Fol. (á dönsku)].

10. *Málsháttasafn*, er enn til, sem eignað er Páli (Brit. Mus. Add. 11. 209. 4to).

11. *Skýringar yfir fornyrði Jónsbókar* gefin út af Þórði Sveinbjörnssyni á kostnað Bókmentafélagsins. Rvík 1854. Alls 658 bls. Mikið rit og merkilegt. Jón Ólafsson skýrir svo frá því riti meðal handrita Páls eptir hann dáinn: »Fornyrði í 8 tomi að vísu. Í tveimur lágu þau hreinskrifuðu og mest fullkomnu. Nokkur voru og hreinskrifuð í 4to«. Útgáfa þessa rits má heita merkilega af hendi leyst, en riti þessu er svo varið, að einginn veit hvenær alt er tæmt, og hefir líklega einginn maður enn haft yfirlit yfir allar þessar skýringar síðan Pál sjálfan leið. Það veit einginn yfir hvað mörg orð þær hafa náð. Er til hinn mesti sægur afskripta af þessum skýringum, og koma þær allavega fram í handritunum, sumpart sem heilt safn af skýringum eða þá einstakar skýringar. Frá þessu riti stafar mart um einstök efni, sem víðsvegar í handritum er eignað Páli Vídalín, og má svo segja að hvert handrit af þessari bók geti verið athugavert. Skal eg geta nokkurra handrita af þesssu riti eða ýmsum hlutum þess; *AM.* 993. 4to, 1011. 4to, 1012. 4to (að sumu eiginhönd); 250. 8vo; *Rasks safn* 20. 4to (með hendi séra Gunnars Pálssonar), 65. 4to (með hendi Háldanar Einarssonar 1752); *safn Magnúsar Stephensens* 20. 4to, 23. 4to, 24. 4to. 25. 4to, 42—43. 4to (úr safni Jóns konferenzráðs Eiríkssonar), 44. 4to; *Landsbókasafn* 56. 4to, 61. 4to, 171. 4to, 60. 8vo og víðar; *Bókmentafélags safn í Khöfn* 33. 4to, 35. 4to, 36. 4to, 53. 4to, 57. 4to, 99. 4to, 170. 4to, 221. 4to,

Digitized by Google

298. 4to, 630. 8vo; *Add. Brit. Museum* 11, 101. 4to (sumt eiginhandarrit), 11, 105. 4to, 11, 236. 4to, 11, 102. 4to (með hendi Magnúsar Ketilssonar), 11, 106. 4to; *Málfærslumannasafn* (Advocates Library) í Eidínaborg 21, 3, 2. 4to, 21, 4, 3. 4to, 21, 3, 10. 4to, og 21, 3. 12. 4to. Sjálfsagt eru til fleiri handrit af þessu riti eða einstökum hlutum þess. Meðal annars á eg tvö góð söfn. Er annað þeirra ritað norður í Víðidal, nálægt 1760 á að gizka, eptir »authoris autopracho«, alls 458 bls. 4to. Hitt er skrifað á að gizka 1780 af Grími leyndarskjalaverði Thorkelín, alls 620 bls. 4to. Það, sem Þórður Sveinbjörnsson segir á bls. LXII um sérstaka ritgerð eptir Pál um *jus patronatus* í bréfsformi til Jóns biskups Árnasonar, er að nokkru leyti misskilningur. Það er að vísu rétt, að Páll skrifaði ritgerð um þetta efni, sem Magnús Ketilsson seinna gaf út sérstaka á dönsku (Lavmand Poveł Vidalins Skrivelse til Biskop John Arnesen om Jus patronatus i Island, oversat paa Dansk af S[yssel] M[anden] J D[alesyssel]. Kiøbenhavn. S. a. 8vo, 32 bls.), en Þórður hefir ekki varað sig á því, að þetta er alt ein og sama ritgerðin og stendur í útgáfu hans af Fornyrðunum, bls. 291—296, og mátti reyndar undir eins sjá það með því að bera saman byrjunina, auk heldur meira, af dönsku þýðingunni við textann í útgáfunni. Í Thorkelínsbókinni minni stendur líka að þetta sé ritað Jóni biskupi »1724 vel circiter«. Er þetta einn vottur þess, að það má vara sig á þessu riti í heild sinni.

12. *Rit um heitdaga á Íslandi fyrrum* er Páli eignað, og verður þó ekki glögt séð hvað hann á í því, því að séra Vigfús í Hítardal hefir aukið það. (IBfél. 69. 4to).

13. *Skýringar við nokkur orð í Vídalínspostillu* hefir Páll gert og sent með bréfi dags. 10. Dec. 1723 séra Eyjólfi á Völlum. »Þessu bréfi fylgja«, segir hann, »á einstaka blöðum svör mín uppá notas yðar yfir nokkrar voces í postillu sáluga biskups Vídalíns, og bið eg yður vel að virða, þó ekki sé það verklegt«. (Frumrit bréfsins í safni JSig. 278. 4to). Skýringar þessar eru enn til, bæði aptast í Thorkelínsbókinni minni og eins í Bodl. Oxford. Coll. FM. 147. 4to.

Að Páll hafi samið rit móti Bergþórsstatútu, eins og Þórður Sveinbjörnsson ætlar, er ekki ósennilegt, þó að nú sé ekki auðbent á hvar hún sé til.

Að gjörtæma eða taka út yfir alt, sem Páll hefir ritað, mun erfitt að svo stöddu, en sumt af skjölum og skýrslum hans og Árna Magnússonar eru auk þess að sumu leyti ritgerðir um venjur, réttarfar og fleira, svo sem álit þeirra frá 1709 (eða öllu heldur Árna og Kristjáns Müllers í nafni þeirra og Páls) um Möðruvallaréttaraót (AM. 208. 4to)[1]). Ritgerð sú *um dags-*

[1]) Hvort það er sama rit, sem í safni Finns Magnússonar í Öxnafurðu (32. 4to) er kallað lagasöguágrip íslenskt eptir Pál og Arna, læt eg ósagt.

Digitized by Google

tímatal o. fl., sem honum er eignuð (AM. 958. 4to) á rót sína í Fornyrðum hans án efa, og mart er það smávegis, sem eignað er Páli, þótt ekki setji eg það hér sérstaklega í ritatölu hans, svo sem athugusemdir hans við sættargerðina 1277 (MSt. 13. 4to), athugasemdir við Noregskonungatal Árna Magnússonar (Landsb. 97. 8vo) og annað því um líkt. Hitt er þó jafnvel enn fleira, sem á ýmsan hátt stafar frá ritum Páls án þess, að getið sé um það, eða að það sé auðþekt í fljótu bragði. Til er *Ferðasaga Páls 1715*, þegar haun sigldi í málum sínum til Kaupmannahafnar, og lagði utan úr Höfða 12. Okt. (»Útsiglingarreisa herra lögmannsins Páls Jónssonar Vídalíns 1715«), en ekki virðist hún rituð af Páli sjálfum, heldur af sveini þeim, er hefir fylgt honum (Add. Brit. Mus. 11, 241. 8vo). Bréf á stangli finnast og, sem hann hefir ritað (svo sem AM. 410. 4to, IBfél. Rvd. 148. 8vo), og meðal annars er til bréf dags. 18. Sept. 1719 í Víðidalstungu til Johanns Buchwalds professors með Jóni syni sínum, er nema vildi læknisfræði (JSig. 278. 4to, afskr. eptir frumriti). *Bréfabók* hefir Páll án efa haldið í mörg ár, og haft hefir Hálfdan Einarsson, og líklega Espólín líka, undir höndum bréfabók hans fyrir árið 1715, en ekki þekkist nú annað af henni en árið 1722, og er það í safni Rasks 57. 4to. Er hún merkileg það sem hún nær, bréfin einkennileg, og lýsir sér í þeim ræktil þeirra, sem hann átti um að sjá, svo sem til fósturbarna sinna. Það er nógu einkennilegt að taka eptir því, að í bréfum sínum þérar Páll alla menn — Árna Magnússon, auk heldur aðra — nema náttúrlega fóstursyni sína, er hann skrifar til í Hólaskóla, og *Stein biskup*. Hann er sá eini, sem hann stöðugt þúar, og má af því marka, að hann muni hafa verið kærastur vinur hans. Jón Ólafsson segir líka á einum stað, að Páll hafi vanið Stein biskup af því að skrifa nafnið sitt *Steirn*, enda sér maður það á bréfum hans frá síðari biskupsárum hans jafnan ritað *Steirn*. Hann segir og að Páll hafi eitt sinn sagt við Jón Árnason, síðar biskup, þá skólameistara á Hólum, hvað það ætti að merkja að kunna ekkert annað en útlenda hluti, grísku og latínu, en skeyta ekkert um innlendan fróðleik, og eptir það hefði Jón farið að leggja stund á íslenzk fræði (AM. 433. Fol. III.).

Eitt rit er það enn, sem hefir eigi verið getið fyrri, hvorki hér né annarsstaðar, er Jón frá Grunnavík eignar Páli (sbr. AM. 429. 4to C bls. 1367; sbr. orðabók undir *litr*), en það er þýðing hans eða öllu heldur lagfæring hans á þýðingu Ólafs skólameistara Jónssonar yfir *Johannis Amosij Comenij Janua linguarum reserata aurea* aptur að 60. kap. »um klæðnað« (de re vestiaria), og að hann hefði boðið Þórði biskupi Þorlákssyni að bæta við tilvitnunum í latneska höfunda, ef hann vildi láta prenta bókina, og félst biskup á að gera

Digitized by Google

það, en úr því varð þó áldrei. Jón Ólafsson segist hafa lært þessa þýðingu utan að, þegar hann var að læra hjá Páli. Hann segist og eiga eintak af þessari þýðingu, en þó vanti í hana hér og hvar. Jón segir sömuleiðis að Páll hafi þýtt *Præterita grammaticæ Bangii*, »sem eg lærði utan að«, segir hann. Ennfremur farast Jóni svo orð: »Hann lét okkur, 5 eða 6 discipulos, læra *grammaticam Bangii;* hann lét okkur og læra *Januam linguarum Comenij*, hér um fram að cap. LX. Hann gerði nýja version yfir þau capita með því móti, að hann hafði fyrir sér version séra Ólafs gamla skólameistara í Skálholti; hann átti hana í 8vo með hendi séra Ólafs föður míns, sem hann hafði skrifað ungur, hér um tvítugs aldur, lagfærði sumt eður útþýddi skiljanlegar. Hljóp þó yfir ókenda hluti, sem ei eru nöfn til á (á) islenzku, sem urtanöfn c. 12 og 13«. Í þessa þýðingu Páls vitnar Jón Ólafsson mjög opt í orðaaók sinni og tilfærir klausur úr, svo sem þessa: »Kiðlingurinn hefir eigi geitskeggið þó hann sé gemsmikill, illglettinn og þrár« (orðab. *þrár*).[1])

Þess var áður getið, að æfisaga Grunnavíkur-Jóns væri ekki óhlutdræg um viðskipti Páls og óvina hans, þótt hún sé stórmerkileg í sjálfu sér um hætti Páls og tíma þá, er hann var uppi. Er þetta svo bert, að Jón dregur svo sem alveg yfir viðskipti Páls og sumra manna, svo sem viðskipti hans og séra Haldórs Hallssonar, sem eru Páli lítið til sóma, því að Haldór prestur var hinn merkasti og mikilhæfasti maður, og hafði það eitt til saka unnið í öndverðu, að hann hafði verið sveinn Odds lögmanns, átti honum mikið menningu sína að þakka og reyndist honum tryggur vinur, og svo það að hann lagðist á hugi við Hólmfríði dóttur Páls, og var það hvorki á móti skapi Hólmfríðar sjálfrar né Þorbjargar móður hennar; en úr þessu varð samt fullur fjandskapur með klerki og Páli, og komst þá Páll yfir nokkrar bréfagerðir prests í sinn garð, og vægði lögmaður þá lítt, sem sjá má af fylgiskjölum hér aptan við æfisöguna.

Um kvæði og vísur Páls er það að segja, að þær lýsa góðum smekk og íslenzkum anda, og þær eru merkilegar, ekki að eins fyrir höfund þeirra, sem var einkennilegur maður, heldur fyrir samtíð hans, því að þær eru flestar tækifærisvísur, annaðhvort um einstaka menn, málaferli Páls og mótstöðumenn eða aðra margvíslega tilburði manna á meðal í þá daga, svo að

---

[1]) Í orðabókinni eru að minsta kosti þessar tilvitnanir í þýðingu Páls af Comenio: § 33 (auga), § 170 (belgja), § 183 (þrár), § 186—188 (hundur), § 200 (vani), cap. 20 § 230—237 (aldr), § 237—238 (vöxtr), § 246 (auk), § 247—248 (auga), § 304 (þvag[stemma]), § 317 (blámi), § 334—335 (blár), § 338 (blár), cap. 31 § 379—384 (aldin), cap. 32 § 385—392 (akr), § 439 (vín), § 441—448 (vín), § 450—453 (hestr), § 454—459 (vagn), § 481 (voð).

Digitized by Google

þær kenna manni miklu betur en nokkuð annað bæði að þekkja menn og umgeingni þeirra hvern við annan. Einn kost hafa vísur Páls enn, þann, sem skilur þær frá þeim algeinga leirburði, og hann er sá, að þær eru einkennilegar og auðþektar, hvar sem þær eru, frá vísum annara manna. Það er og vis vottur um vinsældir vísna þessara á Íslandi hvað opt þær hafa verið uppskrifaðar, og þá ekki síður hitt, að menn kunna út um alt land mikið af þeim enn þann dag í dag.

Að endingu skal eg tilfæra hér dóm Árna Magnússonar um Pál Vídalín dauðan eptir bréfi Árna til Magnúsar stúdents Einarssonar á Jörfa í Haukadal dagsettu í Khöfn 16. Júní 1728:[1])

»Um Pál lögmann, sem guð í fyrra burt tók úr ofsóknum og öðum mannraunum, er það minn dómur, að mér vitanlega hefir á Íslandi aldrei, fyrr né síðar, verið svo lærður lögmaður, og í lagaviti veit eg nú eingan hans maka, og ekki nærri því, og mjög fáir — ef nokkrir — hafa þeir verið fyrir hans tíð. Annars hafði sá sálugi maður sína mannlega bresti, svo sem vær allir höfum. Liggi hann í friði, og gangi þeim, sem eptir eru, eins og þeir eru góðir til. Það eru eingar bölbænir, því hér með óskast góðum góðs, sem að vísu eru þar nokkrir, en hve margir, það veit guð alleina«.

---

[1]) Eptir kveri í 8vo, sem eg á, með hendi Daða fróða, en þetta hafði verið »eptir bréfinu skrifað framan við bók af Jóni Egilssyni« á Vatnshorni.

Kaupmannahöfn 19. Janúar 1897.

Jón Þorkelsson.

Digitized by Google

Um þá lærðu Vídalína.

Eptir Grunnavíkur-Jón.

[AM. 437. Fol., bls. 28—66].

Cap. 1.

Fyrst um síra Arngrím Jónsson Vídalín á Melstað og af honum komna ætt þeirra Vídalína.

Síra Arngrímur Jónsson var fyrst prestur á Miklabæ í Óslandshlíð í Skagafirði, og það í tíð Ólafs biskups Hjaltasonar, sem eg hefi þózt ráða af nokkrum skjölum, sem sá biskup hefir útgefið,[1]) og máské tvö eður fáein ár verið skólameistari á Hólum, áður eður undir eins [og] hann var prestur, því það tíðkaðist þá að prestar kunnu að vera skólameistarar, og jafnvel staðarins ráðsmenn undir eins. Hann var og officialis biskups Guðbrands á hans síðustu æfiárum, og prestur á Melstað í mörg ár og þar andaðist hann í háum aldurdómi anno 1646, að eg meina. Það var 1647,[2]) því síra Erlendur kom til Mels 1648.

Faðir hans Jón hefi eg svo eptir tekið, að búið hafi á Auðunarstöðum í Víðidal, og að þar sé síra Arngrímur fæddur, og þaðan tekið sér það viðurnefni eður hjánefni (agnomen) Widalinus (islandice: hinn Víð-dæli eður Víð-dælingur), er síðan er orðið nomen gentilitium eður familiæ[3]) hjá hans niðjum og

---

[1]) Þetta er misskilningur, því sá séra Arngrímur, sem uppi var á dögum Ólafs biskups, drukknaði 1579, en Arngrímur lærði er fæddur 1568, ári fyrri en Ólafur biskup dó. (J. Þ.).

[2]) Hvorugt ártalið er rétt. Arngrímnr lærði dó 27. Júní 1648. (J. Þ.). [3]) Þ. e. ættarnafn. (J. Þ.).

Digitized by Google

afkomendum. Ei veit eg hverra manna faðir hans verið hefur, svo mér sé það ljóst, og ei hvers háttar, þó meina eg hann bóndi verið hafi.[1]) En móðir hans meina eg Solveig heitið hafi,[2]) og verið systir eður mjög náskyld Helgu móður Guðbrands biskups,[3]) þeirri, er var dóttir Jóns Sigmundssonar lögmanns norðan og vestan á Íslandi, og bjó á Stóruborg í Víðidal. En móðir Jóns Sigmundssonar [var] Solveig dóttir Bjarnar Jórsalafara Þorleifssonar riddara og hirðstjóra á Skarði, er átti Ólufu dóttur Lopts ríka á Möðruvöllum [og] lifði um 1460, og bjó að Skarði á Skarðsströnd; en Sigmundur var prestur, minnir mig.[4]) Fyrnefndur Jón Sigmundsson lögmaður var sá hinn sami, er dæmdi Leiðarhólmsdóminn anno 1517[5]) in Oktobri móti ofbeldi biskupa yfir leikmönnum, og útsetningunni af kirkjunni, og er það merkjandi, að hann dæmdi þann dóm í Octobrimánuði, en Marthinus Lutherus byrjaði reformationina á Katrínarmessu í Novembri (25. Nóv.) sama ár. En þetta er svo að telja eptir ættartölu monsieur Jóns Magnússonar mér gefinni 1735: Sveinbjörn hefur heitið maður, er meinast að hafa verið af háfu slekti í Noregi.[6]) Hans son Eiríkur riddari í Vatnsfirði. Hans son Einar Eiríksson á Grund. Hans son Björn

---

[1]) Jón á Auðunarstöðum faðir séra Arngríms var Jónsson, Hallvarðssonar, en Jón Hallvarðsson var bróðir Kráks fyrra manns Helgu Jónsdóttur, móður Guðbrands biskups. (J. Þ.).

[2]) Móðir Arngríms lærða og kona Jóns var ekki Solveig, heldur Ingibjörg Loptsdóttir. (J. Þ.).

[3]) Guðrún Jónsdóttir systir Helgu átti Jón Hallvarðsson, og var því amma Arngríms lærða. (J. Þ.).

[4]) Solveig móðir Jóns var ekki dóttir Björns ríka, sem hér er ruglað saman við Björn Jórsalafara, heldur var hún systir Björns og dóttir Þorleifs Árnasonar og Vatnsfjarðar-Kristínar Björnsdóttur Jórsalafara, eins og segir hér rétt á eptir. (J. Þ.).

[5]) Þetta er ekki rétt. Leiðarhólmsskrá er gerð 1513. (J. Þ.).

[6]) Sveinbjörn var ekki austrænn að kyni, heldur var hann sonur Sigmundar Gunnarssonar í Súðavík. (J. Þ.).

Digitized by Google

Jórsalafari. Hans dóttir Kristín, kvinna Þorleifs Árnasonar í Vatnsfirði. Þeirra dóttir Solveig Þorleifsdóttir, systir Björns hirðstjóra á Skarði.[1]) Hún var á ráði með séra Sigmundi Steindórssyni. Þeirra son Jón Sigmundsson lögmaður, er átti Björgu Þorvaldsdóttur frá Móbergi, systur Jóns Þorvaldssonar ábóta á Þingeyrum. Eður enn þá skýrara eptir ættartölu þeirri, er monsr. Jón Magnússon, bróðir assessors Árna, hefur mér gefið: Jón langur á Ási Axarfirði. Hans son Finnbogi gamli. Hans dóttir Þórdís Finnbogadóttir. Hennar son síra Sveinbjörn Þórðarson á Múla. Hans son Hallgrímur Sveinbjarnarson, er átti Guðnýju nokkra Sveinbjarnardóttur. Þeirra son séra Þorlákur Hallgrímsson á Staðarbakka, átti Helgu Jónsdóttur (Sigmundssonar) lögmanns, ekkju Kráks Hallvarðssonar. Þeirra son Guðbrandur Þorláksson biskup á Hólum,[2]) er átti Haldóru dóttur Árna Gíslasonar á Hliðarenda og Guðrúnar Sæmundardóttur. (Nú kemur til minnar ættar). Þeirra dóttir Kristín Guðbrandsdóttir kvinna Ara Magnússonar í Ögri, er faðir var Magnúsar sýslumanns, föður séra Páls á Melstað, föður Þórunar, móður minnar.

Fylgir þá eptir, að Guðbrandur og síra Arngrímur hafi verið systrasynir,[3]) er dætur hafi verið Jóns lögmanns Sigmundssonar. Því er ei að kynja, þótt Guðbrandur biskup hafi tekið hann sér fyrir officialem og valið til að sigla og ónýta morðsmálið og falsbréfin, er Gottskálk Hólabiskup (sem var 20 ár, nefnilega frá 1499 circiter til 1519 og kallaður var hinn grimmi) lét þá bræður Markús og Jón

---

[1]) Neðst á bls. í handritinu ritar Grunnavíkur-Jón: »NB hvorki er hjá mér Catalogus minn yfir íslenzku bréfin, sem biskup Gísli tók með sér, eður önnur subsidia, til að glöggva mig á þessu«.

[2]) »NB ætt Guðbrands biskups«, setur JGrv. á spássíu.

[3]) Þessu skakkar. Amma Arngríms og móðir Guðbrands biskups voru systur. (J. Þ.).

Digitized by Google

Olafssonu í Héraðsdal í Skagafirði gera,[1]) og villa þar í ættartöluna, sem þó er auðsjáanlegt, því það er auðsýnilegt, að þar er eitt mannsnafn útskafið, og annað inn aptur sett, svo sem assessor Árni sjálfur sagði, og eg hefi einninn líka aðgætt.[2]) Til eru og nokkur bréf um það, að nefndur biskup bar það upp á Jón lögmann Sigmundsson, að hann skyldi hafa vegið Ásgrím bróður sinn norðan fram í kirkjugarðinum í Víðidalstungu.[3]) Sigmundur meina eg prestur verið hafi.[4]) Svo er og munnleg frásaga, að Jón Sigmundsson og menn Gottskálks hafi barizt þar af kirkjugarðinum og skálanum í Víðidalstungu, Jón Sigmundsson síðan flutt sig búferlum að Stóruborg, stefnt Gottskálki fyrir guðs dómstól, biskup hafa það heyrt á visitaziureið sinni, riðið sem skjótast heim að Hólum, og legið í þrjár nætur áður enn (hann) dó í dyrasænginni í Timburstofunni; og [sagt er um] draum prestsins, er hjá honum var, að séð hefði flegið naut í þrjár nætur, er biskup skyldi svo ráðið hafa, að hann mundi nógu mikið hafa flegið Jón Sigmundsson, og önnur munnmæli, sem vera kunnu um þeirra viðskipti. Um þessi falsbréf og ranga aðtöku á Víðidalstungu lét Guðbrandur biskup síra Arngrím sigla, og vann hann málið fyrir hærstarétti[5]) [Nota: þar í eru innlegg kölluð á dönsku forsætt]. Að því gerðu samsetti Guðbrandur biskup bæklinginn í 8vo (er eg séð hefi) um þetta falsbréfamál. Bakvið setti hann seinast grein þessa: »*Þeim bölvuðum sköfurum og skrifurum bræðrum Jóni og Markúsi Ólafssonum*

---

[1]) Þetta er rangt. Gottskálk biskup dó 1520, en þá voru þeir Jón og Markús ekki fæddir, svo að biskup gat ekki látið þá gera bréfin, en þeir gerðu þau miklu síðar í nafni Gottskálks biskups og annara manna um það leyti. (J. Þ.).

[2]) Sá dómur, er sýnir þetta, er enn til. (J. Þ.). [3]) Margir vitnisburðir eru enn til um þetta víg. (J. Þ.). [4]) Séra Sigmundur var prestur í Miklabæ, og hefir dáið 1502. (J. Þ.).

[5]) Þ. e. að skilja ríkisráðsdómi, ef þetta er rétt. (J. Þ.).

Digitized by Google

til æfinlegrar skammar lífs og liðnum«[1]). Þetta rógbar Jón Jónsson lögmaður,[2]) er ætíð var fjandmaður Guðbrands biskups, fyrir kongi, að hann hefði svo skrifað um dauða menn, og er svo mælt, að biskup hefði orðið heilmikla peninga úti að láta, sumir segja 1000 ríxdali.

Áður er sagt, að eg hygg, síra Arngrím verið hafa skólameistara á Hólum, máske áður eður meðan hann var prestur í Miklabæ. Opera hans þessi upp telur Einar Eyjólfsson, er var sýslumaður í Árnessýslu, í formálanum fyrir þeirri prentuðu Grænlands sögu í Skálholti 1688 í quarto: 1, *Commentarius Islandiæ;*[3]) 2, *Crymogæa*[4]) og 3, *Specimen Islandiæ;*[5]) *Dissert. Ideam Magistratus islandici.*[6]) En *Anatome Blefkeniana* er til í 8vo með íslenzkum typis á Hólum prentuð,[7]) og þar bakvið vísan:

Dithmar drafni og rotni
Dithmar innan svitni &c.[8])

En seinasta línan:

Dithmar eigi rythminn.[8])

Þá er og 4. nefnd *Grænlands saga,* er nefndur Einar Eyjólfsson hefir snúið á íslenzku; 5, Sögubátt af *Jómsvíkingum* á latínu hefi eg einu sinni skrifað exemplar af, sem honum er eignaður.[9]) *Krosskveðjur*

---

[1]) Þetta er ónákvæmt hjá nafna mínum; orðin aptan við bæklinginn 1608 hljóða svo: »Jóni Ólafssyni, bróður hans Markúsi Ólafssyni og þeim fleirum, hverir helzt þeir eru, smiðum, sköfurum, skrifurum þessara falskra bréfa uppá Jón Sigmundsson, hvort sem þeir eru lífs eða dauðir, til sæmdar og heiðurs, vegs og virðingar hjá öllum ærligum mönnum«. (J. Þ.).

[2]) Þetta fer einnig nokkuð milli mála, því að Jón lögmaður dó 1606, en bæklingurinn kom út 1608. Jón Ólafsson kærði bæklinginn sjálfur fyrir »herramönnunum« 1618. (J. Þ.).

[3]) Hafn. 1598. [4]) Hamb. 1609. [5]) Amsterd. 1643. [6]) Þekkist nú ekki (J. Þ.). [7]) 1612, en í Hamb. 1613 í 4to. [8]) Sbr. rit mitt um kveðskap á Íslandi á 15. og 16. öld. Kh. 1888, bls. 477. [9]) Jómsvíkingasaga Arngríms á lat. útg. af A. Giessing. Kristjansand 1877.

Digitized by Google

eru prentaðar í Skálholti í sedec. með Passíusálmum síra Hallgríms Péturssonar í sedecimo hér um 1684 eður nokkru síðar.[1]) Líka nokkrar stökur eða lausavísur (epigrammata) eptir honum hafðar. Epigr.:

Páfinn og hans prestaleir
með plátusaung og þunnan geir &c.

Item: Judas koss er haldinn hnoss,
þó hart um brjóstið svelli &c.

Assessor Árni sagði um hans lærdóm, að hann hefði verið doctus omni seculo, en um hans kveðskap: Arngrimo (í stað annars nafns) demas carmina major erit,[2]) og þá hann var um þetta að tala við mig, spurði hann mig, eður setti fram fyrir mig þá ráðgátu, hvað það væri, sem stækkaði því meir sem meira væri af því tekið. En Páll lögmaður dótturson hans líkti hans skáldskap saman við óheflaða staura rekna saman með ryðguðum járngöddum, þótt Hildur móðir hans vildi það lítt heyra. Hann var annars yfirlætismaður, að sögn manna, og lét syni sína ganga á kápum, þegar á unga aldri á helgum dögum, en ei búmaður hinn mesti, svo ei voru hús til hesta á Mel áður síra Erlendur Ólafsson kom þar. [Hann [átti tvær konur,[3]) og mörg börn með þeim, sem strax mun sagt verða.[4]) Hann var leingi prestur á Mel, og andaðist þar í góðri elli, og liggur þar í kirkjunni, kvenna megin, fyrir framan kórdyrnar. Eru upp yfir latínsk vers með gyltum bókstöfum, og lukt með hurð fyrir, og hans effigies hjá. Hún er og til á pappírsblaði prentuðu, og þessi orð hjá: *Virtus*

---

[1]) Krosskveðjur Sti. Bernhardi komu fyrst út á Hólnm 1618 í 8vo. (J. Þ.). [2]) Versus, sed ad alium quendam spectans. (Grv.J.). [3]) [var tvíkvæntur, skr. yfir línunni. [4]) [Þessi setning er innsviguð í handritinu, og úti á spássíu ritar Grunnavíkur-Jón: »*NB þá Ívar illi sagði við hann: Settu við fótinn, þá síra Arngrímur fann að við hann, að hann, slæi illa*«.

Digitized by Google

instar aquilæ. Af hverju líklegt er til að geta, að hann hafi skilið þetta compositum *arn* í nafni sínu fyrir ari (aquila), sem réttara mun vera heldur en *arn* (ignis).[1]) Menn segja einnig, að hann hafi verið þóttalegur í fasi og framgaungu, og státað sig nokkuð. Því bar svo við, að einu sinni á alþingi. þá síra Arngrímur var að ganga um gólf eður spatziera fyrir sig alleina þar fyrir neðan á lögréttueyrinni, en síra Hallgrímur skáld Pétursson lá þar fyrir ofan uppi í hallinum, og var að tala þar við ýmsa menn og gamna sér við smádreingi og leit síra Arngrím ganga niðri á eyrinni fyrir sig alleina, skyldi hann kveðið hafa stöku þessa:

Eins og forinn[2]) feitur
fénu mögru hjá,
stendur strembileitur
stórri þúfu á;
þegir, og þykist frjáls —
þetta kennir prjáls; —
reigir hann sig og réttir upp
rófuna til hálfs;
sprettir úr sporunum státe
og sparðar gravitáte.

Hann var tvíkvæntur, að mér hefir sagt verið, og hefi eg svo eptir tekið, að hans sú fyrri kona hafi heitið Solveig, en hin seinni Sigríður, Meina eg hans börn með Solveigu verið hafi síra Þorkell[3]) í Görðum, sá lærði og merkilegi læknir, faðir Mag. Jóns biskups

---

[1]) Hér stendur merki í spássíu handritsins, er virðist benda til að hér inn á milli eigi að koma: *Hann var tvíkvæntur* &c. og út. En það fer fult eins vel á því að láta þetta standa eins og því hefir verið skipað upphaflega. (J. Þ.).

[2]) à Dan. et faar, ovis. (GrvJ.).

[3]) Það er rétt, að Solveig Gunnarsdóttir var fyrri kona séra Arngríms, en hitt er rangt, að séra Þorkell og þeir bræður hans, sem hér eru taldir, væri synir hennar. Þeir voru einmitt synir Sigríðar Bjarnadóttur. (J. Þ.).

Digitized by Google

Vídalíns í Skálholti, er átti Sigríði dóttur Jóns biskups Vigfússonar, og eitt barn með henni, er Solveig hét, og síðar mun verða getið. En annar son síra Þorkels var Þórður medicus, er átti eina dóttur Sigríði að nafni, og hinn þriðji magister Arngrímur, er var rektor í Naschou á Lálandi, er síðar mun greint verða. Annar sonur sona síra Arngríms með Solveigu var Bjarni, sem var prestur í Vesturhópshólum og síðar á Höskuldsstöðum, og Páll lögmaður lærði hjá ungur nokkur missiri. Sá síra Bjarni meina eg væri faðir Arngríms, er var ráðsmaður í Skálholti hjá frænda sínum Jóni biskupi Þorkelssyni Vídalín; bjó síðan suður í Krýsuvík, og andaðist af steinhrapi úr klettum, þá hann var að sölvatekju um sumarið 1724. Þau[1]) áttu eingin börn sín á milli. En dóttir síra Bjarna var Solveig í Ásgarði, er Sigurður Egilsson í Ásgarði í Hvammssveit átti. Þeirra son Bjarni, er átti Karítas dóttur Jóns Arnórssonar í Ljáskógum, lögsagnara Páls lögmanns. [Þorsteinn Bjarnason hét og lögréttumaður í Húnavatnsþingí.[2]) Þriðji son hans síra Þorlákur, er eg meina væri stuttan tíma prestur á Staðarbakka. Hans dóttir Ingibjörg dó í minni tíð af meinlætum í Víðidalstungu hér um 1714. Hann nefnist hér og síðar.

Cap. 2.

Um síra Þorkel Arngrímsson, [og hans syni, þá bræður biskup Jón Vídalín, Mag. Arngrím og Þórð, item Þorstein Vídalín.[3])

Þess er fyrr getið, að fyrri kona síra Arngríms muni hafa Solveig heitið, og þeirra son[4]) hafi síra Þorkell verið, sem var prestur til Garða á Álptanesi og Bessastaða. Hann var mörg ár í öðrum löndum og lagði sig eptir *medicinæ* og *chymiæ*. Af hans *Curationibus* má sjá, að hann muni hafa siglt af landi

[1]) Þannig. [2]) [Þetta er innsvigað í hdr. [3]) [Útstrykað í hdr. [4]) Sjá 3. neðanmálsgr. bls. XXI.

Digitized by Google

fyrir annum 1650,[1]) því hann kveðst vera in patria anno 1651. Þá mun hann hafa siglt á ný, því hann segist vera í Amsterdam anno 1652 (Cur. I.), Havniæ anno 1653 (vid. Cur. 7 et 8), Christianiæ 1654, item Regiomote (forte Kongsberg)[2]) eodem anno. Sandiæ anno 1655 (Cur. XV.), puto esse Kristjansand in Norvegia. Iterum in patria in Islandia 1656 et 1657 (vide Cur. 17. & 20.). Havniæ iterum 1658 et deinde demum in patria. Cur. 4. nefnir hann fratrem suum Thorlacum Arngrimi, og Cent. 2. Cur. 26. nefnist kona Jóhanns Péturssonar Klein, sem var fógeti um þau ár.[3]) Þetta verða 8 ár. Hann hefir og gert latínsk vers framan við Gandreið síra Jóns Daðasonar í Arnarbæli, og nokkur íslenzk;[4]) en sú bók sýnist að vera samsett anno 1672 heldur en 1660. Eg læt hann — það er get til — fæddan hafa verið hér um anno 1610.[5]) Þá sýnist hann hafa verið sextugur eður lítið yfir, þá hann hefir andazt.[6]) Konu hans hefi eg heyrt nefnda Margrétu dóttur síra Jóns Þorsteinssonar, sem var í Vestmanna-

---

[1]) Þorkell fór fyrst utan 1647. (J. Þ.). [2]) vel Kongsbakki. (Grv.J.). [3]) Það, sem Grunnavíkur-Jón kallar *Curationes* séra Þorkels, er án efa *lækningabók* hans; er hún enn til að nokkru (IBfél. Khd. 386. 8vo og Bibl. Bodl. Oxf. FM. 139. 8vo). (J. Þ.). [4]) latínsk, hdr. (!). Séra Þorkell hefir einmitt ort kvæði bæði á latínu og íslenzku framan við Gandreið (IBfél. 35. Fol.). Íslenzku vísurnar eru svo:

Glumraði Gandreið,
gat eg umhverfis
svipað sjónarbaugum;
mart eg þar frá,
það ei meingi veit
og dvelst í djúpi niðri.

Glumraði Gandreið,
gerði eg enn fleira
setja um sinnu bygðir;
mest þykir dult það,
þá mátki guð
skóp á skömmum tíma.

Glumraði Gandreið,
geymdi eg að rótum
hins mæra meginviðar;
þar eru æðar
hins ítra brunns,
fær þó fár að kenna. (J. Þ.).

[5]) Þetta er mjög rangt. Séra Þorkell er fæddur 1629. (J. Þ.).
[6]) Séra Þorkell andaðist 1677 og ver þá 48 ára gamall. (J. Þ.).

Digitized by Google

eyjum,[1]) og kveðið hefir Genesissálma og marga jólasálma og aðra fleiri. Tyrkjar drápu hann þá, er þeir gerðu herhlaupið og ránið þar Anno 1627, en tóku konu hans og dóttur og seldu á veginum í Spanien, en Jón kallaður Vestmann varð officeri hjá þeim, og er um hann saga nockur, sem hér mun tilsetjast.[2]) Hildur Arngrímsdóttir minnir mig segðist hafa verið nítján ára, þá hún giptist Jóni Þorlákssyni í Víðidalstungu. Sagði hún mér eitt og annað frá hans[3]) curationibus, sem það, að hann hefði stundum læknað sár fráverandi, þá hann fékk blóðið að eins. [Hann kendi og Íslenzkum at setja beltið við holdsveikju, og tilbúa *emplastrum admirabile*. Eg hefi og séð skrif um þess emplastri virtutes, er hann er sagður auctor að.[4]) Einninn [sagði hún mér frá], þá Hollenzkir eður aðrir hefði heimsótt hann. Sömuleiðis, að hann hefði opt verið sóttur, að sætta þau Nicolaus[5]) fógeta og konu hans. Páll lögmaður sagði, hann hefði verið nokkuð málstirður, þá hann prédikaði eður talaði, en hégómalaust og vel grundað, sem hann fór með, [og einn með lærðustu mönnum. Þar af kom það, hversu Brynjólfur biskup ávarpaði ósnoturlega Þórð Þorláksson, þá orðinn vicebiskup, og var á ferð með Brynjólfi, er þeir séra Þorkell voru að tala saman einhverju sinni um lærða hluti, en Þórður vildi tala fram í.[6]) Sagt er hann hafi verið nokkuð hneigður til drykkju, svo bændur sendu einn hinn merkilegasta af sinni sveit, Eyjólf nokkurn á Augastöðum að nafni, austur að Skálholti. En [hann] mundi ekkert erindið, þá hann kom til tals við biskup, og ei fyrri en hann var kominn heim á leið yfir Brúará; þá sé að honum

---

[1]) Þetta er ekki rétt. Kona séra Þorkels var Margrét dóttir séra Þorsteins í Holti undir Eyjatjöllum, en séra Þorsteinn var sonur séra Jóns píslarvotts Þorsteinssonar (J. Þ.). [2]) Þessi saga um Jón Vestmann er hér ekki (J. Þ.). [3]) Þ. e. séra Þorkels (J. Þ.). [4]) [bætt við á spássíu (J. Þ.). [5]) rétt: Thomas Nikulásson. (J. Þ.). [6]) [á spássíu í hdr. (J. Þ.).

Digitized by Google

svefnhöfgi, [og þá hann vaknaði mundi hann erindið, en sá að ei mundi stoða að snúa aptur til biskups, en hét þeim að hugsa til þess, sem olli hans óvirðingarför.[1]) Og hversu brjálsemin kom á síra Þórð í sama mund árið eptir [felli eg undan]. [Þessi síra Þórður er sá, sem útlagt hefir *Copernici Systema*, og gert eitt *Calendarium perpetuum* (rím), hvar hann talar um það *seculum magnum* (puto annum Platonicum), er hann kallar aldamóður. Hann passaði mastrið á duggu síra Páls í Selárdal, lét strauminn hræra sleggjuna til að berja fiskinn þar í Skálholti, og hversu gekk til um það æði, er hann fékk, og hversu batnaði það undir dauðann, og skildist vel við heiminn. Hann var prestur á Vest(fjörðum).[1]) Eg felli einninn hér undan þá munnlegu frásögu, er Sighvatur, kallaður skírari, glettist við Þorlák son Þórðar biskups, fyrir spélnina við barn hans, en Eyjólfur þessi gerði að, er varaði um hans æfidaga, en jafnskjótt, er hann var dauður, tók hann sama mein, svo það skildi hann við lífið. Fram hjá slíku öllu vil eg þurrum fótum ganga, svo sem öðrum lítt við komandi hlutum.

Cap. 3.

Um syni síra Arngríms, hverir verið hafi.

Af fyrri konu[2]) síra Arngríms hygg eg fæddan síra Þorkel í Görðum, föður Jóns biskups, og bræður hans Þorlák og Bjarna, er prestar urðu. Um þá var nú nokkuð strax áður getið. En með hinni síðari, er Sigríður hét, aflaði hann Guðbrands, líkast heitnum eptir Guðbrandi biskupi, og Hildar móður Páls lögmanns og hans systra, og[3]) því hlýðir til að tala um þau nokkru síðar. Guðbrandur varð sýslumaður í

---

[1]) [á spássíu í hdr. [2]) Þetta er rangt, sjá bls. XXI hér að framan (J.Þ.). [3]) »Guðbrandur, hvern eg sá í elli sinni, þá hann bjó á Lækjamóti í Viðidal«, hefir Grunnavíkur-Jón strykað hér út. (J. Þ.).

Digitized by Google

Húnavatnssýslu og bjó fyrst á Auðunarstöðum í Víðidal; eignaðist til konu Ragnheiði[1]) dóttur Jóns Egilssonar á Skarði í Langadal. Þá bjó Hildur með bónda sínum Jóni Þorlákssyni í Víðidalstungu, og áttu þær mæðgur[2]) lítt geð saman. Því næst bjó Guðbrandur í Ási í Valnsdal. Þeirra son var Þorlákur sagður, en sumir efuðu það, og héldu hann heldur son Galdra-Páls, er bjó í Ánastaðakoti á Vatnsnesi, er Páll Jónsson, þá búandi í Kirkjuhvammi, móðurfaðir minn, átti mál við, að gert hefði sér galdraveiki, og glettingar mörgum. Tók þar Guðbrandur hann sem annan fanga heim til sín að Ási, en þá hann færði hann til alþingis, skyldi Ragnheiður hafa skipað honum, að muna sig um, að færa Pál heim aptur jafngóðan. Páll var dæmdur til eldsins, og er sagt hann hafi beðið að heilsa heim konunni og barninu. Hann skyldi hafa rétt sitt skeggjaða höfuð út úr eldinum og sagt: »Sjáið þar mitt sakleysi«. Tókst samt, þó tregt veitti, að brenna hann, og ei fyrr en skórnir voru af honum leystir. En í öskunni fanst hjartað óbrunnið. Bað böðullinn, er Hafliði hét, Guðbrand að ljá sér hníf að saxa það, en þá hraut ögn eður slindra úr því upp í auga böðlinum, og varð hann einsýnn síðan. En Guðbrandur vildi ei aptur hafa hnífana, sem silfurskeptir voru. Guðbrandur var yfrið gæflyndur og hafði heldur mikið konuríki. Sonur þeirra Þorlákur gekk í skóla á Hólum 1692, sem sjá má af skólapiltaversunum til Einars biskups Þorsteinssonar,[3]) var lögsagnari Páls lögmanns Vídalíns frænda síns (ut perhibent) tvö ár í Dalasýslu, hér um 1698 og 99, og síðan sýslumaður í Ísafjarðarsýslu sex ár; bjó fyrst í Súðavík og síðan í Miðvík í Jökulfjörðum [og dó[4]) haustið það, sem stórabólan gekk þar Anno 1707, einhvern tíma snemma í Octobri,

---

[1]) Rannveigu, hdr. hér. [2]) Þ. e. mágkonur. [3]) Hér setur Grunnnavíkur-Jón á spássíu: »*NB* látúnshnepta mutsan, er Einari biskupi líkaði ekki«. (J. Þ.). [4]) [á spássín í hdr.

Digitized by Google

því minningarvers þau, er hann gert hafði eptir föður minn síra Ólaf, er andaðist þann 27. Sept. á sama hausti, og prentuð eru, lágu á borðinu að honum önduðum. Hann var listaskáld hið bezta, sem sýna *rímurnar*, sem hann hefir gert *af Úlfari sterka*, *Háttalykill* og annað fleira. Börn hans voru fjögur að vísu eður fleiri; eitt þeirra er Hannes, sem fyrst var kapellan hjá síra Birni Þorsteinssyni á Staðarbakka frá því 1724,[1]) síðan sóknarprestur, en að lyktum skilinn af prófasti síra Ormi á Melstað við kallið hér um 1746[2]) fyrir ýmislegt óskikkanlegt athæfi. Fleiri voru systkin hans, en börn var Guðbrandur og fleiri.

Cap. 4.

Um síra Erlend Ólafsson.

[Þessi capit. kemur ekki við vitam Páls lögmanns].

[Síra Ólafur Erlendsson var prestur á Breiðabólstað í Vesturhópi. Hans kona hygg eg að héti Björg Kráksdóttir,[3]) og af þeim Kráki og dóttur hans Björgu var og svo komin Björg móðir þess lærða prests síra Eyjólfs, [sem var á Völlum í Svarfaðardal hér um frá Anno 1708.[4]) Hún var kona Jóns Eyjólfssonar, vicelögmanns Páls Vídalíns. En þeirra son síra Eyjólfur var fyrst locator á Hólum, síðan nokkur ár prestur á Þingeyraklaustri í tíð Lauritzar lögmanns hér um 1705 og 6, og síðan á Völlum í Svarfaðardal til þess hér um Anno 1743 eða litlu síðar, þá er hann andaðist.[5]) Sonur síra Ólafs á Breiðabólstað var síra Erlendur, sem, eptir það, að hann var kominn frá akademíenu í Khafn, var fyrst sjö ár conrector á Hólum. [Hinc erat, quod interrogatus quot annis Holis mansisset, responderet: »Sjö ár

---

[1]) rétt: 1727. (J. Þ.). [2]) rétt: 1744. (J. Þ.). [3]) [útstrykað í hdr. Hér setur Jón og á spássíu »*NB.* ættartölu Mr. J(óns) M(agnús)s(onar)«. [4]) [á spássíu. [5]) Hann dó 1745 (J. Þ.).

Digitized by Google

svalt eg þar«.[1]) Síðan fékk hann Melstað í Miðfirði og eignaðist Þóruni Þorvaldsdóttur norðan frá Auðbrekku í Eyjafirði. [Af sömu ætt var, að eg meina, síra Stephán Ólafsson í Vallanesi, því hann var úr Eyjafirði ættaður, faðir síra Ólafs,[2]) föður síra Stepháns, sem var å Höskuldsstöðum, föður Ólafs uú verandi lögmanns, og eins faðir Ragnhildar ráðskonu á Þingeyrum circa 1746, móður herra Hákonar beykis og Gísla; hún hefir og sagt mér sig að vera komna af Auðbrekkuætt úr Eyjafirði. En faðir hennar Ólafur var á Haukagili í Vatnsdal.[1]) Hann átti þrjár dætur, sem nokkrir eru af komnir; þær voru Sigríður, er Markús Pálsson lögréttumaður átti. Hann var ættaður úr Langadal í Húnavatnsþingi. Þau bjuggu fyrst á Auðunarstöðum í Víðidal, og síðan á Syðri-Völlum á Vatnsnesi. Önnur Halldóra, er eignaðist Þorsteinn Benediktsson sýslumaður, er bjó í Bólstaðahlíð. Þeirra synir Benedikt lögmaður, er var sýslumaður fyrst í þingeyjarþingi eptir Halldór Einarsson, og síðan hér um Anno 1717 vicelögmaður Odds Sigurðssonar til þess er hann varð virkilegur Anno 1727. Hans sonur er Jón, sem nú er sýslumaður, og varð það 1734 eptir föður sinn, og hans systkin. Þriðja hét Steinunn, er Þórður Þorleifsson klausturhaldari á Kirkjubæ austur eignaðist. Þeirra son heitir Bjarni. Fjórða dóttir síra Erlendar var Guðrún, er síra Páll átti sonur Jóns Magnússonar á Miðhúsum, sem líka bjó á Reykhólum. Þau áttu þrettán börn saman, og eitt þeirra er Þórunn móðir mín. Hún var í uppfóstri á Stað í Grunnavík hjá síra Haldóri Jónssyni og konu hans Elenu Jónsdóttur fóstursystur sinni. Þar giptist hún föður mínum síra Ólafi

---

[1]) [á spássíu. [2]) þetta er rangt. *Kona* séra Stepháns í Vallanesi var Guðrún Þorvaldsdóttir frá Auðbrekku; þeirra *dóttir Anna kona* séra Ólafs Guðmundssonar á Hrafnagili föður séra Stepháns á Höskuldsstöðum (sbr. æfisögu St. Ól. bls. LVI og LXXX—LXXXI).

Digitized by Google

syni síra Jóns Torfasonar á Stað í Súgandafirði Anno 1704, en eg er heitinn eptir nefndum Jóni Magnússyni langafa mínum, er bjó fyrst á Reykhólum og Miðhúsum síðan. Tvo sonu átti síra Páll; hét sá eini Brynjólfur, er andaðist í stórubólunni 1707; var dimissus og átti þá að sigla; hinn hét Þorvarður, er dó fjögra vetra; hin voru þá ellefu stúlkur, af hverjum fjórar hafa látið börn eptir sig.

Cap. 5.

Um Hildi Arngrímsdóttur.

Hildur hét dóttir síra Arngríms og Sigríðar,[1]) og meina eg að hún hafi verið yngst hans barna eður með þeim yngstu, þá faðir hennar andaðist, og hér um fjögra vetra, þá síra Erlendur kom til aðseturs á Melstað, því hún mintist á það, að hún hefði hænzt að honum, og hvað hans orðtak var um það. Hún sté við hné hans, og þá sagði hann: »Þú ert að leika þér við hrosshausinn, Hildur mín«. Hafi hún þá verið fjögra vetra, verður árið 1647.[2]) En Guðbrandur bróðir hennar og síðan sýslumaður í Húnavatnsþingi hygg eg að væri einu ári yngri.[3]) Sigríður ekkja síra Arngríms vildi hafa feingið einhvern stjúpsona[4]) sinna eður sona síra Arngríms til staðarins, og náði síra Erlendur ei að fremja embættisgerðina inn í kirkjunni það fyrsta sumarið, heldur prédikaði úti í kirkjugarði. Eptir það flutti Sigríður sig yfir að Torfustöðum, og bjó þar nokkur ár [— á þeim tíma var það, er síra Þorkell [var] sendur af Fr[iðriki][5]) konungi [til Íslands][6]) — og síðan suður á Görðum á Álptanesi, þá síra Þorkell Arngrímsson sonur hennar

[1]) »ekki Solv(eigar) sem áður segir«, ritar Haldór Jakobsson yfir línunni (J. Þ.). [2]) Séra Erlendur Ólafsson fékk Melstað 1648. (J. Þ.). [3]) Guðbrandur var fjórum árum eldri en Hildur [(Epist. Ol. Worm. I, 344). J. Þ.]. [4]) líklega réttara: *sona*. (J. Þ.). [5]) Chr[istiani], hdr. [6]) [á spássíu; mun það eiga við sendiför séra Þorkels til Íslands.

Digitized by Google

hafði fengið þann stað, og þar mun hún hafa andazt; en Hildur dóttir hennar uppólst þar hjá bróður sínum síra Þorkeli, og sagði hún mér nokkra hluti, sem þar báru við.

Þá var Nicolaus — mig minnir svo, eða kanske Thomas — fógeti á Bessastöðum, en Margrét hét kona hans.[1]) Ósamlyndi var allopt á milli þeirra hjóna, og var síra Þorkell þrálega sóttur til að sætta þau. Einu sinni gerði fógeti sér ferð vestur til Matthísar,[2]) sem hélt Stapaumboð. Veðjuðust þau hjón hvort fyrri skyldi verða, hann á skipi, eður hún ríðandi á landi. Hildur var léð henni fyrir meðreiðar og þjónustustúlku. Í þeirri ferð komu þær að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, og vildi Margrét hafa þar fylgd inn með firðinum, því þau hjón höfðu veðjað um, hvort þeirra fljótara skyldi verða að komast áfram, hann á skipi eður hún á hesti. Reið hún því náttfari og dagfari sem mest mátti. Þá sá hún síra Hallgrím Pétursson; lét hann ei fógetakonu vita hver hann var, en lét sem hann skilaði boðunum inn í bæinn til prests, þá hann skipaði einhverjum vinnumanni sínum að sækja hest og fylgja. Á meðan kallaði hann Hildi nokkuð afsíðis, þóttist vita hverra manna hún væri, bað hana vera ei leingi hjá fólki þessu, og kvað annað meira og betra mundi fyrir henni liggja, og jafnvel þeir einhverir af henni lifna, er mannsmót mundi að þykja, og bað vel fyrir henni að skilnaði. Sagði [hún] hverninn hann herði verið almúgalegur í yfirbragði og snöggklæddur í því sinni. Þá þær voru riðnar af stað spurði fógetakona hver sá hinn gamli maður hefði verið, sem við hana talaði. En þá Hildur hafði gert hana þess vísari var hún leingi að stagast á orðum þessum fram á nóttina: »Var det ikke skamm, at jeg inte kjændte

---

[1]) Fógeti þessi var Thomas Nikulásson 1653—1660, 1662—1665. Margrét Brún, kona hans, dó 1663, og var orðlagður svarri. (J. Þ.). [2]) þannig; þ. e. Matthías Guðmundsson (J. Þ).

Digitized by Google

Præsten?« Síra Hallgrímur þekti annars grant síra Arngrím, svo sem áður er á minzt.[1]) Fleira sagði hún frá ferð þeirri, og á meðal annars, þá hún datt ofan fyrir klettinn í náttmyrkri á bæ einhverjum,[2]) þá hún var send út í tjaldið eptir silfurskeiðum, en stórgrýti eður hraun var alla vegana í kringum þann blett, er hún kom niður á, og hversu það gekk yfir fógeta, þá hann sá staðinn um morguninn, og lofaði guð merkilega, sem vert var, með fórnandi höndum.

Cap. 6.

Ennfremur um síra Þorkel og aldurs ár Hildar og barna hennar.

Þess er áður getið (Cap. 2.), að síra Þorkell var á Íslandi Anno 1656 og 57, og þá mun það hafa verið, er hann var sendur af Friderico tertio, að rannsaka hvort þar fyndist málmar, og þá Pétur Bergmaður, norskur, sem með honum var, gróf í Kormakshaug í Melsnesi, sem enn má sjá ferkantaða gröf eptir, og er sagt að snemmendis morguninn eptir hljóp hann sem ærr væri frá Mel út í nesið og mokaði moldinni ofan í aptur, og á það mintist Hildur, að hann hefði verið á Torfustöðum hjá þeim mæðgum. Líka mintist Guðrún Erlendsdóttir, amma mín, að hann hefði þá að Mel komið; en 1658[3])

---

[1]) Hallgrímur var að alast upp á Hólum á síðustu árum Guðbrands biskups, þegar séra Arngrímur var þar í biskupsstað (officialis), en kom sér þá út úr húsi með keskniskveðskap um séra Arngrím. Ein af þeim vísum er þetta (»séra Hallgríms P[éturs]s[onar] um séra Arngrím á Mel þetta eptirfylgjandi«):

Sofnar, vaknar, sér við snýr | sezt upp, etur, vætir kvið,
hóstar, ræskir, hnerrar, spýr, | hikstar, geispar, rekur við.

Baga þessi er hér tekin eptir Bibl. Bodl. Oxf. FM. 6. Fol. [Sbr. Landsb. 360. 8vo. (J. Þ.).]

[2]) Það virðist hafa verið á Búðum á Snæfellsnesi. (J. Þ.).

[3]) Séra Þorkell fékk Garða 1658. (J. Þ.).

Digitized by Google

eða 1659 mun hann hafa til fulls farið til Íslands og orðið prestur í Görðum, og 1659 eður 1660 hafi Hildur með móður sinni flutt sig til hans suður að Görðum, máske hér um 1659, þá mér telst Hildur hafi verið fimtán vetra. Eg man fyrir víst, að hún sagðist hafa gipzt nítján vetra gömul. sem vill verða Anno 1663 eður 1664, því þá hún andaðist í Víðidalstungu Anno 1725, nóttina milli 11. og 12. Octobris, var hún áttræð að vísu, eður einu ári meira kanske. Þessvegna er hún fædd 1643 eður 1644,[1]) og hefir verið af síðari konu síra Arngríms, er eg trúi Sigríður héti, en fyrri Solveig, hverrar son síra Þorkell hafi verið,[2]) og Jón biskup Þorkelsson og hann því látið dóttur sína heita eptir henni. Líka hafi Solveig Bjarnadóttir í Ásgarði, kona Sigurðar Egilssonar lögréttumanns — að eg meina — heitið eptir föðurmóður sinni, en síra Bjarni faðir hennar var prestur í Vesturhópshólum og síðan á Höskuldstöðum, sem áður er sagt, Cap. 1.[3])

Cap. 7.

Um föðurætt Páls lögmanns.

Föðurætt Páls lögmanns til Guðbrands biskups er þessi, eptir því, sem Mr. Jón Magnússon hefir talið til mín: Jón langur í Ási í Öxarfirði. 2) Hans sonur Finnbogi gamli. 3) Hans dóttir Þórdís Finnbogadóttir. 4) Hennar son síra Sveinbjörn Þórðarson

---

[1]) Hildur er fædd 1643 [(Ol. Worm. Ep. I, 344). J. Þ.].

[2]) rangt, sbr. bls. XXI. (J. Þ.).

[3]) »Solveigar þessar munu heitnar eptir barni síra Arngríms, því eg man ei, að hann ætti börn með því nafni af Solveigu Gunnarsdóttur; eg skal sjá eptir«. — (Grv. Jón á spássíu). — Hér og mjög víða eru sett hrossaleg stryk í handritið, og getur Jón þess hér á spássíu, hvernig á þeim standi: »Haldór Jakobsson Strandasýslumaður hefir gert alt það mórauða krass og stryk, þá eg léði honum vitam þessa Páls lögmanns til uppskriptar, þá hann var hér í Khafn um veturinn 1759, ef mig rétt minnir, ásamt sýslumanni Erlendi bróður mínum«.

Digitized by Google

á Múla stað. 5) Hans son Hallgrímur Sveinbjarnarson átti Guðnýju nokkra Sveinbjarnardóttur. Þeirra son: 6) síra Þorlákur Hallgrímsson á Staðarbakka, átti Helgu Jónsdóttur, Sigmundssonar lögmanns, ekkju Kráks Hallvarðssonar. 7) þeirra son Guðbrandur Þorláksson biskup á Hólum [— það lítið, er eg veit [um] Guðbrands biskups æfisögu og merkilega gjörninga læt eg hér hjá líða —[1]) átti Haldóru dóttur Árna Gíslasonar á Hlíðarenda og Guðrúnar Sæmundardóttur — hér skiptist ættin, og er það mín, Jóns Ólafssonar, er nú kemur: 8) þeirra dóttir Kristín Guðbrandsdóttir, kvinna Ara í Ögri, 9) föður Magnúsar, 10) föður Jóns, 11) föður síra Páls, 12) föður Þórunar, 13) móður minnar. En Páls lögmanns ætt er: 8) Páll Guðbrandsson, 9) hans son Þorlákur Pálsson, 10) hans son Jón, faðir 11) Páls lögmanns Vídalíns. Eptir þessari tölu er Páll lögmaður hinn fjórði maður frá Guðbrandi biskupi, en eg sá hinn sjötti.[2])

Páll Guðbrandsson var klausturhaldari á Þingeyrum, en Þorlákur son hans bjó á Ásgeirsá[4]) í Víðidal, svo sem eg hefi eptir tekið. [Hans bróðir hét Benedikt, að mig minnir, sem var bartskeri í Hamborg, og Tyrkjar tóku, en frændur hans máttu leysa út fyrir 800 ríxdali. Eg veit ei fyrir víst, hvort hann var faðir Magnúsar Benediktssonar á Stórahóli, er kent var um morðið á barnsmóður sinni þungaðri, og faðir var Nicolauss sýslumanns í Rangársýslu, er drukknaði á alþingi circa 1742.[3]) En Jón Þorláksson faðir Páls lögmanns bjó í Víðidalstungu, og faðir hans meina eg fyrir hann Þorlákur,[4]) er mig minnir ætti annan bróður, Benedikt að nafni, er bjó undir eins á Ásgeirsá.[4]) Máske það væri hann, sem var

---

[1]) [á spássíu í hdr. [2]) Á spássíu ritar Grunnavíkur-Jón hér: »Fjórði frá Gaðbrandi biskupi síra Páll, en eg sjötti. Eins fjórði frá Guðbrandi er Páll lögmaður«. [3]) [á spássíu, og er eiginlega ekki annað en endurtekning þess, sem eptir fer. (J. Þ.). [4]) þannig.

Digitized by Google

bartskeri, og Tyrkjar tóku á Hamborgarskipi nokkru, en frændur hans kostaði útlausn hans 800 ríxdali. Eg veit ei[1]) heldur fyrir víst, hvort sá Benedikt var hinn sami, sem var klausturhaldari á Möðruvöllum, er átti Sigríði, nafnkenda konu; sonur hennar var Magnús Benediktsson, er leingi átti í flótta fyrir það hann drekti barnsmóður sinni, og var mörg ár á Bremerhólmi; kom þó um síðir til Íslands og dó þar. Hans synir voru þeir Nicolaus Magnússon, er drukknaði í gjánni á alþingi hér um anno 1742[2]), Hákon, og Jarþrúðr. Þetta getur naumlega staðizt, nema að Benedikt hafi verið miklu yngri en Þorlákur afi Páls lögmanns, og Magnús að sama leyti miklu yngri en Jón faðir Páls lögmanns.

En þetta sitt nafn minnir mig að Páll lögmaður segði, að væri komið frá Páli nokkrum, eg man ei hvort Vigfússyni, er var í fylgd Stepháns Skálholts biskups, veginn á Vestliðaeyri.[3]) En víst ætla eg mig þess minnast, að Þorlákur átti bróður eður sonur hans Jón, er undir eins bjó á Ásgeirsá, sem hinn í Víðidalstungu, og af þeim orsökum kom síðan kífið milli Páls lögmanns og Jóns Magnússonar, þegar hann bjó á Ásgeirsá um landamerkin milli beggja bæjanna. Það var hér um Anno 1714 eður 1715.

Sagan af Páli lögmanni Vídalín.

Cap. 8.

Um kvongan Jóns Þorlákssonar, og börn hans og Hildar.[4])

Eptir það Jón Þorláksson var farinn að búa í Víðidalstungu fór hann suður að Görðum og bað

[1]) þetta er víst. (J. Þ.). [2]) 1732(!) hdr. hér. (J. Þ.).

[3]) þessu skeytir skökku við. Páll Vídalín hét eptir Páli Guðbrandssyni, en Páll Guðbrandsson hét eptir Páli lögmanni Vigfússyni á Hlíðarenda (d. 1570). (J. Þ.).

[4]) »*NB* þetta er að eins ætlað til að úr því skuli henda það merkilegasta« (ritar Jón Ólafsson á spássíu).

Digitized by Google

Hildar Arngrímsdóttur, og fékk hennar. Það mun hafa verið hér um Anno 1667 eður tveim árum fyrri í það leingsta, því þau höfðu [þá] mist tvö börn. Hefur því án efa ollað þekking sú, er hann gat ei annars en haft á fólki síra Arngríms, því Miðrjörður er næsat sveit fyrir vestan Víðidal. Páll hefur fæddur verið anno 1668, því hann andaðist rétt sextigur Anno 1727;[1]) en systur hans hétu Sigríður og Kristín. Hygg eg að hann hafi elztur verið barna þeirra Jóns og Hildar. Eitt eður tvö önduðust ung að vísu; minnir mig, að Guðrún héti barn það, er hún tregaði mikið. Nefndar systur eignuðust sinn hvor(n) þeirra bræðra sona Magnúsar sýslumanns. Síra Magnús átti Sigríði. Hann var prófastur í Dalasýslu og prestur að Hvammi í Hvammssveit með annexiunum Staðarfelli og Ásgarði. Þeirra börn voru þau Jón, er var þénari fyrst hjá Jóni biskupi Árnasyni í Skálholti, og eignaðist þar danska stúlku, Margrétu að nafni; varð síðan prestur að Setbergi. Þeirra dóttir Sigríður og kanske fleiri börn. Þórður hét annar sonur síra Magnúsar, sem fór utanlands til föðurbróður síns assessors Árna; lærði þar gullsmiðs handverk, en þá hann var nýorðinn sveinn féll hann til svindsótt og andaðist um haustið 1727. En Magnús, sem Hildur tók með sér að Víðidalstungu, hætti við bókarlærdóminn og átti fyrst barn með Inguni dóttur Sigurðar Hannessonar lögréttumanns, síðan börn með tveimur öðrum, sitt með hvorri. Þá fjórðu átti hann að lyktum, og var leingstum hjá Magnúsi Pálssyni á Efranúpi í Miðfirði, frænda sínum.

En hina systurina, sem hét Kristín, átti bróðir assessors Árna og síra Magnúsar prófasts, Jón Magnússon, [de qvo supra,[2]) sem fyrst var prestur fáein ár að Hjarðarholti, síðan sýslumaður í Strandasýslu, einninn fá ár, bjó síðan nokkur ár að Ásgeirsá í Víðidal, og síðast var klausturhaldari á Stað í Reyninesi,

[1]) Páll mun fæddur 1667 (J. Þ.); [2]) [á spássíu í hdr., og er æfisaga Jóns framar í bókinni.

Digitized by Google

er alment nú á tímum kallast Reynistaður. Þar féll honum til sú þriðja barneign í hórdómi. [Það féll til hér um 1731,[1]) eptir það bróðir hans assessor Árni var andaður (1731),[1]) hér um 1732.[1]) Þeir konferenzráð Bartholin og justizráð Gram útveguðu honum lífgjöfina hjá kongi Christiano sexto, og naut hann mest bróður síns assessors Árna.[2]) Skildi Kristín sig þá frá honum, og fór til dóttur sinnar Guðrúnar, og manns hennar Þorláks, [er bjuggu á Sólheimum í Sæmundarhlíð; eður hún fór til dóttur sinnar Guðlaugar, er átti Eiríkur nokkur úr Skagafirði.[3]) En Jón færði sig vestur á leið til síra Snorra sonar síns á Helgafelli. En á veginum var hann eitt ár í Bólstaðahlíð hjá Monsr. Árna Þorsteinssyni, en tvö að vísu á Þingeyrum hjá Jóhann Gottrup, hér um 1733 og 34, og fór þaðan gagngert til sonar síns síra Snorra á Helgafelli, og andaðist hér um anno 1736,[4]) rúmt sjötugur eður 72 ára.

Cap. 9.[5])

Um lunderni Jóns Þorlákssonar.

Jón Þorláksson var gæflyndur og stundaði mest búskap sinn, forðaðist málasóknir, og hreytti heldur nokkrum orðum við nábúa sína, þá honum mislíkaði við þá. Var þó þéttlyndur. Hann hélt eins og opnu tiltali Víðidalstungukirkju um rekapartinn á Stöpum, og geymdi það syni sínum Páli, sem vann það við síra Erlend á Melstað. Og ei síður var á móti skapi hans að taka upp á sig nokkur veraldleg embætti. Til dæmis, einu sinni nefndi Þorleifur Kortsson lög-

---

[1]) þannig. Árni dó 1730. (J. Þ.).

[2]) [á spássíu og kemur fyrir þessi orð í textanum: »en fékk þó lífgjöf af kongi«.

[3]) [á spássíu. [4]) Jón dó 1738. (J. Þ.).

[5]) Hér er hlaupið yfir kapitulatöluna, og kallast næsti kapituli sá 9. Hér færist því kapitulatalan fram um eitt set, og síðar um mörg, því að hún ruglast meira í handritinu, þegar fram í sækir.

Digitized by Google

maður og sýslumaður í Húnavatnsþingi[1]) hann til lögréttumanns. Um leið og hann reið til alþingis það sumar kom hann að Víðidalstungu, og vildi að Jón skyldi fylgja með sér. Jón tók við honum allvel og veitti rausnarlega, og fylgdi honum upp að Valdarási, næsta bæ við Víðidalstungu. Þar lögðust þeir lögmaður fyrir inni á palli í baðstofu. Jón skildist þar við hann og bað hann ei bregðast ókunnuglega við, þótt ei riði hann til alþingis í ár. Lögmaður kvað svo vera mætti sem hann vildi, og lofaði að svara til nefndarinnar, og ávarpaði Jón aldrei um það framar. [Þorleifur hafði áður[2]) lært skraddara handverk í Kaupmannahöfn, en [var nú[3]) lögmaður norðan og vestan, og ásamt því sýslumaður í Húnavatnsþingi. Því var það, er Þormóður Torfason kom einu sinni frá Íslandi, og Christianus quintus spurði hann hvað títt væri þaðan, svaraði hann: Ei annað nýrra en að skraddarasveinn nokkur væri orðinn lögmaður þar. Konungur svaraði: »Kunnu þeir ei annan hentugri að fá?« Þormóður svaraði, að svo mundi vera, eður að svo geingi lög í landi. Hann var faðir Guðmundar hins férika, er bjó fyrst fáein ár að Stórugiljá yfir undan þingeyrum, og mátti þá lítt í búskap sínum, og því var kveðin vísan:

Minka tekur matrinn hans og megrast Tobba,[4])
á Giljá sýnist sett í bobba,
senn má hann Gvendur éta hann Robba.

Guðmundur fór síðan vestur að Geirrauðareyri, og því næst í Breiðafjarðareyjar og settist að í Brokey. Hann varð vellríkur, en lét Oddi lögmanni Sigurðssyni eptir Narfeyri (rectius Geirrauðareyri), því komin

---

[1]) Hér skýtur Grunnavíkur-Jón inn í hornklofum setningunni: *Þorleifur hafði áður lært* &c. og út allan þann kapitula.

[2]) [áður hafði, Grv.-Jón, því að hann lætur þetta vera sem innskotssetningu, Við alla þessa klausu setur Jón á spássíu: »NB. tímanna tilstand«. [3]) [nú var, Grv.-Jón.

[4]) »Ráðskona hans hét Þorbjörg«. (Grv.-Jón).

Digitized by Google

voru vilmæli, að hann mundi eignast dóttur hans, en hún andaðist úr stóru bólunni Anno 1707, og eins sonur hans, sem var kominn nokkuð á legg. Oddur gerði honum eptir það ýmsar brellur og skráveifur. Guðmundi þóttu þá rofnir allir skilmálar, og sótti Odd til laga á Drangaþingi anno 1719,[1]) og vann aptur Eyri. En hann dó 1722, [1721, eður þó réttara 1722 um veturinn þá hann dó.[2]) Testamenteraði hann amtmanni Niels Fuhrmann alt sitt mikla góz, en þá hann[3]) dó hér um anno 1733 in Junio testamenteraði hann það kvenpersónu, er kölluð var jómfrú Hólm; hana tók að sér síðan til konu þénari hans Piper. Síðan urðu ýmsir umboðsmenn, en amtmaður Magnús hefur það góz nú, 1758, í umráðum og hefur haft í mörg ár et cetera. Sonur Þorleífs lögmanns liggur einn í Þingeyrakirkju kór; annar fórst með Höfðaskipi hér um 1680.[4])

Cap. 10.

Um læring Páls lögmanns.

Hildur móðir Páls var altíð mest fyrir framan um kenslu hans og læring, og reið jafnvel sjálf til að koma honum fyrir áður en hann fór til skólans á Hólum. Þá hann var sjö vetra eður nokkru yngri var hann fyrst látinn til Þorláks nokkurs, er bjó að Stóruborg í Víðidal. Sá var að sönnu vel að sér í bókinni, en hafði gefið sig frá prestsskap og öðrum embættum, eður þó heldur mist aðgang til prestskapar sökum barneignar. Hann hygg eg væri af föðurfrændum hans, og var allur annar en síra Þorlákur Arngrímsson, er áður nefnir Cap. 3., og varð prestur að Staðarbakka, hvers dóttir, Ingibjörg, andaðist af

---

[1]) uppi yfir skrifar Grv.-Jón »1720«, sem er miður rétt.

[2]) [á spássíu; hvorttveggja ártalið er rangt. Guðmundur dó 1720. (J. Þ.).

[3]) þ. e. Fuhrmann. [4]) það var Jón Þorleifsson. (J. Þ.).

Digitized by Google

meinlætum í Víðidalstungu hér um 1712. Þorlákur þessi átti Stóruborg eður mikinn part í henni, en hafði þó sitt aðsetur mest í eyjunni, sem þar er fyrir austan og neðan í ánni, og kallast Borgarey. Þar var hann leingstum, einkum á sumrin, svo sem í öðru *Tusculano*, en ei heima, þótt hann væri eigandi að Borginni, og hafði þar með sér fátt manna, fyrir utan fylgjukonu sína. Þá var Páll átta vetra, að mig minnir — það verður anno 1675 — heldur en sjö vetra. Þorlákur lét hann læra að lesa á lögbók gamalli, sem skrifuð var á kálfskinn, og mjög bundin. Hann hafði þá kenningaraðferð um leið, að þá þeir sátu yfir matborði, lét hann Pál í hvert sinn segja inntak þess, sem hann hafði lesið um morguninn eður fyrir miðdegið, áður en þeir geingu til máltíðar; og því sagðist hann eiga nefndum Þorláki að þakka, að lögbókin hefði orðið sér svo föst í minni, að hann gat henni síðan aldrei gleymt.

Eptir það hann var búinn að læra nokkurn veginn að lesa og skrifa fór hann að læra latínu. Síra Bjarni Arngrímsson móðurbróðir hans, eður hálfbróðir[1]) Hildar, hélt þá Vesturhópshóla prestakall og síðan Höskuldsstaði. Hjá honum lærði hann fyrst, og var næmi hans svo mikið, að þá hann var búinn að lesa opnuna einu sinni[2]) yfir á bókinni, mundi hann hana utan að nokkurn veginn, en vel, ef hann las hana tvisvar eður optar. Arngrímur Bjarnason frændi hans minnir mig lærði undir eins. Páll lærði strax það er honum var fyrir sett, og lék sér það eptir var dagsins, en hinn ei fyrr en leið að þeim tíma, er þeir lesa skyldu utan að á mornana. Síðan kom sami prestur til Höskuldsstaða, og var þar Páll einn vetur eður tvo að læra hjá honum, og séð hef eg *Johannis Amosii Comenii Januam Linguarum*

---

[1]) rétt: albróðir. (J. Þ.).

[2]) yfir línunni ritar Jón Ólafsson »*einu sinni*«, en hefir fyrst ritað »tvisvar«, og síðan dregið það út.

Digitized by Google

reseratam á íslenzku útlagða með þess sama prests hendi, og því mun Páll lögmaður hafa látið okkur kenslupilta, sem vorum í Víðidalstungu hjá honum, læra hann, og íslenzkaði hann nefnda bók þá að nýju meir en hálfa. Hann hafði annars við hendina þá útlegging, er síra Ólafur skólameistari í Skálholti [hafði gert].

Síðan gekk hann í skóla á Hólum, þá Gísli Þorláksson var þar biskup frá því anno 1657 til 1684, og dvaldi þar tvo eða þrjá vetur, til þess hann var dimitteraður eður úr skólanum útskrifaður á síns aldurs seytjánda eður átjánda ári, ef eg rétt minnist. Það verður Anno 1685. Var þá skólameistari síra Þorsteinn Geirsson, en kirkjuprestur síra Jón Gunnlaugsson. Man eg hvað hann sagði um lærdóm hans,[1]) því hann kendi sjálfur í skólanum mikinn tíma af einum vetri, þá skólameistari var kvillaður einhvern tíma, og sagði hann hefði strykað út góða latínu, og sett aptur ónýta. Hann sagði og frá hans persónu og fasi eður limaburði. Líka minnist eg hvern dóm hann lagði á postillu hans. Sagði að faðir hans, Þorlákur biskup, hefði verið farinn að efna til postillu, og teiknað upp á laus blöð, og það væri það, sem bezt væri í bókinni. Síra Jón Gunnlaugsson hefði bætt þar í mörgu, og væri við sæmandi, en það, sem Gísli biskup sjálfur hefði þar í sett til að skeyta með hinu saman, væri hégóminn, sem í henni fyndist. Nefndi til nokkur loca, svo sem exordium á páskadaginn, að Matthæus hefði skrifað evangelium sitt á ebresku, og annarstaðar, þar sem hann talar um hvað opt drottinleg bæn, faðir vor, væri lesin á ári, að því húsi væri blessan vís, og þvílíkt annað.

---

[1]) þ. e. Gísla biskups Þorlákssonar, því Grunnavíkur-Jón ritar við þetta á spássíu: »Um lærdóm Gísla biskups og postillu hans judicium Pauli Widalini«. Klausa þessi um Gísla biskup er í hornklofum í handritinu og ritað ennfremur við hana »skrifist síðar«, með hendi Haldórs Jakobssonar.

Digitized by Google

Um hans[1]) næmi til að læra og muna utanað það, er hann yfirlas er þetta, að þá hann hafði yfir lesið opnuna einu sinni, kunni hann með stuðningi utan bókar, en læsi hann hana tvisvar eður þrisvar, þá kunni hann utan bókar reiprennandi; og þá hann var skólameistari, sagðist hann hafa kunnað utan að sex priores libros Æneidos Virgilii memoriter. Hann sagði líka, að hann hefði getað sagt fyrir öðrum skrifara eður tveimur í einu meðan hann skrifaði sjálfur sendibréf, svo honum fipaðist ekki. — Þá var þar á Hólastað Þorbjörg dóttir Magnúsar Jónssonar í Vigur hjá hústrú Ragnheiði Jónsdóttur föðursystur sinni, til að læra hannyrðir, og þá drógst saman þeirra beggja tilhugalíf, að hann var sextán vetra, en hún seytján, heldur en hann væri seytján, en hún sextán, en ei var nema árs munur á þeirra aldri,[2]) og hygg eg, að þau trúlofuðust þá hvort öðru heimuglega.

Cap. 11.

Um hans stúdentsveru í Kaupmannahöfn.

Eptir það sigldi hann fram til Kaupmannahafnar, varð þar civis academicus og reglulegur studiosus, og dvaldi þar þrjá vetur. Það muna hafa verið um árin 1686—7 og 8—9;[3]) tók á þeim tíma attestaz, eins og kallað er, og fékk *haud illaudabilem* til character. Eitt og annað féll til um þann tíma, sem eg heyrði hann víkja á. Þá var Wandalin professor theologiæ. Þeir Íslenzku geingu á hans lectiu jafnaðarlega, og var Páll sá elzti. Þar af kom það, að þá stúdentar höfðu leingi forsómað að ganga á hans

---

[1]) þ. e. Páls Vídalíns.

[2]) Þorbjörg og Páll voru jafngömul. Hún var fædd í Ögri 20. Febr. 1667. (J. Þ.).

[3]) Páll er skrifaður í stúdentatölu 11. Aug. 1685, en attestaz hefir hann tekið 1688, og sækir þá um rektorsembættið í Skálholti. [(Sbr. Landsbókasafn 17. Fol.). J. Þ.].

Digitized by Google

lectiu, sendi hann seðil á klaustur, er svo var hljóðandi: *Extrudantur omnes è Communitate Regia præter Islandos; quorum frequentiam nunquam non video.* Mig minnir þeir væri tólf, og gekk Páll undan, sem hinn elzti. Hann mintist og á Lassenium prest til þýzku kirkju og gjafmildi hans við fátæka &c. og fleiri.[1]) Og þá lá við stúdenta upphlaupinu innbyrðis milli danskra og norskra. Þeir dönsku voru nærri 300, en þeir þýzku vildu hvorugum fylgja. En þeir norsku voru 80. Þeirra foringi hét Olaf Klow, merkilegur slagsbróðir. Þeir íslenzku voru 18, en þó ei allir stúdentar, og fylgdu þeim norsku. Var Páll þeirra foringi. Olaf Klow og Páll Vídalín báru ráð sín saman nokkrum dögum áður en slagið skyldi standa, sem var úti á því plázi fyrir innan Austurport, er Grænland[2]) kallast, en sá skyldi ærulaus, er nokkura skotverju (Skydegevæhr) brúkaði. Páll Vídalín gaf það ráð, að þeir skyldu standa í hring, og þreingja röðina við, þá einhver félli, en hinir minni máttar skyldu standa fyrir innan, kasta grjóti og leggja korðum út á milli hinna. Deginum áður en þessi orusta átti að takast var þetta komið fyrir rectorem magnificum (Mazium, ni fallor), og sætti hann þá, en hrósaði þessu ráði, og kvað þeir mundu hafa seint orðið unnir með því móti, og kvað Íslenzka njóta þess, að þeir læsi fornar sögur. Fleira þesháttar, er þá bar þar við, og hann frá sagði, er ei vert að greina. Þá hann gekk frá teknu examine theologico gekk hællinn undan skó hans, og kvað

[1]) Hér kemur í handritinu svo látandi klausa, sem Grunnavíkur-Jón vill fella niður og ritar við á spássíu: »Kemur ei við vitam P(áls) lögmanns: Loci Jani Bircherodii eru ederaðir í 4to Hafniæ 1662; var þá sú bók mjög svo tiðkuð af stúdentum. Hann var þar eptir samtíða síra Páli Jónssyni móðurföður mínum, en af hans testimoniis academicis sé eg, að hann síra Páll hefur 1677 tekið sína attestazíu, og kom þar, sem eg heyrt hefi, tveimur árum áður, það er 1675. Svo það verður tíu ára munur milli þeirra beggja nafnanna«.

[2]) Það mun vera það, sem nú er kallað »Grönningen«.

Digitized by Google

hann það mundi fyrirburður sá vera, að hann mundi heltast úr lestinni frá þeim geistlegu. Hann mintist á Nicolaum Beenium, er dispúteraði de aquis supra colestibus. Einninn þann svo kallaða heiðna philosophum, er biskupinn tók að sér á reisu sinni í Italien og kendi honum grísku &c. Þá kendi hann Christian Worm, síðar biskupi, ni fallor, skáktablið á móti móður sinni, og að gera heimaskítsmát, og henni eins eptir bæn hennar, nema í þriðja sinni, þá hann kvaðst hafa tekið hann að sér til að kenna honum tablið, en ei hana.

Capitulum um Jón Eggertsson. Þá var Jón Eggertsson hér, sem síðan fór til Svíaríkis. Hann[1]) hélt mikið af viti hans og gjörfuleik, og kvað hann hafa lagt sér ráðin, hversu hann skyldi komast til embætta og fyrst til að verða skólameistari, og hvað hann skyldi framvegis til bragðs taka. Jón var settur í slutteri af fógetanum Christopher Heidemann fyrir skuldir eptir Möðruvallaklaustur; vann að sönnu málið í hæstarétti, en gaf Jóni upp alla sektina, og kvað sér hafa verið komið til þess af hans óvildarmönnuum, en vissi að Jón hefði borgað allar klaustursins skuldir til kongsins fyllilega, en það með, að Jón gæti það ei bevísað að heldur. Jón hafði búizt við slíku, og þar með höfðu Íslenzkir svarað með óhugnaði upp á hans ýmislega pósta um eitt og annað óskikk þar í landi. Þeir svöruðu upp á það meir með lasti til Jóns, en að þeir ræki það með viti til baka. Hann hafði því tekið með sér gamlar pergamentbækur og skjöl, fór yfir til Svía og gaf þeim þetta, og því er hann talinn inter Islandos í því prentaða skrifi Svenskra, er kallast: Merita Islandorum

---

[1]) Þ. e. Páll Vídalín. Jón og Páll voru náskyldir og víst ekki ólíkir í lund. Íslenzkir sagnaritarar virðast annars hafa hallað um of á Jón í viðskiptum hans við Gísla biskup Þorláksson, sem varla getur komið af öðru en vorkunsemi, því að Gísli hefir verið einhver aumasti pokabiskup á Íslandi. (J. Þ.).

Digitized by Google

in Sveciam. Magnús Benediktsson stjúpsonur hans var með honum, er síðar komst í konumorðsmálið í Eyjafirði. Hann varð Raadmand í Gottenborg[1]) og andaðist þar eptir fáa mánuði, og lét drottningin Christin (forte) kosta hans Begravelse með hundrað ríxdölum. Hans sonur var Eggert á Stóru-Ökrum, er andaðist hér um anno 1721, hvers sonur er Jón, sem nú býr í Héraðsdal, og er lögréttumaður; líka bróðir hans Eiríkur.

Cap. 12.

Um hans skólameistaraembætti í Skálholti.

Hann hafði feingið bréf fyrir rectoratu við Skálholtsskóla áður en hann fór frá Kaupinhafn, sem var, að eg meina, Anno 1689,[2]) og hafði lagt sér til margar og góðar bækur, sem mig minnir hann segði sig kostað hafa 300 ríxdali eður þar nærri. Komst þó eigi að rectoratu fyrr en eptir tvö [ár], því biskupinn Þórður var þá maður veikur og gamall, og lét hann lækna sig, þó það geingi til með nokkrum brellum. Því Þórður [Þorkelsson] var drykkjumaður og forsómaði skólann, og lét biskup hindrast frá að vitja skólans eður vera á faraldsfæti til að koma þangað og sjá eptir, hversu fram færi. Því var það er Guðríður hústrú gerði sig á veg fyrir hann einu

---

[1]) Réttara er, að Jón varð borgmeistari í Málmey 1689, en lézt sama ár, áður hann tæki við embættinu. (J. Þ.).

[2]) á spássíu ritar Grunnavíkur-Jón: »1686 hefur hann komið frá Khafn. (16)87 náði hann ei að komast til skólameistaraembættisins, því þar var þá Þórður Þorkelsson. 1688 var fyrsta ár hans skólameistaradæmis, sem glögt má skilja af vita föður míns síra Ólafs, er hann hefur sjálfur samanskrifað, og segist þá hafa verið af honum dimitteraðar, og það hafi verið fyrsta ár hans skólameistaradæmis. Hafi hann þá verið við það embætti í sex ár, sem eg man hann sagði, þá hefir hann orðið sýslumaður og vicelögmaður anno 1695. Þarf svo þessi tala að réttast eptir nefndri undirstöðu í vita föður míns«. Hið rétta mun að Páll fór til Íslands 1688. (J. Þ.).

Digitized by Google

sinni í myrkvum gaungum og skipti um málróminn, og spurði hversu biskupinum liði, og hversu leingi hann mundi í það sinni veikur verða, svaraði Þórður: »Í viku skal hann liggja, kelli mín!« Þórður sýnist að hafa verið þar rektor í þá tvo vetur 1688 og 89 svo vel sem 1689 og 90. Þar var hann[1]) við það embætti í sex ár,[2]) og kvaðst mundi hafa verið við það alla æfi sína, hefði sig ei frá því hrakið það harðlífi, er hann hefði átt þar. Eitt til dæmis var það, er hann sagðist hafa feingið til matar, þá hann var þar einu sinni sjúkur í hálfan mánuð, scilicet lítið stykki af lundabagga sent sér á diski. Víst er, að hann hefir verið orðinn þar rektor um veturinn Anno 1690—1691, því skólavitnisburður föður míns síra Ólafs Jónssonar er útgefinn 1691, þann 23. Martii, með samþykki Páls Jónssonar skólameistara. Man eg og einninn, að hann kvaðst hafa verið þar skólameistari í 6 vetur. Líka minnist eg eitt og annað, er hann um gat, sem þar hefði við borið á meðan. Hefur hann þá endað skólameistaradæmið um vorið Anno 1696. Hann kvaðst hafa lært sína latínu mest af *Livio*, en kunnað sex libros Virgilii utan að. Þá hann var þar skólameistari, og verið var að prenta grallarann, útlagði hann og sneri Bernhardi sálmi: *Jesu dulcis memoria | dans cordi vera gaudia* &c. á íslenzku á næturtíma og drakk pela mjaðar á meðan. Sunnudagur var að morni. Faðir minn gekk þá þar í skóla, og var hinn efsti í efra bekk, eður svo því nærri með þeim efstu. Rektor lét hann vera frá kirkjunni þann dag til að hreinskrifa sálminn. Var hann svo upplesinn yfir borðum. Stóð þá biskupinn upp og þakkaði honum grátandi fyrir, og kvað þann sálm mundi sunginn verða í kristilegri kirkju, þá báðir þeir væru orðnir að moldu. Hann sneri þá og sálminum: *Gleð þig,*

---

[1]) þ. e. Páll Vidalín.
[2]) Páll var skólameistari 1690—1696. (J. Þ.).

Digitized by Google

guðs sonar brúð &c., og úr dönsku sálminum: *Á guð alleina | eg hefi sett mitt traust* &c., en hann hefði þó ei ætlað til, að hann skyldi prentaður verða, heldur hefði hann gert það fyrir síra Hjalta Þorsteinsson, sem þá var dómkirkjuprestur, en ei vitað af fyrri en búið var að prenta sálminn.

Þeir Gísli Magnússon chymicus, sem verið hafði sýslumaður í Rangárþingi, og Jón Þorkelsson Vídalín, frændi hans, sem þá var þar kirkjuprestur, tóku upp *disputaziur* úr sinni hverri scientia á vissan dag viku. Þá tókust og upp *declarationes*, — [ein af þeim nokkrum, er eg séð hefi, var *de recta intentione docentium et discentium*, önnur *pro calumnia*, ubi eitt merkilegt, að calumnia skýldi og hyldi góða menn sem regn og þoka blómstrum á fjöllum, svo sýndist síður, þriðja ein var og *de Septuaginta hebdomatibus Danielis*,[1]) — og lét Þórður biskup gera nýja cathedram, en skólameistari lét skrifa vers þessi á hana:

Ergo ne gestabit Delphorum insignia Thule &c.[2])

En þetta skrifaði hann upp á declamationem Jóns Vídalíns Þorkelssonar, þá kirkjuprests — sú var öll í versum um deas, og var Calliope látin vera regina. hann var að versunum hálfan tíma meðan hann var að þeinkja sig um þau:

Regna canis, Widaline, novum victricis et arma &c[3])

Og fleiri þesháttar, sem finnast munu í þeim hans Epigrammatibus, sem eg uppskrifaði Anno 1738, og dótturmaður hans Bjarni Haldórsson hefur exemplar af.[4]) Hann gerði og latínsk vers til Cancellieraad Wieland circa 1724, en assessor Árna þótti Wielandt ei forþéna, að þau þrykt yrðu.[5])

---

[1]) [á spássíu og vísað inn. [2]) sjá hér í Vísnakverinu bls. 63. [3]) sjá hér í Vísnakverinu bls. 63—64. [4]) þ. e. handrit Landsbókasafnsins 360. 8vo (sjá hér að framan bls. III—VI). [5]) sbr. Vísnakverið hér bls. 181.

Digitized by Google

Það er til vitnisburður, að hann hefir verið skólameistari í Skálholti Anno 1691, að þá er skólans vitnisburður útgefinn Ólafi Jónssyni, föður mínum, með leyfi og samþykki Páls Jónssonar skólameistara, þann 23. Martii. En Anno 1692 gefur Páll Jónsson rektor honum testemonium latinum frá Víðidalstungu in Julio. Og enn þá er hann rektor sama staðar, sem sjá má á sendibréfi á latínu sama síra Ólafs, sem skrifað er til hans frá Mýrum Anno 1695, þann 25. Septembris. Hefur hann þá endað skólameistaraembættið um vorið Anno 1697.[1]) Hann kvaðst helzt hafa lesið *Livium*, þá hann varð rektor, og myndað sína latínu eptir honum, en Magnúsi capitain Arasyni þótti sem hann sæi á hans latínu, að hann hefði lesið *Svetonium*. Af poëtis hafði hann lesið mest *Virgilium*, og kvaðst hafa munað hans sex fyrri libros utan að. Eg man, hversu skynsamlega hann fór að kenna, þá við síra Jón sálugi Sigurðsson[2]) lærðum um veturinn 1720 og 1721 *Rhetoricam Thalæi* hjá honum og mikinn part af libro IV. et V. Virgilii, og las okkur þar úr phrases, sýndi til þess landkort, og sumt illustreraði [hann] með smásögum. Líka hversu hann fór að því að laga stýl okkar; en áður fyrri veturnar vorum við sex flestir. Þar að auki siðir ýmislegir: kvenfólk mátti ei bera á borð, heldur við piltarnir til skiptis, lesa standandi fyrir borði, aðra vikuna borðsálminn í íslenzku, aðra í latínu, og annað þvílíkt fleira, lesa cathechismum í latínu og íslenzku á vissum kvöldum og repetera, sem svo kallast.

Cap. 13.

Hann vildi ei prestur verða.

Foreldrar hans Jón og Hildur vildu látið hafa hann til prestskapar, en það var eigi hans lunderni, og voru allareiðu honum tilbúin þarfleg línklæði fyrir

---

[1]) réttara: 1696, (J. Þ.). [2]) d. 1757. (J. Þ.).

Digitized by Google

hendi til þess embættis, en það var ei hans stundan. Þó komu þau honum til að sækja um Staðarstað, en séra Þórður son Jóns biskups Vigfússonar fékk hann. Þá það fréttist með skipakomunni til Íslands, varð Páli ei annað að orðum en hann sagði: »Guði sé lof, þá verð eg ei prestur í ár«. Hann kvaðst og þá feignastur hafa orðið að vakna af vondum draumi, er hann dreymdi að Þórður biskup var farinn að leggja hendur í höfuð honum að prestsvígslu. Kom þetta snemma að honum, því þá hann kom á einu vori norðan úr Hólaskóla, og var spurður frétta, og sagði, að þann vetur hefðu nokkrir prestar verið vígðir, kvaðst hann þar með í fréttum segja, að hann vildi ei prestur verða. Eigi kom þetta til af því, að hann hefði nokkra náttúrlega viðurstygð á andlegu embætti, heldur merkti eg, að það kæmi af íhugun þess mikla vanda, sem prestum er á hendi við guð, samvizkuþunga og ábyrgð, að svara honum til allra þeirra sálna, sem þeim er tiltrúað yfir að vaka, svo eingin glatist sökum þeirra forsómunar. Máske einninn hafi miklu valdið, það lögbókin innprentaðist strax, þegar á hans unga aldri, í höfuð honum, sem áður er á vikið. Hann hélt annars mikið af því embætti, ef vel væri stundað, og kvað þá réttu presta vera guði hvað kærasta, og leiddi til grein þessa ritningarinnar: Hver yður snertir, snertir sjáldur míns auga.

Annar partur sögunnar: um hans veraldlegu embætti, kvongan, málastörf og mótblástur.

Cap. 14.

Hvenær hann fékk þau veraldlegu embætti.

Anno 1696 eður 97 hygg eg, að hann hafi sótt um Dalasýslu, og máske sjálfur undir eins, eður annar fyrir hann, um vicelögmannsdæmið fyrir sunnan og austan á Íslandi, því eg minnist, að hann sagði, að einir seytján dagar hefði liðið í milli þess, að kong-

Digitized by Google

urinn veitti honum Dalasýslu áður, og gerði hann að vicelögmanni síðan fyrir sunnan og austan á Íslandi á sama vori í stað Sigurðar Björnssonar lögmanns.[1]) — [Vel líkaði Sigurði lögmanni, að Páll yrði sinn vicelögmaður, og ætlaði til, að hann skyldi eignast dóttur sína, eg man ei, hvort Cecilia hét, því hann vissl ei af því að þau Páll og Þorbjörg voru áður trúlofuð. Hún átti síðar Erlend á Hvoli, og varð nokkuð veik af holdsveiki, er menn segja, að hætt hafi við og sézt líkindi til á nokkrum mönnum í þeirri ætt. En síðar var það, er Páll lögmaður ætlaði til, að sonur sinn Jón yngri skyldi biðja Helgu dóttur Sigurðar landsþingsskrifara og síðar sýslumanns í Árnessýslu, sonar Sigurðar lögmanns. Heyrða eg á, að hann talaði það við Sigurð á Mannamótsflötum 1726, og að Sigurður svaraði, að því skyldi af sér tilátið hafa orðið.[2]) — Hefur sú veiting skeð um vorið 1697. Þetta styrkist við það, er eg finn í annálum, að anno 1701 hafði Páll verið vicelögmaður fjögur ár. Hefur hann þá fyrst tekið skatta og haft fulla lögsögn um vorið 1698. En af því mig minnir, eg heyrt hafi, að hann hafi haldið nefndri sýslu í tólf ár í fyrra sinni, þangað til Oddur Sigurðsson lögmaður og stiptamtmanns Uldrich Christians Gyllenlöva fullmektugur tók hana af honum með ofbeldi Anno 1712, sem var hans mesti óvildarmaður, því þá var hann kominn til valda, en lét hann vera í friði meðan hans collega assessor Árni var í landinu.[3]) Um það leyti varð og Oddur virkilegur lögmaður að norðan og vestan eptir Lauritz Christiansson Gottrup, því hann sagði sig frá strax eptir það Sigurður Björnsson

---

[1]) Páll fékk Dalasýslu 17. Apr., en varalögmannsdæmið 20. Apr. 1697 (Safn II, 145).

[2]) [seinni viðhót Jóns á lausu blaði. Þar neðan við ritar Jón: »*NB hvað þeir, assessor Árni talaði um krókavit Sigurðar, og eins Páll lögmaður*«.

[3]) þannig, og hefir nafni minn gleymt því að botna setninguna (J. Þ.).

Digitized by Google

lögmaður var frá vikinn, og vildi ei heldur eiga í því mikla málastappi, sem þá gekk í landinu. Vissi og, að sá tilkomandi lögmaður mundi ei verða sér svo hliðhollur, sem hann hafði verið, því Sigurður var altíð fyrir honum um dóma atkveðinn, en Lauritz samþykti, því á þeim tímum dæmdu lögmenn ávalt báðir saman. Fyrst var Oddur actor regius fáein ár, hér um anno [1703 og 1707[1]) og hafði þá hægt um sig, og því gaf [hann] sig sem minst hann mátti að máli því, sem assessor Árni átti við Magnús í Bræðratungu. Eg hygg hann yrði og vicelögmaður Lauritzar Anno 1706, en 1708 fullmektugur stiptamtmannsins Christians Uldrichs Gyllinlöva, og varaði sú hans stjórnan í tíu ár, til þess amtmaður Níels Fuhrmann kom til landsins með amtmannsdæmið. Hann var og undir eins sýslumaður í Snæfellsnessýslu, og hélt Stapaumboð frá því hér um Anno 1710, og til þess Anno 1719,[2]) eitthvað um það leyti, þá Jóhann Gottrup tók við hvorutveggju.

Cap. 15.

Um Commissionsverkið.[3])

Af þeim tólf ára reiðum fékk Páll lögmaður þodagra, eður bjúg á fæturnar, og verk úr hægri fætinum upp í mjöðmina. Var því fótaþykkur síðan, en lét koppsetja þær einu sinni á hverjum vetri. Það gerði karl einn, Arngrímur að nafni, er bjó nokkra stund á Litlu-Ásgeirsá og nokkra stund á Auðunarstöðum, og kallaður var *Blóðtöku-Grímsi,* því hann ferðaðist opt víða á vetrum þeirra erinda. Eg meina, að það, er Páll lögmaður blés stundum þungan þegjandi, og sagði á eptir: »Ei er kaupið utan að

---

[1]) fyrra ártalið er nokkuð skafið, og eins og dregið í hitt; rétt er 1707 (J. Þ.). [2]) Sbr. bls. LX.

[3]) Allur þessi kapituli er á innskotsblaði með hendi Jóns, og setur Jón við hann: »má vera um Commissionena sérlagi«.

Digitized by Google

verða móður«, að þá muni hann hafa ryfjað upp í huga sér alla þá armæðu og erfiði, málasýsl og óvildir, heilsurýrnan og peninga útdrátt, er honum stóð mest af Commissions sýslaninni. Þeim báðum commissariis Árna og honum voru ánafnaðir, að sagt er, ríxdalur á hvern dag meðan þeir væri að verkinu. Það varð mikil summa í svo mörg ár. Assessor Árni kvaðst aldrei hafa neina peninga feingið af kongsins hálfu, en gat samt vel haldið út þann kostnað sökum professorslauna sinna og peninga, er hann fékk með konu sinni, en Páll lögmaður fékk ei nema 300 [ríxdali] — þó svo, að Árni gekk í caution eður borgan fyrir, — er hann tók þó vöru[r] fyrir í Hafnarfirði að mestu leyti, og lét senda eptir þeim seint um haustið Anno 1711, að mig minnir, þó ei án mikils skaða og kostnaðar, því sendimennirnir komu ei aptur fyrr en undir Jól, með hrakta hesta, og var einn þeirra manna burt hlaupinn, Árni Pétursson að nafni. En þá hann fékk Þorbjörgu sinni vöru þessa í hendur, þótti henni lítið til koma, og tók ei af henni, að sagt var, nema einn stóran kníf.[1])

Cap. 16.

Um upptök óvildar og ofsóknar Odds lögmanns Sigurðssonar við Pál lögmann.

Menn segja að orsök og upptök haturs þess, er Oddur [lagði á Pál lögmann Vídalín,[2]) hafi svo byrjast, að Oddur gekk ungur í Skálholtsskóla, og Páll var þar skólameistari hér um Anno 1694 eður litlu

---

[1]) Hér ritar Jón við: »Hér má koma inn capit. um hans kvongan og börn«, sem stendur síðar í sögunni í handritinu, og er hann hér ekki færður úr stað þaðan. Ennfremur ritar Jón hér: »Páll lögmaður og Jón biskup Þorkelsson voru sammæðra systkinasynir, því Hildur var systir síra Þorkels í Görðum«.

[2]) [upphaflega ritað: »hafði á Páli lögmanni«.

Digitized by Google

síðar;[1]) hafi Oddur átt að skrifa í sendibréf vestur til móður sinnar, Sigríðar Hákonardóttur, einn og annan hégómaþvætting úr skólanum, bæði um skólameistara og aðra; en það bréf varð sökum vatnavaxta eður með einhverju öðru móti apturreka, og kom heim tilbaka alt í sundur trosnað, svo hver, sem vildi, gat lesið. Það féll þá í hendur skólameistara, og skyldi hann hafa veitt Oddi svo mikla ráðning, eða réttara sagt húðstroku með hrísi, að öll skyrta Odds varð alblóðug, hverja hann sendi eður sýndi móður sinni síðan, og feingu þau bæði þá heipt til Páls, að leingi greri ei heilt um. Aðrir segja, að fyrir utan þetta eður ásamt því hafi fundizt hjá Oddi kvertetur með kukli á. Marteinn Arnoddsson, sem síðan var leingi prentari á Hólum, gekk þá þar í skóla, og var famulus eður þénustusveinn skólameistara skyldi hafa átt að gera hann þessa og annara hluta vísan, og var því fyrir þessa og aðra sína undirhyggju kallaður Marteinn Mörður.[2]) En hverninn sem þessu hefur verið varið, þá urðu þeir aldrei stöðugir vinir, því þó Oddur sýndist stundum til þess líklegur, þá varaði það ei leingi áður Oddur brá því upp með einhverjum refjum eður mótgerðum við Pál, sem helzt var að tileigna hans yfrið óstöðugu geðsmunum og lauslyndi, er einatt létu sig í ljósi í öllu hans ráðlagi; en Odd studdu nokkra stund metorð og mikil auðæfi.

Cap. 17.

Um mál milli þeirra lögmannanna Páls og Odds.

Meðan Commissionen varaði og assessor Árni var í landinu hafði Oddur sig ei uppi, en þá hann var af landi farinn Anno 1712 hóf Oddur sig fyrst fyrir alvöru á móti Páli lögmanni, en fann sér ei

---

[1]) Oddur hefir útskrifast úr skóla 1698, því það ár er hann skrifaður í stúdentatölu, þá 17 vetra gamall (J. Þ.).

[2]) Marteinn dó 1747 (J. Þ.).

Digitized by Google

hentugan höggstað eður lögmæta orsök, þó hann leitaði. Brynjólfur Þórðarson á Hlíðarenda var mikill vinur Odds, eins og flestir lutu að honum í þá daga, [því hans völd, uppgangur og makt var þá í hádegisstað. Þeir voru þá auðugastir menn hér á landi: Guðmundur í Brokey, Oddur lögmaður, Brynjólfur á Hlíðarenda, Bjarni Pétursson á Skarði og Björn Pétursson á Bustarfelli.[1]) Til að fá sér nokkra átyllu og orsök, er laga skin hefði, þá hefi eg svo heyrt og eptir tekið, að Oddur lögmaður hefði nýtt sér þessa, sem nú mun eg segja: Á þeim tíma og leingi síðan var prestur sá á Þingvöllum, er hét síra Jón Haldórsson, bróðir prófastanna síra Jóns í Hítardal, sem var faðir biskups Finns í Skálholti, sen nú er, [en bróðir[2]) síra Hannesar í Reykholti og síra Torfa í Vindási. Annexia prestsins á Þingvöllum er Úlfljótsvatn. Konu bóndans hafði borið til orðasinningar við prestinn þar í kirkjunni fyrir messu af einum hálfsléttum dal, og hafði prestur látið falla af sér nokkur ógegnileg orð, svo sem hann vændi son bóndans, sem líka hét Magns,[3]) þjófnaði að peningi þessum, sem var hálfsléttur dalur (alias vulgo tíu álna dalur eður 2 mörk). Sömuleiðis slegið konu bóndans snoppung. Bóndi fór til sýslumanns, sem þá var Vigfús Hannesson, er var mægður, að eg meina, Sigurði Sigurðssyni eldra, sem var þá landsþingsskrifari, syni Sigurðar lögmanns Björnssonar. Eg veit ei víst hvað hann hefur dæmt, en vitnið var ei löglegt, nema eitt. Málspörtunum, presti, líkaði ei dómurinn og stefndi fyrir lögréttuna. Páll lögmaður minnir mig dæmt hefði, að eitt vitni mætti ei gilda til að fella prestinn, og skyldi hann vera sýkn

---

[1]) [á spássíu; innvísunarmerki er í texta, en ekki við þessa grein. Þó getur hún ekki átt annarsstaðir inn en hér. (J. Þ.).

[2]) [milli lína.

[3]) þ. e. að bóndi á Úlfljótsvatni hefir heitið Magnús, og sonur hans sama nafni. (J. Þ.).

Digitized by Google

saka, en sýslumann í nokkrar litlar bætur. Vigfús Hannesson hygg eg þá væri sýslumaður í Árnesþingi, en Brynjólfur á Hlíðarenda væri einn af dómsmönnum Odds, er þar um hélt svo kallaðan tuttugu og fjögra rétt, því Oddur var þá í amtmanns stað, og dæmdi Pál Vídalín að sönnu frá embættinu fyrir það, að hann hefði svo sem forskotið öðru vitninu, en setti þó til hæstaréttar, og strax að því gerðu suspenderaði hann frá lögmannsembættina. Þetta meina eg, að gerðist á alþingi 1713. Fylgdu þá margir Oddi og nær flestir sýslumanna, — nema Hákon Hannesson sýslumaður í Rangárþingi; eg veit ei, að hann væri ættingi Páls lögmanns, heldur hans góður vinur, — sumir af velvild, en þó fleiri af ótta; þorðu ei annað en láta svo vera sem hann vildi. En flestir dómsmanna voru þó fáfróðir, vanvitugir og ólærðir lögréttumenn. Geingu þá margar kröfur af Páls hendi, en Oddur sló forakti við því öllu saman. Anno 1714 var Páll lögmaður sem suspensus af Oddi embættislaus á alþingi, en fékk hæstaréttarstefnu, og stefndi Oddi og öllum hans meðdómendum, og var það ei kostnaðarlítið að fara til þeirra, svo víða sem þeir voru um landið. Á alþingi spurði Oddur í samtali við Pál: »Ætlar þú að sigla í ár, Páll?« Hinn kvaðst svo hafa til ætlað, en gæti hann ei náð rétti sínum hér, þá væri guð réttlátur dómari, en eilífðin lauug. Hinn svaraði, og sló nösunum upp, sem hann átti vanda til: »Hvað vilt þú tala um eilífð?« Páll svaraði; »Sjáðu svo til, þú fáir hana ei of þunga«.

Cap. [18].

Oddur og Páll sigldu fram til hæstaréttar.

Anno 1715 sigldu þeir. Fór Oddur með fiskiskipum, og reisti í gegnum Holstein og Jytland, og fann þar sinn patron admiral Sæhestæd, síðan til Kaupenhafnar; en Páll [sigldi] með Höfðaskipi, fyrst

Digitized by Google

til Noregs, og svo þaðan til Krosseyrar, og þaðan landveg til Kaupinhafnar, og kom þar fjórða í Jólum.[1]) Oddur var kominn á undan og gerði sér í huga, að Páll mundi eigi koma. En þá hann varð þess var, tók hann sú vanstilling, er honum hætti þó optar við, að hann veitti sér sjálfum banatilræði nótt-

---

[1]) *Kveðja Páls Vídalíns* áður hann sigldi 12. Okt. um haustið 1715 úr Spákonufellshöfða, er svo merkileg, að hún á skilið að prentast hér [Árb. Espólíns IX, 25—26]:

»Í nafni vors herra Jesu Christi!

Það læt eg nú vera fyrst í þessu mínu bréfi, að eg af öllu hjarta befala frelsara mínum Jesu Christo mína sál og æru, embætti mitt og líf, og jafnframt þessu befala eg hans guðdómlegri ást og verndan eiginkvinnu mína og börn. Hann er vor guð. Hann bið eg ala önn fyrir oss. Svo befala eg og í hans miskunnarskjól og verndan hús mitt alt og heimkynni, og alla þess sálar og lífs nauðsyn, í dag og á morgun og að eilífu. Oss er þá borgið, að hann er vor guð. Þess vil eg og þeim óska, sem eru vinir mínir, að þeir séu vinir konu minnar og barna meðan eg er frá. Sjálfir munu þeir sýna sig, svo að af verkunum verði þeirra trúskapur reyndur. Veri guð með þeim í ráði, hvort þeir eru einn eða fleiri.

Þess bið eg í annan stað og heimti, að þeir, sem látizt hafa verið vinir mínir meðan mér gekk ekki stórlega á móti, en eru það þó ei í raunninni innan brjósts, þeir láti þó mína einstæðingskonu og börn í ró, ónæðislaus, þangað til þeir spyrja, hvort eg er lífs eða liðinn. Guð veit hvernim á morgun muni ganga, en þeir vita hvað nú hafa þeir í hjartanu.

Þriðji pósturinn við óvini mína að tala. Af þeim vil eg einskis góðs biðja, en guð mun setja þeim skamt. Ef þeir eru slík mikilmenni sem þeir láta í orði, þá láti þeir nú þessa stundina konu mína og börn og heimili mitt í kyrð og ró fyrir ofsóknum þeirra, því það væri annars að vega að höfuðlausum her. Ef þessi mín ummæli megna einskis hjá fjandmönnum mínum, þá hefi eg svo ráð fyrir gert við konu mína og börn, að hlykkur muni verða á ofsóknunum, þangað til spurt er, hvort eg sé lífs eða liðinn. Þetta er svo með skýrum orðum sagt, að eg ætla það skilji vinir mínir og óvinir, og munu hverir þeirra þekkja sig í sínu rúmi; suma þekki eg, en guð þekkir alla.

Hér næst kveð eg kærlega með öllum góðum óskum þetta sóknarfólk alt, sveitunga mína og nábúa, og bið drottinn varðveita þá, og láta þeim líða vel, hvort sem guð lætur mér auðnast að sjá þá aptur eður ei. Eg kveð bæði menn og kvinnur,

Digitized by Google

ina eptir þrettánda, og skar sig tvo skurði á hálsinn með sjálfskeiðingi eður rakhnífi, er þar var í skúffu í hans herbergi. Hann hafði leyst Þorstein Vídalín frá soldatsstandi í Holstein, eður réttara að segja, feingið hann lausan, þá hann trakteraði hans oberst þar í Holstein á reisu sinni. Sá Þorsteinn var af ætt Vídalína, og var nú sem þénari Odds og barberaði hann (rakaði skegg af honum). Hann hljóp síðan sama vor burt með Moschovitum. Um morguninn eptir var prófasturinn Mag. Morten Reinberg kallaður til hans, og skyldi hafa sagt, að þeim mundi síðan hætt verða að veita sér banatilræði, og kanske fara með kátlegu móti af heiminum, sem og skeði. Páll lögmaður lá til herbergis hjá professore matheseos Horreboe í St. Peders stræde. Reinberg sendi þénara sinn til hans strax um morguninn, og lagði fyrir hann að marka, hvað Páli lögmanni yrði að orðum. En hann svaraði þessu: »Gud bevare hans Sjæl fra Helvede«. Af því hélt Mag. Reinberg. Oddur lá leingi í þessum sárum, og átti læknirinn bágast með brúna milli skurðanna, að hún skyldi ei fúna; batnaði svo smámsaman, svo þeir komu báðir fyrir hæstarétt í Martio. Þá heilsuðust þeir fyrst og gratuleraði Páll lögmaður honum, að hann væri upp staðinn af sjúkdómi sínum. Oddur kvaðst hafa verið sáttur með að deyja, fyrst hann gat ei gert Íslandi neitt gott. Páll anzaði fljótt, bað hann segja og sýna nær hann hefði það stundað. [Af þessari tilviljan Odds kallaði Páll hann Odd barka, og aðrir hans óvinir síðar, svo sem í mynd eptir Oddi böðli hundsbarka, er laungu var fyrri og fékk það viðurnefni af mat, sem honum var gefinn slíkur barki í. Einninn: hann[1])

unga og gamla, en bið að þér allir, sem guð elskið, biðjið hans miskunnar fyrir mér. Vona eg til heiðurlegs sóknarprestsins, að hann minnist mín, þegar hann biður fyrir þeim, sem alt sitt traust hafa á drottni og vona til hans miskunnar, bæði fyrir sína eigin velferð, og allra þeirra, sem þeim eru ástfólgnir.«

[1]) »hann sc. Páll lögmaður« (JÓlGrv. á spássíu).

Digitized by Google

kvaðst það öðrum frægari, að hann ætti herklæði, hringabrynju, hjálm, stormhatt og öxi, en Odd, að hann hefði þrisvar gægzt inn í helvíti, og þó aptur komið.[1]) Hæstiréttur dæmdi Páli lögmanni aptur embættið og af Oddi þrjú hundruð ríxdali til hans í málskosnað, en í hinu málinu við Brynjólf eins marga peninga eður því nærri af honum,[2]) svo hann bar varla úr býtum annað en lögmannsdæmið.[3]) Þá

---

[1]) [á spássíu í hdr. [2]) þ. e. Páli.

[3]) Frá þessum dómsúrslitum segir Grunnavíkur-Jón hér óglögt, og sögn Espólíns (Árb. IX, 30) er heldur ekki nákvæm, en honum fylgir Þórður Sveinbjörnsson að mestu (æfisaga Páls XXXVI), en tortryggir þó Espólín, jafnframt því sem hann kvartar yfir því, að þessir hæstaréttardómar þekkist nú ekki. Hæstaréttardómar frá þessum tímum (fyrri hluta 18. aldar) eru nú og fæstir til. Þó hefi eg fundið hæstaréttardómana einmitt í þessum málum Páls í skjalasyrpu með hendi Benedikts lögmanns Þorsteinssonar (MSt. 27. 4to, bls. 503—504, Svartskinna), og eptir þeim hefir Páll sloppið nokkuð betur en talið hefir verið. Dómarnir hljóða svo:

Hærsta restar Doomar Anno 1716.

Da effter Tiltale Giensvar og denne forberörte Sags Beskaffenhed, blev onsdagen næst effter d. 10de Junii Anno 1716 saaledes herom for Ret kiendt og afsagt.

Laugmand Povel Joensen Widalins urange og ugrundede afsigt bör som udömt, död og magteslös at være, og ikke at komme afg. Wigfus Hanssen i hans grav og hans arvinger til præjuditz paa deres ærlige Navn eller pengeudgifft i nogen Maade. Processens omkostning betaler Laugmand Povel Joensen Widalin til afg. Wigfus Hansens arvinger med 100 rdr og bör derfor foruden sit forhold i sit dommer Embede at böde til vor frelseres kyrk 50 rdr.

datum ut supra Nostro sub Sigillo Teste fideli et dilecto conciliario intimo Status Justitiæ et Cancellariæ ut et Justitiario Nostro.

C. Schöller D. Sechman
(L. S.)

Da efter Tiltale og Giensvar og denne forberörte Sags beskaffenhed blev Tirsdagen næst effter den 16de Junii förnævnt aar 1716 saaledes her om for Ret kiendt og afsagt.

Digitized by Google

lánaði Páll af assessor Árna 300 ríxdali, sem áður umgetur í sögunni af assessor Árna Cap XII. Páll lögmaður átti áður 500 gangandi fjár, en lét svo marga sauði í kaupstað, að hans fé varð ei yfir 300 síðan. Hann hafði og með sér nokkra fágætari hluti, suma frá Kaupinhafn keypta, en sumt látið gera, sem hann gaf konu sinni og dóttur, og sína danska bibliu at Missionscollegio prentaða hverjum sinna tökupilta. Hann kom með Stykkishólmsskipi aptur til Íslands í Augusto, lét setja sig upp að Kambsnesi, og fór þaðan norður að Víðidalstungu.

Allur sá siglingarkostnaður er sagt að kostað hafi Pál lögmann 700 ríxdali að öllu samantöldu. Hann hafði og í sömu sigling feingið aptur Dalasýslu. Jón Arnórsson í Ljáskógum varð hans lögsagnari, og minnir mig, að hann feingi í kaup árlega XXX vættir, og lagði til fimm eptir nokkur ár, þangað til hann andaðist 1725 þann 4. Febr. Þá hélt[1]) Jón Eiríksson manntalsþingin um vorið, en Jón Jónsson á Hamraendum tók við um vorið Anno 1726 eða vorið sama [trúi eg[2]) meðan lögmaður lifði. [Þó reið hann á hverju ári vestur þangað, þá málum var að gegna, sem flest voru þau, er Þorsteinn Pálsson, bróðir

---

Laugmand Paul Joensen Widalins urange og ulovskickede Dom bör som udömt, död og magteslös at være, og ikke at komme Brinjolf Thordersen til præjuditz paa hans gode Navn og Rigte i nogen Maade, ej heller til nogen pengeudgifft. Processens omkostning betaler Laugmand Poul Joensen Widalin til Brinjolfer Thordersen med 100 rdr. og bör derforuden for sit utilbörligt forhold i sit dommer Embede at böde til vor frelseris Kyrk Et hundred Rixdaler.

Datum ut supra Nostro sub Sigillo Teste fideli et dilecto Consiliario intimo status iustitiæ et cancellariæ, ut et iustitiario Nostro.

C Schöller D. Sechman

(L. S.)

[1]) »tók við« yfir línunni.

[2]) [skafið og óglögt og sýnist líkara öðrum orðum en þessum, en hugsan krefur þetta eða því um líkt.

Digitized by Google

Snæbjarnar átti við einhverja, og borgaði fyrir kost sinn og manna sinna. Sáu lögsagnarar það gjarnan, og þótti sér það vandaminna, þó þeir héldi sjálfir þingin, en um sérhvað, er bar til í mála nafni, sendu þeir iðuglega norður til Víðidalstungu, og létu hans úrskurði síðan standa.

Cap. 19.

Um likvidationsreikning þeirra Odds lögmanns og Brynjólfs Þórðarsonar og kontraktina og annað fleira.

Á næsta lögþingi eptir, sem var Anno 1717,[1]) kom ágreiningur milli lögmannsins Odds og sýslumanns Brynjólfs Þórðarsonar um það, er hvor þeirra hafði kostað til málsins móti Páli lögmanni, og var það sérlegt, að þeir báðir kusu hann til gerðarmanns og til að jafna og likvidera reikninga þeirra. Komst hann þá með vissu að því, að málið móti sér hafði kostað þá 2200 ríxdali og nokkurn æðardún, og eitthvað annað að auki. Létu báðir hans jafnan og úrskurð sér allvel lynda.[2])

Á því sama alþingi hótaði Páll lögmaður Oddi lögmanni að hefja að nýju mál við hann fyrir það, að hann hefði með órétti frá sér tekið Dalasýslu, eða gjalda sér bætur ella. Eigi vildi þá Oddur mál við hann eiga um það. Gerðist þá sú kontrakt eður sá sami meðal þeirra, að Oddur skyldi árlega gjalda

---

[1]) yfir línuna ritar Grv.J. »1716«, sem er rangt, því hvorki Páll né Oddur komu út það ár fyrri en eptir þing. (J. Þ.).

[2]) Alla þessa klausu ritar Grunnavíkur-Jón inn á spássíu og vill þar hafa hana svo (»eður svo«, segir hann): »Þá Oddur lögmaður var aptur kominn til Íslands, þá ágreindi þá báða Brynjólf Þórðarson á Hliðarenda og Odd um kostnað mála þeirra fyrir hæstarétti móti Páli lögmanni, og var það sérlegt, að þeir tóku hann fyrir gjörðarmann milli sín að likvidera eður jafna þeirra reikninga. Varð hann þá vís, að það mál hafði, ni fallor, kostað þá 1700 rd. báða, en hann sjálfan 500, því hann varð að gefa hæstaréttarprocuratore sínum 300 rd., ef eg rétt man«.

Digitized by Google

Páli 352 vættir í fiski, kaupmannsvöru, peningum eður öðru þarflegu, sem þeim báðum um semdi. Skyldi kontrakt þessi standa svo léingi sem Oddur héldi Snæfellsnessýslu og Stapaumboð. Það hélt Oddur þar til Anno 1724, þá Jóhann Gottrúp tók á alþingi Snæfellssýslu og Stapaumboð, nema hvað hann refjaðist um að gjalda lögmanni 40 fjórðunga smjörs, er hann skriflega lofað hafði á alþingi 1722, og voru til vitnis prófastarnir síra Snorri frá Helgafelli og síra Jón Haldórsson frá Hítardal, sem skrifað höfðu undir til vitnis, og það, að Oddur hafði þá eigi sitt innsigli hjá sér. — Áður var það fyrir tveim árum, er Oddur hafði látið hýða Bjarna Andrésson, sem þá var orðinn vinnumaður Páls lögmanns, fyrir óbevísaða töku og þá lítilfjörlega, sem var á hálfri hrosshá. Hélt Oddur dóminum yfir lagatíma, svo lögmaður varð að fá konglega uppreisning, en Oddur varð fyrir útlátum.

Því olli hverflyndi Odds lögmanns og ærið óstöðuga sinnislag, að þó stundum sýndist sem nokkur vinátta mundi með þeim saman ganga, þá stóð það ei leingi af Odds hendi, og stundum, þá Páll lagði honum góð ráð, þá ljóstraði [hann] því sjálfur upp. Þó vissa eg, að þegar þingið stóð in Octobri Anno 1719 á Draungum á Skógarströnd, sem var varnarþing Odds, þá hann bjó á Geirrauðareyri, og átti að gegna fjórum eða fleirum málum við Guðmund Þorleifsson í Brokey, er reis af haldi Odds á Narfeyri og fleirum smærri þræsum við Guðmund, að Oddur kom sjálfkrafa einu sinni, og það í illviðri, með pottkönnu af silfri og gaf Páli lögmanni, er sagði okkur þénurum sínum síðan, að það ráð hefði munað hann um 500 ríxdali, sem hann hefði við það áunnið. En vinskapur þeirra Páls og Guðmundar hinn forni rénaði þá Niels Fuhrmann amtmaður var kominn, sem þá var og á Drangaþingi þessu og fór fram í Brokey að finna Guðmund. Það var fáum árum síðar, mig minnir Anno 1720 in Januario, sem Guðmundur andaðist, og testamenteraði áður nefndum

Digitized by Google

amtmanni allan sinn mikla auð.[1]) Héldu menn það undir búa, að hann skyldi sín vegna ofsækja Odd, er Guðmundur hafði feingið hatur á fyrir ýmsar glettur, er hann hafði gert honum, en stóð laungu áður til, að Oddur skyldi eiga dóttur hans, en hún andaðist úr stóru bólunni Anno 1707.

Cap. 20.

Um 1, Historiam juris Islandici og 2, Um Politieprojectið og nýju laga verkið, lögbókar verkið.

Nokkrir skynsamir menn hafa skrifað sögu af lagaferli og gangi á Íslandi. Eg meina skrif Haldórs Einarssonar sé það fyrsta, næst eptir þann lærða mann síra Arngrím Jónsson í hans Crymogæa. Hann var sýslumaður í Þingeyjarþingi, og andaðist í stóru bólunni um hausið Anno 1707, þar hann bjó á Einarsstöðum í Aðalreykjadal, ráðinn til siglingar fyrir vicelögmannsdæminu að norðan og vestan. Hann var sonur Einars Eyjólfssonar, er sýslumaður var í Árnessýslu og íslenzkað hefur Grænlandssögu þá latínsku síra Arngríms, og er sú íslenzkan prentuð í Skálholti Anno 1688. Man eg, að sálugi assessor Árni mintist á það, að hann hefði talað við hann[2]) á alþingi, og spurt hann eins og annars, er við vék antikvitætum í þeirri meiningu, að hann mundi nokkuð af honum læra, en þótti, þá að kom, lítið fyrir verða annað en getgátur og óvissa. Mintist og á þá version á einum eður öðrum stað. 2, því næst er innlegg það er assessor Árni og Páll Vídalín gerðu fyrir hæstarétt í arfsmáli síra Páls Ámundasonar. Það er á dönsku og girntust margir skynsamir menn í Khafn, og tóku exemplar (samvæga afskript) af því.[3]) En víða í Fornyrðum Páls lögmanns yfir Jónsbók mega finnast skýrir póstar, er undir það umtalsefni

---

[1]) Hér ritar Grv. J. á spássíu; »Videantur Annales mei«; [2]) þ. e. Einar Eyjólfsson; [3]) Það er nú i AM. 208. 4to, sbr. bls. XI.

Digitized by Google

þjóna. 3) Erlendur Ólafsson, bróðir minn, sem nú er sýslumaður í Ísafjarðarsýslu, tók sé fyrir hendur, þá hann var hér studiosus, hér um Anno 1732, að útfæra það efni sem fullkomlegast með lærdómslegum máta í vissum sundurdeilingum og per paragraphos. 4) Lögmaðurinn Sveinn Sölvason hefur snemma í *Lagaviðvæning*[1]) sínum (prentuðum hér í Khafn 17[54] in 8vo) yfir farið það efni heldur stuttlega. 5) Síðastur allra hefi eg gert nokkuð sýnishorn af því, hvers titill er þessi — [en það er alt að meina um hin gömlu, en um hin nýju þá er til *Historia reformationis legum Islandicarum novissimæ*[2]) —: [1)] *Anonymi* [βραχυόχολπιι *Islandi*][3]) *Conspectus Historiæ Juris Islandici, angustis cœercitus limitibus, Hafniæ Anno Domini M.DCC.LVI*, og er það skrif á dönsku mestan part[4]) og 2) *Stutt nafnaregistur með ártölum yfir flestöll merkilegustu gömul norsk og íslenzk lög*, og seinast kenniteikn að þekkja þau gömlu lög frá öðrum fljótlega á að líta. Skrifið hefir nokkuð meir en 20 paginas in folio, og er daterað Hafniæ mense Julio Anno 1756, og er tilætlað, að það setjist inn í *Systema Antiquitatum*, sem eg hefi efnað til, og mætti fyrir takast, þá annara verka verður á milli. Auctoris orð í nefndu skrifi eru þessi:[5]) »Anno

---

[1]) þ. e. Tyro juris (J. Þ.). [2]) [á spássíu og víðað inn. [3]) þannig. [4]) á spássíu ritar Grv.J.: »Þetta danska skrif mitt er ófullkomið og ofstutt um þá reformation nýju laganna, sem kongur Friðerik [I]V. skipaði honum [ɔ: Páli] og Oddi lögmanni. Eg hefi síðan reformerað, aukið og forbetrað það ágrip í minni Historia reformationis legum Islandicarum novissimæ«. [5]) Kafli sá, sem nú fer eptir, er á dönsku í handritinu; er íslenzk þýðing hér prentuð í textanum, en dönskunni er skotið neðan undir. Danskan er svona: »Anno 1720 blev Politie Projectet, eller Conceptet, i fire Sectioner [Hér kemur klausa á íslenzku, sjá textann] forfattet af salig Landsdommer Paul Widalin, paa Landsthinget i Julijmaaned. Til den Deliberation vare med hannem mange Sysselmænd og andre Verdslige, der vare 19 udi Tallet, om jeg ret mindes, og brugte han den Maade, at Vota ginge alltidens op ad fra den nederste

Digitized by Google

1720[1]) var lögreglulaga frumvarpið eða uppkastið samið í Júlímánuði á alþingi af Páli heitnum lögmanni Vídalín; var það í fjórum köflum [nefnilega um vinnumenn, lausamenn etc.[2]) Til þess að íhuga

og yngste Concessor. Dette skeede efter Stiftbefalingsmands Rabes Befaling, som den gang var kommen til Island, og laae til ankers paa sit Skib, Söridderen kaldet, udi Havnefiord, men kom ikke selv til Landstinget. Aaret efter kom det Svar, at det skulde blive ved det samme, nemlig uden kongelig Confirmation, ind til den nye Lovs Fuldbyrdelse. [Hér kemur klausa á íslenzku, sjá textann]. Den nye Lovs Deliberation varede med aarlig berammede Conventioner eller Conferentzer, alle paa Landstinget, en Uge for den 8. Julij, eller Landsthingets rette Begyndelse udi de Tijder. Dog skeede en Conventus derom paa Mannemotzflater udj Borgerfjorden Anno 1726 nogen tid for Landstingets Begyndelse. Da rejste jeg der fra Landet, og var mig ikke saa nöye bekiændt, hvorleedes det gik siden til. Men bemeldte Poul Widalin döde paa Landstinget det andet aar der efter, nemlig 1727 den 18. Julij om morgenen kl. eirca 6. Siden er mig fortalt, at Laugmændene skal have taget værket for sig fra Begyndelse paa ny, og end nu atter i gien, da Landsdommer og nu Ambtmand Hr. Magnus Gisleson kom til, hvilken med de andre tandem skal have bragt det til Endskab, og med en dansk Oversættelse skikket hid til Cancelliet, hvor det skal ligge i en goed stille Roelighed siden. Det er mig ligeleedes vel vitterligt, adt Poul Widalin skrev adtskillige Forklaringer og Raisonns til sine Satzer, baade om Forstrands Rettigheden og andre Ting, og brugte en særdeeles aarvaagenhed, omhyggelighed og flittighed til saadant eet vigtigt verk. [Hér kemur klausa á íslenzku, sjá textann]. Altsaa hviler her saaledes den nye Lovs Project selv tillige med Politie-Projectet, og den Geistlige Lovs Concept over Nordske Lovs den anden Bog. Nogle faa Sysselmænd begyndte dog med at forkynde dette Politie-Project publice, og holde det efterrettelig, hvoriblandt en var Ormer Dadesen. I den nye Lovs Project befaler Salig kong Frider. 4. (Höylovlig Ihukommelse) at alle gamle og forbigangne Forordninger skulde indlemmes. Siden have dog mange været udstædede, især geistlige af Christiano Sexto (hoylovlig Ihukommelse) den tid hans Höyærværdighed Herr Biskop Ludevig Harboe var 5 aars tid General Kirke Visitator der i Landet etc.«

[1]) Hér ritar Jón fyrst 1719, en leiðréttir aptur og setur á spássíu: »rectius Anno 1720, en á Drangaþingstað 1719 þann 6. Obtobris um mörg mál Odds lögmanns«.

[2]) [þessum orðum er bætt inn á spássíu á íslenzku.

Digitized by Google

það hafði hann á ráði með sér marga sýslumenn og aðra veraldarstéttar menn, 19 alls, ef eg man rétt. Hafði hann það lag jafnan að láta þann fyrstan kveða upp sína skoðun, er yngstur var fundarmanna og lægstur að metum, og leitaði svo atkvæða upp á við koll af kolli. Var það eptir skipun Rabes stiptamtmanns, er þá var kominn til landsins, en kom ekki til þings sjálfur, heldur lá fyrir festum á skipi sínu í Hafnarfirði. Hét það »Særiddarinn«. Næsta ár komu þau svör, að alt skyldi standa í sömu stellingum og áður, og að ekki yrði af konungs staðfesting fyrri en lokið væri við frumvarpið að lögbókinni nýju allri. [Þó fóru sumir sýslumenn, svo sem Markús Bergsson í Ísafjarðarsýslu og Ormur Daðason í Dalasýslu, að lesa það upp á þinginu og halda eptirréttanlegt.[1]) Samkomur þessar og ráðstefnur um nýju lögbókina stóðu yfir í viku tíma á hverju ári næstu dagana fyrir 8. Júlí eða setningardag alþingis, eins og hann var á þeim tímum. Allir voru fundir þessir haldnir á alþingi. Þó var einn fundurinn haldinn á Mannamótsflötum í Borgarfirði Anno 1726, nokkru fyrir þing. Það ár fór eg utan, og því er mér ekki svo gjörkunnugt um það, hvernig síðan hefir farið. En Páll Vídalín áðurefndur lézt á alþingi á öðru ári eptir, 1727, þann 18. Júlí, nær miðjum morni. Síðan er mér sagt, að lögmennirnir eigi að hafa tekið sér fyrir hendur að yfirfara alt lagafrumvarpið af nýju, og enn aptur á nýjan leik, þegar herra Magnús Gíslason, sem nú er amtmaður, tók við lögmensku, og kvað hann loksins, ásamt öðrum, hafa leitt þetta starf til lykta, og sent Cancellíinu frumvarpið með danskri þýðingu, og hjá því er nú sagt að það hvíli sig hreifingarlaust. Ennfremur er mér það vel kunnugt, að Páll Vídalín ritaði ýmsar skýringar á og rök fyrir því frumvarpi, er hann hafði gert,

---

[1]) þessum orðum er bætt inn á spássíu á íslenzku.

Digitized by Google

bæði um reka og annað, og að hann vann að þvílíku áríðanda og vandaverki með sérlegri árvekni, vandvirkni og ástundunarsemi. [Já, eg vissi, að hann stóð stundum upp á nóttum, og lét kveikja ljós, til að skrifa það honum var í hug komið. Hann sagði og, að aldrei hefði nokkur annar hlutur lagzt svo þungt á sig eður tekið svefn frá sér. Það væri ei ábyrgðarlítið verk, að gera lög fyrir alna og óborna &c. og þvílík önnur orðtök fleiri.[1]) Svona hvílir það sig nú hérna nýju laga frumvarpið, ásamt frumvarpinu að lögreglulögunum og uppkastinu að kirkjulögunum, er byggja skyldi á annari bók Norsku laga. Nokkrir sýslumenn fóru þó að birta þetta lögreglulaga frumvarp opinberlega og halda það fyrir lög; einn þeirra var Ormur Daðason. Friðrik sálugi kongur hinn fjórði, háloflegrar áminningar, skipaði að taka skyldi upp í nýju laga frumvarpið allar gamlar tilskipanir, er geingið hafi verið fram hjá. Síðan hefir þó Kristján sjötti, háloflegrar áminningar, gefið út margar tilskipanir, einkum um andleg og kirkjuleg efni um þann fimm ára tíma, sem háæruverðugur herra biskup Ludvig Harboe var alsherjar kirkna visitator á Íslandi &c.«[2])

Hvað mikla umhyggju Páll lögmaður hafði fyrir því verki, og forskrifaði sýslumenn að koma árlega saman til lögþingisstaðarins viku áður en alþing byrjaðist, og hversu tregir og hirðulitlir þeir reyndust þar í, get eg glögglega sagt við daga og vissa tíma, ef þörf væri. Til dæmis Anno 1725 á alþingi mælti Benedikt lögmaður sér mót með sýslumönnunum Markúsi Bergssyni úr Ísafjarðarsýslu og Ormi Daðasyni að hittast í Víðidalstungu og yfirlesa project Páls lögmanns. Komu þeir því þann 9. Octobris að Víðidalstungu, en riðu burt þann 11. og vildu ei bíða Benedikts lögmanns. Hann kom þó þann 18.,

---

[1]) [Þessari klausu er bætt inn á íslenzku á spássíunni.
[2]) Hér endar danski kaflinn hjá Grunnavíkur-Jóni.

Digitized by Google

en reið burt þann 23. Því lögmaður Benedikt og norðan og vestan sýslumenn höfðu mælt sér mót í Víðidalstungu á þann 10. Octobris að deliberera um nýju laga project Páls lögmanns. En af því Benedikt lögmaður var ei til staðar, þá sýslumennirnir komu, nentu þeir ei að bíða hans og riðu burt. En lögmaður Benedikt yfirfór mikið stykki af projectinu meðan hann dvaldi og excerperaði úr því mart, sem honum leizt mest athugavert.

»Anno 1726 þann 12. Junij reistum við[1]) frá Reykholti á Mannamótsflatir. Þann 13. kom landþingsskrifarinn Sigurður frá Hesti um kvöldið seint, og var um nóttina og alt fram yfir sólaruppkomu hjá oss. Þann 14. kom Sigurður Jónsson sýslumaður. Þann 15. kom Bjarni Nicolausson sýslumaður fyrir eður um sólaruppkomu, en Hákon Hannesson sýslumaður um kvöldið. Þann 17. var fyrst farið að deliberera um nýju laga projectið, komið saman eptir miðdag, þó tvisvar, og var byrjað á libro tertio. Þann 18. komið [saman] eptir miðdag, þó tvisvar; endað cap. 4. Þann 19. ekkert gert að deliberationsverkinu. Komu þó tvisvar saman eptir miðdag. 20. einu sinni komið [saman] og setið eptir miðdag. 21. kom Benedikt lögmaður, og varð búið cap. 14. Þann 22. reið burt alfarið Bjarni Nicolausson og Hákon Hannesson, sem var ákafur að stefna í Schwartzkoffsmálinu, og afsakaði sig því að sitja við deliberationena, og lét sem það ætti undan að ganga, því það væri nýrri kongsins kommisson. — 24. búið cap. 15. í libro 3. — 25. var enn aptur farið til að deliberera. — 27. byrjuð, enduð og afgerð fjórða bókin. Þann 29. hættu þeir við cap. vij. í fimtu bók. Reið Benedikt lögmaður og Sigurður landþingskrifari burt þaðan suður [á nes.[2]) Þann 1. Julij var Sig-

---

[1]) þ. e. Páll lögmaður og Grunnavíkur-Jón, sveinn hans. Öll þessi klausa stendur með gæsalöppum í handritinu, og mun hún vera úr dagbók Jóns. [2]) [útstrykað.

Digitized by Google

urður Jónsson sýslumaður einn með lögmanni Vídalín við verkið, og Árni Sigurðsson frá Grund síðari setuna sama dag, og er nú loksins búin sú hin fimta bókin. Þann 2. kom þar Spendrup snöggsinnis við á ferð sinni úr Máfahlíðarskiptunum, er Vigfús á Leirá ætlaði að ríða í, þá hann drukknaði. Spendrup vildi upp á þing. Þann 3. fórum við af Mannamótsflötum til að fara upp á þing, og komum þangað þann 6.«.

En að Páli Vídalín fráföllnum tóku þeir lögmennirnir Benedikt og Niels Kjer við verkinu, en seinast amtmaður Magnús Gíslason; er svo mælt, að hann hafi fullendað það, útlagt á dönsku og sent hingað, og liggi svo á sig komið hér í Cancellíenu, sem áður er á vikið.[1]) Þar fyrir hafði herra landfógetinn Skúli Magnússon mikla ástæðu til að segja, ef mig rétt minnir:

Seinka tekur, segja spár,
að semja lögin nýju,
í seglbót hafa þau setið ár
seytján þrjú og tíu.[2])

Páll og *Benedikt* bezta lið
bókinni veittu af magni,
en *Kjer* og *Magnús* kváðu við:
en kemur [þó ei að[3]) gagni.

Eg man ei betur en að Christianus qvintus skipaði Anno 1688 lögmönnunum Sigurði Björnssyni

---

[1]) Hér setur Grv.J. á spássíu: »Upp hefi sér í lagi skrifað ágrip um sögu þessarar reformationis legum novissimæ, alt frá 1688 og inn til annum 1765, þá hún er nú undir höndum Jóns lögmanns Ólafssonar«.

[2]) Við þessa línu og við næstu vísu setur Jón »forte« og »forte ita«; ennfremur sem skýringu »id est 30 scil. frá 1689«. Grunnavíkur-Jón virðist hér fara með þessar vísur eptir minni, og hefir hann þær öðruvísi í Tímariti Bókm.fél. XI, 103.

[3]) [að aungvu, al. Grv.J.

Digitized by Google

og Magnúsi Jónssyni að gera nýja Politie tilskipan, og þá gerðu þeir eptir alþing á Bæ í Borgarfirði project eður frumvarp það, sem kallað er *Bæjarconcept*, því næst yfirfóru þeir öll lögin, lagað eptir Norsku lögunum, og sett í bækur, (rectius: þáttu), caputa og articula. Það lét Páll lögmaður Haldór Einarsson, sem síðan varð sýslumaður, en þá þénari hans, hreint uppskrifa í folio, en nú er það hjá mági hans sýslumanni Bjarna Haldórssyni á Þingeyrum. Það hafði Páll lögmaður fyrir sér, en umbreytti mörgu, og jók ei allfáu inn. Mart má um þetta fleira fortelja. Komið var að Páli lögmanni að gera sögu frá fyrstu landnámsmönnum um rekaréttinn og demonstrera hann svoleiðis með rökum, og biðja kong um staðfesting. En sálugi assessor Árni tók svo á þessu, þá eg mintist á það við hann, að það færi betur að minna þá herrana í Rentukammerinu eður Cancellíinu eigi á slíkt, heldur ætti það að haldast sem nokkur annar[1]) ómissandi hlutur og ómótmælanlegur sannleiki, er eigi ætti að efast, né heldur þyrfti með neinnrar fremri staðfestingar af konungi. Allvel kom Páli og Oddi saman jafnan í því verki. Einu sinni sendi Oddur vestan frá Geirrauðareyri norður að Víðidalstungu Concept sitt yfir fyrstu bókina um processanna rekistefnu. Biskup Steinn hélt samkomu hinna geistlegu fyrir alþing í Kalmanstungu Anno 1722 yfir aðra bók Norsku laga, en árið eptir á Þingvöllum. Á báðum stöðunum var það sýslumaðurinn Jens Spendrup sem helzt disputeraði mart og mikið með ákafa. Samdi þeim veraldlegu og andlegu eigi altíð svo vel sem þeim veraldlegu sín á milli. [Áður er á það minst, að ýmsir hafi tekið sér fyrir að safna réttarbótum og forordningum, en *Historiam commerciorum* skrifaði Monsr. Jón Ólafsson frændi minn anno 1754 hér í Kaupinhafn, nú lögmaður.

---

[1]) þetta orð er ritað yfir: nokkur, í hdr.

Digitized by Google

Líkaði mér það skrif vel. Ýmsir hafa tekið fyrir sig að safna fororðningum hinna dönsku konga. Páll Vídalín lögmaður safnaði í tvær Quartbækur, fyrst réttarbótum hinna gömlu norsku konga,[1]) og síðan fororðningum hinna dönsku konga. Dótturmaður hans Bjarni Haldórsson hefur framhaldið [því] og viðaukið. Eg hefi með eignhendi skrifað mart af þeim; gerði eg laust registur yfir.[2]) Og er nú fleira talað um þetta lagasýsl á þessum stað en tilhlýðir nokkurri[3]) æfisögu. Mun eg fleira um það tala sér í lagi.

Þriðji partur og síðasti sögunnar um hans privatsakir, svo sem hans persónu, náttúrufar, siðferði, orðfæri, atgjörvi og hugvit og þess eptirlátnar menjar; einninn æfilykt og hans börn og afkvæmi.

Cap. 21.

Um hans ásýnd, persónu. lunderni, náttúrugáfur og siðferði.

Hann var meðalmaður á hæð í minna lagí; var grannur á unga aldri, svo að hann kom að sér álnar kvenbelti, þá hann var tvítugur og nokkur ár eptir; en þá hann hafði feingið Þorbjörgu til konu þótti henni lítið til hans koma hjá öðrum mönnum, nema hann gildur væri, því hún var svo sjálf og átti til gildra manna að telja, þar sem faðir hennar Magnús í Vigur var, því um hann er sagt, þá hann fór til kirkju í land upp að Ögri, hafði hann nóg með að ganga frá sjónum spölinn heim að kirkjunni, og var þá kafsveittur; fékk sér og hjá Dönskum cariolu eða sleða, sem hann lét aka sér í niðri á strönd og

[1]) Þessi réttarbótabók mun vera hin sama og nú er í safni MSteph. 13. 4to. (J. Þ.).
[2]) [Viðbót á spássíu í hdr. [3]) nockru, hdr.

Digitized by Google

sjóvarsandi; var og matmaður mikill, því hann hafði haft tvær merkur smjörs til hvers máls í týnu sína eður meir. En Vestfirðingar kalla týnu það flát, sem aðrir kalla tinkúpu og aðrir tinask. En þá hann dó hefði kviðurinn sprungið, svo fitulækirnir hefðu runnið eptir skálagólfinu. Oddur klausturhaldari bróðir hans, ni fallor, lá nokkra stund í offitu; aungvir hestar báru hann, nema einn skjóttur; flesta aðra sligaði hann, og því var kveðið, þá hann reið einu sinni yfir Vatnsskarð:

Jarpur dó, en Skjóni skreið
skarðið yfir langa,
Oddur hló, en Árna sveið,
yfir mig hreint nam ganga.

Þá hann var klausturhaldari á Stað í Reyninesi segja menn hann geingi, þó hörkufrost væri úti, í eintómri skyrtunni út í kirkju, og hafði þann stutta veg í þremur áfaungum etc. Svo var og Anna Jónsdóttir systir hans, kona síra Ólafs Þorvarðssonar á Breiðabólstað, yfrið gild kona.

Páll lögmaður var ennfremur, að segja hafði [verið[1]) þá hann var ungur, dökkur [á hár með[1]) sítt slikingshár, en brúkaði parruque, þá hann eltist; hafði meðalmáta enni, augu blá, þó nokkuð svört, í meðallagi, en eigi stór, og þau hvöss og hörð eins og (í) fálka, svo unglingar þorðu ei vel móti að horfa, [einkum[1]) þá hann var reiður og setti þau á þá, helzt ef hann gekk á þá um eitthvað. Nefið var hátt og beint, en þó ei þunt. Hafði yfir alt hreinan og skýran svip, [ei ólíkan contrafey Guðbrands biskups forföður síns,[2]) djarflegan og lærðs-mannslegan. [Var heilsusterkur sæmilega og sjaldan varð honum misdægurt, en bæri það við, að hann legðist fyrir af nokkrum kvilla, var hann miður stygglyndur en annars. Þó hefi eg heyrt, að þá hann lá banaleg-

[1]) [dregið stryk í þessi orð í hdr. [2]) [á spássíu.

Digitized by Google

una sína á alþingi 1727 á eyrinni fyrir neðan lögréttuna og á bakkanum þar við ána, hafi hann illa liðið hesta spreitinga þeysireiðlag þar hjá tjaldi sínu, og tíðum kallað út til þeirra að hægara riði.[1])

[Um lunderni hans.[1]) Í lunderni hvatur og kvikur þegar á unga aldri, [harðlyndur.[1]) Til dæmis, þá hann var hér um níu vetra, hafði honum orðið það á að berja dreing einhvern þar í Víðidalstungu, sem var ellefu vetra; dreingurinn sagði það eptir honum, svo móðir hans refsaði honum. Það gekk í sjö reisur, að hann fékk ráðning af móður sinni og leið það með þolinmæði, en í hvert sinn að feinginni ráðning hljóp hann til dreingsins og barði hann jafnótt þar til móðir hans sá, að ei gilti annað en hætta við hann, enda barði hann þá ei leingur dreinginn. [Hann var strax á unga aldri fljótur til svars og orðheppinn. Næmi hafði hann það, að þá hann var búinn að lesa tvisvar blaðið eður opnuna mundi hann [það], en þá hann var orðinn eldri hafði hann sagt fyrir tveimur bréfum á meðan hann skrifaði sjálfur hið þriðja og fipaðist ekki.[2]) Hann var hvatur í geði og rammlyndur, einharður og kappgjarn, þó með forsjá, og þar af kom það máltæki hans: *það skal fram, sem fram horfir meðan rétt horfir.* Var og leingstum það, að hann lét ei æðru á sér finna eður umkvörtun, þó eitthvað félli til óskapfelt, og þar af spratt það máltæki hans, sem stendur í Mábelsrímum:

það er eigi konga kraptur
að kveina sér í nauðum.

Líka mátti þvílíkt til hans heyra í málaferlum [og] ofsóknum. [Því er í vísu hans einni:

Hræðslan styggir hvergi Pál,
því herrann lifir.[2])

---

[1]) [á spássíu. [2]) [á spássíu. Sbr. Vísnakverið, bls. 83.

Digitized by Google

Eins í drauga aðsókn og tilsendingum og torveldu ferðalagi, sem alt votta líka vísur hans. [Annars var hann opt óþarflega stygglyndur við þénara sína, unglinga, er honum voru við hönd, en var strax ai aptur. Helzt var það, þá hann drakk heima eður á ferðalagi. Kom það af þreytingu og máske af húsböli sínu. Hafði þó altíð sama setning við konu sína og virti hana vel. Hún setti á sig harm stundum um góz sitt fyrst mörg ár; síðan komu lætin um Hólmfríði dóttur þeirra, er síra Haldór á Breiðabólstað vildi eiga, en faðir hennar Páll lögmaður vildi með eingu móti. Það gekk mest á um veturinn 1724,[1]) þangað til hann kom henni fyrir hjá biskupinum Jóni Árnasyni í Skálholti.[2]) — Þó fyrir öllu því lá honum vel orð til kvenfólks, og var þýðlyndur við það, að undanteknu, þá stygglyndi tók hann við það, er hann átti á að skipa og umgangast við, ef það í þjónustu sinni gerði ei að hans skapi. Hann mintist og stundum á guðs dásemdarverk í forplöntun mannkynsins, er djöflinum mundi illa falla. Að þessu lúta og nokkrar vísur hans.

Barngælur. Hann var sérdeilis barngóður, kvað við þau, og gerði vísur. Kunni og að glingra við þau með ýmsu móti, helzt til þess aldurs, að þau tóku til að vitkazt og blygðast sín, og hafði gaman af barngælum við þau.

Eins og hann var reiðmaður svo hélt hann og af hestum, og lét vel fara með reiðhesta sína; þeir voru og altíð heima aldir. Af einu sérlegu plázi túns var þeim hey valið og gefið. [Hann þekti vel aldur hesta og dugnað af ásýnd.[3]) Öllum þeim gaf hann eigið nafn, þó ei af lit, sem alment er, heldur tilfelli einhverju optast nær eður eiginlegleika, og eins hundum, og henti hann ei all-lítið gaman að þeim og gerði vísur um, sem sjá má nokkrar í Epigramma-

---

[1]) réttara: 1723. Sbr. hér síðar. (J. Þ.).
[2]) [á spássíu á bls. 52—53 í hdr. [3]) [á spássíu.

Digitized by Google

tibus hans. Af köttum hélt hann minna; þó nefndi hann *köttinn bláa*, er til borðs vildi fylgjast.

Cap. 22.

Um hans lifandi gripi, og nafngiptir á þeim, reiðlag og reiðhestar hans.

Á ferðalagi hafði hann vissan máta reiðlags. Vildi aldrei ríða dragseint eður fót fyrir fót, heldur hóftölt eður svo kastaði toppi; hafði smáa áfanga, og sté af baki og setti sig niður á milli eður lagði sig fyrir að sofna dúr. En á unga aldri hafði hann riðið von úr viti, svo froðan vall fram úr hestakjapti. Hann kunni annars vel að ríða til hesta. Sá og einninn glöggt þeirra aldur af tönnum, og dugnað af skapnaði. En á unga aldri var hann reiðmaður mikill. Hann sagði, að þá hann var skólameistari og reið einu sinni frá Víðidalstungu og austur að Skálholti, að hann hefði setið í 24 tíma á hestbaki. Og þá hann var í tilhugalífi sínu við Þorbjörgu reið hann einu sinni á þremur dögum vestan frá Mýrum í Dýrafirði, og náði í réttan tíma austur að Skálholti, þá skólinn skyldi setjast. Hann sagðist hafa átt þann skeiðhest beztan, er dró 18 fet og annan 22 fet á skeiðinu, og í logni var sem gola blési á móti, þá hesturinn var á ferðinni, og einn svo þýðan, að hann hefði haldið á fullum vatnsbolla og skeplaðist ei út úr á meðan hesturinn lá á skeiðinu á spöl þeim, sem er á milli fjóss og bæjar í Víðidalstungu. Sá sami, eður máske annar, stökk með hann um vortíma, þá hann rann á harðaskeiði á ísi, er lá á vatni nokkru á Arnarvatnsheiði[1]) yfir sjö álna breiða vök á miðju skeiði. *Agnarr* hét hestur hans, er einn var með þeim beztu, lítill, en þó sá frásti. Sá varði sig altíð, þá takast skyldi, með því móti

[1]) hér stendur í hdr. endurtekið »um vortíma«, sem er ofaukið.

Digitized by Google

að hann fór upp á háfan hól, svo hann sæi frá sér. En þá búið var að ná honum einu sinni, var hann altíð gæfur og spakur síðan í allri ferðinni, og þá búið var á hann að leggja heingdi hann höfuðið. En þá honum var komið á bak þurfti ei nema að blístra, og þá tók hann í augnabliki til fótanna, og strauk af stað, svo þeim, sem á sat, sýndist jörðin í kring vera sem móða þar sem hann fór, þá niður fyrir sig var litið, og þessi var hestur hans í Commissionsreisunni. Að síðustu fékk hann lopa í allar fæturnar; lét lögmaður þá setja á hann tvær byssur og dysja síðan. *Goði* hét og hestur hans, sem fékk nafn af því, að þá hann hafði nýfeingið hann, og var rekinn með öðrum hestum á sund, lagði hann undan, en þá hinir hestarnir geingu samt ei út í vatnið syndi hann til þeirra aptur, og hneggjaði upp á þá, og lagði enn á ný undan þeim. *Ígull* hét einn, er nýfeinginn át svo óðum, sem dreingur einhver gat leyst heyið til hans í tvo daga. *Svipur* hét enn einn, er Eggert Jónsson á Ökrum í Skagafirði gaf honum. Hann fékk nafn af því, að þá hann reið honum þaðan í fyrsta sinni var miður aptan, en þá hann kom að Bólstaðarhlíð var aflíðandi miður aptan. Hann gat ei stilt hann fyrr, en svo mjúkur á rásinni, að hann gat sveigt hann sem tág í kringum hverja keldu. *Djákni* hét og einn, er fékk nafn af því, að þá hann var folald tekinn inn í bæinn og var utarlega nærri öðrum bæjardyrum — því bærinn var tvídyraður — tók hann undir og hneggjaði, þá hann heyrði til klukku, er innar var í gaungunum og lá streingur úr í gegnum tvær stofur og inn að sæti lögmanns, er hann var vanur að hringja, þá einhver piltanna skyldi koma. *Frosti* hét og af lit, að eg meina. · En *Ráðvaldur* var hans hinn síðasti reiðhestur. Hann átti hér um sextíu hesta í það minsta, er allir höfðu hver sitt eigið nafn, fáir af lit, en flestir af einhverjum tilfellum, og nokkrir fáeinir af þeim stöðum, sem þeir voru frá komnir, en fáir

Digitized by Google

af lit alleina. Svo hétu *Valur, Bursti, Paufi* og fleirum (nöfnum).[1]) *Dyrgja* hét stóðmeri, er steingráir hestar voru undan. Eins hafði hver kýr sérlegt nafn, sem *Tornæm* etc. Hann lét og vel að hundum, er hann átti sjálfur; þeir hétu og sínum nöfnum, sem *Fantast, Zebub, Kolax, Ferox, Kvor, Vargur, Kolsvört* og *Fáfnir*, hundur Þorbjargar hústrúar, *Vípera*, tík, og *Blanco*, er aðrir áttu. *Kötturinn blái* hét köttur einn, en sauðir höfðu sjaldan nafn, nema ef eitthvað var sérlegt við þá, sem *September* hét sauður, er í þeim mánuði var borinn. Þar í Víðidalstungu voru hestar ei færri en Lx, naut Xvi eður nokkru fleiri. Fé átti hann hér um 500, þá bezt lét, því þar er heiði nóg til útigaungu fyrir hesta, og á vorum og sumrum fyrir sauðfé. Hann átti Vc. fjár þá bezt lét, en eptir

---

[1]) »Hann átti hér um sextíu eður yfir« stendur hér í handritinu, en því er ofaukið, og er það komið áður. Jón Ólafsson ritar all-langa klausu á latínu um hesta Páls í orðabók sinni (undir *hestur*), en segir þar sumt dálítið öðruvísi en hér, og læt eg því klausu þessa koma hér í íslenzkri þýðingu:

»Páll Vídalín kallaði alla sína hesta, og átti hann yfir 60 eða jafnvel um 90 hesta og stundum fleiri, sérstökum nöfnum, en fáa þó eptir lit þeirra, svo sem alment gerist, heldur fór það eptir sérstökum atvikum, svo sem:

Ágnarr; hann var hesta beztur, en lítill vexti.

Ígull; hann var magur þegar hann fékk hann.

Og á þeim tíma, sem eg var hjá honum, hétu reiðhestar hans sjálfs:

Goði, af prúðleik hans í framgaungu; þegar hann átti að synda með fleirum hestum yfir á eða fljót, lagði hann fyrstur út í, og þegar hinir hestarnir töfðu við að leggja líka út í, sneri hann sér við og hneggjaði á þá, að þeir skyldu koma.

Svipur, og fékk hann nafn af fráleik sínum. Þegar Páll hafði ný feingið hann þaut hann á svipstundu yfir Skagafjörð og Vatnskarð á sprettinum.

Ráðvaldur, því hann var reistur og rikilátur.

Djákni, og fékk nafn af því, að þegar hann var foli og var hafður um tíma í húsi, en var látinn eta sér nærri dyrum, hneggjaði hann altaf, er hann heyrði bjölluhljóð.

Áburðarhestar hans hétu *Snati, Valur, Paufi, Þibbur* og mart fleira«.

Digitized by Google

það hann hafði siglt í málum sínum við Odd lögmann sjaldan fleiri en iijc. Þó átti Þórarinn bóndi á Ásgeirsá og síðan á Vatnshorni Viijc. fjár, þá honum lét bezt, og kölluðu því hinir bændurnir hann Þórarinn ríka. Hann átti Kristínu dóttur Odds á Fitjum í Skorradal fyrir sunnan. En þetta er nú einasta sagt til dæmis, að flest í fari hans var af nokkru viti, og það sagði assessor Árni um hann, að hann hefði aldrei vitað drykkjuskap eður atburði svo svífa á hann, að hann talaði af óviti.

Cap. 23.

Um siðferði hans og háttalag.

Hann talaði altíð af guðhræðslu, þó hann væri eigi theologis í öllu samdóma; gekk til guðs borðs haust og vor, nefnilega tvisvar á ári. En af því hann þoldi ei vel að sitja alla embættisgerðina, gekk hann út í kirkjuna, þá búið var að syngja introitum, og opt einu sinni inn í bæ um prédikunina mjög litla stund. Virti altíð presta sína, og bauð þeim inn í stofu til sín, þá þeir voru komnir, áður en þeir byrjuðu embættisgerðina og eins eptir, sömuleiðis til máltíðar. Annars, þá ei var embættað, las hann sjálfur eður annar, en byrjaði þó saung og vers og lét alt heimafólk sitt vera við fram í stofu, eins og á föstutímanum, nema þá aðrir lásu inn í baðstofu.[1]) En annars las hann opt fyrir sjálfan sig, einkum í *Eintali sálarinnar*, þeirri bók, er svo kallast. Í hans tali mátti marka, að hann var ei í öllu samdóma þeim almennu theologis, og hataði þeirra kíf. Mér hefir svo skilizt sem hann héldi nokkuð með [indifferentismo[2]) seu relegione lata, þó sem áður satis-

---

[1]) Grv.J. ritar »bakstofa« fyrir baðstofa.
[2]) fyrst skrifað »*Arminianismo*«.

Digitized by Google

factione Christi ríkulega,[1]) en þó ætíð með gratia universali, og það eigi vera langt frá latitudinariis eður þessara tíma indifferentismo eður svo kallaðri religione prudentum. Hans systema mátti kalla að miklu leyti juridicum ut de causa missionis seu incarnationis filii dei et permissionis post lapsum. Hann var ei fráleitur thesi de pluralitate mundorum in astris, [animas de locis[2]) beatorum et damnatorum [inter nos versari posse, sed terminis tamen imperiis disjunctas etc.[3]) Hélt af prestum þeim, er vönduðu embætti sitt; kallaði ei rangt að þinga í kirkjum, þá ei yrði öðruvísi, því með með hvorutveggja væri guði þjónað; kvað sér þykja fegurstan dauða að deyja í embættisverkum sínum, sem og henti sjálfan hann að síðustunni.

Um áminningaraðferð hans. Í áminningum við þénara sína hafði hann þá aðferð, að hann skriptaði þeim með orðum mest, og var ærið sáryrtur, en sló þá sjaldan, nema fyrir leti og óknytti, en sjaldan fyrir lærdóm þeirra, nema ef leti geingi að þeim og hirðuleysi, en vandaði um við hina þénara hans með hægri orðum og þéttyrðum, er voru hjá honum fyrir kaup eður laun, og líkuðu sumum miklu miður sáryrði hans en höggin. Þá hann refsaði unglingum með vendi, hætti hann þá þeir hljóðuðu, en þá hann var skólameistari sagðist hann ei hafa gefið piltunum fleiri en tvær eður fjórar pálmastikur eður mest sex; kvað það óþarfa, því hendurnar væru þá orðnar dofnaðar.

Aðferð að kenna unglingum. Eigi straffaði hann börn fyrir tornæmi, heldur kunni manna bezt að leita til hófanna, og laga kensluna eptir þeirra höfði. Hann sagði, að skólameistarinn yrði fyrst að þekkja

---

[1]) [á spássíu og bætir þar við: »Las fyrir sig í hjartnæmum bókum disputatiulausum, svo sem Eintali sálarinnar (soliloquia)«. [2]) [fyrst skr. »animas«, en strykað undir og sett yfir »de locis«. [3]) [útstrykað.

Digitized by Google

höfuð — það er næmisgáfur — sinna kenslubarna, og gæti ei vel kent fleirum en sex í einu, ef vel skyldi vera. Hann lastaði þá miklu barsmíð, og sagðist hafa brúkað hana í fyrstunni, þá hann var orðinn skólameistari, en hætt henni, þá hann sá, að hún gerði eigi annað en trublaði þá, og sagði dæmi um nokkra, sem Jónas Gam, er síðan varð rektor í Næstved í Sælandi, og áður var leingi heyrari í Mariæboe, er Þórður Þorkelsson Vídalín barði áður. Eins um síra Magnús Ketilsson; hann hefði aldrei kunnað utan að lectiu sína, en gerði sæmilegan stýl og varð að fletta upp bókinni, þá hann átti að gefa reglur; og svo voru dæmi um fleiri, svo hann straffaði ógjarnan börn, nema fyrir strákskap, en aldrei fyrir meinlausan leikaraskap, heldur jafnvel skipaði þeim að glíma og leika sér, og sagði stundum þeim aðferðina á ýmsum leikum, er þar voru margir í frammi hafðir, eins og hvað réttast væri, þegar þá ágreindi í tafli eður skák.

Þá[1]) hann gaf vinnuhjúum sínum vitnisburð, er burt fóru, tók hann altíð til verutíma þeirra glögglega. Svo leyfði hann og að lesa sögur fyrir vinnufólki sínu á kvöldvökum á vetrardag í baðstofu, og stundum leiki, sem að *brynna álptum, sækja smér í strokk, reisa horgemling, járna rymbu* etc., og kvað slíkt venja unglinga við harðari handa tiltektir og agilitatem eður vaskleika; bannaði ei heldur stundum að kveða rímur og kvæði, en úti leyfði hann dreingjum eigi síður að fremja sína ýmislegu leiki, sem að *ganga keljarbrú, brúarleik, skollaleik* etc.

Þá hann gekk á dreingi um óknytti, setti hann á þá augun og stóðust sumir það eigi, einkum þá hann var reiður, og þótti þau heldur hvöss, yfirheyrði þá gaumgæfilega og grandvarlega, og að fundinni sök þeirra, féllu þeim ströffunarsáryrði hans miður

---

[1]) Hér stendur á spássíu »*NB*«.

Digitized by Google

en höggin; lagði hann sjálfur refsing á þá; hætti hann þá þeir hljóðuðu, en það voru helzt þeir, er læra skyldu.

Marga sveitardreingi tók hann og uppól, vandi þá við harðræði, og man eg lag hans, að láta menn verða sterka, og reglur að verða lagkæna í vinnu. [Hann vandi fyrst unglinga á steinaupptökum að verða sterka, oftaka sig ei einu sinni, heldur smásaman iðka sig og fremja, og ganga á garðinn sem kallað er, það er á endann, þá moka skyldi einhverju þungu, og í einu orði að segja: alt með lagi vinna, og hafa viss handtök til hvers sem gera skyldi, þó ei skyldi annað gera en skera honum tóbak í pípu, og eins þá hann var klæddur í eður af, mátti víst lag og handtök hafa.[1]) Allir urðu nálega að dugandi mönnum, er uppólust hjá honum. Þeir,[2]) er hann svo upp ól, urðu að vinnumönnum hjá honum, þá hann fann þá nýta, kvænti þá frá sér, hélt þeirra brullaup, var þeim til aðstoðar altíð síðan, og tók börn þeirra til fósturs, en sjálfir þeir áttu jafnan gott ráðaskot til hans í hverju helzt, sem þeim lá nauðsyn við. Sama gerðu börn hans, og Magnús eigi sízt, er uppól Sigurð son Eyjólfs í Hvarfi. Páll lögmaður ól upp einninn Katrínu dóttur Sigmundar í Sporði, sem er kirkjukot frá Víðidalstungu. Hún á nú Benedikt snikkara, og búa í Langadal. Hann hélt gamla konu til þess, er hét Guðrún Gísladóttir. Hún hafði jafnan að annast börn, og hafði eitt sérlegt lopt inn af baðstofu, hvar hún undi sér með börnum sínum. Sonur hennar Bjarni var þar fjárhirðir síðan og kvæntist Valgerði frá Fitjum, og bjuggu síðan á Auðunarstöðum. Páll lögmaður gipti þá og, sem svoleiðis frá honum fóru; gaf sumum til konumundar, var þeim til aðstoðar síðan og tók börn þeirra. Sama feril geingu og synir hans, einkum Magnús, því hann sigldi aldrei. Hann lagði til við föður sinn,

---

[1]) [á spássíu. [2]) Þá, hdr.

Digitized by Google

Pál lögmann, að uppalinn væri Sigurður son Eyjólfs í Hvarfi. Eptir það tók Magnús hann og uppól, gerði sér að vinnumanni og kvænti síðan.

Lögmaður Páll vildi jafnan, að öll börn, sem komu til í sókninni, væru skírð heima á kirkjustaðnum, og var aldrei það barn, er hann tæki ei í nokkra daga, viku eður leingur, og sagðist ei vilja láta þau fara út í vont veður á vetrardegi svo hráblaut. Voru þau fátækra manna börn, einkum þeirra, er bjuggu á kirkjunnar jörðum eður lögmanninum voru í nokkru háðir, þá tók hann þau stundum fram úr. Slíkra barna nafni réði hann optast eður stundum börn hans, er nafn höfðu fyrir, að þau tæki að sér. Því hét þar Katrín dóttir Sigmundar á Sporði, sem áður er sagt, að yrði kona Benedikts snikkara, og Kristján sonur Eyjólfs í Hvarfi. Lögmaður vildi og láta eitthvert barn heita Hermann, og kvað sér það nafn karlmannlegt þykja. En þó varð eigi af því á meðan eg þar dvaldi og tilvissi. Flestir urðu þeir vaskir menn og karskir til burða, er upp ólust þar, sem einn, er hét Thomas Höskuldsson, karlmenni að burðum og mælskumaður hinn mesti með sérlegu orðatiltæki og af náttúru sinni, rhetóriskum gestibus og limaburði. Hann bar einu sinni suður í Hólmi tólf fjórðunga saltstamp upp leiruga brekku. Haustið, er stórabólan gekk, fór hann með liðlitlum karli, er Einar gullsmiður hét, vestan undan Snæfellsjökli með tuttugu og tvo hesta í lest alleina. *Þibbur* hét hestur, lágur, en allra hesta sterkastur; ofan af honum datt á þraungva skarðinu á Haukadalsskarði; sinn tólf fjórðunga baggi var hvorumegin klakks; hélt Thomas við með annari hendi og lét upp með hinni.

[Mikið hélt Páll lögmaður af borðræðum, eg meina að tala eitthvað skynsamlegt yfir máltíð. Vakti hann því optast einhvern léttan discurs sjálfur, en þó stuttan; vildi helzt um lög tala, en þá þeir voru ei borðsitjendur, sem til þess dugðu, þá vakti hann sjálfur einhverjar stuttar frásögur og æfintýr. Hann

Digitized by Google

var vanur að kalla það *condimenta cibi* og *sales*. Nefndi og *Saxonem grammaticum*, er segði borðræður vera matarkrydd Íslendinga. Kunnugt er, að miklir skynsemdarmenn hafa svo forðum gert. Lutheri *Tischreden* eru kunnar. Eginhardus vitnar slíkt um Carolum magnum. Sjá eptir þessu, ef sýnist þér í Lexico Sorani in voce Anagnostes sub primitivo Gnostes. En nú má um marga segja, að hugsjúkir eti harmabrauð, heimskir og ófróðir, bráðhnuggnir og bistir í búsorgar hnauki. Eins gerir dótturmaður hans Bjarni Haldórsson, að hann hendir mikla skemtan af borðræðum; því er það sérlegt, ef satt er, að í sögunni af Sverrir kongi finnist, að hann hafi jafnan matast þegjandi.[1])

Páll lögmaður vandi unglinga við steinatök, en lét þá varast að oftaka sig, og með því móti urðu þeir sterkir. Ei trúði hann altíð fljótt vinnudreingjum, þá þeir sögðust sjúkir vera, en þá hann vissi, að það var ei uppgerðarháttur af hrekkjum, var hann sá umhyggjusamasti maður, gaf þeim meðöl, er til voru, vitjaði þeirra opt og skipaði þeim að hjúkra. Hann lét og dóttur sína Hólmfríði fara í sóknina til barnsængurkvenna þeirra, er veikar voru, og veita þeim meðöl og lækningar. Við heilbrigða utansveitar húsgangsmenn var hann gramur, og leið hann ei meir en svo að láta þá vera næturgakir og gefa þeim mat, en veikum utansveitarmönnum gefa mat og færa til næsta bæjar; en væru þeir réttir hreppsómagar vanfærir, lét hann þá stundum vera vikum saman og tók þá opt fyrir alla sóknina; kvaðst ei vilja láta þá hrekjast bæ frá bæ á vetrar tíma í vondum veðrum; líkaði það bændum vel, og færðu heim að Víðidalstungu beiningar þeirra; lét hann þær binda í bagga og færa með þeim óskertar, þá þeim var burt fylgt til næstu bæja. Kaupamönnum launaði hann eptir tilverknaði, en ei tíma. Væru þeir honum sendir

[1]) [á spássíu í hdr.

Digitized by Google

langt að, frá kunningjum hans, gaf hann þeim fram yfir, fyndi hann dygð og hirtni hjá þeim. Vallamál hefur hann skrifað um. Hann sagði hvað heysáta skyldi vega, og af hvað mörgum heyhestum yrði kýrfóður, og hvert hey hverjum grip skyldi gefa. Þar fyrir var af einum stað þar í túninu tekið hey til reiðhestanna, af öðrum stað til kúa, og þriðja til sauða.

[Veðurglöggsæi og um smalamenn.[1]) Á vissum tímum, nefnilega á miðjum vetri, og undir vor, var haldið á fé, hvort brúnslétt eður brjósthálft væri, en það lakara var inn tekið fyrir sig, og gefið sér í lagi. Sitt fjárhús var handa hverju, geldfé, hrútum, ám og lömbum. Sá til veðurs snemma á morna á vetrardegi, og vissi vel að marka ský og blikur. Lét sér duga, ef smalamaður og nautamaður voru á fótum; af öðru vinnufólki skipti hann sér minna, en vinnukonum lítið eða ekki. Geingi fjúk að lét hann vitja smalamanns og fylgja honum, ef veðrið var tvísýnt, og jafnvel stundum hringja, ef mikið kafald kom og mjög væri villugjarnt. En þá hann hafði vitjað vinnufólks á morna, klæddi hann sig fyrst.

Hann gekk daglega í Schlafrock með töplum og skinnhúfu svartri á höfði, er einginn sérdeilis gestur var aðkomandi; annars brúkaði hann parruque. Hann sagði til gamans, væri mögulegt, að nokkur kynni að forþéna himnaríki með góðum verkum, þá mætti sá teljast meðal þeirra, er fyrst hefði upp fundið Schlafrock og töplur.

Heldur mátti hann kallast svinnur en stórgjöfull, en það [hann] gaf lét hann vel við koma. En í ráðum, forsjón og tillögum var hann hinn framsýnasti, hollasti og hugulasti og ráðdrjúgasti vinum sínum. Til dæmis: Síra Helgi Ólafsson hét prestur, er misti prestskapinn fyrir barneign. Bróðir hans var Guðmundur Ólafsson, er var antiquarius í Stokkhólmi.

---

[1]) [á spássíu.

Digitized by Google

Síra Helgi fór utan lands og var í Kaupinhafn; fór síðan til bróður síns Guðmundar til Stokkhólms, barnaði barnfóstru hans; fór síðan til Kaupinhafnar og skrifaði sögur íslenzkar fyrir Svenska. Stúdentar íslenzkir áttu þann tíma optast gildi í vínhúsi því, er Dyrkjöb heitir við Gamlatorg. Síra Helgi var gamansamur, og var honum veitt einungis til að virða hann vegna embættis og hafa gaman af. Allir, er gátu kveðið nokkuð, skyldu vísu gera um eitthvað efni er fyrir var. Ein á meðal slíkra vísna er í Epigrammatibus Páls lögmann er svo byrjast:

Helgi er varla volgur
vílgjarn fæðir ylgja &c.

En Árni Hákonarson lagði til kófdrukkinn seinustu hendinguna, þá hinir voru þrotnir:

Sálgast mun hann á gálga.[1])

Hljóp þá Helgi á hann, svo aðrir urðu milli að standa. Síðan, þá báðir þeir, Páll lögmaður og síra Helgi voru komnir til Íslands, fékk síra Helgi Stað í Hrútafirði. Hann var hirðulítill í búskap sínum og níddi svo niður staðinn, að hann átti að rekast í burtu. Fór þá til alþingis og finnur sinn forna kunningja Pál lögmann, og segir í hvert vanda efni fyrir sér sé komið. Hinn segir honum, að hann muni að morni ganga til amtmanns Christians Müller, og skuli hann ei vera fjarri amtmannsbúðinni. Þetta skeði svo. Müller, þó hann væri ei hinn náttúruskynasamasti maður, var hann þó nokkuð lærður og kunni latínu sæmilega. Það fellur inn í tal þeirra að tala

---

[1]) sjá Vísnakverið bls. 13—14. Árni kvað meðal annars um séra Helga (Landsb. 360. 8vo):

Helgi serðir hundsbelg,
hann er mesti sarðmann,
eingan veit eg annan
argari en þann varg.

Digitized by Google

um nálægra landa tungur, og sér í lagi um svensku. Páll lögmaður segist muni geta fundið mann, er kunni að mæla svo vel svensku að mestu sem innfæddur væri. Daginn eptir kemur Páll lögmaður með gráskeggjaðan gamlan prest; sá var síra Helgi. Hann var lystugur í geði, og kunni sig vel hjá meiri háttar mönnum; henti amtmaður og hinir assessores mikið gaman að honum. Þá hefst Páll lögmaður upp að eins manns máli, telur prest þennan vel gáfaðan og góðs verðan, hafa þó átt í ýmsum hraknningi, en sé fátækur á litlu kalli, og það niðurnítt áður hann kom — en þó níddi síra Helgi það mest —, muni því erfið endurbót og útsvörun, biður nálæga menn að leggja honum nokkuð, og muni vel muna hann, þó hver einn láti ei nema lítið eitt af hendi rakna, og áður hann lyktar fortal sitt, gefur hann honum fyrstur sléttan dal. Hinir vildu ei minni verða og leggur hver einn honum nokkuð, svo fljótt frá að segja geingur síra Helgi með nítján slétta dali úr amtmannsbúðinni. Prestur þessi var fjörmikill að náttúru og gamansamur og hagmæltur, líka saungmaður góður eður raddmaður. Honum var boðið í brúðkaup að Melstað einu sinni. Regn var mikið um daginn, og kom síra Helgi ei fyrr en brúðkaupsfólk var sezt. En þá hann gekk inn í stofuna kvað hann þetta við raust:

Úr lopti drífa leit eg skúr,
ljórans inn um gluggann fór;
opt hef eg komizt illu út
óklóraður, þó eg sé mjór.

Nokkra stund átti hann[1]) umþeinkingar tíma að koma Oddi lögmanni frá þeim háska, er honum var búinn af stiptamtmanni Pétri Rabe fyrir órigtuga protocollinn, og fleiri man eg slík hjálparráða dæmi, er hér eru oflaung upp að telja: við Odd lögmann

[1]) þ. e. Páll Vídalín.

Digitized by Google

á Drangaþingi Anno 1719 og optar síðar, þó Oddur væri stundum svo óstöðugur, að hann opinberaði þau Gísla Ólafssyni í máli við Grím á Guðrúnarstöðum og mág hans um Mála-Helgu, konu Gísla, en dóttur Gríms. Einninn presti sínum síra Haldóri Hallssyni á Breiðabólstað hjálpaði hann úr óskyggilegu orðamáli við Andrés bónda á Harastöðum, og fleiri veit eg slíkra hluta dæmi.[1])

Cap. 24.

Enn þá fleira um hans lunderni og náttúrufar. Líka nokkuð um heilsufar hans.

Hann kvað óvini sína hafa því verstu á sig logið, að halda sig töframann, máske af því að draugasendingar þeirra unnu ei á honum, og hann hafði vit á þeirra aðferð, því svo venda slíkir menn því opt. Eigi er þörf að fræða hér í stað forvitni manna, er verða má, né framtelja margar sögur um skygnleika hans, vofur, er voru honum sendar, og stundum mein er gerðu, apturhvorfnar, því klóklingar tíma þessara kalla slíkt hégóma, hjátrú, drauma, missýni augna þeirra og eintómar ímyndanir, og er kunnugt, að slíkt kemur fram annaðhvort af sjálfsþótta og grundvallarlausu naturalistaríe, meinandi, að ekkert sé til, andi eður annað, nema sýnilegt sé; segja og einninn, að guð almáttugur stjórni veröldinni, en ei hans höfuðóvinur djöfullinn, og eru algerðir naturalistar. Hinir eru og aðrir, er neita því af hræsni, fyrir því að þeir sjálfir fara eður hafa farið með slíka mestu afguðadýrkan, en vilja ei láta sig marka. Um þetta fellur nú ei meira umtal í þessum stað. En eg vil fátt segja af mörgu sökum téðra orsaka af

[1]) Sáttabréf þeirra Andrésar Þorsteinssonar og séra Haldórs er dagsett 15. Marts 1721, og var Páll lögmaður, eins og hér segir, milligaungumaður að sættinni (Landsbókasafn 17. Fol., bls. 111).

Digitized by Google

því, er eg veit um Pál lögmann í því efni, því líka freistuðu féndur hans og leituðust nóg við að fyrirkoma honum með djöfulsins aðstoð og útréttingum. En hann sló á alt slíkt guðhræddu forakti, eins og í vísu þessari:

Opt hef eg slíkan óvin minn
og illúðlegri séðan;
eg forakta þig, fjandinn þinn!
farðu í burtu héðan.[1])

Svo var slíkt berlegt, að þeir, sem skygnir voru, þektu svoddan sendingar með nafni, og voru nokkrar þeirra, þær eigi kæmust nær bænum en í víst takmark. Svo var sá þar í dalnum að utan sendur, er aldrei komst leingra en í Síðutagl, svo hann sá að eins fram að Víðidalstungu. Þá lögmaður Páll heyrði það varð honum að orðum: að sá djöfull mundi hafa brjósterfiði og fótaveiki. Þó eg muni nokkur tilfelli um slíkt, vil eg ei skrifa til að fræða forvitni hnýsinna manna, er draga mundi þaðan grundvallarlausar ályktanir eður kalla auðtrúleika minn. Síra Þorvarður Ólafsson skírði hann og vildi fyrirbyggja, það hann rammskygn yrði, og stoðaði lítt, þótt hann bæri skírnarvatnið í augu honum. Eg man hér um nokkra hluti, sem hvað hann sagði um það, þá honum var sendur fyrsti draugur, er var skotta, þá er hann var skólameistari í Skálholti, og um hana Geirlaugu etc.

[Hann var að mestu jafnan heilsugóður, nema nokkuð augnveikur, svo hann fór að brúka gleraugu, þá hann hafði þrjá um tvítugt. Gat þó enn þá á seinustu árum nokkuð lítið lesið og skrifað án þeirra. Í hægri mjöðmina lagðist stundum verkur, eður að segja hann kendi þar sín opt, og kvaðst hafa feingið það af Commissionsreiðunum, og nokkuð aflvana í hægri þumalfingrinum, er hann hefði [því] feingið ungur,

[1]) Sbr. Vísnakverið bls. 125.

Digitized by Google

að hann hefði dregið hest upp úr feni með öðrum manni, og orðið þar sintoga.[1])

Cap. 25.[2])

Um fleiri hluti, er Páli lögmanni eiginlega viðkoma, nefnilega kvongan, börn hans og þeirra afkvæmi.

Áður er sagt, Cap. X., að tilhugalíf þeirra hústrú Þorbjargar byrjaðist þá hann gekk í skóla á Hólum, en hún var þar sem kenslujungfrú að læra hannyrðir kvenna. Þá hann var skólameistari er sagt, hann hafi farið vestur að Vigur til Magnúsar Jónssonar, föður hennar, en hann af ríkilæti veitt honum afsvör í fyrstu. En þá Páll fór við það burt hafi Þorbjörg feingið harm, en Magnús sent eptir honum og trúlofað honum dóttur sína að fullu. Síðan kom hann einu sinni á ári eður optar að Mýrum í Dýrafirði til þeirra mæðgna; móðir hennar hét Ástríður Jónsdóttir. [Það var þá einu sinni, er hljóp á ofsaveður, þá skólameistari fór burt á skipi; meinti hún hann forgeinginn, en hann komst til sama lands; lá hún þá með harmi í hnjá[m] móður sinni. Hún var geðmikil kona og átti vanda til slíkra harma optar en sjaldnar þar í Víðidalstungu.[3]) [Eg meina Magnús [væri sonur] heldur en Ástríður væri dóttir Jóns Arasonar prófasts í Vatnsfirði, sonar Ara Magnússonar í Ögri.[4]) Hún var skilin við Magnús sökum ósamlyndis, og það Magnús tók fram hjá henni, en þó til þess að geta skilið við hana, er menn segja, að kæmi af stríðlyndi hennar meir en af hans völdum.[5])

[1]) [bætt við síðar að sumu leyti á spássíu.

[2]) Hér ritar Jón »Pars tertia« og strykar út »Cap.«, sem fyrst hefir verið skrifað, þá kemur fyrirsögnin og síðan »Cap. . . .«

[3]) [á spássíu. [4]) [í hornklofum í handritinu. Það er rétt, að Magnús digri var sonur séra Jóns Arasonar, en Ástríður var dóttir séra Jóns í Holti í Önundarfirði. (J. Þ.).

[5]) Hér ritar Jón á spássíu: »Börn þeirra (ɔ: Páls og Þorbj.) nefnir síðan pag. sequenti, en á þó hér heldur heima. Hólmfríður usque ad]«. Þetta er þó ekki fært hér til, heldur látið standa óhaggað, eins og ritað var í upphafi.

Digitized by Google

Dálæti var leingstum á milli þeirra hjóna Páls lögmanns og Þorbjargar, enda lét hann hana jafnan svo vel sem nokkur maður getur látið konu sína. [Virtu sumir sem hann hefði ei verið hinn forsjálasti í því að láta hana taka því af sér í fyrstunni.[1]) En þó fékst hún opt um góz sitt með hríðum framan af, en síðan það, að hann kom Hólmfríði dóttur þeirra frá henni austur að Skálholti, þá hann stíaði henni með því móti frá prestinum til Breiðabólstaðar og Víðidalstungu, síra Haldóri Hallssyni, er vildi eiga hana, og beiddi hennar hér um Anno 1723[2]) um haustið, og þá faðir hennar, lögmaður, veitti henni þar um skikkanleg afsvör, og vildi það með eingvu móti, vildi prestur með heimuglegu samþykki móður hennar ná henni. Af þessu varð óeining eigi lítil, og tók hann sér og börnum sínum og þeim af hjúum sínum, er vildu, prófastinn síra Orm Bjarnason á Melstað fyrir skriptaföður upp frá því, svo leingi sem hann lifði; hafði og til þess amtmanns Niels Fuhrmanns samþykki. Lögmaður hafði þó hjálpað presti áður í orðamáli við bóndann á Harastöðum í Vesturhópi, Andrés að nafni. Þann vetur, 1723—1724, kom[u] og í umtal orð þau, er sami prestur talaði í fræðalestri, að Kristur hefði verið sá mesti syndari, þó hann distingveraði síðan inter imputative & inhæsive, og bæri sér í bætifláka önnur og jafnfrek orð theologorum. En af því biskupinn herra Steinn lét sér það segja og lagði ekki til þess meira, datt það svo niður. Sumarið fyrir þenna vetur kom Jón yngri sonur hans utanlands frá. Hann var á unga aldri nokkuð veikur af meinlætum; tóku þau sig þá upp um haustð nokkuð seint; lá hann því veikur allan veturinn, og sprungu út í stóru kýli um vorið, svo honum batnaði síðan. Sigldi sumarið eptir, varð stúdent, og andaðist á Regenzi um veturinn 1725—

---

[1]) [b. v. á spássíu. [2]) það mun þó heldur hafa verið 1722. (J. Þ.).

Digitized by Google

1726. Ætlaði til að hann skyldi innan fárra missira aptur koma, hefði hann til enzt, og biðja Helgu dóttur Sigurðar eldra, sem leingi hafði verið landþingsskrifari, en nú var sýslumaður orðinn í Árnessýslu. [Sú Helga átti síðan Vigfús Hannesson. Hún varð veik á holdið, en Kristínu Sigurðar[dóttur] eignaðist Þórður Brynjólfsson, en við henni hafði áður barn [átt] Oddur Eiríksson.[1]) Þetta talaði hann við Sigurð, þá þeir héldu samkomuna um nýju laga deliberationina suður á Mannamótsflötum í Borgarfirði í Junio mánuði Anno 1726, og sagðist Sigurður því vel mundi tekið hafa. Síðan kom Oddur Eiríksson ofnærri henni, en hún eignaðist síðan Þórð son Brynjólfs á Hlíðarenda. [Börn þeirra Páls lögmanns og Þorbjargar voru sex.[2]) Eg hygg hann hafi sótt hana vestur að Mýrum og gert brúðkaup til hennar um haustið anno 1698.[3]) Það stóð í Víðidalstungu um veturnátta skeið, þann 22. sunnudag eptir trinitatis, því eg heyrði hann minnast á þá góðu prédikun, sem séra Jón Bjarnason prestur á Staðarbakka gerði þá, er í mörg ár (átján, ef eg rétt man) fyrri var rector scholæ á Hólum. Frændi hans Þorlákur[4]) Guðbrandsson var í því brúðkaupi og hafði fjúk verið þann dag.[4]) [Tvö þeirra börn önduðust, og hygg eg þau hafa verið hin fyrstu, en sex alls, svo fjögur hafi á fætur komizt. [Anno 1699 hafi það fyrsta barn þeirra fætt verið og andazt;[5]) Hákon son hans [var] heitinn eptir Hákoni nokkrum lögréttu-

---

[1]) [á spássíu. [2]) [útstrykað og ritað á spássíu við: »Þetta á fyrr að standa«. Sbr. bls. LXXXVII neðanmálsgr. 5.

[3]) Hitt mun þó réttara að kaupmálabréf þeirra var gert á Mýrum í Dýrafirð, en þau giptust í Víðidalstungu 8. Nóv. 1696, enda bar 22. sunnudag eptir trinitatis einmitt upp á 8. Nóv. það ár. Þorbjörg dó 1737. (Sbr. Landsbókasafn 515. 4to).

[4]) Hér við stendur á spássíu »*NB*«.

[5]) [Hér er handritið mjög útstrykað og krassað og ekki leiðrétt til fulls aptur. Þessi setning er hér því sett að hálfu leyti að ágizkan.

Digitized by Google

manni, er bjó á Hofi í Vatnsdal, og átti Sigríði — ef eg mann nafnið rétt — systur síra Ólafs Þorvarðssonar á Breiðabólsstað, er átti Önnu Jónsdóttur föðursystur hústrú Þorbjargar. Þeirra börn voru Gísli, merkilegur saungmaður [eður réttara að kalla raddmaður, því hann hafði saunghljóð manna mest, svo hann bar nálega af flestöllum mönnum, en í musica doctrinali kunni hann ekki,[1]) er eignaðist Helgu dóttur Gríms lögréttumanns, er bjó leingi á Guðrúnarstöðum, og Kristín, er andaðist hjá Sigurði Einarssyni á Skarði í Langadal í stórubólunni Anno 1707, um hverja vísa þessi hljóðar:

Kristín liggur í kistu lík,
kallaði vífið dauði,
presturinn grætur gullhlaðsspík,
en Gísli fagnar auði.[2])

Þá vísu dreymdi Pál lögmann á sama morguntíma, sem hún andaðist (confer Epigrammata Pauli Widalini), [3])Nefndur Hákon sonur lögmanns varð fjögra vetra, og andaðist í stórubólunni anno 1707. Hann hafði verið barna frábærastur að viti, nálega sem tólf vetra gamlir unglingar, enda þráði faðir hans hann alla æfi, og hafði átt að segja, þá hann var jarðaður: »Hefði nokkur annar en guð tekið hann Hákon frá mér, munda eg leitast við að hefna hans«. Hólmfríður hygg eg hafi verið annað,[4]) og vera fædd um 1701, en það annað andaðist, en Hákon anno 1703,[5]) því hann var fjögra vetra, þá hann andaðist í stórubólunni, sem gekk norðanlands og vestan um haustið Anno 1707. Jón eldra 1702, heitinn eptir föður hans, afa sínum; og Jón yngra 1703[5]) [heitinn eptir bróður sínum þeim andaða, er eg veit ei eptir hverjum heitið hefur, enda varðar slíkt litlu.[6]) Magnús,

---

[1]) [á spássíu; [2]) sbr. Vísnakverið bls. 100. Espólín telur að Kristín hafi dáið 1721; [3]) hér ritar Jón á spássíu: »um Hákon son hans«; [4]) fyrst skrifað »þriðja«; [5]) þannig; [6]) [á spássíu.

Digitized by Google

heitinn eptir föður Þorbjargar, var þeirra yngstur og er fæddur anno 1704, [heitinn eptir Magnúsi í Vigur móðurföður sínum.[1]) En Hólmfríður var heitin eptir hinni mikillátu eður drambsömu Hólmfríði, er var í Vatnsfirði, eg meina kona síra Jóns Arasonar, en föðurmóður hústrú Þorbjargar. [Það var hún, sem lét færa sér utan gyltan lit til hárs síns, að sagt er, og einhverja vinnukonu þvo sér, ef hún tók á nokkru óhreinu, og sú er sagði: »Mun eg þá verða að segja: æ?« þá hún fann sig fyrst þungaða. Af þessu fólki var fyrst nefnd *Vatnsfjarðardrambsemin.*[2])

Cap. 26.

Ennfremur um börn Páls lögmanns.

Þá Páll lögmaður var í máli sínu utanlands móti Oddi lögmanni um veturinn 1715 og 16, var hann til herbergis hjá professore matheseos Pétri Horrebou, en kyntist við kongsins lífmedicum Johann Buchwald; hafði í tal með þeim komið, að hann mundi senda honum son sinn til kenslu, sem læra skyldi Botanicam, Chirurgien og medicinam. Þar fyrir sendi lögmaður, þá hann var aptur kominn úr máli sínu við Odd, nefndan son sinn til hans utanlands, mig minnir anno 1717 eður 1718, og undir eins Jón eldra, er kom til barbera nokkurs, er hét Hendrich Hess. Þeim bræðrum var ei hið bezta skapfeld þessi prófession, þá þeir eltust, og þótti meiri frami að hafa verið studiosi; höfðu og lært áður heima svo mikið, að þeir voru farnir að gera stýl, og eins virtu fleiri það; sökum þess, eptir það þeir voru orðnir barberasveinar, gáfu þeir sig til bókarinnar aptur og urðu reglulegir stúdentar.[3]) Hann hafði sjálfur skemtan af að kenna

---

[1]) [þannig. [2]) [á spássíu.

[3]) Í bréfabók Páls (Rasks safn 57, 4to, bls. 530—534, 555—556) er bréf eitt til Jóns sonar hans eldra um þetta skeið, dagsett í Víðidalstungu 18. Sept. 1722. Tilfæri eg hér

Digitized by Google

börnum, og hélt altíð einhvern til þess. Anno 1712 og 13 var það mágur hans Jón Magnússon, þá Oddur lögmaður hafði gert hann fjórðungs útlægan fyrir hans annað hórdómsbrot, og það undir veturnætur. Þorlákur Markússon um veturinn 1713—1714. Síra Ólafur Eiríksson, sem þá var capellan að Breiðaból-

---

kafla úr því til sýnis upp á bréfastýl hans og einstakt ástríki við börn sín:

»*Jóni Pálssyni eldra.*

Hjartans barnið mitt elskulegt!

Heilsi drottinn þér daglega með ást og blessan sinni! Heilsa þú honum daglega með hjartans bæn þinni og þakklæti fyrir verndan hans. Eg vil svo leingi eg lifi með rænunni daglega biðja miskunnar fyrir þér. Blessaður sé hann, sem enn í ár hefur unt mér þessarar gleði, að eg hefi meðtekið þrjú þín sonarleg og elskuleg tilskrif . . . . . Guð veri lofaður að eilífu, sem þig hefur slysalausan varðveitt og gefið þér sinni að vinna með þolinmæði vistina hjá piltinum Hess. Er mér það stór fögnuður, að báðir þið synir mínir hafið með æru aflifað ykkar læretijd, hver á sínum stað. Bróðir þinn hefur skrifað þér til þrjú bréf . . . . . Í því láu aðrir 10 specieríxdalir. Þriðja kveðst hann hafa skrifað þér til með Ólafi Sörenssyni kaupmanni í Ólafsvík. Öll þessi bréf hans munu hafa sagt þér, að eg væri lífs, en þetta mitt bréf segir þér, að eg er óhraustur mjög, og árið þetta mest af augnverki, sem alt síðan í Obtobri hefur þvingað mig stórlega. En síðan bróðir þinn kom með mér heim af alþingi, er eg frelstur frá verkjunum, þótt sjónin sé döpur; lafir það svo með veikum mætti. Þetta bréf segir þér og, að móðir þín og systkin eru lífs, enn þótt óhreysti móður þinnar vari, þá er það ekki fremur en svo sem líkindum svarar, þar sem bæði við eldumst . . . . . Virtu nú svo sem elskulegt barn. Varðveiti þig guð og blessi af öllum áttum síns herradæmis. Það er með mér samhljóða ástarkveðja móður þinnar og systkina. Adieu.

Víðidalstungu 18. Sept. 1722.

Hjarta sonurinn minn!

Á þeim litla memorial, sem innlagður er í bréf móður þinnar sér þú hvað hún að þessu sinni sendir þér hégómaskap: kerti, sokka og húfu. Systkin þín skrifa hvert fyrir sig. Bréf þitt hið opna tilætlað að Haga hefur bróðir þinn að minu ráði látið ósent. Það skal mér þykkjulaust, er það góða fólk ekki skrifaði þér, og er það afsökun að þú ei skrifar því . . . . .«

Digitized by Google

stað um veturinn 1714—15 og 1715—16. Ásgeir sonur síra Jóns Jónssonar á Breiðabólstað á Skógarströnd, ættingi lögmanns, að eg meina, um veturinn 1716 og 1717. Þá Þorkell Þorsteinsson frá Fallandastöðum í Hrútafirði í þrjá vetur, nefnilega 1717—1718, 1718—1719, 1719—1720. Síðan kendi Páll lögmaður okkur einn vetur, sem var 1720 og 21. Vorum við sálugi síra Jón Sigurðsson báðir í Hólaskóla þá tvo vetur anno 1721—22, svo vel sem 1722 og 23, þá við báðir urðum þaðan útskrifaðir um vorið.[1]) Anno 1723—24 vorum við heima hjá honum í Víðdalstungu, og kendi þá síra Jón

[1]) Í bréfabók Páls (bls. 2—4 og 231) eru tvö bréf til þessara pilta til Hólaskóla 1722, sem lýsa vel rækt hans við fósturbörn sín. Bréfin eru svo látandi:

I. »*Litlu Jónunum til Hólaskóla.*

Guð gefi ykkur gleðilegt nýtt ár, börn mín elskuleg!

Síðasta Decembris næstliðins árs meðtók eg ykkar elskulegt tilskrif dat. 20. Decembris. Lofaður sé guð, sem varðveitti ykkur slysalausa, og feiginn varð eg þeim fréttum, að ykkur liði vel, svo sem þú, Jón minn Sigurðsson, sagðir í bréfi til móður þinnar, en hvorugur ykkar sagði í bréfinu til mín, og hefði þó betur verið þið hefðuð sagt mér, annarhvor eða báðir. Guð láti ykkur líða vel, barnakindur mínar, og láti mig sjá ykkur með gleði og æru, ef guð endir líf mitt svo leingi. Góð skil hefur þú, Jón minn Sigurðsson, gert á seðlinum, sem hjá þér var geymdur, og vel veri þér fyrir það. Nú er það bréfserindi alleitt: Leggið alla stund á að læra þá tvo hluti: að heiðra guð fremst, og næst honum þá, sem yfir ykkur eru boðnir. Þann annan: af öllum kröptum að hirða um bóknám ykkar, svo þið getið með guðs hjálp forþénað að dimitterast í vor. *Nota uterque tu*, hvað eg skrifa hér um; báðir þið vitið, að mér er um ykkar velferð hugað, svo sem þið væruð mín holdleg börn, þótt ekki séuð þið nema fósturbörn. Fóstri guð ykkur í sínum grashaga, svo honum verði dýrð að og ykkur æra að hafa geingið á guðs vegi, og vilja á guðs vegi ganga. Valete filioli.

Alt mitt hús heilsar ykkur góðum óskum.

Víðidalstungu d. 2. Janúarij 1722.

P. S. Börn mín góð, gerið fyrir guðs skuld og látið mig vita, nær eg skyldi ykkar vitja láta. Vil eg ekki að þið farið að hrakningi, þá skólanum er upp sagt.

Iterum valete«.

Digitized by Google

tveimur piltum, Markúsi Snæbjörnssyni, sem síðan varð prestur, og Magnúsi Magnússyni, er ári síðar hætti við lærdóminn, ei vegna ónæmis, heldur vilja-

---

II. »*Jónunum í skólann Sigurðssyni og Ólafssyni.*

Fósturbörn mín elskuleg!

Þann 27. Febrúarij fékk eg bréf ykkar af 14. Februarij, og eptir því sem það mælir til læt eg nú í drottins nafni vitja ykkar, svo hestarnir skuli til ykkar komnir á miðvikudaginn 18. Martij. Reiðskapur og hvað, sem heyrir til, fylgir hestinum, sem til áburðar er ætlaður. Takið því öll ykkar plögg, svo fátæk sem þau eru, svo ekki neitt liggi eptir gleymt. Munið sem bezt að skilja við alla sem bezt, enn þótt svo kynni til að bera, að þið komið til skólans optar; einkanlega bið eg ykkur með öllum heiðri að kveðja biskupsins hús og skólameistarann, en sér í lagi minn elskulega Þorgeir Jónsson og konu hans. Guð varðveiti ykkur og hafið hann í ráði nú. Eg bið hann að leiða ykkur til mín heim heila og slysalausa. Farið með gætni og liðsinnið barni síra Arnbjarnar að öllu, sem ykkur er mögulegt. Vötnin eru voveifleg, ef drottinn lætur veðráttunni bregða. Hann hefur til þess gefið ykkur vitið, að þið skuluð vitsins gæta og þess njóta. Tefjið heldur næturdvöl en þið skuluð flasa með ógætni. Eg og mínir allir héðan úr húsi heilsum ykkur ástsamlega.

Víðidalstungu 11. Martij Anno 1722«.

Svo er að sjá, sem beztu endurminningar þeirra nafnanna hafi verið frá Víðidalstungu, og ekki virðast þeir hafa verið mjög ánægðir með tilveruna 1755, eptir vísum séra Jóns að dæma, er Grunnavíkur-Jón tilfærir (Landsbókasafn 360. 8vo, bls. 140) og eru svo:

»Síra Jón Sigurðsson prófastur Hafniæ þann 1. Febr. 1755 við mig Jón Ólafsson:

Sögu hef að segja þér:
senn eru karlar þjáðir
í gömul leingur að grína kver
gráskeggjaðir báðir.

Prófastur síra Jón var þá að aldri 52½ árs, en eg 49 og circiter hálfs síðan 16. Augusti. Því eg er fæddur á Stað í Grunnavík Anno 1706 lítilli stundu eptir sólarlag, milli þess 16. og 17. Augusti. Sunnudagur var að morni og minn fyrsti æfinnar dagur; þá var eg skírður í embættisgjörðinni. Et addidit statim alterum Epigramma:

Digitized by Google

leysis. En um vorið 23. Apríl 1725 fór síra Jón til heimilis á Syðrivöllum, og sigldum báðir um haustið 1726 með Höfðaskipi. Veturnar, sem áður er getið, að Ásgeir og síra Þorkell kendu okkur, þá gerðum við altíð stýl fyrir lögmanni, en hin önnur exercitia áttu þeir að annast. Hann las okkur fyrir Francisci Qvarles Sententias, og lét okkur gefa sjálfa reglur til þess, er standa átti í compositione stýlsins. Þá lærðum við undir eins Rhetoricam Audomari Thalæi, og lét [hann] okkur þýða sjálfa í öðru sinni eins mikið af síðari parti libri III. Æneidos og framan af lib. IV., og sýndi okkur undir eins landkortin. Við höfðum lært Grammaticam Bangii og höfðum gagn helzt af præteritis, er hann íslenzkaði, og eins Januam lingvarum Comenij, er við lærðum nærri hálfa.[1]) Vorum við síra Jón þá farnir að skrifa

---

Rétt er að yrkja um það brag,
því urðum ei við það fjáðir
góðum mönnum að gera í hag*)
gráskeggjaðir báðir.

Síra Jón sáligi Sigurðsson prófastur er kominn til heimsins um veturinn eptir þrettánda 1702. Hann var þremur árum eldri en eg, svo að kalla, því eg er fæddur nóttina milli þess 16. og 17. Augusti. Ergo var síra Jón, þá hann nú 1757 andaðist, 55 ára, svo að kalla. Hann andaðist, ut dixi, nóttina milli hins 1. og 2. Julij kl. hálfg. 1, en var jarðsettur þann 6. ejusdem í Rundekirkjugarði sunnan fram, nærri mitt frá gegnumgangi kirkjugarðsins, svo sem yfir undan kórnum«.

[1]) Grunnavíkur-Jón segir og (orðabók, undir: *gluggr* og víðar í ritum sínum), að Páll hafi kent þeim bragfræði, og haft að dæmi þessa vísu, sem Jón segir að sé úr fornum rímum, en er upphaf að háttalykli einum, sem enn er til:

»Gluggar lýsa glæstum sal, ⌊ ◡ | — ◡ | ⌊ ◡ | —
gló'r á nöðru stræti, ⌊ ◡ | — ◡ | — ◡ |
skemtilegt var skatna tal, ⌊ ◡ | — ◡ | ⌊ ◡ | —
skipuðust menn í sæti. ⌊ ◡ — | — ◡ | — ◡ |

Hic skipuðust dactylus, reliqui trochæi. — Hanc stropham Paulus Widalinus mihi dedit pro paradigmate, seu exemplari,

*) Id est að hafa þjónað svo leingi öðrum með skriptum og þénarastandi, en vera þó enn vanfærir af efnaleysi.

Digitized by Google

sendibréf hans og ferðast með honum til alþingis hér um anno 1719, og að copiera bækur. Eg skrifaði meðal annars Snorraeddu, svo kallaða, og síra Jón Sigurðsson lögbók eina, og annað þvílíkt, svo hann sá jafnan til að við skyldum hafa nóg að gera. Magnús Pálsson gaf sig frá bókinni, því hann þóttist tornæmur, og fór um vorið anno 1724 að búa á Kolugili, og var þar tvö eður þrjú ár; síðan var hann á Ásgeirsá nokkur ár, hér um 1733, og síðan keypti hann Efranúp fram í Miðfjarðardölum, og hefur þar síðan búið. Magnús frændi hans Magnússon brá latínulærdómnum, og hefur optast hjá honum síðan verið. Hefur aldrei kvongazt né barna aflað.

Sumarið Anno 1724 kom Jón Pálsson eldri utan lands frá, og varð heyrari á Hólum í Hjaltadal veturinn eptir, sem var Anno 1724 og 25 og eins næsta veturinn, sem var 1725—26. [Það sama ár um vorið hálfum mánuði fyrir páska var haldið á Hólum brúðkaup Jóns Pálssonar Vídalín og Helgu dóttur biskups Steins. Var þar lögmaðurinn faðir hans viðverandi, og eg með honum. Framfór kaupölið þann 31. Martij, en festingarölið þann 7. Aprilis. En þann 10. Augusti næst þar eptir fæddi mad. Helga Jón son þeirra, sem nú er prestur í Laufási og prófastur þar í sýslu, en áður prestur að Ríp og síðan Þingeyrum. Hans kona heitir Sigríður systir landfógetans Skúla. Þeirra börn eru nú (1759) á lífi fjögur: Páll, Jónar tveir og Sigríður.[1]) Um sumarið var hann fyrir það ár settur þar sýslumaður í Vöðlusýslu inn til konglegra atkvæða, en hann andaðist hér um 12. Octobr. sama ár Anno 1726 í stórviðris fjúkhríð á Hjaltadalsheiði með tveimur piltum, og fanst ei fyrr en um vorið snemma; annar pilturinn var Jón sonur síra

---

quod imitarer, indicavit rationem pedum, quod plurimi essent trochæi, nec non elisionem in glóir á, quod pronuntiandum esset *glór-á*«.

[1]) [á spássíu.

Digitized by Google

Þorláks Grímssonar.[1]) Í sama ofsaveðri, sem var landnyrðingur, hrakti Höfðaskip með oss, sem á því vorum, frá því um kvöldið þess 14., sem var mánudagur, inn til þess undir hádegi á miðvikudaginn, sem var sá 16. Mistum annan beykirinn, seglin öll, nema eitt, lestust tveir menn, og kaupmanns dreingurinn sá eini brjálaðist að vitinu til. Þetta er nú að segja um þá þrjá syni hans, er fullorðnir urðu að aldri, og er svo Jón eldri sá eini þeirra, sem nokkur börn eru af komin. En Hólmfríði dóttur sinni kom hann fyrir hjá þeim góða vin sínum biskupinum Mag. Jóni Árnasyni í Skálholti um sumarið 1724 af alþingi. Dvaldi hún þar þrjú ár, nema hvað hún kom upp á alþing til föður síns, og reið norður af þinginu, og dvaldi hér um mánuð heima hjá móður sinni, og reið síðan austur aptur. Þar var þá skólameistari í Skálholti Bjarni sonur síra Haldórs á Húsafelli, sem er jörð Skálholts dómkirkju, og er því í valdi biskupsins í Skálholti að veita það þeim, sem hann vill. Bjarni var einn vetur utanlands, sem var 1722, og tók attestaz theologicum, og kyntist þá um leið þar við Jón yngra Vídalín; gerði biskupinn Jón Árnason

---

[1]) Til eru enn tvær vísur framar en talið er hér í Vísnakverinu á bls. 188, að Jón Pálsson eldri hafi ort skömmu áður en hann varð úti:

»Áður Jón riði frá Hólum norður kvað hann, er hann reið úr hlaði:

Ykkur kveð eg öll í senn
af því nú verð fara;
hingað kem eg aptur enn,
ef mig guð vill spara.

Það er sagt hann kvæði vísu þessa við konu sína, er þau skildu síðast:

Fyrir mig ber hún þungan þrótt
þrifleg menja gerður;
hesturinn kemur heim í nótt,
hvað sem um mig verður«.

(Húnvetningasaga Gísla Konráðssonar við ár 1726, kap. 21).

Digitized by Google

[hann] að skólameistara hjá sér í Skálholti Anno 1723. Leið þá ei nema einn vetur til þess Hólmfríður kom þangað 1725.[1]) Lagði þá Bjarni hug á hana og kom því með ýmsu eptirlæti til vegar, að hún varð því ei heldur mótfallin. Hún var og á alþingi hjá lögmanninum föður sínum anno 1727, þá hann lá banalegu sína. Sat þá yfir honum madame Þórdís Jónsdóttir, systir húsrú Sigríðar, og er svo sagt, að hann hafi látið hana skilja, að hann vissi hvað um var, og hefði átt að segja, það mætti vel vera, því hann sæi að Bjarni væri gæfumaður. Að lögmanni Páli önduðum fylgdi hún norður líkinu, og kom aldrei optar að Skálholti. En Bjarni reið norður nokkrum tíma eptir það hann vissi búið mundi vera að gera útför Páls lögmanns, og beiddi hennar, og að feinginni játun, hélt brullaup sitt til hennar, en áður hann reið austur kom hið fyrsta barn þeirra andvana. Þagði þénari hans yfir því, svo biskup vissi það ei fyrr en á útmánuðum, að barnið hefði til komið. Sumarið eptir eður tveimur sumrum síðar fékk hann Húnavatnssýslu. Þeirra fyrsta barn kom andvana. Þar eptir komu þessi er svo heita: Páll, Jón, Haldór, Ástríður og Þorbjörg. [Hér um 1734[2]) andaðist Hólmfríður um haustið af barnsförum að Þorbjörgu. Nokkrum árum síðar settist Bjarni á Þingeyrar eptir Jóhann Gottrúp.[3]) Páll deponeraði ungur og fór til Íslands hér um 1747 að finna föður sinn. Sigldi aptur sama haust og nokkru síðar fór hann til Þýzkalands og staðnæmdist í Leipzig hjá professor Gottscheiden [og andaðíst þar anno 1758, stuttu eptir nýtt ár eður máske litlu fyrr. Hann hafði nokkurt stipendium frá konginum Friderico Vto og gerði þakklætisvers til hans. Þá sannspurt var hans lát til Khafnar, hélt landfógetinn Skúli Magnússon íslenzkum stúdentum, að tölu hér um 8, er hann bauð, fagra minningarveizlu eptir hann sunnudaginn í föstuinngang.[4]) — Jón lærði

[1]) þannig; sbr. bls. XCVII; réttara mun 1723; [2]) réttara mun 1736; [3]) [á spássíu og ekki vísað inn; [4]) [á spássíu.

Digitized by Google

heima, en veiktist af skyrbjúg og andaðist hér um 1758. Haldór hætti að læra og var tvisvar sinnum í Kaupinhafn að vísu. Ástríður var í uppfóstri hjá Ragnheiði Gísladóttur í Stafholti; fór síðan til föður síns norður að Þingeyrum hér um anno 1748, [en ól barn anno 1757 með djáknanum, sem þá var nýkominn til klaustursins, Erlendur að nafni, ættuðum að norðan úr Öxnadal; fór svo af Erlendi þar til göbbuð norður að Hólum á náðir biskups Gísla Magnússonar. Það bar til um haustið 1757.[1]) [En óbótaþrællinn Erlendur, er henni stal, strauk til konu hans.[2]) — Þorbjörg, sem er þeirra yngsta og ógjörvilegasta barn Bjarna og Hólmfríðar, kom til fósturs hjá madame Þóruni Oddsdóttur á Marðarnúpi, ekkju síra Arnbjörns Jónssonar, sem var prestur að Undirfelli, hjá hverju fólki hún er enn nú. [En [Þórunn er] dóttir Odds Jónssonar, sem var klausturhaldari á Stað í Reyninesi, og kallaður var digri.[3]) [Síðan flutti hún sig með stjúpsyni sínum Jóni Arnbjörnssyni ofan að Stórugiljaá. En þá nefnd fósturmóðir hennar, sem var ein hin merkilegasta kona, andaðist, tók faðir hennar, sýslumaður Bjarni, hana heim að klaustrinu, en hún undi þar eigi og fór sjálfkrafa aptur að Giljá.[4])

Endar svo hér stutta yfirferð þessa um börn og afkomendur Páls lögmanns Vídalíns, eptir því, sem hingað til er fram komið nú, þá þetta er skrifað, sem er seint í Januario mánuði Anno 1759, um þeirra ráð, tilstand og ásigkomulag.

---

[1]) [þessi setning er öll í hornklofum í handritinu og ritar Jón við hana á spássíu: »eliminantur, sed mihi ipsi pro memoria«.

[2]) [á spássíu og ógreinilegt aflestrar, með hendi Haldórs Jakobssonar.

[3]) [á spássíu.

[4]) [dregið stryk í alla þessa setningu í handritinu.

Digitized by Google

Cap. 27.

Um hans andlát.[1])

Hann hafði fyrir laungum tíma búizt við andláti sínu. Í Skálholti, þá hann var skólameistari, lá hann sjúkur hálfan mánuð einu sinni. Það var þá hann í hálfan mánuð fékk ei annað til matar en lundabaggastykki á skerdisk einu sinni á þeim tíma. Eg veit ei hvort það var í þeim sjúkdómi, sem hann sá um alt húsið, og kvist í rjáfrinu, þar aldrei bar birtu á. Hann lét bera ljós að og fanst svo. En þá sjón hans að Höskuldsstöðum um morguninn þar í kirkjunni, hann hafði sofið þar um nóttina, en þá hann stóð upp um miðsmorguns leyti sá hann ofan í gólfið og eins út í kirkjugarðinum, svo sem í gegnum glæan ís, hvert manns bein nokkrar álnir niður.

Hann var búinn að láta gera sína líkprédikun laungu áður en hann andaðist. Það gerði að bæn hans faðir minn, síra Ólafur, hér um 1705 eður 1706, af þessum Jakobs orðum, Gen.: *Eg sleppi þér eigi fyrr en þú blessar mig.* Hann las þá prédikun yfir í það minsta einu sinni á ári og máske optar. Síra Ormur prófastur Bjarnason á Melstað las hana, þá hann saung yfir honum. Hann sagðist því hafa viljað hafa sína líkprédikun fyrir fram, að hann heyrði ei hvað yfir sér yrði talað. Addatur vísa hans:

Sjö um fimtugt feðgar þrír.[2])

[1]) Allur þessi kapituli er seinni viðbót Grunnavíkur-Jóns, og vill hann kalla það, sem eptir fer: »Sectio tertia. Nú tilsezt eitt og annað til ennfremri upplýsingar, styrkingar og viðbætis sumra þeirra hluta, sem undan eru komnir. Einninn um endalykt Páls lögmanns, og að síðustu um hans náttúrufar, hugvit, siðferði og eptirlátin skrif. Seu Supplementa aliquot curiosa, quæ tamen una cum supra allatis, quæ cancellis sunt coërcita in elimatiore vitarum harum commentario abesse possunt«. Við þenna kap. ritar hann: »Inseratur supra suo loco«. En það er ekki hægt, nema með því að snúa ýmsu við. Er þetta því látið standa hér eins og í handritinu.

[2]) Sbr. Visnakverið, bls. 123—24.

Digitized by Google

Hann varð þó sextugur. Hann kvað hinn fegurstá dauða að deyja í embættisverkum sínum. Það hitti hann og sjálfan. Nokkrum sinnum sagði hann að áheyrandi sóknarfólkinu, að hvar sem hann dæi þar á landinu, vildi hann láta flytja sig til Víðidalstungu, og leggja sig, þar sem hann nú liggur, hægra megin fyrir utan kirkjudyrnar þar í Víðidalstungu. Hann hafði sagt fyrir og spáð fyrir sér sjálfum áður hann fór heiman, að hann mundi ei koma lifandi heim aptur að Víðidalstungu, vent aptur um hestinum í Fitjárdrögum á heiðinni, því þar eru þau synztu tildrög Víðidalsár og landamerki, hefði hann snúið aptur hestinum og sagt: »Far vel, Víðidalstunga; eg kem ei lifandi aptur til þín«. Svo er sagt, að hann hafi verið að raula þessa vísu fyrir munni sér, þegar hann reið seinast niður með Ármannsfelli:

Leiðast tekur himinn og hauður,
hagur bagur alla daga,
sem andvana frá auð [burt] skundi,
undarlegt er stríð lífsstunda.[1])

Og það er sú hans síðasta vísa, sem eg hefi heyrt um getið; setti að eins þingið, lagðist síðan í beinverkjum, og þó hægri sótt. Þórdís Jónsdóttir, systir Sigríðar hústrúr, sat yfir honum allajafna. Þar var og á þinginu dóttir hans Hólmfríður; lá svo veikur tíu daga og andaðist um sólaruppkomu þann 18. Julij anno 1727. Sigurður Sigurðsson landþingskrifari lét gera kistuna, þvoði líkið og bjó um; var svo sent eptir Magnúsi syni hans norður. Honum fylgdi amtmaður Niels Fuhrmann og allur þingheimurinn upp að Bolaklifi, og trakteraði [amtmaður] þá alla, þá hann kom aptur heim að búð sinni þann dag.[2]) En

[1]) Sbr. Vísnakverið, bls. 120.

[2]) Séra Jón Haldórsson á Þingvöllum lagði til 5 álnir af svörtu klæði yfir kistuna, þegar hún var flutt norður, og krafðist prestur borgunar fyrir það síðar (Landsbókasafn 17. Fol., bls. 228).

Digitized by Google

Sigurður sýslumaður frá Hvítárvöllum [fylgdi] alla leið norður, og saung vers í hvert sinn, er hann setti líkkistuna niður eður lét hana upp á hestbak. Það var sterkur hestur rauður, sem bar hana, kallaður *Múlarauður*. Hitar voru um þann tíma, en líkið hafði verið sett hátt í tjaldinu og því ei upp slegið, en maðurinn var þykkur, og lyktaði því. Sigurður þjónaði þanninn að líkfærslunni á reisunni, og lét það upp og tók niður berhöfðaður altíð, og saung líka vers í hvert sinn, sem það var sett niður eða látið upp, og heyrðist aldrei á honum óþolinmæðisorð, þó af því legði lykt undan vindi. Maðurinn hafði verið feitur og vessamikill, en líkið stóð leingi hátt í tjaldinu áður það var kistulagt, en kistan gisin og ei vel smíðuð. En að afstaðinni hans jarðsetning gaf ekkjan Þorbjörg honum grá klæði af honum, og hans litlu hljóðfögru alþingisklukku, er skrúfa mátti í sundur og fela í hendi sér. Prófasturinn síra Ormur hafði sömuleiðis þegið sæmilegar gjafir fyrir sína þjónustu. En eptir þetta afstaðið kom skólameistarinn Bjarni Haldórsson norður að Víðidalstungu eptir mánaðar tíma eður nokkru síðar, beiddi Hólmfríðar og fékk hana, hélt sitt brúðkaup þann . . .[1]) Sept., en stuttu þar eptir ól hún sitt fyrsta barn, er þó kom andvana. Reið svo Bjarni austur í Skálholt, og bað þénara sinn Jón Vigfússon [að tala eigi um]. Hann var þá skólapiltur; varð síðan studiosus í Khafn, þó ei meir en svo, að hann depóneraði að eins, lagði fyrir sig gullsmíði, og þó helzt að stinga signet, og fór svo burt til Íslands aptur. Eigi frétti biskupinn, Jón Árnason, þetta um barnið fyrr en á útmánuðum. Bjarni hafði supplicerað fyrir Húnavatnssýslu um haustið, og fékk hana sumarið eptir og bjó þar[2]) síðan hér um átta eður máske fleiri ár; en hann fékk og Þingeyraklaustur, og flutti sig þangað, sem máske verið hefur um 1738.

---

[1]) daginn vantar í hdr. [2]) þ. e. í Víðidalstungu.

Digitized by Google

Þessi er ætt Páls lögmanns Vídalíns og Þorbjargar Magnúsdóttur.

Kristín Guðbrandsdóttir kona Ara Magnúss. í Ögri	Bróðir: Páll Guðbrandsson biskups
Síra Jón Arason í Vatnsfirði	Þorlákur Pálsson
Magnús í Vigur	Jón Þorláksson
Þorbjörg hústrú	Páll Vídalín

Síra Jón Bjarnason á Staðarbakka, sem hann hafði verið skólameistari á Hólum í 18 ár, gaf þau saman sunnudaginn 22. eptir trinitatis. Hólmfríður sáluga Pálsdóttir mun hafa andazt circa annum 1740.[1]) Þá var Páll sálugi Bjarnason 9 vetra, Ástríður litlu yngri, Haldór 6 vetra, en Þorbjörg tvævetur. Páll kom til Íslands með Búðaskipi hér um 1746; var um sumarið á Þingeyrum hjá föður sínum; sigldi síðan með Hofsósskipi; fór síðan til Leipzig, og andaðist þar um veturinn eptir Jól 1754 circiter,[2]) [en Jón Bjarnason hér um 1751 á Þingeyrum.[3]) Ástríði eignaðist Haldór Jakobsson frá Búðum, sýslumaður í Strandasýslu hér um 1755, en Jón Ólafsson lögmaður Þorbjörgu[4]) hér um 1761, að mig minnir; en Haldór sonur nefnds sýslumanns og Hólmfríðar dóttur Páls lögmanns, eignaðist Ragnheiði dóttur Einars Nikulássonar, sem var á Söndum, hér um 1762; bjuggu fyrst á Reykjum í Miðfirði, síðan á Lækjamóti. Hann fékk síðan Reyninesstaðarklaustur hér um 1760, og hafa þar síðan búið inn til þessa árs 1769.

Nota. Páll lögmaður skyldi hafa sagt, að einginn mundi geta kent sér lög á Íslandi, exeptis svilum sínum *Jóni Magnússyni* — bróður assessors Árna — og *Snæbirni Pálssyni*, en það efa eg satt sé. Þeim Jóni Magnússyni, merkilega lærðum manni, kom vel saman í mörgum lærdómsgreinum, en Páli lögmanni þótti hann nokkuð óhreinlyndur. En að virða rétt

[1]) réttara er 1736; sbr. bls. XCVIII. [2]) sbr. bls. XCVIII. Espólín telur Pál d. 1760 (Árb. X, 62); [3]) [á spássíu; [4]) Ástríði(!), hdr.

Digitized by Google

jarðir kvað(st) hann ei vita yfir þrjá menn, nefnilega Sigurð landþingskrifara, Þorstein Sigurðsson sýslumann, sem verið hafði hjá honum eitt eður tvö ár í Commissonsverkinu svo kölluðu eður jarða uppskriptinni.[1])

Um Pál Vídalín

úr ýmsum ritum Grunnavíkur-Jóns.

[Grunnavíkur-Jón segir frá ýmsum smáatvikum, er snerta Pál, hér og hvar í ritum sínum, tilfærir ýms orðtök hans og annað fleira, það er ekki stendur í sjálfri æfisögunni, auk þess sem rit Jóns eru eins og berjaskyr af vísum hans. Í æfisögu Odds lögmanns eptir Jón er mart um Pál, en það er flest hið sama og í æfisögu Páls, nema einstaka atvik.[2]) Hið helzta af þessu verður nú tilfært hér á eptir, án þess þó að maður þori að ábyrgjast að alt sé tæmt, því að ritum Grunnavíkur-Jóns er svo varið, að þar verður seint leitaður af sér allur grunur].

I. *Viðskipti þeirra Páls Vídalíns og Jóns rifsa.* [Eptir æfisögu Odds lögmanns].

---

[1]) Hér endar æfisaga Páls hjá Grunnavíkur-Jóni, en handritið sjálft (AM. 437. Fol.) hefir svo látandi titil:

„Saga af nokkrum Íslendingum er verið hafa mikilmenni á fyrra hluta hinnar átjándu aldar eptir guðs sonar hingað burð“. Þar í hefir átt að vera æfisaga Þormóðar Torfasonar [er þar nú ekki], Árna Magnússonar, Jóns bróður hans, um þá lærðu Vidalína, æfisaga Skúla fógeta [er þar nú ekki]. Nú er og í handritinu æfisaga Odds Sigurðssonar og Jóns Ólafssonar sjálfs. Framan á titilblaðið ritar Jón: »Guðs er vandi, þá hann vill kippa í liðinn því, er leingi hefur aflaga farið, að byrja reformation sína á mönnum þeim, er alþýða minst ætlar. Prestasynir — og ættgöfugra presta — gefast bezt, quia aquila raro progenerat columbas«. Hvort Grunnavíkur-Jón vill láta þetta eiga við Odd, er eptir að vita, en hitt er víst, að ýmsir af forfeðrum Páls höfðu verið hinir dýrustu klerkar (Guðbrandur biskup, Arngrímur lærði) og eins að þeir Árni Magnússon og Jón bróðir hans, og enn fremur Skúli fógeti, voru allir prestssynir. Og það er heldur ekki ólíklegt, að nafna minn kunni líka að hafa rekið minni til þess, að hann var sjálfur prestsson.

[2]) Til skýringar skal þess getið við bls. 184 hér í vísnakverinu í 1. og 2. neðanmálsgrein, þar sem vitnað er í æfis(ögu), þá er það æfisaga Odds Sigurðssonar, en ekki Páls.

Digitized by Google

»Jón nokkur hét karl á Sandi, formaður, haldinn fjölkunnugur, þóttist geta sýnt fornmenn, hvar um eg veit söguna um Grettis ásýnd. Var og hagmæltur. Um hann var þetta kveðið:

Ellimóðum er við hnoll,
allir þekkja Jón minn kall;
villist út á veiðipoll
valla djarfur afgamall.

Þegar Páll lögmaður var þar staddur í Commissionsverki sínu um haustið við tjald, en á einhverjum degi inni í Ingjaldshólskirkju, kemur karlinn Jón þangað og les upp við raust nokkrar vísur Páli lögmanni til hnjóðs. Ei hef eg heyrt af þeim nema helming þessarar einu:

Herra Páll með hárið franska
hefur á lopti reyrinn spanska.[1])

En svo bar við á sama kveldi, að menn Páls leiddu karlinn afsíðis, og sem sumir kalla, drápu í öskjur hans. Eg heyrði Hildi Arngrímsdóttur munnlega álasa syni sínum Páli fyrir það, og kvað það ei fremdarstykki, en hann svaraði, að slíkum þrælmennum ætti með svoddan móti að kenna að gera opinbera óvirðingu hjá fólki. Um þenna Jón var talað, að hann ætti mök við álfkonu í fjalli nokkru þar fyrir ofan, en hún hefði með mökum sínum við heimlands og utanlands álfa komið því til vegar, að Páll lögmaður bar ei meira úr býtum en lögmannsdæmið 1716 utanlands í málum sínum fyrir hæstarétti.

II. *Dómur Páls Vídalíns um málfræði Runólfs skólameistara Jónssonar* (Hafn. 1651): »Páll lögmaður kvað svo um Mag. Runolfi Grammaticam

---

[1]) Sjá Vísnakverið, bls. 199—200. Jón hafði áður farið með drykkjuskaparhávaða á Ingjaldshólsþingi, sem Páll hélt þar í kirkjunni, svo að Páll skipaði að draga han út. (Kver hjá mér með hendi Gísla Kouráðssonar).

Digitized by Google

Islandicam einu sinni, þá það kom í tal hvílík hún væri. Hann sagði, hún væri svo álits, sem drukkinn maður hefði samanskrifað hana á einni nóttu«. [Orðabók Grv.J. í upphafi].

III. Þegar Páll var skólameistari í Skálholti ræddu þeir um það yfir borðum hann og Vísi-Gísli, sem var »ágætur læknir og grasafræðingur«, hvernig væri í laginu »agnir þær, sem víninu sína veru gæfi«, hvort þær »þrístrendar eða ferkantaðar væri«. [Orðabók Grv.J. undir: *er*, að mestu á latínu].

VI. *Orðtök Páls og annað*. [Eptir orðabók Grunnavíkur-Jóns og öðrum ritum hans]:

»*Amor descendit, non ascendit*. Þetta orðtak var Páll Vídalín stundum vanur að hafa fyrir munni sér, og getur verið, að hann hafi þá verið að hugsa um einhver heimilisóþægindi. Foreldrar biðja heitar fyrir börnum sínum, en börnin fyrir þeim«. [Orðab. undir: *elska*, á latínu].

Páll lögmaður Vídalín sagði: *Viljir þú hygginn verða, þá lestu sögur*«. [AM. 437. Fol., bls. 1 b].

Orðtak Páls Vídalíns: »*Af konum og klerkum hefir staðið hinar mestu ólukkur í veröldinni*«.

Það sagði Páll Vídalín satt, »*að klám geingi guðlasti næst*«.[1])

»*Það varðar mestu (vandinn er mestur) að höfða málið rétt*«, var Páll Vídalín vanur að segja.

Orðtök Páls ýms, sem Grunnavíkur-Jón vitnar optast í:

»*Það jafnast (sézt), þá upp er sætt*. [Orðabók: *máltæki*].

»*Það skal fram, sem fram horfir, meðan rétt horfir*». [Orðabók: *horf*].

»*Látum Guð ráða; hann er gamall húsbóndi*.«

»*Eigi verður á alt kosið*«, var Páll Vídalín vanur að segja, og bætti þá opt þessu við:

»*Úr því er að ráða sem komið er*«. [Orðab. *kýs*].

---

[1]) Þetta tilfærir Jón á latínu (»Recte dixit P. Wid. obsoenitatem verborum prope accedere ad blasphemiam«).

Digitized by Google

Í orðabók sinni segir Grunnavíkur-Jón (undir *að* og *efni*) svo frá: þegar Oddur Sigurðsson heyrði það, að margir voru farnir að taka upp þetta síðasta orðtæki Páls: »Úr því er að ráða sem komið er« og bættu við: »sagði Páll lögmaður«, vildi Oddur ekki verða minni, og tók sér þetta orðtæki: »*Sitt er að hverju (og að öllu nokkuð)*«, og segir Jón að hann hafi ætlazt til að menn tæki það eptir sér og bættu við: »svo sagði Oddur lögmaður«, en það orðtæki segir Jón að mjög fáir hafi tekið upp.[1])

Undir orðinu *tóbak* segir Jón í orðabók sinni, að Páll Vídalín hafi í gamni kallað tóbaksmenn þessum nöfnum á latínu:

»*oratores*, þeir sem taka það upp í sig«,
»*tubicines*, þeir sem reykja«,
»*nasones*, þeir sem taka það í nefið«.

Ennfremur segir Jón, að Páll hafi þýtt orð Virgils Æneid. III.: Cernimus adstantes Ætneos fratres, með: »allir komu óvinir Njáls«.

Eptir Páli Vídalín hefir Grunnavíkur-Jón það, »að fjórar vikur sjávar (þær gömlu scilicet) væri jafnar við fimm mílur þýzkar«. [Orðab.: *vika*].

Undir orðinu *fóður* segir Grunnavíkur-Jón í orðabók sinni: Ef eg man rétt sagði Páll Vídalín svo: »Tuttugu og fjórir hestar töðu af almennu bandi eru sextán málbandshestar, og er það kýrfóður nóg. Hver málbaggi vegur tvær vættir, og er einn slíkur töðuhestur í tíu vættir. Þar á svig nægir hestinum til eldis, og er sæmilegt að gefa með honum tíu aura«.

---

[1]) Sbr. æfisögu Odds lögmanns (AM. 437. Fol., bls. 14).

Digitized by Google

Viðskipti Páls Vídalíns og Haldórs prests Hallssonar á Breiðabólsstað.[1])

I. [Úr æfisögu séra Haldórs, ritaðri af samtíðarmanni].

»Um þetta skeið [1718] voru stórbokkar — svo kalla eg ríklunduð mikilmenni — uppi í héraðinu. Þeirra oddviti mátti kallast göfugur og margvitur og þjóðfrægur lögmaður Páll Jónsson Vídalín að Viðidalstungu, og Jóhann Gottrúp að Þingeyrum, maður hvassvitur og örlátur, en skapstór mjög og stöðuglyndur. Þessir voru vinir séra Orms [prófasts Bjarnasonar á Melstað] og óþægðu ásamt honum séra Haldóri, bæði fyrir það, að þeim var illa til Odds [Sigurðssonar], og svo vegna hins, að séra Haldór hafði feingið Breiðabólstað. Stungu þeir nefjum saman, að hann sæti heldur fyrir skerðum hlut, er staður var úttekinn og athentur. Hann lét það svo vera, og bar ei til tíðinda um hríð.

Nokkru síðar skeði það, að séra Haldóri rann ástarhugur og eignar til Hólmfríðar dóttur Páls lögmanns. Þótti hún einhver beztur kostur í nálægum sveitum, og þó víðar væri leitað. Nefndi hann það við hana, en hún tók því líklega það henni til kom. Þótti henni það eitt, sem var, að prestur væri sjálfur mannvænlegur og hefði um það fram hjálpvænlegt prestakall undir höndum. Þetta fór fyrst af hljóði, og vissi ei fleiri en hústrú Þorbjörg Magnúsdóttir, móðir Hólmfríðar, og Magnús Pálsson bróðir hennar; var þeim það ekki á móti. En þjóð veit ef þrír eru. Þetta kom fyrir lögmann og hugnaðist honum það illa. Kvað hann séra Haldór vera svo

[1]) Það hafa áður geingið miklar sagnir um viðskipti Páls og séra Haldórs, en Grunnavíkur-Jón sneiðir af einhverjum ástæðum hjá því að greina glögt frá þeim. Espólín er og fáorður um þau, og Þórður Sveinbjörnsson virðist heldur ekki hafa vitað nein veruleg skil á þeim. Læt eg nú gögn þessi, úr því þau eru nú fyrir hendi, fylgja hér til uppfyllingar æfisögu Páls eptir Grunnavíkur-Jón.

Digitized by Google

fátækan, að dóttir sín feingi ei svo mikið sem hrosshaus til að sitja á hjá honum. Séra Haldór þóttist henni ekki að öllu varboðinn, og uxu heldur fáleikar millum þeirra. Nú hirði eg ei að neikvæða það, er mér hefir sagt verið, að séra Haldór mundi um síðir hafa unnið lögmann og feingið Hólmfríðar, hefði hann í öllu lægra látið og leingi eptir geingið, en það varð ekki, enda ber hér fleira til sagna.

Kona nokkur kom um þessa tíma til Víðidalstungu að norðan; sú hét Guðríður Benediktsdóttir, svarri mikill og bráð í skapi. Með henni kom sonur hennar, er Jón hét Sigurðsson; hann varð síðar prestur að Eyri við Skutulsfjörð,[1]) og fór þaðan erlendis til Kaupmannahafnar; dvaldi hann þar það eptir var æfi hans, því að hann var ritari góður. Guðríður þessi þótti lítið bæta heimilisháttu að Víðidalstungu. Hafa það sumir fyrir satt, að hún hafi tilætlað, að Jón sonur sinn skyldi fá Hólmfríðar. Hófst þá ósamþykki í milli þeirra Páls og Þorbjargar; gekk svo ríkt að því, að Þorbjörg tók sig úr hvílu frá honum, og samrektu þau aldrei síðan. Nokkru síðar talaði séra Haldór við Guðríði í einmálum, og sagði það ekki sóma, að hún væri nokkur aðili eða orsök til misklíðar þeirra Páls og Þorbjargar, og það tiltæki mundi hljóðkvæmt verða, ef svo færi fram; hafði hann fleiri orð um það við hana. Hún brást eð versta við, og sagði þegar lögmanni umræður prests við sig. Var þá sem vatni væri helt í steinkolaeld, og kom fullur fjandskapur í móti, en Guðríður lét ei af að bera róg, er hún kunni til ills milli þeirra. En sem prestur sá það honum var ei til góðs að gera, setti hann sér í þanka, að aka ei höllu fyrir lögmanni í því, sem honum væri mögulegt og guðs kraptur vildi styrkja hann. Og nú með því að eg hefi við upptök þessarar tölu gert það ráð, að fram tína einarðlega það fátt, eg mundi og heyrt hefi um æfi þess sæla manns séra Haldórs, þá feilast

[1]) rétt: í Arnarfirði.

Digitized by Google

eg ei við að minnast nokkuð á viðskipti þeirra lögmanns, eptir því, sem bæði séra Haldór sjálfur, einninn merkir og óljúgfróðir menn, er þá voru uppi og vissu til slíkra mótburða, hafa mér frá talið, svo þar af merkist að öðrum helmingi, hversu guð var með séra Haldóri á bandi. Enn þótt eg muni það ei eptir þeirri tímaröð, í hverri það hefir skeð, læt eg mér nóg vera, er eg veit með skýrum sannindum, að það er skeð.

Eptir það, að alt tók heldur að standast í odda fyrir þeim lögmanni og séra Haldóri, leitaðist lögmaður við að fyrirkoma honum og umsitja hann á marga vegu, en gat þó aldrei vilja sínum fram komið í því, fyrir þá orsök, að guð var með prestinum og studdi hann.

Það bar til um öndvert sumar, að séra Haldór lagðist veikur. Upptök þess krankleika má eg ógerla skýra, en þó þótti mönnum heldur undarlegt um það. Þreingdi honum sá sjúkdómur svo, að örvænt gerðist um líf hans. Var þá sent eptir séra Halli; kom hann brátt, og dvaldi þar nokkrar nætur hjá syni sínum, fór síðan aptur og meinti sig (mundu) ekki sjá séra Haldór lifandi framar. Séra Haldór gerir þá orð þeim manni, er Helgi hét Guðmundarson úr Víðidal, og biður hann vera hjá sér til skemtunar. Helgi gerir svo, og er hann kemur sezt hann á rekkjustokk fyrir framan prestinn, og þykir þunglega áhorfast. Nú elnar sóttin meir og meir; þó var prestur við rænu; og er mátt dró af og kraptar þverruðu, sýndist honum að fis eður fluga nokkur flökti fyrir andliti hans, sem vildi hún komast í munn honum; varð honum þá mjög ókyrt, svo að hann reis upp, og komst í nærklæði. Var hann síðan studdur í kirkju; færðist hann þar í allan messuskrúða, féll síðan til bænar fyrir altari, og kvaðst vilja deyja þar, ef guði svo þóknaðist. Að stundu liðinni var vitjað um hann, og þótti þá sem til góðs hefði um skipt, því að séra Haldóri tók að batna (upp) frá þeim degi, svo hann varð loks heill af þessum meinleika. Það bar þá við

Digitized by Google

að Víðidalstungu, að lögmaður gat nærsta lítið sofið í hálfan mánuð; varð hann við það styggur, en gerði þó ei bert hvað til kom. Nærst eptir þetta, er séra Haldór kom að embætta í Tungu, hafði lögmaður í kímilyrðum og flimti við hann, hvað fölur og afhyldur hann væri. Prestur kvaðst ei fölari en lögmaður væri rauðeygður til, og skildu við það um sinn.

Magnús hét maður; hann var Sigurðarson undan Snæfellsjökli. Þessi var kaupamaður séra Haldórs. Eitt sumar einn morgun, er Magnús var að slá í túni, bar vinnukona prests, er Agatha hét, og mér þetta sjálf sagði, morgunskatt, sem títt er að gefa sláttumönnum, út í túnið til Magnúsar; og sem hún kemur til hans liggur hann á grúfu niður á vellinum. Hún heldur hann sofi, geingur að og vill vekja hann. Magnús lítur þá við henni, heldur skolbrúnn, og mælti: »Hér drepur fjandinn einhvern mann áður þessi dagur er allur. En ef þú, Agatha, segir þetta nokkrum manni, verður það þín bráð ólukka«. Hún kvaðst hafa orðið hrædd mjög, og ei þorað til að leggja. Sólskin og heiðbjart var um daginn. Séra Haldór sat í dyraporti við bók sína; var það opt vani hans. En er leið að nóni sá fólk, sem í bænum var, að prestur þaut mjög að skyndingu innar eptir gaungunum og í hús það norður af bænum, er kallað var litla baðstofa; þar er nú eldhúsið, en eldhús var vestarlega nær aðalbaðstofu, og eins norður af bænum, voru þar dyr vestur til lækjar, er út sáu. Þegar prestur læsti eptir sér litlu baðstofunni, sem framar var þeim megin en eldhúsið, þá bar svo við, að unglingsmaður, Andrés að nafni, fór út af eldhúsdyrunum; og sem hann var útkominn, rak hann upp hljóð mikið og ógurlegt, datt hann þegar niður og var örendur. Prestur kom að í því; fanst honum mjög um, og kvaðst ofseinn hafa orðið. Þótti Magnúsi sem séra Haldóri hefði sá vogestur ætlaður verið.

Digitized by Google

Árni hét maður og var Ólafsson. Hann var góður bóndi. Hann bjó um þessar mundir að Síðu í Víðidal, maður merkur og óskjalvís. Hann dreymdi um haust eina nótt, að honum þótti að fliksa nokkur í kvenlíki kæmi á glugga yfir sér. Sagðist hún hafa verið send frá lögmanni að vinna séra Haldóri nokkurt mein. Kvað hún lögmann hafa ríkt við lagt, að hún skyldi ei aptur koma, ef það yrði erindisleysa fyrir henni; en hún kvartaði (um), að prestur hefði, meitt sig illa, svo hún væri mætti sínum fjær; hefði hún því ei annað ráð, en að steypa sér í hyl þann, sem er hjá Kjálkamel í Víðidalsá. Þóttist hann sjá eptir henni þangað í. Um morguninn eptir, er Árni kom í fjós, brá það yfir vana, að naut hans voru mjög ær og uppslitin. Á þetta mintist séra Haldór eitt sinn, er við ræddum tveir saman. Kvað hann rytju þá hafa komið á þekju yfir sér, er hann sat í rúmi sínu um kvöldið. Fór hann þá út, og varð það þeirra skilnaður. að hún sneri aptur fram hjá Síðu. Var það í sama sinn og Árna dreymdi hana.

Um vetur nokkurn, seint á Þorra eður öndverðri Góu, reið séra Haldór eptir vana að embætta í Tungu; var þá veður hafrækt með frosti og litlu snjóskafi, en um daginn gerði hríð, svo trautt var út fært. Lögmaður bauð prestinum gisting, en hann vildi ekki þiggja, því að fullur fjandskapur var í milli kominn, og þóttist hann ei óhultur. Þó gekk hann til bæjar. En lögmanni þótti fyrir, að prestur þá ei gistinguna. Sá maður var þá með presti, er Jón hét Ingimundarson. Þegar prestur geingur úr kirkju, segir hann Jóni að tygja hestana. Jón mælir í móti, og kvað ei fært, en verður þó að láta vera sem prestur vill. Nú geingur séra Haldór til bæjar, en lögmaður ölur og ybbinn tekur að yppa knæfilyrðum. Presturinn gegnir fáu, stendur síðan upp og verður fátt um kveðjur með þeim. Lögmaður fylgir honum til dyra, en prestur geingur út, og snýr í hríðinni norður fyrir bæinn, því þaðan lá vegurinn sá rétti. Jón fer eptir

Digitized by Google

honum; en sem þeir eru þar komnir segir prestur, að Jóni muni bezt að leiða hestana suður fyrir bæinn að austanverðu og í skjólið, því þar sé náðugra að fara á bak. Jón gerir sem honum er sagt, og er þeir voru á hest komnir, ríður prestur undan til suðvesturs frá bænum. Jóni varð felmtrað og tók að gráta, en séra Haldór biður hann hætta snökti, og koma með sér. Nú vissi einginn maður á bænum hverja leið prestur fór, en hann ríður vestur fyrir Háls til Línakradals og til Vatnshorns um nóttina. Var honum þar vel fagnað af Kristínu Oddsdóttur móðursystur hans, er þar bjó. Hún bauð honum þar að vera; séra Haldór kvað hríð ei svo grimma, að hann kæmist ei allvel heim. Reið hann með það út með fjalli til Breiðabólstaðar. Var þá runninn dagur, er hann kom. Nú er að segja frá (því), er lögmaður vaknar um morguninn, spyr hann í hverja átt að prestur hafi riðið um kvöldið. Nautamaður hafði séð til ferða þeirra, og segir sem var. Þá hef eg heyrt sagt, að lögmaður hafi nokkuð hljóðnað við, en ei kann eg með rökum að skýra, hvort lögmaður hefir í sama sinn fram talað það í minnnm hafða og fyrir laungu á málreið komna: »Apoputegma aungvum veraldarmanni tekst að vinna á þeim djöfulspresti«. En að lögmaður hafi það þó nokkru sinni talað veit eg víst, því það sagði mér fyrstur 16 vetra gömlum áttræður, rauðeygður og hæruskotinn Guðmundur Vilhjálmsson að Avík á Norðurströndum, er eg kom eitt sinn til hans; var sá Guðmundur aldavinur lögmanns, og kvað þann sæla mann svo mælt hafa. Séra Haldór sagði mér síðar, að sig hefði óað við tveimur vogestum, er hann grunaði verða mundi á vegi fyrir honum við Fitjá í hríðinni, hefði hann því riðið þann veg.

Nú þó eg hafi numið enn fleiri ertingar þeirra kynja, er lögmaður hafði við séra Haldór, hirði eg ekki að greina það framar, því soddan er ei fýsilegt að lesa eður heyra. Ætla eg hér svo mikið

Digitized by Google

tínt, að glögt megi ráða, hversu lögmaður vildi séra Haldóri, en guð var æ með honum, og fríaði hann fyir öllum háska, er honum var ætlaður. Þess á milli, sem þetta bar til, hafði lögmaður í frammi við séra Haldór opinberan ofsa. Kvað svo ríkt að því, að kirkjulykill var tíðum ekki látinn fyrir utan illdeilur, þegar prestur vildi embætta, og fólk var komið að kirkju í Víðidalstungu. Skeði það og nokkurt sinn, að brotin var upp kirkjan. Enn bar það við, er prestur ætlaði að ríða heim, eptir það hann hafði embættað, að lögmaður kom út með hnæfilyrðum og formælti mjög svo; séra Haldór gegndi því aungvu, en reið úr hlaðinu og mælti:

Svita laungum lekur bað,
lendir þó í sama stað.

En af því lögmaður var ofölur datt hann á stein fyrir dyrum og meiddi sig mjög, svo hann var borinn til rekkju. Lögmaður hvatti og aðra móti séra Haldóri. Kom hann því til vegar, að Jóhann Gottrúp leitaði agns í gegn prestinum, og það tókst honum eitt sinn, er hann kom að Breiðabólstað, að þeim varð heldur andorða. Eptir það fékk presturinn Gottrúp hestklár nokkurn brúnan, raunskjarr og hlaupólmur, er honum var riðið, en skap hans var að leggjast í vatnsfalli undir mönnum, ef vatnið snerti kvið. Gottrúp vildi stytta sér leið og reið hestinum yfir Eystrahópsós á Þingeyrasand. En er hestur(inn) kom í ósinn, þótti honum mál hvíldar og skaut sér niður, (svo) ei varð upp úr á Gottrúp annað en haka og nasir. Förunautar veittu honum þegar, því lítill var háski. Höfðu kátir menn það í frásögu eptir það, því Jóhann varð hræddur og meinti, að prestur mundi þetta með fjölkyngi gert hafa. Séra Ormur kastaði og fæð til séra Haldórs, en þó varð sú aldrei geigvænleg, og flutti guð undarlega þann sæla mann, svo honum varð aldrei hrundið frá drottins altari af hans óvinum, hversu torvelt sem

Digitized by Google

horfa þótti. Meðkendi hann það tíðum og þakkaði þá miklu guðs verndun og aðstoð við sig í viðskiptum þeirra lögmanns. Gerðist séra Haldór svo kaldlyndur með sjálfum sér, að hann þektist trautt að vera sami maður af þeim, er kunnu hann áður.

Nú mun þessi tala víkja þangað, er lögmaður andaðist á alþingi um sumarið. Þá geingu hitar miklir. Lík lögmanns var flutt norður, og sem það var skeð, vitjuðu menn séra Haldórs að veita yfirsaung líki lögmanns. En er prestur kom í kirkjuna, og sá hversu vilsa og maðkar geingu niður af kistunni, svo pollur var mikill á kirkjugólfi, létti prestur sér yfir pollinn. Heyrðu þá þeir menn, er nær stóðu, að hann mælti fyrir munni sér það 13. vers af 91. Davíðssálmi: »Yfir ljón og eiturpöddur muntu ganga &c«. Við dauða lögmanns duttu mjög byljir fjandskapar af séra Haldóri, svo hann mátti vera heldur í náðum, því að Jóhann fékk þá öðru að gegna, er hann komst í það stóra mál við Odd Sigurðsson, en Ormur veiktist nokkru síðar. Heyrði eg þann sæla guðsmann séra Haldór mæla það, er hann mintist á velgerðir guðs við sig, að hann óttaðist ei nokkrar ýfingar eður öfundarmenn, fyrst lögmaður væri burtu, séra Ormur veikur og Jóhann í beiglum; varð og Jóhann feiginn, eptir það stofudómurinn að þingeyrum hafði rekið hann hnekkjuför, að leita nokkurs trausts til séra Haldórs«.

II. Kæra Páls Vídalíns, Jóns sonar hans og Jóns Sigurðssonar, uppeldissonar hans, til Orms prófasts Bjarnasonar um guðlöstun séra Haldórs Hallssonar, 28. Janúar 1723.

[Adversaria Haldórs konrektors Hjálmarssonar, bls. 359—61].

Velæruverðugi og mjög vel lærði, domine præposite, síra Ormur Bjarnason, prófastur í Húnavatnsþingi.

Það er framburður og undirrétting, sem eg Jón Vídalín og eg Jón Sigurðsson gefum yður til vitundar,

Digitized by Google

að um nóttina millum næstliðinnar Pálsmessu, þeas 25. Januarij, þegar presturinn séra Haldór Hallsson var kominn í sæng, og eg Jón Vídalín kominn í sæng, og eg Jón Sigurðsson var á gólfinu í sama kamersi, bar svo í tal, að presturinn fortaldi, okkur áheyrandi, sagðist þann sama dag *in examine catechetico*[1]) hafa spurt heimamenn á Kolugili: Hver var eða hefir verið — hvort hann sagði *var* eður *hefir verið*, minnumst við ei, annaðhvort sagði hann — sá stærsti syndari, og sagði, að einginn hefði svarað sér til þess, nema sinn meðreiðarmaður, Helgi Illugason, sem hefði sagt: *Jesus Christur alleina.* Til þess kvaðst presturinn hafa sagt já, og hrósaði þeim manni fyrir gott andsvar, og sagðist hafa strax útlagt þar fyrir fólkinu hverninn það ætti skilja, svo ekki yrði hneyksli að því: *imputative non inhæsive.* Síðan sagði hann optlega: *Kristur var mesti syndari.* Það mótmælti eg Jón Pálsson, og citeraði *locum Scripturæ* Ebr. 4, v. 15. *Tentatus fuit per omnia similiter, excepto peccato, ut et* 1. Pet. 2, v. 22. *peccatum non fecit neque inventus est dolus in ore ipsius.* En eg Jón Sigurðsson svaraði þar aungvu til svo bráðlega. Í discursinum sjálfum allegeraði presturinn sjálfur úr *dicta Scripturæ probantia,* að Kristur væri syndlaus, og að því gerðu hélt hann áfram kappsamlega sinni *thesi,* svo sem áður, að Kristur hefði verið sá mesti syndari, og latine: *Christus fuit maximus peccator,* og tillagði stundum *imputative non inhæsive,* sem hann vildi probera með 2. Cor. 5. v. ult. Eg Jón Vídalín — þó að eg og allir kristnir menn viti, að Kristur leið fyrir alls mannkynsins syndir — vildi ekki láta mér geðjast þá *enunciationem: Christus fuit maximus peccator.* Eg Jón Sigurðsson þagði við því, og þegar þessi discurs stóð enn á millum mín, Jóns Vídalíns og prestsins, inngekk í kamersið lögmaðurinn Páll Vídalín.

---

[1]) þ. e. við barnaspurningar.

Digitized by Google

þá strax spurði eg Jón Vídalín föður minn, hvort sú *enunciatio* væri rétt: *Christus fuit maximus peccator.* Faðir minn svaraði: nei, ekki kannast eg við það; Kristur var syndlaus, því sagði hann: Hver af yður kann að straffa mig um nokkra synd? Joh. 8. v. 46. Síðan discurreraði eg Páll Vídalín við prestinn hér um með mörgum orðum, og í því samtali sagði presturinn margopt: *Christus fuit maximus peccator,* og vildi bevísa það með 2. Cor. 5. v. ult. Sagði prestur þetta ekki sem *opponens,* heldur svo sem *veram — ex sua sententia — thesin;* opt tillagði hann *imputative non inhæsive.* Eg Páll Vídalín vildi abstinera frá slíkum orðum: *Christus fuit maximus peccator,* enn þótt prestur tillegði sína *disstiniction inter imputationem* og *inhæsionem,* og sagði við prestinn: Þér skuluð kunna að distingvera *abstractum* og *concretum; peccatum est abstractum, peccator est concretum.* Prestur sagði margopt 2. Cor. 5. v. ult., og spurði hvernig það ætti að skilja. Eg Páll Vídalín svaraði: Eg á ekki að commentera yður yfir það; þér eigið að commentera mér. Látum þeim hálærðu eptir, hversu þetta skilja skuli. Margopt töluðum við þetta og hélt prestur á sama *tanquam veram thesin defendens.* Við Jón Vídalín og Jón Sigurðsson framberum og undirréttum þetta gjörvalt fyrir full sannindi, og í sama máta eg Páll Vídalín það, er þetta bréf vænist upp á mig. Ætlum vér svo til og óskum, að vort geistlegt yfirvald, veleðla herra biskupinn og velæruverðugur prófasturinn kenni oss, hvort að þessar prestsins séra Haldórs framanskrifaðar *enunciationes: Christus fuit maximus peccator* og Kristur var mesti syndari, séu þolanlegar og hneykslislausar *in ecclesia,* enn þá þó að tillagt sé *imputative non inhæsive.* Allir vitum vér *imputata fuisse Christo, tanquam sponsori, peccata nostra, at vero ea propter peccatorem dici licere non intelligimus.* Eg Páll Vídalín citera kongsins N. L. L. 2. Cap. 4. Art. 7, og þykjumst við ekki mega þegja um þvílíkt, en vísum

Digitized by Google

til biskups og prófasts hér yfir að dæma, svo að hátign og dýrð vors frelsara Jesu Christi hafi sinn heiður, og hans dýrkeypti söfnuður, *ecclesia*, ekki verði hneyksluð. Erum vér vissir um, að þeirra háæruverðugheit og velæruverugheit gæti sinnar skyldu að fræða oss og afvenda hneykslunum. Mun almúgafólki tornæmt verða að percipera *terminos inhæsive* og *imputative*. Það vitum vér fyrirfram, að finnast muni þeir, er þessa vora relation virði oss til ills; hitt mátum vér fremur, að ei skal virðingu vors frelsara gleyma.

Skrifað og undirskrifað í Víðadalstungu þann 28. Jan. Anno 1723, en atriðin þau sérdeilislegustu voru til minnis uppteiknuð þann 26. og síðan með gætni athugasamlega yfirveguð þann 27. þessa sama mánaðar.

Til vitnis vor nöfn.

P(áll) W(ídalin) (L. S.). J(ón) W(ídalin) (L. S.). J(ón) S(igurðsson) (L. S.).

III. Sjálfdæmi Páls Vídalíns yfir séra Haldóri 11. Marts 1723.

[Adversaria Haldórs konrektors Hjálmarssonar, bls. 113—115].

Sjálfdæmi Páls lögmanns Vídalíns yfir prestinum Haldóri Hallssyni.[1])

Anno 1723 þann 11. Marts að Melstað í Miðfirði vorum vér undirskrifaðir saman komnir að forlagi velæruverðugs prófastsins Vorms Bjarnasonar til að heyra og vitna, hvað til forlíkunar aftala mætti

[1]) »Líka hefi eg heyrt eitt og annað slaður um viðureign Páls lögm. Vídalíns og séra Haldórs; skuli þá hafa verið farið í fornu gólfin, og ei spöruð kunnátta og fjölkyngi; á prestur að hafa varizt vel, svo yfir lögmann hafi geingið. Skyldi hann einhverntíma hafa sagt glaður við beztu vini sína heima í Víðidalstungu: »Þið kallið mig vitran mann og lausnlægan; það sér nú á, því í mörg ár hefi eg nú viljað sitja um einn litt-

Digitized by Google

milli eðla og velvíss herra lögmannsins Páls Vídalín og prestsins séra Haldórs Hallssonar, um þær misgreiningar, sem þeirra á millum innfallnar voru, út af þeim tveim bréfum, sem í lögmannsins hendur voru fallin, og presturinn hafði tilskrifað syni lögmannsins, Magnúsi Vídalín, annað af 26. Janúar, en annað af 30. Janúar þessa árs. Bæði bréfin sýndi lögmaðurinn mér Jóhann Gottorp sýslumanni, og mér Vorm prófasti, að ásjáandi prestinum séra Haldóri. Þegar báðir við höfðum lesið þau, gaf lögmaðurinn báðum okkur í hendur sinn skriflegan memorial, hvað hann eptir þeirra bréfa innihaldi vildi prætendera móti prestinum séra Haldóri, og sagði sá memoriall kröfu lögmannsins, að séra Haldór skyldi erklæra sig þar um, að stóryrði bréfanna ekki væru meint lögmanninum Vídalín né hans húsi, kvinnu, börnum né hjúum til hneykslunar. Þar til svaraði séra Haldór, að þau sömu stóryrði ættu aungan veginn til þeirra að skiljast til nokkurs ills né óvirðingar. Enn þá eptirspurði lögmaðurinn, hverninn það væri meint, er lögmaðurinn vildi kalla heitingarorð í bréfunum. Séra Haldór svaraði, að það væri hvorki meint lögmanninum né neinum af hans heimamönnum, og skyldi bæði hann og alt hans heimili fyrir því æfinlega óhult vera. Með þessi andsvör séra Haldórs þóttist lögmaðurinn Vídalín enn þá ekki fornægður vera, fyrr en presturinn séra Haldór bað optnefndan lögmann Vídalín fyrirgefningar á öllu því, sem áðurnefnd tvö prestsins bréf hefðu directe eður indirecte mælt lögmanninum Vídalín til stygðar, og handsalaði séra Haldór lögmanninum Vídalín sjálfdæmi á öllu þessu bréfamáli.

---

reyndan ungling til að gera honum knésig, en ekki tekizt alt hingað til« . . . Hvað í öllu þessu kann satt eður logið að vera veit eg alls ekki; hitt veit eg, að lögmaður hefir heldur en ekki náð sniðglímu á presti 1723 . . .« (Þá koma sjálfdæmin). [Adversaria Haldórs Hjálmarssonar, bls. 112—113].

Digitized by Google

Þegar hér var komið í góðra manna viðurvist, svaraði lögmaðurinn Páll Vídalín, að fyrir bænastað gófugs sýslumannsins Jóhann(s) Gottorp(s) og velehruverðugs prófastsins séra Vorms Bjarnasonar, vil eg Páll Vídalín í þetta sinn ekki ganga harðara að prestinum séra Haldóri en svo, að það skal heita sjálfdæmi mitt á máli mín og hans, sem eptir fylgir:

1, Skal hann í öllum greinum leynt og ljóst unna mér og mínu húsi slíkrar sæmdar, sem guð og kongurinn hefir mér unt og mínum.

2, Hann skal aldrei, leynt né ljóst, heimuglega né opinberlega, leita mér né mínu húsi nokkurrar óvirðingar með orðum né verkum, og aldrei skal hann við eiginkonu mína né börn, son né dóttur, eiga nokkurt heimuglegt samtal, munnlegt né bréflegt, svo að hann hafi eigi áður gefið mér til vitundar, og að eg sé persónulega nálægur. Skal séra Haldór láta sér vera ljúft, að eg fyrir mig, mína kvinnu og börn og þá mína heimamenn, er hins sama óska vilja, óska heimuglegrar aflausnar og Christi kvöldmáltíðar útdeilingar af héraðsprófastinum eður öðrum kennimanni, en séra Haldór skal betala þess kennimanns ómak tvisvar á ári. Þó, ef svo til ber, að eg eða mitt hús látum vitja séra Haldórs í einhvers vors sjúkdómi, þá skal hann skyldugur að gegna því.

3, Skal hann aldrei héðan í frá, leynt né ljóst, fara þess á leit, að dóttir mín verði nokkurn tíma hans eiginkvinna, hvort sem eg er lífs eða liðinn, og einskis manns né kvinnu ráð skal hann brúka til þess, heimuglega né opinberlega, að mér lífs né liðnum.

4, Hann skal og aldrei, þótt við votta sé, eiga nokkurt samtal við konu mína né börn það, sem hann veit líkindi til að mér til stygðar verði, mót nokkuru atriði framanskrifaðra greina; og

5, Allar þessar greinir skal séra Haldór Hallsson svo halda að öllu og fullu, sem hann hefði þær svarið með sínum eiði, og skal æra hans liggja við,

Digitized by Google

ef rofið verður eitthvert minna fyrr sagðra skilorða, nema hann finni það, sem guð láti aldrei henda mig né mína, og guð veit að eg ei þeinki, að eg eða mínir föllum í þá ólukku að ráða lönd eður þegna undan vorum kongi, þá er séra Haldór Hallsson kvittur við öll þessi mín áður skrifuð skilorð.

6, Fyrir þá stygð og stríð, óvirðing, ómak og mæðu, sem séra Haldór hefir mér hingað til gert, skal hann á næstkomandi vorþingi betala sýslumanninum Jóhann Christopher Gottorp vegna Þorbjargar á Sporði 2 specie rdl. og prestsekkjunum eptir sýslumanns og prófasts ráði.

7, Fyrir sýslumanns og prófasts mæðu og ómak hingað til húss að stilla þetta mál, skapi sjálfir þeir sín ómakslaun af prestinum séra Haldóri Hallssyni, og haldi hann slíkt, er þeir segja.

Öllu framan og ofanskrifuðu til staðfestu eru eiginhendur og signet, stað, ári og degi, sem upphaflega greinir.

IV. Ágrip af gjafabréfi Páls Vídalíns til Hólmfríðar dóttur sinnar með því móti að hún eigi ekki séra Haldór Hallsson, 10. Okt. 1724.

[Adversaria Haldórs konrektors Hjálmarssonar, bls. 114].

»Originalbréf hefi eg séð á Reynistað, hvar í hústrú Þorbjörg gefur dóttur sinni Hólmfríði fjórðungsgjöf af fé sínu eptir sig, svo hún fái jafnt við bræður sína, þó með því móti, hún eigi ekki séra Haldór Hallsson fyrir mann. Þar upp á hefir lögmaður P(áll) Vídalín skrifað sitt samþykki«.[1])

[1]) Þetta bréf var gert í Víðidalstungu 10. Okt. 1724 Lesið í lögréttu 18. Júlí 1725 (sbr. Alþb. 1725, XXVIII, 42) en þar er þó ekki getið klausunnar um séra Haldór.

Digitized by Google

Til marks um það, að mönnum hafi þótt mergjuð ræða Jóns biskups Vídalíns um lagaréttinn, sem hann hafði haldið í Þingvallarkirkju 10. Júlí 1718, er þess getið, að Páll lögmaður Vídalín, frændi hans, hafi átt að ganga úr kirkju undir miðri prédikun, og orðið þetta að orði: »Skárri er það nú ræðan! Mikill dómadags kjaptur er á honum Jóni«.

[Séra Jón Bjarnason Straumfjörð í formála við Prédikun þessa Jóns biskups, Rvík 1878, bls. VI].

Digitized by Google

Epigramma Pauli Widalini.

[JólGrv. ísl. orðab. undir *ungr*.].

Allur fugl úr eggi skríðr
ungr í fyrsta sinni,
fær sitt eigi flug að síðr,
fer svo ætlan minni.

Þær fyrstu vísur, sem menn vita að hann hefir kveðið um spón, sem Inga á Lækjamóti átti; á skaptið var skrifað: »rjómann vantar.«

Rjómann vantar, randa meiðr,
réni þér sá mikli heiðr,
soddan talar seggrinn greiðr:
sértu hverjum manni leiðr.

Þessi er sú fyrsta, er menn vita. Hana kvað hann ekki eldri en 5 vetra (1672).

Og þessa er sagt hann hafi kveðið 5 vetra um kött:

Gagaraljóð
Högni bóndi í höfðann reið
hafði mús í nefið sitt,
lystugan hestinn lagði á skeið
og lét hann renna um handrið mitt.

Fimm vetra (1672) kvað hann þessa vísu um hund, er Gaufari hét:

Gaufari situr gólfi á,
gantalegur er að sjá,
klórar upp úr krásir smá,
kynja stór er hundrinn sá.

Digitized by Google

Þetta kvað hann ungur um tvo ferðamenn föður síns:

Veit eg að skúr er vestra frekr,
vætir ásján Sölva,
þjasar Jón og pekilinn tekr,
en Pétr er inni að bölva.

Við séra Ólaf Þorvarðsson, þá er hann reið með honum til alþingis 13 vetra (1680) í brekkunni sunnan undir Sleðaási.[1]) Prestur hafði í skeiði yfir frá Drangahálsi yfir sandana þangað, var drukkinn og lagðist þar fyrir. Það var fyrsta alþingisferð lögmanns:

Dasast, svaðast, svíður, meiðist sveittur hestur,
þrasar, baðast, þreyr og reiðist þreyttur prestur.

Hann gaf presti vísuna skrifaða 1720. Þá hafði hann þrjá um fimtugt:

Lítið á og látið bætt,
ljóða flestir betra,
eigi verður að öllu gætt,
eg orti þrettán vetra.

Vikivakakvæði,
(ort 1681).

[AMagn. 148. 8vo bls. 347—348 skr. í Vigur 1676—77 og þar eptir; Rask 89. 8vo skr. í byrjun 19. aldar; IBfél. Deild á Isl. 214. 8vo, skr. c. 1750; Sv. Grundtvigs safn 66. 4to; Landsb. 270. 4to, laus blöð með hendi Páls Pálssonar (eptir Bergsbók Jóns Árnasonar og kvæðabók Gunnlaugs á Skuggabjörgum II, 170—71); Landsb. 360. 8vo bls. 58—69 með hendi Jóns frá Grunnavik, og er þar einungis 6. erindi kvæðisins og fer hann um það þessum orðum: »Fjórða [rétt: sjötta] erindi af fimm [rétt: sjö«], sem lögmaður kvað fjórtán vetra, og lét sama innihald í vera sem þeir Vigfús Jónsson og Sigurður Gíslason höfðu haft í hvers þeirra fimm erindum. Þegar Sigurður Gíslason heyrði kvæðið sagði hann: »Heyri þið dreinginn; einhvern tíma verður hann skáld.« Kvæði þetta finst aldrei eignað öðrum en Páli Vídalín, og það sannar ekkert, þótt það standi í Vigurbókinni og sé þar eingum eignað, því sá kafli bókarinnar getur hæglega verið skrifaður eptir 1681, þegar kvæðið á að vera ort.]

[1]) svo bls. 96; hér »Sleðahálsi.«

Digitized by Google

Út ertú við eyjar blá,
en eg að draungum,
eg er seztur að draungum.[1])

Litars bátur lakur, veikur
Lóðins slóða veiði ber,
heiman sveimar snakurt keikur,
svala Dvalins vilja lér;
hindin sunda [2]) hvikult leikur,
[hyrjar blærinn sveigir rá.[3])
Út ertú við eyjar blá.
Haukur kreikar Hnikars bleikur,
hrynur, dynur, stynur hans vinur á raungum;
flugið Sigtýs fálki eykur.
Eg að draungum, eg er seztur að draungum.

Fjalars Kjalars flæða súðir
feingu leingi eingan byr,
á sinnu ranna síðar búðir
sízt þær hristi gustur fyr,
dreingir streingjum ráðarúðir
renna nenna senn á sjá.
Út ertú við æginn blá.
Hastar rasta reiða flúðir
fyrir rjóða þróðu[4]) flóða[5]) glóða laungum,
rýrir stýra róðri lúðir.
Eg er seztur að draungum.[6])

Þegar hæg var þulnings[7]) kylja
þanninn renna kunni fley,
féll með snilli vel að vilja,

---

[1]) Viðkvæði þetta er ýmislega svo sem:

Siðuga fríða seima ná	Út ertú við eyjar blár,
sinnið minnist laungum,	eg er seztur að draungum,
út ertú við æginn blá,	blóminn fagur kvenna klár,
en eg er seztur að draungum.	kalla eg til þín laungum.

[2]) Rindar 148. [3]) 148; hin flest: Herjans fer um skerjalá.
[4]) = tróðu. [5]) fróða, hdr. [6]) erindið vantar í öll, nema 148.
[7]) þulin 148.

Digitized by Google

voðinn lúði geðið ei,
í[1]) spöku fjúki fálu bylja
fyrst mig lysti víst að gá.
Út ertú við eyjar blá.
Af því bifurs bála þilja
blíðlynd hríðar stríðið þýðir laungum,
frá brjóti spjóta böl kann skilja.
Eg að draungum, eg er seztur að draungum.

Vonar muni veiðar dáða,
um [vega trega[2]) hugrinn fer,
fýsist ljósa þrúður þráða
[þýðlega laða[3]) meður sér,
rúðust [gríðar reiði[4]) ráða
[réði á geðið keðja[5]) að slá.
Út ertú við eyjar blá.
Sorg um borgir blíðu láða
brjóst með[6]) gjósti ljóstrar þjóstar laungum
og vængi þunga mæðu máða.
Eg að draungum, eg er seztur að draungum.

Siðuga prúða foldu falda
fagra drjúgum hugrinn þreyr,
hógvær, lagleg hildur tjalda
hraðast eyðir nauða reyr,[7])
gnóttir oturs gildra gjalda
gefur[8]) eflaust refla gná.
Út ertú við æginn blá.
huggar friggjan hrelda[9]) kalda
handar sanda granda vanda þraungum,
friði góðum vildi valda.
Eg að draungum, eg er seztur að draungum.

---

[1]) 148; hin: fyrir. [2]) [148; hin: vefju trafa. [3]) 148; hin: þýðleg una. [4]) 148; afbakað í flestum; sum: greiðar reiðir. [5]) [148; hin: rýrð í geðið téði; keðja = kede, kedsomhed (leiði, leiðindi). [6]) 148; hin: af. [7]) 148; hin: eyr. [8]) gefi 148. [9]) hölda, Gl.

Digitized by Google

Þjassa vessa þýða tróðu
þreyja tjáir mér[1]) nú ei,
[liðug, þýð[2]) með geði góðu
gæði fáðu siðug mey,
auki Kraka sáða sjóðu,
sútar hnútur[3]) lúti frá.
Út ertú við eyjar*) blá.
[Heiður og frið[4]) með geði glöðu[5])
gisti ristill [hnystan listar[6]) faungum;
sneiði fljóð hjá mæðu móði.
Eg[7]) að draungum, eg er seztur að draungum.

Dvalins fjalir fljóta flatar,
framan lamast[8]) straumadýr,
Litars [báti ljótum[9]) latrar,
landið undir skundar rýr,
veginn eigi rotinn ratar,
rekur lekan, hrekur lá.
Út ertú við eyjar blá.
Skip ónipurt skraut ei batar,
skafna stafna eg jafna í hafnar gaungum,
örmum farmi út af glatar.
Eg að draungum, eg er seztur að draungum.

Vikivakakvæði.
(ort um 1681).

[AM. 148. 8vo bls. 319—320 skr. 1676—1677 og síðar í Vigur; JSig. 257. 8vo; SvGrundtvig 67. 4to með hendi séra Jón Eyjólfssonar á Stað í Aðalvík (d. 1869), og segir hann kvæðið muni eiga að vera 3 erindi; Add. Brit. Museum 11, 175. 8vo og 11, 186. 8vo skr. á 18 öld (eigna Páli Vídalín); ÍBfél. 734. 8vo með hendi Þorsteins Gíslasonar á Stokkahlöðum um 1803 (eignar Páli Vídalín). JSig. 278. 4vo blöð í 8vo skr.

---

[1]) meir, JÓlGrv. [2]) [liðleg, fríð JÓlGrv. [3]) bútur 148. *) æginn JÓlGrv. [4]) [JÓlGrv.; heiður fríð 148, 270 ofl. [5]) glöðu, JÓlGrv. hin; góðu. [6]) [148; hnystum lista, hin, nema JÓl.: nista. [7]) er b. v. JÓlGrv. [8]) lamað 148. [9]) [bátur ljótur, öll, nema 148.

Digitized by Google

c. 1760, eigna Páli kvæðið. Kvæðabók Gunnlaugs á Skuggabjörgum í safni Jóns Sigurðssonar IV, 147—48. Það er ekkert ótrúlegt í því, að Páll hafi ort þetta kvæði ungur, því að í Vigursbókinni (AM. 148. 8vo) finst einmitt annað vikivakakvæði (næst hér á undan), sem Grunnavíkur-Jón segir, hann hafi ort 14 vetra.]

Fagrar heyrði eg raddirnar
    við Niflungaheim;
eg get ekki sofið
    fyrir saungunum þeim.

Litars bátur leita má
landi undan græðir á,
því á grundu þorska fá
þeygi vel eg eirði.
    Fagrar eg heyrði.
Ölduhrafn um æginn blá
einatt stefni réttan veg.
    Fagran heyrði eg.
þessu sögðu fyrðar frá,
sem fremdum voru saddir.
    Fagrar heyrði eg raddir.
Mörgum þótti hefð sú há
að hreyta sónar flóði þar.
    Fagrar heyrði eg raddirnar.
Búa til gleði og bumbur slá,
bezt svo auka mætti klið.
    Fagrar heyrði eg raddir við.
Ýmsir eru með eymd og þrá,
og allskyns mæðu þunga.
    Við Niflunga.
Opt sig sýnir glettan grá,
grimman leikinn veitir þeim.
    Við Niflungaheim.
Eins eru þeir og annað strá,
sem á eru komnir hnekki.
    Eg get ekki
mælt að sinni mærðar skrá,

Digitized by Google

því minnið er orðið dofið.
    Eg get ekki sofið.
Eins eg fer sem ungbörn smá,
sem ekki geta setið kyr.
    Eg get ekki sofið fyr.
Sagt er það að sumra spá
sannast hafi laungum.
    Sofið fyrir saungum.
Því eg mínum blundi brá,
barst það hljóð um víðan heim.
    Eg get ekki sofið fyrir saungunum þeim.

Bað mig kátur bendir fleina
bögu fram að segja eina,
þó er ekki því að leyna,
þætti ljóða seyrði.
    Eg heyrði.
þegnar af megni þrátt sig reyna,
þó að listin verði treg.
    Fagrar heyrði eg.
Fyrir útþýðing fróðra greina
fyrðar verða gladdir.
    Fagrar heyrði eg raddir.
Svipar mart fyrir sjónarsteina
sóma búið hér og þar.
    Fagrar heyrði eg raddirnar.
Óðs uppsprettu ekki neina
að eg fann með hagleiks snið.
    Fagrar heyrði eg raddir við.
Hörpustreingja hljóðið hreina
hressir gamla og unga.
    Við Niflunga.
Ekki kenna menn þá meina
meðan halda gleðinnar eim.
    Við Niflungaheim.
En þegar sárt í eymdum kveina

Digitized by Google

ei trúi' eg kæti þekki.
Eg get ekki.
Þeir gera þá að vola og veina
villir um gumna hofið.
Eg get ekki sofið.
Er þá orðið alt um seina
um að hugsa gleðinnar byr.
Eg get ekki sofið fyr.
Rétt skal enda ræðu beina,
raddar tregt er gaungum.
Sofið fyrir saungum.
Eg má ei láta niða neina
nauða bylgju að súðum tveim.
Eg get ekki sofið fyrir saungunum þeim.

Vikivakakvæði.

[Landsb. 360. 8vo 59. Rask. 81. 8vo bls. 2—3. Orðab. JÓlGrv. undir hnjóða. (Ort um 1681?)].

Það ætla sumir, að Páll lögmaður muni hafa aukið þessu erindi aptan við kvæðið sem í voru 14 erindi áður undir viðkvæði: Öll á kveldin etc.

Litars bátur heim að hýði,
hringaspaungin það um líði,
sízt misviði svanninn fríði
samið illa hróðrar kver.
[Öll á kvöldin ann eg þér][1])
Frosta skeiðin flaut á víði
fimtán sinnum rifin öll
[mín unga heiðurs menþöll].[1])
Af alvöru þó eg ekki kvíði,
að enn nú vel hún héldi
[framan undir feldi].[1])
Norðri í skutinn nagla smíði,
en Niði skal þá hnjóða
[framan undir feldinum góða][1])

[1]) Þetta í klofum hjá JÓlGrv.

Digitized by Google

Hann kvað þessa vísu á Leynifit í Víðidalstungu eingjum [fyrir 1685] fylgjandi Guðbrandi Arngrímssyni, móðurbróður sínum, og var hann ungur þá:

Mæla bragnar meining þá
að margur reyni,
tvisvar fagnar seggur sá,
er sat á steini.

Um Haga í Húnavatnsþingi [fyrir 1685], þegar hann var ungur á kaupstaðarreisu með föður sínum. Þeir stóðu við og drukku brennivíns skál og sneru hestunum heim að bænum. Lögmaður kvað á meðan, en faðir hans sagði nóg væri í borið, og bað guð að fyrirgefa honum:

Horfið á höldar djarfir,
hér er ei gott að vera,
vott eingi, völlr ósléttur,
vatnið má drepa skatna;[1])
húsið er hvert að vísu
sem haugr gamalla drauga;
betra er að búa í Víti
og bagaminna en í Haga.

Þá hann var kornungur [fyrir 1685] kvað hann um einn lázaralegan vermann, sem bar heim að Víðidalstungu, spurði að ánni og bandaði stafnum í allar áttir og snerist í snarkringlu:

Stuttur, digur, stubbaraligr
stendur ei út úr hnefa,
hristir vigur harðúðigr,
hangir úr nösum slefa.

Þessa vísu kvað hann 18 vetra, sama ár og hann sigldi [1685], við séra Þorvarð Ólafsson á Breiðabólstað:

[Landsb. 360. 8vo 14. Prentuð í æfisögu Páls framan við Fornyrðin Rvík. 1854 bls. IV og í Arb. Espól. VIII, 7—8].

Átján er eg vetra,
ýtist vöxtur lítið,
lof sé guði ljúfum,
sem lífinu mínu hlífir;

[1]) þar eru mestu flatlendis forarmýrar í kring, JOlGrv.

Digitized by Google

ei fékk odda knýir
afl né dígulskafla.
Vitið er verði betra
valla hafa það allir,

Síra Þorvarður sló tveimur seinustu hendingunum í botninn, því það var máltæki hans.[1])

Við Jón Gíslason, sem síðan varð prestur í Saurbæ í Eyjafirði,[2]) þá þeir voru utanlands studiosi [1685—88]:

Gott ár, Jón Gísla niðji,
Gabriel Lerke drakk þér til;
óska' eg hann auðnan styðji,
oss mun þá fleirum ganga í vil;
kyssí fljóð klerkur frægur,
kefji móð, stytti dægur,
á menja slóð maginn sé honum hægur.

Um síra Jón Gíslason utanlands [1685—88]. Varð eptir á prófastur:

Duðrarinn, snuðrarinn, daðrarinn, slaðrarinn
drattar um bý,
[bruðlarinn, hnuðlarinn, biðillinn, friðillinn[3])
brattur í því.

Utanlands [1685—88], þá hann var stúdent, kveðin svo fljótt sem séra Jón Gíslason, sem var í Saurbæ, gat eptir skrifað:

Feld var mærð í moldu
mold voghimins foldar,[4])
fold þegar sigla seldist
seldi hver öðrum heldur

---

[1]) Vitið er verðinu betra,
valla hafa það allir
er gamalt orðtæki og finst á skinnbók frá c. 1500 (AM. 37. 8vo). [2]) séra Jón Gíslason kom til Khafnarháskóla haustið 1685; var leingi við hermensku erlendis. Fékk Saurbæ 1708. Dó 1724. [3]) [biðillinn, friðillinn, brýjarinn, fríarinn JÓlGrv. í orðabók sinni (brattr; brýjari = gortari, fríari]. [4]) ɔ: Íslands (JÓlGrv).

Digitized by Google

heldur súrnar sjáldur
sjáldur í augum skálda,
skáld var eg hvergi haldinn,
haldi þér mig það aldri.

Þá hann var utanlands [1685—88] kvað hann þetta um einn vaktara, sem saung sitt vers við hvern tíma, eptir þeirra vanda, en kvað ómögulega stirt, og svo hátt að gall í hverjum turni:

Hryllilegt er að heyra tröll,
hrína ljón, en öskra svín,
snillin þykja mér þeirra sköll
hjá þínum hljóðum, kindin mín.

Um einn, sem þeim þótti ei tíðum rækja lektíu Vandalíns [1685—88]:

Doctor Wandel dýr og vitr
deilir á Bellarminum,
en digri Láfi[1]) drekkr og sitr
drjúgt með löndum sínum

Hann varð prestur síðan einhvers staðar fyrir norðan. Hann var það, sem sagði við eina konu, þá hann sagði henni látið mannsins hennar, að hann gæti ei betur gert henni til vilja eður glatt hana fyrir þessa harmasögu, sem hann hefði orðið til að segja henni, en að hún ætti sig, og beiddi hennar þá, því hann var þá ekkjumaður.

Þetta kvað Páll lögmaður stúdent [1685—88] svo fljótt sem eptir varð skrifað:[2])

Mörg hér móins torga
mittisfögur strönd hittist
í Kaupinhafn,
laglegar liljur veiga,
liðast hár um þær niður,
svo hind er á,

---

[1]) Einginn Ólafur hefir verið tekinn í stúdentabölu við Khafnarháskóla, sem gæti verið sami og þessi. [2]) Espólín segir, að Páll og Steinn biskup hafi kveðið þessa vísu saman utanlands, (Landsb. 270. 4to bls. 70.)

Digitized by Google

munnfríðar með ljóst enni,
mæti er á slíkum sætum,
þá húmar að;
valla vantar á snilli,
víf eru fögur og lífleg
í sænginni.

Þessi vísa hefir mér verið sögð af öðrum út í frá, svo sem hún hér skrifast. Lögmaður hefir hana kveðið. Hún má kveðast í þrem pörtum, sem sjá má. [Ort um 1685—88?]:

Mörg er fögur menslóð
með blóma,
mær hýr á brá,
málþýð, siðug, orðgóð
við fróma,
mikil hind er á,
mentuð best og mjög fróð
á sóma,
mein bæta má,
mittisnett og kinnrjóð,
svo ljóma
mæli eg satt í frá,
einatt hrindir af móð
og dróma
auðs þýða ná;
ei er meyjar lund hljóð,
við dóma
eyðir sút og þrá;
elska menn því ung fljóð,
eg róma
ey bauga þá,
meðan æðar hafa volgt blóð
við góma.
er því gott að ná.

Kveðið þá þeir voru stúdentar utanlands [1685—88] og héldu sig lystuga, í drykkjusamsæti. Hver skyldi kveða upp á annan. Árni Magnússon kvað til Páls Jónssonar: ...

[Landsbókasafn 360, 8to 50. Fyrri vísan prentuð í Huld I, 1890 bls. 76.]

Digitized by Google

Skylt er víst að skýri jeg
skötnum satt frá Páli:
hann hefir orðið margri mjeg
meyjunni að táli.

Páll svaraði:

Árni satt eg anza vil,
eigi þó hann klægi,
sá veit hvernig bauga bil
blæðir stunginn magi.

Um einhverja kerlingu [1685—88?]:[1])

Hakkaðu í þinn hola skrokk,
hringnefjuð kerling,
feitar krásir, flot og ket,
fingrasmá kerling,
sílið, flesk og súrt öl,
singraði kerling,
spennist út sem spjör þunn,
springi nú kerling.

Um séra Helga Ólafsson, sem þá var utanlands prestlaus [1686—87].

[Landsb. 360. 8vo, 94b. Sbr. AM. 437. Fol. bl. 57 (JÓlGrv.)]

Flestir Íslenzkir voru saman á einum vínkjallara. Þóttist Helgi fá lítið. Sagði sér væri kalt og þeir tímdu eigi að drekka sér til. Kváðu þeir svo allir vísuna um hann, en Árni Hákonarson[2]) lagði til seinustu hendinguna, svo drukkinn að það varla skildist, því hinum varð þar stanz. Helgi varð svo reiður við þá hending, að það varð að standa í milli þeirra:

Helgi er varla volgur,
vílgjarn fæðir ylgja,
málgur fyrðum fylgir,
fjölga ljóð, þá hann ölgvast,

[1]) Séra Loptur, af orðinu galdra-klerkur, tene historiam, JÓlGr. [2]) Árni Hákonarson er skrifaður í stúdentatölu við Khafnar háskóla 27. Okt. 1681 [»Hannæus(!?) Haqvinius Islandus«]. Fór um áramótin 1682—83 til Noregs og varð skrifari hjá Þormóði Torfasyni. Kom aptur til Kaupmannahafnar um vorið 1686 og var þar fram til sumarsins 1687. Þá fór hann til Íslands (Sbr. Minerva, Janúar — Marts 1788 bls. 16).

Digitized by Google

bylgju staupa belgir,
bólginn víns af ólgu,
sólginn er hann að svelgja,
sálgast mun hann á gálga.

Við séra Helga, sem síðan var á Stað í Hrútafirði. Sálmalag, því hér er hálfkleyfa fyrst:

Syndugur Helgi sjá þitt ráð
segjum vér nú, og það er af náð,
gættu því vel um gumpinn þinn
gamli klyppinga þófarinn.[1])

Helgi misti prestinn fyrir barneign og fór hingað,[2]) síðan til Svíaríkis; átti þar barn með barnfóstru Guðmundar bróður síns, fór svo hingað[2]) aptur og þá var þetta. Eptir það fékk hann restitutionem. Árni Hákonarson og hann köntuðust opt á.

Við síra Helga, sem síðan var á stað í Hrútafirði, en þá var prestlaus utanlands [1686—87] og skrifaði sögur fyrir Svenska:

Helgi skrifar herlegar sögur
helzt þá er í kolli lögur,
gæti þér að,
höldum þykir höndin fögur,
hvort hún er heldur feit eða mögur;
hver á með það?

Hugaríma.

Hér byrjast Hugaríma, sem þeir Steinn biskup og Páll lögmaður, þá þeir voru stúdentar utanlands [1686—88] kváðu á einum kveldtíma, meðan þeir drukku einn pott öl, og orsakaðist af þeim orðum, sem standa seinast í rímunni: þar brann eldur á skíðum. Ex autographo lögmannsins.

Vegur manns til meyjar.

[Landsb. 360. 8vo bls. 61—68. Jón Ólafsson vitnar opt í þetta kvæð í orðabók sinni.]

Rómaborgar vek eg vörð[3])
vökvaðan herjans minni,
sá eð fleyti af sinnu jörð
Suðra galeiðinni.

Þar á setr hann þundar
svan,
þann er öldu ljóni
út á lægis ólgustjan
ýta lét af fróni.

---

[1]) ɔ: puellarum JÓlGrv. [2]) þ. e. til Khafnar. [3]) vörður rómaborgar = tungan.

Digitized by Google

Hræsvelgs niðji hastur mjög
hristir lóna bessa,
á báðar síður lýstur lög
lægis hrafna skessa.

Drífur, hrekur, hrindir byrst
húna ljóni tíðum,
litið Hugi fær nú fyrst
frón með grænum hlíðum.

Veltist alt að Óðins frú
árajór með skyndi;
þótti létta þrautum nú,
þá kom logn úr vindi.

Af stýriströnu stíga réð
stirðum ilja hlunni
eldi vinar Mímis með[1])
mæddur af sjóreisunni.

Lygru gyrðils ljóma grér
leingi tvíla náði,
hversu bæri' að haga sér,
halinn vílið þjáði.

Vill þó herjans haukur ei
hér sér afla leiða,
fór að skoða Fjölnis mey,
frá gekk húsi reiða.

Ilja stoðir eymdi títt,
Yggjar kannar frillu
aptur og fram um frónið vítt
farinn nær í villu.

Þegar að staddur þanninn er
Þjassa ræðu veitir,
fyrir örva stýrir ókind ber
Ómenska sem heitir.

Vildi fólið fanga þá
fjölnis bála gætir;
hann með svinnu hér við sá,
harkan orku mætir.

Samangangur geystist nú,
get eg hvorugt vægi,
hann og þessi þussafrú;
það voru brögð í lagi.

Riðar hæð og hauðurgjörð,
hræðast dýr og linnar,
mátti detta mædd á jörð
móðir fávísinnar.

Rínar mána hirðir hýr
hratt frá yrpu geingur,
upp á Móða ömmu[2]) snýr,
ei vill bíða leingur.

Víða báru blossa grér
brúnasólum rendi,
fagran skóg um síðir sér
á Sigtýs grænu kvendi.

Björkin hver í blóma stóð,
blökuðu lauf með snilli,
eins og fegursta' ægis glóð
oleum rann á milli.

---

[1]) Hann bar korða, JÓlGrv.

[2]) Móði var sonur þórs, enn móðir þórs er jörðin, JÓlGrv.

Digitized by Google

Herjans elda hirðir þá
hrærist ærilega,
eingri leingi undi hjá,
enn þó kanni trega.

Á Óðins brúði síðan sér
seggur glöggur eina
eik, er mikið af öðrum ber
öll sem gullið hreina.

Fögur, lagleg, fín og hrein,
falleg, snillin bæði,
brosti kvistur, blöð og grein
brast ei skástu gæði.

Léku klókar kyrtla gnár[1])
kringum fagurlima,
ála sólar seljur þrjár
sveipaðar eldi brima.

Að ulli snjöllum unnarbáls
eikin víkja náði;
þundur greindur þjassa máls
að þöll með snilli gáði.

Hjartað snertist, sinnið brann,
sýnist muni hreldur,
skartið ertir innra mann,
augunum fegurð heldur.

Reikar fells ei mána má
málmagautur hamla,
hvar ei sneri halnum frá
hoffróðudísin gamla.[2])

Þegar hugul þetta sér
þjassa vessa brekka,
skógar plágu inn blíðan ber
og björk, en lerkar ekka.

Einirs fenrir[3]) æsir dís[4])
öldu falda sterkan,
blossinn þessi blásinn rís,
brennir innri verkan.

Spjóta lítur spakur freyr,
er spektar aktar næmi,
hvar að voru hlýrar tveir[5])
hennar sönn afkvæmi.

Báðir réðu brjótar stáls
bera örvar fríðar,
var og ýr um hölda háls,
hann þeir spenna síðar.

Dætrum álms[6]) með geðið glatt
gautar vætu ljóma
báðir síðan beittu hratt
í bjarkar merkan sóma.[7])

Hræra sár, en húsa bót
hyggja glöggvast náði
hver svo nærri hennar rót
hreyfa fífu gáði.

Hún gat að líta gauta stáls,
er gerðu harða pínu;
fá vill hirði flæða báls
að farga sorgar línu.

---

[1]) ɔ: Gratiæ, JÓlGr. [2]) Venus, JÓlGrv. [3]) est ignis JÓlGrv. [4]) öldu falda dís, Venus JÓlGrv. [5]) cupidines JÓlGrv. [6]) sagittis JÓlGrv. [7]) »eptir fylgjandi fyrstu hendingar, hvers vers stóðu í autographo, en alt annað eptir hans minni« JÓlGrv.

Digitized by Google

Hyggju búðar hólaljós[1])
hún um frónið sendi,
eyðir prúðan elda sjós
eikin mjúklát kendi.

Hallast vill að vitrum gaut
víðis glóða spíra,
öll frá þöllu ýtist þraut,
amann rýmir hýra.

Rínar mána mætum brjót
meinin dvína flestu,
eikinni tekur teitur mót,
týnast raunir mestu.

Linda strandar löðurs dís[2])
líkuðu mjúk atvikin,
nær þeim meiri glóðin gýs
gustinn æsir mikinn

Öll án kvilla eikin mjúk
oturs bóla hreytir
féll á snillinn hauka hnúk,
hót ágætust veitir.

Undrum tendrast einirs pín,
út var slitið kvíðum,
þegninn logar og þöllin fín,
þar brann eldr á skíðum.

[Utan á blaðið var skrifað]:[3])

Erindin færir yður hér
Óðins brúðarmeiðir[4])
og Ýmis góma skorð-
að sker,[5])
skoði þið Sviðris veiðir.

En þó stirðleg orða þél
ei sem fegurst kendi,
biðjum yður að virða vel,
við höfum fleira' á hendi.

Um horaða soldáta, sem höfðu verið innkvarteraðir í Noregi og þar illa haldnir. Kváðu þeir báðir herra Steinn og lögmaður, þá þeir voru forðum stúdentar [1686—88]:

Þetta er mikið þræla lið,
þyrpist hópum saman;
hvað gekk til þess himna smið
að hafa þá svona í framan?

Utanlands [1686—88], þá þeir herra Steinn og lögmaður voru stúdentar[6]); lögmaður vildi ganga fram; mannmart var í stofunni; herra Steinn var í vegi fyrir lögmanni; lögmaður tók yfir um hann á hlið til að víkja honum úr vegi.

Herra Steinn kvað:

---

[1]) oculi, JólGrv. [2]) Venus, JólGrv. [3]) í klofum hjá GrvJ. [4]) þ. e. Páll; [5]) þ. e. Steinn. [6]) Steinn biskup er ritaður í stúdentatölu við Khafnar háskóla 7. Sept. 1686.

Digitized by Google

Taktu ekki á mínum maga,
mér kann ekki slíkt að haga
því að hönd þín helgar ei.

Lögmaður sló í botninn:

Þú þarft sízt yfir því að klaga,
þér hef eg aldrei gerðan baga
né fiplað neina fyrir þér mey.

Herra Steinn kvað einu sinni við lögmann forðum utanlands [1686—88], þá þeir voru stúdentar:

Páli sendir Sviðris öl
seinn til snildarorða Steinn,
Páli er Óma eignin föl,
einninn hennar leitar Steinn;
Páli aldrei bruggi böl
beinn í sinni ræðu Steinn,
Páli færir Fjalars kjöl
fleinninn máls, sem brúkar Steinn.

Við síra Eiríkr[1]) utanlands [1686—88], er Íslenzkir drukku saman:

Eiríkr hefir óþarft raus,
á hann skulum vér deila,
ormr er kominn í hans haus
innanvert við heila.

Mag. Jón biskup Vídalín, þá hann var ásamt lögmanninum Páli Jónssyni studiosus utanlands[2]) [1687—88] kvað hann þetta latínuvers, en lögmaðurinn lét skrifa á sinn korða:

Non nociturus ego, sed defensurus ab hoste
Aptatus lateri sum, Widaline, tuo.

---

[1]) þ. e. síra Eiríkur Bjarnason á Hallormsstað, d. 1726. Hann er skrifaður í studentatölu við háskólann 19. Nóv. 1686 og var í Khöfn árin 1686—88. [2]) Jón biskup Vídalín er ritaður í stúdentatölu Khafnar háskóla 20. Sept 1687.

Digitized by Google

Lögmaður Páll verteraði svo á íslenzku:

Ekki til að angra þjóð,
en að forða stríðu,
hefir þessa herjans glóð
heingt sér Páll við síðu.

Um kveðskap Íslendinga í drykkjusamsæti utanlands [1687—88] við Jón Eggertsson og síra Gísla Einarsson, sem var í Múla:

Ekki kann eg erindin við,
um þau títt þó sýsli,
æran færist Eggerts nið,
aumlega kvað hann Gísli.

Hver þeirra átti að kveða vísu, þá þeir sátu saman og drukku, stúdentar.

Utanlands [1687—88] kvað Mag. Jón biskup um síra Gísla Múla:

Gislavus est hirsutus homo, testudo pererrans,
candidus ut vulpes, ingentis consilii bos.

Lögmaður sneri á íslenzku. Þá voru þeir allir stúdentar:

Gísli er loðinn manns í mynd,
margskríðandi tussu[1]) kind,
hreinn í raun sem refr á braut,
ráðugr eins og þrévett naut.

[JÓlGrv. í orðabók sinni undir falur, fétönn, tentur, tönn og eignar á seinasta staðnum Pála Vídalín, en segir annars að það hafi verið ort í Víðidal um 1690. Fétönn á að vera úr helgum manni].

Pétur fór í danzinn með anzinn;
bar hann fagran laufanna kranzinn;
minst var frúin mjóleit um falinn:
málfaðmur, þanspönn og alin.

---

[1]) Sbr. á dönsku: tudse. Séra Gísli er skrifaður í stúdentatölu 2. Nóv. 1687. Hann var sonur Einars biskups Þorsteinssonar. Dó 1723.

Digitized by Google

Fljóðið[1]) hefir fétönn [um salinn[2]),
fregnin sú er mjög sönn og valin,
[mittis eigi mjög grönn um[3]) falinn:
málfaðmur, þanspönn og alin.

Minnisvers yfir Gerhardi hugvekjur.
[Gerhardi hugvekjur, V. útg. Skálholti 1695 bls. 476—481].

Meining þeirra latínsku málsgreina, sem standa fyrir framan sérhverja hugvekju, fyrir þá einföldu og fáfróðu, sem ekki skilja latínskt tungumál, í íslenzk ljóðmæli eða samstæður útsett af Páli Jónssyni skólameistara að Skálholti, til að stoða minnið.

Mega tvö stef eður samstæður samteingjast og syngjast með hymnalagi.

1. hugvekja. Sanat confessio morbi.
Hverjum sem liggur lækning á,
lækninum mein sitt játi sá.

2. hugvekja. Patientem respice Christum.
Horfðu, maður, á herrann Krist,
hann, sem fyrir þig krossfestist.

3. hugvekja. Christus rescipiscite clamat.
Guðs son vill ei að glatist mann,
geri þér iðran, kallar hann.

4. (hugvekja). Nomine quid Jesu svavius esse potest?
Jesu nafn ilmsætt yfir ber
allan sætleik, í heimi er.

5. hugvekja. Mihi Jesu gratia quæstus.
Minn ávinningur met eg að sé
mildin Jesu, sem dó á tré.

6. hugvekja. Crux Christi nostra corona est.
Eg gleðst við Jesu undafoss,
oss er heiður að Jesu kross.

---

[1]) Frúin, al. [2]) [ókalin, al. [3]) [mergjuð er hún og mikið. þykk um, al.; mjó er eigi mær yfir, al.; mærin er mjó yfir, al.

Digitized by Google

7. hugvekja. Mea spes est passio Christi.
Sjá hér þinn ríkdóm sála mín,
set eg mitt traust á Jesu pín.

8. hugvekja. Bona spes confundere nescit.
Von sú til skammar verður sízt,
vor sáluhjálp er staðföst víst.

9. hugvekja. Domino jungaris amore.
Hafna þú sál mín heimsins sið,
hald þig með elsku drottinn við.

10. hugvekja. Solvit mea debita Christus.
Drottinn tók oss í sátt við sig,
frá syndunum Jesus leysti mig.

11. hugvekja. Mors Christi vita piorum.
Guðs sonur leið fyrir glæpi manns,
guðhræddra líf er dauðinn hans.

12. (hugvekja). Viva est victrix, si modo vera fides.
Lifandi og sönn trú sigurinn fær,
sanntrúaður er drottni kær.

13. hugvekja. Animarum sponsus Jesus,
Oss trúlofar guðs sonur sér,
sálar brúðguminn Jesus er.

14. hugvekja. Fulgent canabula Christi.
Lít þú á fæðing lausnarans,
ljómar af elsku vaggan hans.

15. hugvekja. Sit grata redemptio Christi.
Fögnum Jesu, sem fæddist oss,
frelsið þökkum með ástarkoss.

16. (hugvekja). Quid deus est? animæ lux, medicina cibus.
Hvað er guð? Sálar lifandi ljós,
lækning, næring og dýrðar hrós.

Digitized by Google

17. hugvekja. Sacrum baptisma lavacrum est.
Skoðum guðs ást og skipun hér,
skírnin vor heilög vatnslaug er.

18. hugvekja. Vitæ fons est caro Christi.
Lífskraptur Jesu lífgar þjóð,
lífsbrunnur er hans hold og blóð.

19. (hugvekja). Mirari, non rimari sapienta vera est.
Gleð þig og undra, en grunda ei að
guðs leyndardómum, vizka er það.

20. hugvekja. Christi sis providus hospes.
Bú hjarta þitt sem þú kant bezt,
þig kallar Jesus sér fyrir gest.

21. hugvekja. Cum Christo ascendere nostrum est.
Uppstigning Krists er upphefð manns,
upp stíga skulum vér til hans.

22. hugvekja. Electos Deus obsignat spiramine sancto.
Útsendir drottinn anda sinn,
innsigli í trúuð hjörtun inn.

23. hugvekja. Christi est Ecclesia sponsa.
Við gæzku drottins gleðjunst vér,
guðs kristni Jesú brúður er.

24. hugvekja. In Christo electio facta.
Í Jesu guð oss útvaldi
til eilífs lífs í dýrðinni.

25. hugvekja. Penetrant suspiria cælum.
Ó, hvað trúuð bæn orka kann,
upp stígur hún í himna rann.

26. hugvekja. Sanctis sacer angelus astat.
Oss til gæzku á alla hlið
einglanna drottinn sendir lið.

27. hugvekja. Quis norit dæmonis astus.
Hver kann við fjandans flærð að sjá,
fall og svikræði bruggar sá.

Digitized by Google

28. hugvekja. Pietas sapientia summa est.
Guðs ráða sál mín gættu mest,
guðræknin ein er vizkan bezt.

29. hugvekja. Secure vivere mors est.
Vöktum vér oss við uggleyse,
ugglaust líf held eg dauði sé.

30. hugvekja. Sit vitæ regula Christus.
Skoðum líferni lausnarans,
látum oss fylgja dæmum hans.

31. (hugvekja). Ille negat Christum, qui se non abnegat ipsum.
Hver ei afneitir sjálfum sér
sjálfum Christo afneitar hér.

32. hugvekja. Domino mens nixa quieta est.
Hjartað þitt æ við herrann styð,
hjartað þitt fær þá ró og frið.

33. hugvekja. Mens recti conscia vita est.
Saurugt líf mörgum sorgir bjó,
samvizkan hrein er lífsins ró.

34. (hugvekja). Quid homo? quid bulla? nihil sunt.
Hvað ertu maður? Hvað bólan(n)?
Hvorugt er neitt á réttan sann.

35. hugvekja. Quis vere pauper? Avarus.
Hver sá maður, sem ágjarn er,
allra þungustu fátækt ber.

36. hugvekja. Sanctos dilectio signat.
Auðkenni trúaðs innra manns
er elska til guðs og náungans.

37. hugvekja. Christi mens casta cubile.
Óflekkað hjarta og hreinlife
herbergi Jesu trú eg að sé.

Digitized by Google

38. hugvekja. Hominum quid vita? Cylindrus.
Hvað er þó fallvalt heimsins ról?
Hvað er líf mannsins? eins og hjól.

39. hugvekja. Præstent æterna caducis.
Glysið heimsins forgeingur alt,
gózið eilífa sízt er valt.

40. hugvekja. Crescit sub pondere palma.
Undir freistingum eflunst vér
eins og pálmi, þá beygður er.

41. (hugvekja). Tandem patientia victrix.
Með þolinmæði þrey þú og bíð,
þolinmæðin mun vinna um síð.

42. (hugvekja). Spes confisa Deo, nunquam confusa recedit.
Hver sem á drottinn hefur sitt traust
hjálpast og sigrar efalaust.

43. hugvekja. Mortis meditatio vita est.
Hvern dag um dauðann hugsa þú,
heilsa og líf er þelnking sú.

44. hugvekja. Vitam moriendo lucramur.
Að deyja lífsins upphaf er,
ávinning dauðann tel eg mér.

45. hugvekja. Christi reverere tribunal.
Ó, maður hygg þú um þinn hag,
óttast þú dóms hinn stranga dag.

46. hugvekja. Semper mens respice sursum.
Lypt þú hug og hjarta þín
til himna dýrðar, sála mín.

47. hugvekja. Sanctorum patria cælum.
Fagna þú æ við farsæld þá,
föðurland vort er himnum á.

Digitized by Google

48. hugvekja. Cælestis curia nostra est,
Ó, þá er eignast himna höll
með helgum einglum guðs börn öll.

49. hugvekja. Semper meditare Gehennam.
Ó, maður, þeinktu um eilíft bál,
æ, hvað mun líða fordæmd sál.

50. hugvekja. Tormenta æterna malorum.
Eilífar píslir aldrei þver,
eilíf helvítis pínan er.

51. hugvekja. Cum Christo surgere vita est.
Oss er það líf hið æðsta fyst
að upprísa með þér, Jesu Krist.
Gef þú oss þar til þína náð;
þér sé dýrð, Jesu meyjar sáð.

Sturlakvæði.

Lögmaðurinn var þá skólameistari [1691—96], er hann orti það, en á Sturla segir hér síðar skil, hvílíkur hann var. Kvæðið orsakaðist svo: Sturli hafði haft fyrri geitur í höfði, en kvað af galskap allra handa bullandi fíflsku; hrafn var úti, stóð niðri í hvítri og skininni hauskúpu og kroppaði hana:

Sögu vil eg þér segja:
Sjón bar fyrir mig úti,
hrafn í hvítri brók,
hlýði halur og meyja,
hann hélt á nasaklúti
og hann með hasti skók.
Hvaðan komstu? hrafninn að eg frétti;
hornauga þá krummi við mér setti,
hreifði væng og hræsporana bretti,
hvatskeytlega sér frá jörðu létti.

Frá Hliðskjálf kom eg hingað,
hrafninn frá eg mér anzi,
Sigtýr sendi mig;
fyrir þrem dögum var þingað
þar, en[1]) maské stanzi

[1]) þar á, JÓlGrv. í orðamun.

Digitized by Google

aðra eins og þig;
séð hefur Óðinn af bragðsmanninn Stulla
í æðaflóði Kvásis tíðum sulla,
með honum veit hann vizku byggja fulla,
vers hans kæta dýnu fofnis[1]) ulla.

Hann bauð mér að höggva
á höfuð hans gat með nefi
og sækja kvæðin klók;
út af[2]) ei má döggva,
eg því tekið hefi
klút og kostabrók;
með klút vil eg um kollinn aptur binda
en kvæði og vísdóm festa mér á linda,
Þór og Golnir þeygi við mér hrinda,
þessa speki munu þeir að sér vinda.

En ef grær ei aptur,
eg við krumma sagði,
höfuð á hjörva grér?
Heill skal randa raptur
»rétta í lifandi bragði«,
Hnikar hét því mér,
svaraði hrafninn sviplegur í æði,
sveittur mjög og kominn að sprungi í mæði;
hvergi er ýkjað hót í þessu fræði;
haldi Sturli nú til góða kvæði.

Sturlaríma.
[1691—1696].

[Landsb. 360. 8vo 107—122. Jón Ólafsson vitnar mjög víða í rímuna bæði í orðabók sinni og öðrum ritum].

Vanta framan af fyrstu 6 eður 7 erindin; í þeim er um getið, inter personalia hans, um þann búning og stálhúfu, sem hann hafði að heiman.

8. Það er að segja satt um hal,
sem að fyrr var téður,
ferðast gerði fram í dal,
féll á ofsaveður.

---

[1]) frænings, JólGrv. í orðamun. [2]) ef, JólGrv. í orðamun.

Digitized by Google

9. Hestr er sagður harðr og snar
um holt og slétta vegi,
líkt sem fálki á flugi var,
fótur stökk honum eigi.

(Hér sýnist að vanta erindi að vísu).

10. Sturli viltur orðinn er,
ei fæst bót á meinum;
lúinn kemur laufagrér
loks að helli einum.

11. Þar stóð úti þussi flár,
þann spyr Sturli að heiti;
anzaði hinn með ygldar brár
aptur sverða hreyti:

12. Ókendan eg þeinki þig,
þundur stæltra fleina;
Ósvíf nefnir öldin mig,
ei er því að leyna.

13. Intu nafn þitt aptur mér,
eyðir mundar lýsu,
þó það vita þykjumst vér.
Þá kvað Sturli vísu:

14. Kalt er vetur, kólna tekur yrjar,
ás hretur í hyrjar hó:
ljóðin senda óð,
endinn fagnar,
brákin magna
í þessu hyrjar hó.

15. Ósvífur gat aptur birt
ungum sverða hnekki:
Furðulegana er fræðið myrkt,
fjandinn skilr það ekki.

Digitized by Google

16. Aptur Sturli anza vann
eyðir mundar jaka:
þér skal herma það með sann;
þá hraut önnur staka:

17. Læt eg stundum Litars bátinn kyrja
laungum spranga lyginn manga ljótur að byrja.
Hrumnirs viður hrandis ljóða sendi
hreytirs glóða þagnar móða svo skal endi.

18. Ósvífur kvaðst aungvu nær
ilsku tamur í sulli;
þessu fjúki völdum vær,
veiztu það ekki, Stulli?

19. Nafn þitt fyrri greint eg gat,
gaurinn þorði að segja;
ætla eg þig mér upp á fat,
áttu hér að deyja.

20. »Ekki að tarna«, bykkjan blauð,
byrstur Sturli sagði.
Þig skal eg rota rækalls gauð
»rétt á lifandi bragði«.

21. Fast réð Sturli stíga á völl,
stygð í brjósti svíður;
»formyrkvaðist« ásján öll,
ekki var hann þá fríður.

22. Ósvíf felmtrar, ei má hann
ásján Sturla líta;
inn í hellir hratt sem kann
hljóp frá geymir ríta.

23. Út í dyrnar yfriks stein
yrpu ver nam færa;
af þeim kunni hann ekki nein
orka mensk að hræra.

Digitized by Google

24. Auga snöru renna réð
rekkur að hellis mynni;
hol eitt gegnum hann fékk séð
hvað þar gerðist inni.

25. Hvarma stjörnu hvimar hann vítt
hamars millum leyna;
sá þó eigi nokkuð nýtt,
nema kerling eina.

26. Jötuninn hleypur hart, en var
hún í eldaranni.
Kerling spyr, hvort karl sinn bar
krofið af ferðamanni.

27. Ósvífr fyrir ótta þá
upp kom hljóðum valla,
fölr á lit og líkur ná,
lá honum næst að falla.

28. Hér næst jötuninn hræddur tér:
Hugsan feldu slíka;
það eg uppá sannleik sver,
sá eg ei hans líka.

29. Undan aungvum fjanda flýr,
fimr í bragði og hraður,
yfir þungum þaunkum býr;
það er einn heljarmaður.

30. Uggir mig um illa spá,
eg tek nú að kvíða,
höfuðin okkar hálsi frá
hann muni beggja sníða,

31. Ef að duga ekki par
okkar gömlu prettir.
Þá gaf yrpan þussa svar:
þetta eru slæmar fréttir.

Digitized by Google

32. Reiðistríð á Sturla sveif;
stálafreyr hinn óði
sterkum höndum steininn þreif
stæltr af jötunmóði.

33. Síðan yfir höfuð hann
hóf í ofurbræði,
kastar hast, svo kynja vann
karl og skessu bæði.

34. Hann gekk þegar í hellirinn
hugaðr framar vonum.
Ósvífr hugði að andskotinn
anaði þar að honum.

35. Titrar leggur, tönn og hönd,
tröllin naumast anda;
öll þeim sýndust efnin vönd,
óttuðust reiðan fjanda.

36. Sturli mælti sem það sér
sollinn grimdar bríma:
Kom nú argur yrpu ver,
ef þú vogar að glíma.

37. Síðan gangast geystir að,
greslegt afl ei spörðu;
greipt og laust þar gekk úr stað,
glymr í himni og jörðu.

38. Rimman stóð með rekkum tveim
römm í fjóra tíma;
það er mér sagt, að hvergi í heim
heyrzt hafi þvílík glíma.

39. Sturli sér að slíkt ei má
svo búið leingur standa,
hælkrók leggur öflgan á
Ósvíf gamlan fjanda.

Digitized by Google

40. Féll á bragði flagða ver
farinn að mætti þolnum;
Sturla hefir ei stál hjá sér
að stýfa haus frá bolnum.

41. Lausir steinar lágu fjær,
lagvopns ei má njóta;
hinn það ráð í hugann fær
hálsinn trölls að brjóta.

42. Það var um fram orku manns
að oka[1]) svírans miðum,
því er síðan höndin hans
hægri skökk í liðum.

43. Ósvífur lét öndu þar,
upp nam Sturli rísa,
þrekaðr mjög og þyrstur var;
þá hraut garpnum vísa:

44. Krúsina svarta kólgu dýr
Kjalars parta hleypr um býr
ólgu skarta undan snýr
utan parta skrattinn býr.

(vantar hér við margar vísur Sturla).

45. Óðamála verða vann,
viltr að hyggjaslóðum.
Undrast kerling hverninn hann
hvert orð talar í ljóðum.

46. Hugði karls að hefna síns
hyrjan tryld með æði,
hleypr að veiti hrafnavíns[2]
hreld af ógn og bræði.

---

[1]) aka, Ob. [2]) þ. e. blóðs.

Digitized by Google

47. Asýnd[1]) hans varð eins og flag
[öll, en horfin náðum[2]);
ætli þér nokkuð augnalag
á þeim væri báðum?

48. Hryggspönn tekur hann um tröll,
hrindir vægð og spekju;
björgin titra, bifðust fjöll,
brakar í hellisþekju.

49. Freyðir bæði hún og hann,
hellirinn aldrei þagði;
það var ei fyrir menskan mann
að mæta slíku flagði.

50. Glíman alt fram gekk á nótt,
griðanna hvorugt beiddi;
fann hann mellu minka þrótt,
mjög að veggnum reiddi.

51. Sveiflu sterka hér næst hann
hamra gerði þrúði,
svo á lopt upp vinda vann;
víða flakti dúði.

52. Flík að nafla flettist öll,
flagðið datt um síðir.
Eldi skaut af ásján tröll
upp á meina stríðir.

53. Neistar flugu nefs um láð
nærri hvarma stalli;
upp frá því var augnaráð
óstöðugt á kalli.

54. Í því lindinn brókar brast,
ber lá undir hyrja;
hvort hann lagðist, hversu fast
hér má einginn spyrja.

---

[1]) Ásján, Ob. [2]) [öllum firtur dáðum Ob.

Digitized by Google

55. Að feldri skessu fangi snýr,
frá því rétt eg segi;
kvensemi þvingar kjólatýr
kynleg frá þeim degi.

56. Vill þó bana bjargafrú,
brestur vopn sem áður;
meðalið hitta meinast nú
maðrinn óseinráður.

57. Hverninn kerling léti líf
leizt honum ekki að marka;
greip því snörpum gómahníf
galdra vífs um barka.

58. Æfi þanninn enti sprund,
öndin fór af búki;
hana sótti á samri stund
Satans ferðapúki.

59. Blóðið rann svo litaðist láð,
líklegt sýnist valla,
að ei hafi dropinn einhver náð
ofan í hann að falla.

60. Um það hefir hann eingin svör,
upp stóð síðan þjáður;
æ var þaðan af baugabör
betra skáld en áður.

61. Gat ei lumpin galdra snót
gert honum þess að hamla;
enn ef hún hefir ættarmót
átt við hann Kvási[1]) gamla?

---

[1]) JÓl. Orðab: (ætt); Sathan 360.

Digitized by Google

Þá Sturli hafði kastað mæðinni kannar hann helliriı n, og finnur eigi annað en galdratól, svo sem hníf skeptan í mannsrif, og annað þvílíkt. Þá kemur þetta:

62. Frumsu leður og flís af eik
flúruð ýmsa vega,
blý og tálkn að bænda leik
ber hann ei augljóslega.

63. Margs ínytja maðurinn varð
og meinti í burt að ganga;
honum kom þá við hellisbarð
högg á annan vanga.

Síðan leit hann um öxl og sá þau bæði geingin aptur; réðust þau þá bæði á hann. Þá kemur:

64. Varla föllum varðist fyst
vopnafreyr hinn bráði;
þá lá næst hann þeinkti á Krist,
en það varð ekki að ráði.

Þá tók Sturli það ráð að heita á Óðin; dró þá svo magnið úr þeim, að hann feldi þau. Ætlaði þá Sturli að drepa þau með hnífnum, sem hann fann í hellinum, skeptan í manns rifinu, en þá þau sáu hnífinn, hræddust þau og báðu Sturla sér griða. Það veitti hann, en þó með þeim skilmála, þau skyldu fylgja sér síðan alla æfi, og það undirgeingust þau. Varð Sturli altíð þar eptir að hafa sterkt varðhald á, hvar sem hann kom, að þau gerðu aungvar óspektir, og markaði þeim því jafnan svið utan garðs.

Sú er saga til þessarar rímu.

Sturli, sem hér er nefndur, var vinnumaður í Vitidalstungu á þeim árum, er lögmaður var skólameistari og næstum fyrir. Hann var sendur um Jólatíma þar fram í dalinn að Hrafnsstöðum, eptir brennivíni. Þá voru þau séra Ólafur og Anna frá Breiðabólstað stödd í Víðidalstungu. Sturli hrepti fjúk, viltist og komst þó loks inn úr hríðinni og villunni að Hrafnsstöðum, berhentur á hægri hendi. Einhver þar spurði hann, hvar af það kæmi. Hann svaraði með sinni ofsa kátínu eptir

Digitized by Google

vanda, að hann hefði offrað hendinni hægri andskotanum til hjálpar sér úr villunni. Þá hefði hann haft slægð við, og látið vetlinginn standa nokkuð fram af hendinni, svo þegar andskotinn ætlaði að taka í höndina, kipti hann vetlingnum burt. Samt komst Sturli heim um kvöldið, og þá sagði hann: »Ekki hefi eg signt mig í 7 ár og ekki lesið faðir vor í 4 ár, en nú gekk svo að mér í kvöld, að mér lá við að biðja guð að hjálpa mér, og ekki varð af«. Þar af kemur það, sem hér stendur seinast í rímunni:

þá lá næst hann þeinkti á Krist,
en það varð ekki að ráði,

og af þessum orðum orsakaðist ríman. Séra Ólafur Þorvarðsson heyrði til Sturla, og sagði þetta væri óheyrileg orð. Sturli svaraði, að skólameistarinn ætti í sér tunguna, því mætti hann svara hér fyrir sem annað það, er hann talaði. Það kom svo til að Sturli hafði tapað höfði sínu í veðsmálum við hann einhverju sinni. Það vissu menn til hvað Sturli hafði vilzt, að harðsporinn hans sást fram í Bakkadal og fram undir Bergárfossi, og þar fanst vetlingur hans. Hann hafði farið þar af baki, því honum sýndist það bær, sem voru hamrar.

Sturli þessi var hinn mesti æringi og úr hófi galsafullur. Þótti því vænt um rímuna, lærði hana að miklu leyti, kvað við raust og spann þar út af fleira, lagði og til sjálfur vísur þær, sem honum eru þar eignaðar.

Það er ein snilli á rímunni, að í hana eru sett öll orðtæki Sturla, og eru þau með stærra letri, svo sem þessi: »ekki að tarna«, »rétt í lifandi bragði«, og hann sagðist »formyrkvast«, þá hann annaðhvort reiddist eða hljóp á með gusum að gera eitthvert verk, en þó helzt, þá hann var að grunda þá hluti, sem hann með öllum sínum heilabrotum gat eigi skilið. Einninn er það merkilegt að öllum hans annmörkum er hér komið skapfeldlega inn í efnið, svo sem »stálhúfunni«, því hann hafði geitur til forna, það hann »tinaði«, það hann var svo mjúkur í liðum að hann gat fett svo hægri hendina, að hún sýndist skökk í liðum, það um skáldskapinn, það um kvensemina. Honum var kent barn áður, þegar hann var út á Skaga, og var haldið að hann hefði geingizt undir það fyrir húsbónda sinn af viljasemi, og það hann lézt fara með kukl. Því segir í rímunni, að hann fyndi galdratólin í hellinum. Hann sagði og stundum: »Í alt kvöld hefi eg verið úti að særa og rista«.

Honum lá við að komast í mál, að hann galt tinplötur fyrir ket, sem hann með öðrum tveimur keypti einu sinni í ver-

Digitized by Google

ferðarlegu vestur undir Jökli, en lofaði borguninni í heimferðinni. Hylti til um kvöld eður næturtíma að finna þeirra kaupunaut; sagði honum þeir aðrir sínir samferðamenn biði sín og yrði hann því að flýta sér, rétti að honum plöturnar inn um glugga, en manninum þótti vel launað og meinti að væri 10 álna dalir; sá að eitthvað letur var á, en var ólæs. Hugði svo eigi þar að meir þar til nokkru síðar, hann sýndi þá öðrum mönnum, hvort gildir væri, þá voru það tinkringlur og þetta skrifað á: »Tindoppa á bandi og ekkert gatið á«. Hvort þeir léku þetta bragð einum eður fleirum ber ei sagnamönnum saman. Hinir tveir hans selskapsbræður í þessu verki, sem útvöldu hann til að afgreiða fyrir sig so sem þeirra klókastan, flúðu af landinu, þá þetta rykti komst upp. En þá var ekki til Sturla lagt. Hann dó vestur í Saurbæ í kaupavinnu úr mjög ógurlegum og undarlegum verk í lærinu; lá eigi leingur en þrjár nætur; var haldið ekki sjálfrátt. Meintu menn að orsakast hefði af hans ósvífni í kátínu mælgi og brúkaralátum við einhvern, því hann lét drjúgt yfir, að hann væri ekki ófróður í galdri.

Það má sjá af vísum hans í rímunni hvílíkt höfuðskáld hann var. Hann kallaði sig og sagðist vera skáld skólameistarans. Svo kvað hann heilum kvöldvökum stundum, þegar vel lá á honum, sem altíð var, að segjast mátti; aldrei stóð honum þá við, og stóð á meðan optast upp við bita eður nokkuð annað, eður þó þar væri ekkert það við hendina, þá stóð hann þó samt, því hann sagði sér rynni þá betur upp. Þó vildi það svo stundum til, að mitt í þessari bullandi mælgi skauzt fram úr honum, þó óviljandi, einhver staka, sem heil brú var í, svo sem þessi. Hann var að kveða um miðin á Skaga:

Eiríks sonur er sá Jón,
ýtum vil eg það greina,
Brúnina fann það biksvart flón
og bar í flyðru eina.

Hann var til sjóar á Almenningi á Vatnsnesi eitt haust, sem optar, frá Víðidalstungu, en hafði um vertíðina næturnæði á Kárastöðum. Hann fór að kveða eitt kvöld upp við bita með sinni vanalegu óðamælgi; lézt ætla að kveða þar einn mann niður. Maðurinn þekti eigi grant til Sturla og firtist. Þá sneri Sturli upp á sig og sagði við hverja vísu, að enn mætti hann herða sig betur, ekki gæti hann enn sokkið. Þar vildi til þetta í:

Hrökkvi og stökkvi hetjan blauð
hart til Vítis niður,
sökkvi hin dökkva Satans gauð,
sé honum aldrei friður.

Digitized by Google

Enn nú ein vísa Sturlu á parti:

Oðum bragar byrja eg ljóð,
bragnar hreyta kvæðum
óma sulla ægis glóð,
Óðinn sjái þessi ljóð.

Þetta er nóg sagt um deili á þessum mæta manni Sturla.

Þá hann var skólameistari [1691—96] í Skálholti veteraði [hann] einu sinni þessu Ovidii í repetitione:

Sit procul omne nefas, ut ameris amabilis esto.

Fyrirbýð eg þér óhóf alt,
áttu hitt að kunna:
vingjarnlegur vera þú skalt,
ef vífin skulu þér unna.

Kveðið einu sinni yfir borðum í Skálholti (1691—96) við einn kandidat að austan, sem ranglega hafði sett út á hans latínu í einu testimonio. [Bibl. Bodl. Coll. FM. 6. Fol. skr. c. 1770; Landsb. 270 4to bls. 9—10.]:

Postquam Grammaticus nostras deuenit in ædes
Non audet Paulus verba latina loqui.

Við einn til vígslu kominn Candidatum að austan yfir borðum í Skálholti. Menn voru að tala og discurrera, en skólameistari þagði. Einhver þeirra talaði til hans, og spurði, hví hann þegði. Þá svaraði hann þessu. Orsökin var, hann hafði spurt, að þessi kandidat hefði skoðað í latínu skrifað testimonium einhvers skólapilts, sem hann hafði dimitterað um vorið fyrir, og hefði sagt hann skrifaði ekki góða latínu og vildi finna þar að einhverju í, en hafði þó rangt að mæla. Þá hann heyrði nefnt vers skólameistara, varð honum svo við, að hann firtist, varð svarlaus og snautaði burt frá borðinu.[1])

Þegar hann var skólameistari [1691—96] kvað þorlákur Jónsson að norðan þessa vísu til hans á beinakerlingu:

---

[1]) Athugar. í 270.

Digitized by Google

Til afmorsveka eg þig kýs
elsku góði Paule,
þá munt vera þar til vís
þessu framar, vale.

Hinn skrifaði fyrir neðan:

Eg ætla þú sért arfi nær
ullur fullu banda;
þorlákur mun þar til fær
þykja í slíkum vanda.

Vera má kerling afmors án,
önnur á hann að þiggja;
kjóstu mig þá fyrir kapellán
kunni þér á að liggja.

Lögmaður, þá hann var skólameistari [1691—1696], leiðrétti vísu Jóns Snorrasonar prentara með þessari sinni:

Satan heimti skuldaskil
skjótt með snjöllum rómi.
Digri-Simbi svaraði til
og sagði: Vel, hinn frómi.

Sigmund þennan dreymdi djöfulinn koma að sænginni, sem hann svaf í og rétta arnarklær fyrir hendur upp á rúmstokkinn, og segja: »Mart hefir þú gefið mér, en nú vil eg af því öllu ekkert hafa, utan sjálfan þig«. Sigmundur þóttist svara: »Vel, hinn frómi«. Það var hinn sami, sem Brynjólfur biskup hjálpaði frá steintakinu stóra; lá fallinn undir steininum, er hann hafði tekið, í Skálholts kirkjugarði. Brynjólfur kom snemma út um morgun, lypti steininum af bringunni á honum og sagði: »Þú hefir tekið þér hurðarás um öxl«.

Meðhaldsvísur med Norðlendingum. Gísli Magnússon í Skálholti spurði hann einu sinni, hverninn viðra mundi hjá Norðlingum vorum. Skólameistara [1691—96] svarar:

Hjá Norðlenzkum úði er enn,
opt má þetta sanna;
guð náði þá góðu menn,
þeir gjalda Sunnlinganna.

Digitized by Google

Og enn aptur í annað sinn:

Einatt heyri eg eitthvað nýtt,
ýmist gerir að viðra;
núna kemur á norðan hlýtt,
njóti þeir þess hér syðra.

Þessa kvað hann skólameistari [1691—96] um þá miklu þjófaöld, er þá var í Árness sýslu.

Mörgum þótti mikið um Skeið,
meira um Sandvíkinga,
skuli þeir vinna allir eið
fyrir ær og gulfætinga.

Því á því eina vori voru hýddir á Skeiðaþingi 9, en 14 á Sandvíkurþingi.

Þá hann var skólameistari [1691—96] og var gestkominn einu sinni á Þingvelli stóð hann upp snemma morguns og ætlaði að ferðast. Séra Árni Þorvarðsson var enn í sæng, og að undangeinginni forlástbón, að hann importúneraði prófastinn, sagði prófastur: »Það er að kenna konunni minni, að eg fer svo seint á fætur«. Skólameistari svaraði: »Mér skilst þetta vera eins og afsökun Adams«, og kvað þessa vísu:

Þegar að sefur vært á væng
vingjörn baugaþilja,
við mann latan, varma sæng
vera mun bágt að skilja.

Síðan sneri prófastur að konu sinni, og bað hana þetta að heyra. Síðan klæddi hann sig.

Um »Remmeggju«, Skarphéðins öxi, kvað hann í Skálholti skólameistari [1691—96]:

Brand Skarphéðins hendur
hristu furðu bystan;
reynd fjandmanna randir
Remmeggja nam hremma;
reiðin gjarða gríður
gein þrátt að hausbeinum;
fjöri, frægð og æru
fargaði brynju vargur.

Digitized by Google

Við Berg Benediktsson, þá hann skólameistari [1691—96], teflði við hann skák einu sinni sem optar í Skálholti:

Á feigu tafli fiplar hönd,
fer að peðjum ergi;
öll nú gerast efnin vönd,
ekki er gaman að Bergi.

Bergur var hinn bezti skákmaður og Jón Snorrason prentari af þeim, sem þá voru í Skalholti. Jón hafði ekki feingið mát í fimm ár fyrr en af lögmanni, en Bergur þó enn leingur. En Jón teflði óhreinna en Bergur. Lögmaður var þó þeirra beztur skákmaður, kunni bæði riddara og frúar skák og kendi riddaraskák tveimur, séra Þorsteini Ketilssyni og Þorsteini Sigurðssyni sýslumanni, sem enn lifa. Hann varð að leggja skákina niður upp á síðkastið, því hún stóð honum fyrir svefni. Nokkrum sinnum stóð hún yfir tvo-þrjá daga og líka hálfan mánuð fyrir honum við þá, sem vel kunnu.

Árni nokkur var í Grímsnesi. Sá hafði verið vinnumaður hjá Guðr., sem bjó á Suðurnesjum. systur Markúsar Pálssonar lögréttumanns; var hún honum góð matmóðir. Þá var hann kominn frá henni, en þá hann frétti lát hennar, svaraði hann: »Þar fór helvítlega góð kona«. Séra Ólafur Pétursson í Görðum var að fortelja þessa sögu yfir borðum í Skálholti og var tiltalað, hvað um Árna mundi líða. Þorgeir, síðan ráðsmaður á Hólum, sagði hann giptan austur í Grímsnesi, og Árni hefði svarað við einhvern, sem við hann sagði, nú væri hann giptur: »Þetta var ekki að gipting. Þetta er unglingstitju korn. Vesælir fiskar ganga í vesæls manns net«. Lögmaður, þá þá skólameistari [1691—96], kvað:

Árna líður einkar vel
í hjá Grímsnesingum;
hvorki er á brúði höfuð né vél
og hitt alt þar í kringum.

Í discursus einu sinni við einhvern [líklega 1691—96].

[Landsb. 360. 8vo bls. 46; AM. 437. Fol. bls. 42; hvortveggja með hendi Grunnavíkur Jóns].

Quid tento vestras aliena ex arce videre
Musas, nostra sibi civica jura legit.

Digitized by Google

Þegar hann var skólameistari [1691—96] var haldin gleði i Skálholti. Gísli Magnússon og hann sátu á palli og horfðu á. Til hans kom einn skólapiltur og laut að eyra hans, en þá hann kom aptur í gleðina kvað hann:

Ef að þú vilt unna mér
eikin nöðru teiga
svo skyldi eg láta sætt að þér
að þú þættist eingum segia mega.

Þá sagði Gísli Magnússon: »Og þetta barn hefir geingið í skóla«, og meðgekk pilturinn það þá. Næst áður hafði kveðið Brynjólfur Haldórsson[1]), nú prestur í Kirkjubæ:

Fast er nú um fljóða ást,
fæst hér eingin píka,
þær vilja ekki þar til ljást,
það má vera svo líka.[2])

Þótti skólameistara betur að hafa sitt kvæði hæverskara.

Háttalykill

ortur af Páli lögmanni Jónssyni Vídalín, er hann kvað til unnustu sinnar, Þorgjargar Magnúsdóttur, áður þau giptust [1691—1696].[3])

[Háttalyklasafn í 4to, sem eg á, með hendi Geirs Vigfússonar. Í ÍBfél. 631. 8vo eru 37., 40.—41. og 52. vísa úr þessum háttalykli, og eru eignaðar þar Páli Vídalín. Landsb. 270. 4to bls. 134—141 með hendi Páls Pálssonar eptir handriti í safni Jóns Árnasonar með hendi B(jörns) Olsens (á þingeyrum); 54—59 vísa er í því handriti einu. Sömuleiðis 60.—62. (á bls. 143 í hdr.). JSig. 245. 4to eru 40—43 erindi (og eru saman sér) og 61.—62. erindi (saman sér); — handrit, sem eg á, í glósnabroti með hendi Daða Níelssonar; í því er 54—62. erindi »eptir handriti, sem skrifað var eptir eiginhandriti skáldsins«.]

I.

1. Hljót þú, hrundin teita,
heiður og blessan greiða,
gæfu og gleði ljúfa
guðs sonar í fögnuð;

---

[1]) d. 1737. [2]) í orðabók sinni eignar Jón Ólafsson Páli Vídalín hiklaust þessa vísu (undir fast, fljóð.) [3]) Vísur (til Þorbjargar Magnúsdóttur) 270.

Digitized by Google

gistu, gullskorð bezta,
gamansemi án ama;
aukist miskunn mikil
mannúðlegum svanna.

2. Hýrleg höfðingsmærin
hægða fáðu nægðir;
æra og dygðir dýrar
dvíni ei um æfi þína;
beztu bauga ristu
blessan drottins hressi;
finni fríður svanni
fannir hauka ranna.

3. Yndis æfistundar
aukist tróðu lauka,
hollar öðlist heillir,
hamingju, lán og frama,
allar varist villur,
vífinu Kristur hlífi,
henni herrann unni,
hindrist súta vindur.

4. Litfríð liljan káta
lasta forðist vastur;
þýðust[1]) gæzku gæði
græðarans af hæðum
gefist línspaung ljúfri,
liðug auðnan styðji,
ristill kjöri kosti
Krist í himnavistum.

5. Guðhrætt fljóðið fríða,
foldin linna molda,
Þorbjörg þiljan kæra!
þýðlegt sprundið blíða,

[1]) blíðust 270.

Digitized by Google

hljóti meyjan mæta
Magnúsdóttir fagnað
hverskyns heillum dýrum
af hæðum jöfurs æðsta.

6. Fljóði þakka þýðu
þýðlega velvild blíða,
blíðri hringsþöll heiður
heiðarlega[1]) greiðist,
greiðist[2]) dygðir dáða,
dáða lán og náðir,
[náðist seimgrund siðug,
siðug hljóti friðinn.[3])

7. Allmart auðgrund snjalla
er nú í frétta veru,
enn þó ei svo kunni
innfærast að sinni;
[hér í húsi voru
hagar ekki bragur;[3])
annað er að vinna
en efna ljóðin stefnleg.

8. Siðug eyja auðar,
áður skáldin tjáðu,
að ungum ullum hringa
unna fljóðin kunnu
heitt af huga réttum;
hýrlega kappar dýrir
vífin örmum vöfðu
og vönduðu kærleiks böndin.

9. Ýtar aptur móti
ástir réðu skástar
veita vífum mætum
vafalaust án tafar,

---

[1]) heiðarlegri 270. [2]) greiðir 270. [3]) [vantar í hdr. Geirs.

Digitized by Google

höldar fullvel héldu
heitin öll við teitar;
meyjar ungar eigi
örva gleymdu börvum.

10. Enn þó ei eg kunni
orðin hagleg skorða
dirfist Dulins karfi
dætrum Ránar sæta,
bið eg fljóðið fríða
að fundinn Báleygs undir
dáða dygðar klæði
dylja stirðan vilji.[1])

11. Víða á veraldar láði
virðing báru fyrðar,
sannlega soddan inna
[sögur af þeirra högum:[2])
Remund trygðataman
tróðan svipti móði;
festi fljóðið ástir
við fleina brjót í leyni.

12. Reinald Rósu kæna
ríkur þráði líka,
þó liði langar tíðir
lundprúðr unni sprundi;
rénuðu beggja raunir;
ristill þeygi tvistur
fann þann, hjartað hennar
heitar ástir veitir.

13. Flóres, halrinn hýri,
hafnaði Macons nafni,
enn þó ungum svanna
unna gjarnan kunni;

---

[1]) vilja, hdr. Geirs og 270. [2]) [eyða í hdr. Geirs.

Digitized by Google

aptur auðar niptar
yndis kvikna lindir,[1])
svo elskan utan fölskva
eyðir trúnni leiðu.

14. Víglund býtir bauga
blíða Ketilríði
man, þó mæðu reyni
mesta brynju lestir;
fékk þó fullan ekka,
við fljóðið skildi góða;
siðugum saxa rjóði
seimgrund aldrei gleymdi.

15. Önnur fleiri inna
annálarnir sannir
dæmi af dreingjum frómum
og drósum ægis ljósa,
hverjir vafðir hýru
við hrundir gulls vel undu;
angur opt þó feingi,
endirinn bætur sendi.

16. Mundu mektug sprundin
mundar jaka þundar,
mundu meiðar randa
mundar elda grundir,
[mundu þær meður yndi,
mundu hvað þeir bundu,[2])
mundu menja lindir,
mundu þær allar stundir.

17. Unni þér einn guð sannur,
unni þér fold og brunnar,
unni þér alt, sem mönnum
unna getur kunnað;

[1]) lindur 270. [2]) [niðrlag erindisins í 270, en næstu línur eru fyrri hluti síðari vísuhelnings.

Digitized by Google

unni þér eitt sem annað,
unni þér frúr og runnar,[1])
þér unni Jesus, og annist,
unni hans[2]) hjarta og munnur.

18. Er nú ekki meira
efni um sinn að nefna
með því mærðarsmíðis
mjöð af arnarfjöðrum
Ásar allan ausið
og afreks skáldin hafa;
mér, þó við eg væri,
var ei gefið parið.

19. Fyrirgef þú göfug
góðlát meyjan káta
stirðlega stöguð[3]) orðin
í stökum næsta lökum;
þá lesið hefir hin ljósa
lindin ofnis strinda
bið eg að brenni blaðið
blíðlynd drósin fríða.[4])

20. Ætíð auðgrund teita
annist skapari manna,
meður miskunn góðri
mæta blessi sætu,
geymi gullskorð fróma
græðarinn á hæðum
fyrir flóðið[5]) dýra,
sem fossaði niður [af krossi.[6])

II.

21. Liljan lægis bála,
lundhýrasta sprundið,
heiður og hylli fáðu,
herrann sé þér kerra;

---

[1]) nunnur 270. [2]) þér 270. [3]) stöðuð 270.
[4]) ljósa 270. [5]) fljóðið, hdr. Geirs. [6]) [um krossinn 270.

Digitized by Google

sá, sem allan æginn,
undirdjúp og grundir
skóp með mætti miklum,
mæta blessi sætu.

22. Angri neyðin eingin,
að þér gæfan laðist,
blómlegan fáðu frama,
fríðust silkihlíðin,
göfugt gleðji[1]) vífið
góður herrann þjóða;
Þorbjörg mæta mærin
Magnúsdóttir fagni.

23. Hýrust, hreinlát kæra!
hef eg nú efni bréfa;
les þú liljan ljósa
letur þegar getur;
vona eg vífið muni
vita um hverja eg rita
núna, þó ei neina
nefni til þess efnis.

III[2])

24. Heil, sæl hringa þilja,
herrann gleðji svanna,
náð fái niptin rjóða,
neyðin[3]) í burtu leiðist,
farsælt fljóðið veri,
fangi ei böl né angur,
sneiði mey hjá móði,
meinin varla reyni.

---

[1]) gleðjist, hdr.
[2]) Hér er eingin aðgreining i 270.
[3]) neyðir 270.

Digitized by Google

25. Kosti kvenna bezta
kjósi mærin ljósa;
siðug silkitróða
safni dygðum jafnan;
blíðlynd beztu gæði
brúðurin fái prúða;
yndi allar stundir
ágæt hljóti sæta.

26. Góð fái gullskorð heiður,
gaman utan ama,
heillir hreppi allar,
hindrist rauna vindar,
Kristur blessan bezta
býti sprundi nýtu,
eilífur eingla jöfur
annist fríðan svanna.

27. Drottinn dýrðar stétta
drósina[1]) blessi ljósa,
finni fríður svanni
frið og dáðir iðin,
gefist glöðu vífi
gæði mest af hæðum
betur en geð mitt gæti
góðu óskað fljóði.

28. Lifandi ljóssins jöfur
lífi þínu hlífi,
kærast kvendið dýra
Kristur elski fyrstur;
auðskorð unga leiði
andi guðs frá vanda,
heillir til þín hallist,
hljóti miskunn fljóta.

---

[1]) drósa, hdr. Geirs.

Digitized by Google

29. Gæti þín, gullskorð teita,
græðarinn vor, sem ræður
hauðri, lög og láði;
líf sé firt[1]) af kífi;
land, menn, vatn og vindur
veiti snót hylli neyta;
frið, heill, fögnuð, blíðu
færi þér sérhver blærinn.

30. Gleðji þig guð á hæðum,
græði þraut og mæðu;
frið og farsæld blíða
fáðu af Christi dáðum;
hlýði ristill ræðum
rjóður andans góða;
bið eg þér beztu gæða,
brúðr, af þrenning prúðri.

31. Frið, heill, fögnuð, gleði
fáðu og drottins náðir,
heiður, hagkvæm gæði
hljótir bezt og njótir;
eyðist allur kvíði,
angur sízt þig stangi;
unni þér, ungur svanni,
einn guð hverjum hreinni.

32. Auðnan, að þér laðist,
allir forðist gallar;
ef böl fær bauga þilja
baginn gjörvallur lagist;
hindrist hrygð og vandi,
hamingjan sízt þér ami;
lúti að svinnri sætu
sóma [dáðir frómar.[2])

---

[1]) frí 270.

[2]) [dáða en (er 270) framar hdr. Geirs, 270.

Digitized by Google

33. Aukist auðþöll speki,
aldur og náð margfaldist;
snilli, farsæld fulla
finni ristill svinnur;
lifi hýr með hófi
á hauðri, en þá dauða
stundin kemr að kvendi
hjá Kristi njóti vista.

34. Þó eg auðar eyju
Óðins fundinn bjóði,
ríka bauga bríkin
blíð því ekki hlýðir;
inni Óðreyrs minni,
opna Kvásis dropa,
regnið Galars[1]) gagna
geingur af ræðustreingjum.

35. Mætust auðgrund[2]) ætíð
amalaust fái gaman,
gleði og nógar náðir;
neyðin öll hjá sneyði;
unni seimþöll svinnri
sannur skapari manna;
dýrleg æ með æru,
ósmáð bezta fljóðið.

36. Teingist táli aungu
trygðasöm með dygðum,
eyðist rauna reiði,
ristill sóma gisti,
allar öðlist heillir,
angurs mein ei fangi;
gæði, gleði og náðir
gefist þér án efa.

---

[1]) Gjalars, hdr. Geirs og 270. [2]) mengrund, hdr. Geirs.

Digitized by Google

37. Kveð eg þig, kurteist fljóðið,
kveð eg þig vinsemd meður,
kveð eg þig, kyrtla tróða,
kveð eg þú hljótir gleði,
kveð eg þig kvendið siðugt,
kveðja bið eg þér geðjist,
kveð eg þú kjósir dáðir;
kveðjuna þigðu téða.

IV.

38. Heiður, gleði og hróður fljóðið bíði,
hliðirnar bið eg iðinn friðinn[1]) styðji,
gæða dáðir góðlynd[2]) öðlist tróða,
greiðist leiðir, eyðist neyð, eg beiði,
græðist voði, geðugri prýði náðu,
griðin við svo [liðugt miðir siðu,[3])
að þér blíðust auðnan faðminn bjóði;
æðar fræða [og kvæðin bæði[4]) mæðast.

V.

39. Drós prúða prís góðan kjósi,
pín aunga línspaungu sýni
allvaldur, heill haldist þöllu
hafs glóða, af móði[5]) hafist;
list fáðu, löst flýðu, systir;
lífs kjörum vífs gjöri hlífa
guð dýrðar; glöð virði[6]) ljóðin
grund sörva; lund örva mundu.

VI.

40. Gæði fáðu gott fljóð,
gleðin verði skást[7]) léð,
bíði vífið vænt náð,
við þig haldist blíð grið

---

[1]) friðurinn 631, 270. [2]) glaðlynd 631. [3]) [miðir liðuga síði 631, 270. [4]) [bæði og kvæðin 631, 270. [5]) móða, hdr. Geirs og 270. [6]) virð vel 270. [7]) þér 270 (í orðam.)

Digitized by Google

iðsemd[1]) hljót og ljúf ráð,
leiðist sprundið frá neyð,
mæðan þverri mens hlíð;
meður ást eg þig kveð.

VII.

41. Þrúður auðar allfrí-*þ*,
ógurlega stilt þ-*ó*,
reyrir blíðu bönd hý-*r*,
babbi lasta tér ab-*b*
í fjarlægðum á me-*i*[2])
órsakaðan geðs m-*ó*,
rýrir grandið gulls vö-*r*,
gagurt færir í la-*g*.[3])

42. Mímis[4]) alla art na-*m*
ágætasta baugs gn-*á*,
gagi[5]) ljótum nett nó-*g*
neina veitir ei grei-*n*,
ógeðfelda sút[6]) s-*ú*
sýslu bætir með prí-*s*,
dáðug ála elds hlí-*d*
óglöðum mér hvíld bj-*ó*.

43. Teit er drósin trygg, mæ-*t*,
trútt er víf og lundprút-*t*,
eg því reikna rautt f-*é*
rýrlegt hjá þér, mey dý-*r*;[7])
eðalsteinar og[8]) glóð
öldu, þó sé margföld
tjarna svo sem ber björn,[9])
betri eg eina þig met.

---

[1]) ljúfsemd, hdr. Geirs og 270. [2]) þ. e. mey. [3]) þ. e. Þórbiórg = Þorbjörg. [4]) Minnis, hdr. Geirs. [5]) gjægi 270. [6]) snót, 631, 270. [7]) þ. e. Magnúsdótter [8]) eg, hdr. Geirs; og 631, 270. [9]) tjarna björn, líklega skip.

Digitized by Google

VIII.

44. Siðug sævar glóða,
sýn mér vinsemd þína,
þöll, því eg em[1]) þér allur
og eyju gullhlaðs þreyi;
guð, sem gæfu ræður,
gæfi eg mætti svæfast,
litfögur linna setra
lín, á armi þínum.

IX.

45. *Ferskeytt stuðlað.*[2])
Leingi bíður laufa grér
lægis bála nönnu;
hjartað svíðr, en hringþöll er
hýr við Pál að sönnu.

X.

46. Hvað, sem höfundur dáða
hefir sínum gefið
gjarn til gæzku börnum,
gleðilegt sé þér meður;
ætíð að þér lúti
auðna á sjó og hauðri;
unni þér einn og þrennur
eingla jöfur og meingis.

XI.

47. *[Sami bragarháttur stuðlaður.*[3])
Land, sjór, lopt og vindur,
lægð, hæð, málmur, glæður,
fold slétt, eikur og alda,
urðir, vötn og þurður,[4])

---

[1]) ann 270. [2]) sl. 270. [3]) sl. 270. [4]) þurðir 270

Digitized by Google

hvað, sem á lög og láði
lifir, og flýgur yfir,
heillir og farsæld fulla
færi þér ágæt mærin.

XII.

48. Ætíð man eg auðs fit,
innra syrgir því minn
hugur, þar að er eg
eigi nær, en sú mey[1])
var svo góð og geðhýr,
glaður kyssi[2]) eg víf það;
snotur mærin mér hét
mesta blíðu að tjá bezt.

XIII.

49. Man eg að menja lína
minnast réð drauma sinna,
gat þó ei snotri sætu
svarað[3]) til þess parið;
séð hef eg svinna tíðum[4])
í svefni baugagefni;
síðan seima tróðu
saknað, þá eg hef vaknað.

50. Man eg því[5]) menja línu,[6])
en mundu mig bauga grundin,
man eg þig, mærin fína,
mundu mig, silkihrundin;
man eg þig, meyjan væna,
mundu mig, afbragð sprunda;
man eg þig æfi mína,
mundu mig allar stundir.

---

[1]) mær 270. [2]) kysti 270. [3]) þá, b. v. 270.
[4]) tróðu, hdr. Geirs. [5]) þig 270. [6]) lína 270.

Digitized by Google

51. Hrund man eg heiðri kenda,
hrund er af bragð sprunda,
hrund fái heill af landi,[1])
hrund unni vatna grundir,
hrund gagnist hver einn vindur,
hrund bíði gleðistundir,
hrund rjóð, hýrast kvendi,
hrund blíð, skrifarann mundu.

52. Enn kveð eg ungan svanna,
af því eg vildi skrafa
fleira við hringþöll hýra,
hef þó ei tíð með bréfið;
gleym ei því, sem geymir,
gullshlíð um bað fína,
að blað fái bauga meiðir
af blíðri snót, þá frá líður.

XIV.

53. Lif heil, ljúf, sæl, göfug,
ljóð stirð góð virð tróða
að um[2]) óðtón séðan
á glóð þá fljóð slái;[3])
holl náð, heill, prúð snilli
hlið þín við pín friði,
bezt sprund, byst grand mistu,
blítt kvödd, þýtt glödd bíddu.

XV.

54. Þiljan rjóða nóga náð
næsta mesta fái;
liljan góða dygða dáð
drottins beztu nái.

---

[1]) sandi 270. [2]) bón 270. [3]) 631, 270; sjái, Háttal.

Digitized by Google

55. Prýðist blóma Þorbjörg þýð,
þokknist drottni sönnum,
skrýðist sóma beztum blíð,
baginn þrotni hrönnum.

56. Dóttir hljóti Magnúss mild
miskunn, yndi reyni,
sóttir þrjóti, safni snild,
snotur hrindi meini.

57. Góða sniðug baugskorð blíð
blessan stærsta kanni,
rjóða siðug frómum fríð
festist ástar[1]) manni.

58. Náða njóti hýrleg hrund,
herrann blessi vífið,
dáða hljóti mikinn mund,
miskunn hressi lífið.

59. Meiðir grunda[2]) opnar und
ýiða Kvásis sára,
leiðir skunda húna hund
hrekur þrásis bára.

XVI.

Stök vísa.

60. Vertu sæl mitt hýra hjarta,
hjarta míns ertu annar partur,
partinn hinn bið eg vel að virtu,
virtu hann góðs, þó aðrir firti,
firztu ei þeim[3]), sem erindin[4]) orti,
ort hefir það, sá gamanið skortir,
skortir gleði, því of fjær ertu,
ertu sú, sem hug [5]) minn snertir.

---

[1]) ásta, Daði. [2]) = Páll. [3]) þann, Daði. [4]) erindið, Daði. [5]) hugur, Daði.

Digitized by Google

XVII.

Ljúflingslag.

61. Gleym þú mér ei,
meyjan bezta,
heldur við mig
hald loforðin;
þér skal unna,
svo eingin slíti,
þó að fjarri sé
falda nanna.

62. En því hef eg liljulag
látið verða,
að þú ert lilja[1])
sú[2]) lund mín þreyir;
en ljúflingsljóð
lét eg síðari,
að þú ert mér ljúfust
af línspaungum öllum.

Kvæði Páls Vídalíns til unnustu hans, Þorbjargar Magnúsdóttur.[3]) [1691—1696].

[Landsb. 270. 4to bls. 141—143 (PP xx) með hendi Jóns Árnasonar eptir handriti, er átti Brynjólfur bókbindari Oddsson (d. 1887), en skrifað hafði Matthías Ásgeirsson eptir handriti Gísla Konráðssonar, en Gísli segist hafa skrifað »eptir Authoris eiginhendi«. Þó mun það fara á milli mála, því að afbakanir eru hér auðsæar í kvæðinu. Handrit, sem eg á í glósnabroti, með hendi Daða Níelssonar skrifað »eptir handriti, sem skrifað var eptir eiginhandriti skáldsins«; vantar upphaf, útí 2. erindi. Háttalyklasafn í 4to, er eg á, með hendi Geirs Vigfússonar.]

Viðlag: Allskjaldan það orðtak brást,
en ei vil eg það sanna,
að eins og fundir fyrnist ástir manna.

1. Ránar ljóni læt og fleyta
Litars út á Bifurs haf,
bylur fálu byrinn Eitra[4])
byrstur nausti drífur af

[1]) sú, b. v. Daði. [2]) sem, Daði. [3]) Ástalofsvísur til þorbjargar. Kvæði: 270. [4]) Eystra (!) 270.

Digitized by Google

hrundar lynda lautar að leita
loga slagar fyrst það brást,
að eins og fundir fyrnist ást.
Fjölga bylgju bros að veita
hann brestur að mestu en festast kestir[1]) hranna,
sýnist muna satt ei heita,
að eins og fundir fyrnist ástir manna.

2. Þrima sveimar beðju blíði[2])
blær og eiri funa lóns
vekur spaka, en voða kvíði
vefur ræfur muna fróns;
hugurinn flýgur[3]) hlaðinn stríði,
honum sýnist víst óskást,
ef eins og fundir fyrnist ást.
Unun dvín, því auðarhlíði
á að sjá ei má, en þrái svanna;
hjartað snertir siðug prýði;
eptir fund ei fyrnist ásir manna.

3. Man eg reynir röðuls flóða
rögnis magna pínir svan
fögur lágin föður góða
og fyllir kvilla rauna stjan,
fyrir báru fríða glóða
fold á kvöldin víst[5]) er dást,
því eptir fund ei fyrnist ást.
Í blund gefur yndi blíðust tróða,
blossa fossa hnoss eru kossar svanna;
spekist sjúkum mæða[6]) móða,
því eptir fund ei fyrnast ástir manna.

4. Drykkur smakkar drjúgum eigi,
dreinginn eingan lystir kost
af því sævar þýða þreyir
þrúði glóða, nistir frost

---

[1]) bezt er (!) 270. [2]) blíða 270. [3]) fríður 270. [4]) hér þrýtur handr. Geirs. [5]) nist 270. [6]) mæðu, Daði.

Digitized by Google

í hitanum teitan hjörva sveigir,
ham hans gaman sízt má fást,
því eptir fund ei fyrnist ást;
nauða stríð á nótt og degi
nemur, lemur, kremur framar en annan;[1])
muni [stynur þó eg[2]) þegi,
því eptir fund ei fyrnist ástin manna.

5. Hvar má eira Hnikars veikur
haukur, síkja foldin mild
glóða, voga[3]) vökur eykur
víðis hlíðin elda snild
þín, og [þín er[4]) þykir bleikur
þinn unnusti, sízt má nást,
að eins og fundir fyrnist ást;
en þá finnunst angurs reykur
allur kalla eg hallist fallinn svanna,
laufa veifir leikur keikur;
við samfundi saknar ástin manna.

6. Eigi tjáir fríða flóða
foldu elda að þreyja mér;
meyjan fái gleði góða,
gæða dáð og farsælder;
þeygi nái mæðu móða,
mestu kostir festist skást,
því eptir fund ei fyrnist ást.
Styggist[5]) frá þér stríðið óða,
stillin fyllist hylli og snilli svanna;
þér eyðist þráin þýðust fljóða,
ef eptir fund ei fyrnist ástin manna.

7. Læt eg bátinn, brúðurin fríða,
en Báleygs valur dvelst hjá þér,
að Bifurs hrófi hrjáðan skríða,
Hleiðúlfs gríðar veðrið er

---

[1]) ann 270. [2]) [stinnur þó ei, hdr. (270). [3]) voða, Daði. [4]) [pínir, Daði. [5]) stíst, Daði.

Digitized by Google

næsta hvast, svo nauðugur[1]) bíða
nú að snúast búinn sást,
þó eptir fund ei fyrnist ást;
hér að vörum hríða víða
hrekur leka fleka óspeki hranna
viðars skoði fljóðið fríða,
hvort eins og fundir fyrnist ástir manna.

Þegar hann var í tilhugalífi [1691—1696] til Þorbjargar:

Sveimar[1] Sigtýs[2] lómur[3]
sár[4] til[5] glóða[6] báru[7], —
hví er hann svo lúinn?
hlíðar[8] at[10] flýgur[11] tíðum[12]
sængur[9], af[13] því[14] eingin[15]
ýmu[21] storminn[22] bríma[17]
jörðin[18] hlés[16] má[19] hirða[20]
heldr[23] en rós[2]) við keldu.[3])

Einninn til Þorbjargar sinnar:

Verði þér bæði vært og fritt,
verndi dig guð sem augað sitt,
auðnan vaxi og yndið þitt,
allra kærasta hjartað mitt.

Þegar hann var skólameistari [1691—1696] og var í kvonbónaferðum á Vestfjörðu til Þorbjargar:

Sá sem fyrir veröld var
verndi oss frá grandi;
sígur Vigur í saltan mar,
senn er komið að landi.

Hrópa skal eg herrann á,
hans þver aldrei kraptur;
hvað mun dagurinn heita sá
að hingað kem eg aptur?

---

[1]) náðugur, 270. [2]) stúlkan, hálfkenning, JólGrv. [3]) á Mýrum í Dýrafirði, JólGrv.

Digitized by Google

Þegar hann einu sinn var á reisu á Vestfjörðum skólameistari [1691—1696] og vildi finna konuefnið var honum léð svoddan arlaka dróg, sem varla gat sliðrast með hann:

Heim eg ríða hryssu skal,
hverninn sem það geingur;
senn er komið að Selárdal,[1])
syrgjum við ekki leingur.

Við konu sína þorbjörgu, að sumir segja. En það sýnist líkara af vísunni, sem aðrir segja, að hann hafi kveðið það í Skálholti við biskupinn sáluga,[2]) þá hann var þar kirkjuprestur [1692—1696] um einhverja stúlku, sem menn sögðu að gjarnan vildi sem optast hjá honum vera.

Funa ránar[3]) róna fín
rós er fús á dýnu,
unir mána lóna lín
ljós í húsi þínu.

Þessar vísur saumaði hústrú Þorbjörg, sem er[4]) sú mesta handnyrða kona, í áklæði, en lögmaðurinn kvað svo stóðust á stafirnir í vísunum og sporin í áklæðinu, svo ei var of né vant. [Ort eptir 1696].

Herrann gefi þér hæga að fá
hvíld í rekkju þinni;
áklæði þetta Þorbjörg á
þelað með hendi sinni.

Útrensluna, þá ung var mey,
efnaði teitur svanni,
bekkina gerði gullhlaðsey
gefin til ekta manni,

Innan bekkjar allan fans
eptir fornu ráði,
en að tilsögn ektamanns
orðin kvendið skráði.

---

[1]) þar bjó þá séra Páll Björnsson náfrændi Páls. Þeir voru systrasynir. [2]) þ. e. Jón Vídalín. [3]) al. Rána, JÓlGrv.
[4]) Þorbjörg dó 1737.

Digitized by Google

Þetta kvað hann nokkuð drukkinn einu sinni, þá hann var geinginn í hvílu, og Þorbjörg kona hans fann að því, að hann væri drukkinn. [Ort eptir 1696]:

Aldrei skal eg að þér snúa,
Óðinn má því loforði trúa,
Björg og Helga, Hrafn og Már,
aldrei skal eg eið þann flekka,
aldrei skal eg brennivín drekka,
þó eg lifi í þrjátíu ár.

Þá hann var skólameistari [1691—96] vildi Guðríður hústrú vita, hvort hann væri skáld, og bað hann að kveða nokkuð. Hann færðist undan. Henni leiddist og ætlaði upp að standa. Hann tók í hönd hennar og kvað. Það var yfir drykkju:

Vildi foldin flæðarbáls
fylla selskap leingi,
þá má hún ætla á erindi Páls
á þó meira geingi.[1])

Við ferjustað við Skálholt [1691—1696?]. Fyrsta og síðasta af 30 vísum, sem lögmaður kvað:

Fyrsta: Herðir Jón á hljóða mátt
hátt og ferju krefur;
vaknar alt með andardrátt,
en Ingimundur sefur.

Síðasta: Himininn skelfur, hrærast fjöll;
hræðslan tröllin vefur,
jörðin titrar undir öll,
en Ingimundur sefur.

Lögmaður beið í regni á Hamrinum. Ingimundur ferjumaður var úti og vildi ei gegna. Viðlíka var ástatt fyrir herra Steini, þá hann var kirkjuprestur í Skálholti. Hann kallaði

[1]) eða: að þó fleira geingi, JólGrv.

Digitized by Google

ferju í vondu veðri, beið leingi og kvað margar vísur; var niðurlagið á öllum:

Þó svaf Ingimundur.

Þá herra Steinn var kirkjuprestur í Skálholti [1692] sá lögmaður, sem þá var skólameistari, hann var að kyssa einhverja stúlku og spjalla við; lögmaður kvað:

Hvað vill karl með kossaflens í kvennataki
afgamall og impotens fyrir elli sakir?

Hinn gegndi:

Svo kann falla, selja mens ef snýr á bakið
ei sé kallinn impotens fyrir elli sakir.

Þeir Gísli Magnússon chymicus, sem verið hafði sýslumaður í Rangárþingi, og Jón Þorkelsson Vídalín frændi hans (þ. e. Páls), sem þá var þar (þ. e. í Skálholti) kirkjuprestur [1692], tóku upp disputazíur úr sinni hverri scientia á vissan dag á viku. Þá tókust og upp declamationes, — ein af þeim nokkrum, er eg séð hefi, var de recta intentione docentium et discentium, önnur pro calumnia, ubi eitt merkilegt, að calumnia skýldi og hyldi góða menn, sem regn og þoka blómstrum á fjöllum, svo fyndist síður, þriðja ein var de septuaginta hebdoma — og lét þórður biskup gera nýja cathedram, en skólameistari lét skrifa vers þessi á hana:

[Landsb. 360. 8vo bls. 45—46; AM. 437. Fol. bls. 42. hvorttveggja með hendi Jóns frá Grunnavík:]

Ergo ne gestabit Delphorum insignia Thule
Helladis Arctoi sideris ora geret?
Dum nescire vetat Præsul, quam fulminet æstus
Atque perorantis grandinet oris[1]) hiems.
Aspira coepto Deus immortalis, et ausa
Progressura juvet numinis aura tui.

Þetta skrifaði hann [1692] uppá declamationem Jóns Vídalíns Þorkelssonar, þá kirkjuprests. Sú var öll í versum um Deas, og var Calliope látin vera Regina. Hann var að versun-

[1]) = ore, catachresis.

Digitized by Google

um í hálfan tíma, og drakk pela mjaðar meðan hann var að þeinkja sig um.

[Landsb. 360. 8vo bls. 45—46; AM. 437. Fol. bls. 42; hvorttveggja með hendi Jóns frá Grunnavík.]

Regna canis, Widaline, novum victricis et arma
Calliopes, quibus auspiciis, quo sidere lucem
Viderit, et quales talem genuere parentes.
Sic animos, sic ora Deæ, sic militis artes
Atque ducum, et sævi lusisti imitamina Martis,
Ut dubiam altisono palmam videare Maroni
Hic tandem fecisse, tuum dum carmen ab imis
Faucibus æternæ noctis, lapsura Dearum
Regna vocas[1]) primus, Reginæ sceptra, ministros,
Arces, jura, domos, proceres, commercia, cives[2])
Erexisse juvas,[3]) stator, assertorque perenne
Nomen habes; regno per te regina superbit.

Biskupinn sálugi (ɔ: Jón biskup) hélt af þessu, þá hann sá það.

Um Christian Müller [1692—1695]. En sumir héldu vera að Heidemann fiplaði konu hans:

Biskup. Mag. Jón
Varla er mannvant við hann ampa,
víslega þó hann breiskir kampa,
hitt biskup Steinn þá prestur
og kreppir að óni kaldan stél,
aðrir drósar huppum hampa;
Páll skólameistari
hann er að rýna í bók við lampa,
berja væng og bretta vél.

Ampa er komin undir burð,[4])
áður er þessi fregnin spurð;
á sögnum verður þeygi þurð,
þó að hrikti geingur hurð.

---

[1]) fyrst skr. vocat, en JÓlGrv. í 360 segir: forte: vocas; [2]) þetta vers þótti honum (Páli Vídalín) hér hið bezta (JÓlGrv.); [3]) juvat, hdrr., mun eiga að vera juvas. [4]) menn meintu af völdum Heidemanns.

Digitized by Google

Síra Ólafur Jónsson, sem var kirkjuprestur í Skálholti [1692—1695] var staddur ásamt Páli Vídalín, sem þá var vicelögmaður, í Snorrabúð hjá Sigurði Björnssyni lögmanni, og voru að tala látínu. Síra Ólafur sagðist ei vilja eiga undir annara dómi en síns skólameistara (svo kallaði hann altíð lögmanninn uppá gaman). Lögmaður svaraði, hann kunni nú betur en hann, og kvað.

[Landsb. 360. 8vo bls. 47. Vísan er prentuð í Huld I, 1890 bls. 74. Sbr. Jón Þorkelsson: Om digtningen på Isl. í d. 15. og 16. årh. Kh. 1888 bls. 325]:

Ef að eg skal anza þér
eptir spurning þinni,
lítið var en lokið er
látínunni minni.

Fékk hann af öllum þá hann var Skólameistari þann vitnisburð, að hann kynni manna bezt látín(u), sem þar voru í þann tíma á landi, svo sem sannaði tilraunin, sem Mag. Björn gerði að honum í Þingvallakirkju einu sinni með mörgum prestum. Þeir sátu allir hægramegin, hann einn vinstra megin og gegndi öllum, þar til Björn á Staðarfelli[1]) kom inn og settist hjá honum og sagði, að það væri skömm að svo margir hyggi að einum, og skipaði öðrum að þegja þá einn talaði; vildi þó optast verða lítið úr. Síra Árni á Þingvöllum gekk um gólf á kórbaki og hlustaði til, og sagði ekki væri þeim að glettast við skólameistarann, hann hefði stálmunn til að tala látínu).

Meistari Jón kvað, þá kirkjuprestur [1692—96]:

De forma.

Nobilitas morum formæ dispendia pensat;
is mihi formosus, quem sua facta decent.

Lögmaður svaraði, þá skólameistari:

Virginis insigni specie Mavortius heros
Decipitur, Paridis dextra peregit opus.
Tu tamen invictus formæ comtemptor inertis
Metiris morum nobilitate decus.
Nil oculis, nil ore movet Cornelia quanquam
Purpureo nibeas tincta colore genas.

---

[1]) d. 1695.

Digitized by Google

Í brúðkaupi herra Steins, þá prests, 169(4). Hinir voru að diskurrera, og þá að honum kom, varð honum þessi vísa af munni:

Heiðrum vér drottins heilagt nafn,
honum er einginn kóngur jafn,
hann er sá sem himin og jörð
hefir með kraptar orði gjörð,
í hans umsorgun er eg frí,
þó að mér sæki djöfla mý;
lofi hann höfin, hauður og ský.

Högnavísur [1692—96]:

Kíminn gestur að kisu frá eg korða renni;
gerðist brestr í glámótt enni,
»Gunnar prestur vó að henni«.

Vísan orsakaðist svo: Séra Gunnar Pálsson, sem var prestur einhverstaðar í Borgarfirði, var í Skálholti staddur. Hann hafði staka andstygð á höttum. Einhver mætti honum í Skálholts kirkjugarði, sem bar kött. Gunnari varð bilt við, en hélt á stórum hníf, varð það fyrir að hann sló hnífsbakkanum mitt framan í hausinn kattarins, en hún hljóp burt með ljótum hljóðum, fanst þar eptir hálfum mánuði dauð á einu lopti. — Til þessa varð talað yfir borðum einu sinni, og sagði Gísli Magnússon hér mætti um segja viðlíkt sem í Sturlunga sögu, þar segir: »Gunnar prestur vo að honum«, en hér: Gunnar prestur vo að henni; bætti svo skólameistari framan við.

Mag. Jón kvað og hér um, sem þá var kirkjuprestur í Skálholti:

Kunn er í Flóa sagan sú
senn hjá meingi vitru:
Gunnar hjó í heilabú
högna saxi bitru.

Fleiri voru þessar Högnavísur.

Gísli Magnússon spurði hann, þá hann var skólameistari [1694—1696], hversu vel hann meinti þær hafa farið Sigríði[1]) konu Jóns Eggertssonar og Kristínu[2]) konu Vigfúsar Gíslasonar, ættkonur sínar. Skólameistarinn sagði:

---

[1]) d. 1694. [2]) rétt: Katrín (Erlendsdóttir), d. 1693.

Digitized by Google

Þær sitja á bekk með Frigg og Freyju,
falla í sið með Göndul meyju,
kjósa menn til Heljar heim,
kynda sumum beina beygju.
baula syrpuvers í þegju,
allvel fellur á með þeim.

Gísli lét sér líka svarið.

Lögmaður kvað, þegar Jón Auðunarson frá Melum í Hrútafirði fékk aptur æruna, sem hafði verið dæmd af honum fyrir ósannan þjófnaðar áburð og falsbréfagjörð um landamerki á þrætulandi, sem kallað var Skalli. Æruna fékk hann með kongsbréfi 1694:

[Ættartölubók Jóns Espólíns bls. 2459].

Tvisvar hef eg með heita kinn
hitta farið hann Skalla;
þetta er nú í þriðja sinn,
þó mér líki valla.

Þessi fæmina merkir vizkuna:

Kveðin á Blöndubakka þá Þorlákur Guðbrandsson sigldi [1695]:

Gerður grábaks jarða
gætir að ullum vætu
loga, hvar sem hagar
henni, og þeim hún kennir;
styðr hin stolta brúða
(stanz er á þeim ei anzar)[1])
hvern þann herjans stjörnu
hlyn, sem er hennar vinur.

Þegar biskup Mag. Þórður og Guðríður hústrú hans voru að búa um Brynjólf son sinn á Hlíðarenda [um 1696—97], bað biskup lögmann, sem þá var skólameistari, að gera vísu á það tjald, sem þangað skyldi. Hún er svo:

Húsið réði reisa
ríkr að dygð og síkja
stjörnu kirkjustjóri
stóls, en flæða sólar
brík, sem unni bóka
bör lét tjaldið gjöra
stofunnar stáz að hefja,
er stendr á Hlíðarenda.

---

[1]) því lögmaður bað þorlák Guðbrandsson að bæta við, en hann þagði.

Digitized by Google

Biskup skildi þessa vísu eigi, og vildi því ekki hafa hana. Það mislíkaði skólameistara; varð svo að kveða aðra auðskildari. Sú var sett á tjaldið. Hún hljóðar þanninn:

Stýrir klerka hóf hér
húsagerð á dáð fús
að svo gleddist garð við
gjörn til dygða sín börn;
göfug hústrú hans gaf
hingað tjaldið, er kring
pelli klæðir port öll
og prýðir bygð í Fljótshlíð.

Þessa kvað hann og til viðbætis á sama tjald:

Sitji glöð og góðlát
gesta sveit í ró bezt,
hafi gaman gott hóf,
gleðji vínið oss með.

Þetta dugði á tjaldið, svo ei komst meira á.

Við síra Jón Gunnlaugsson kirkjuprest [1696—1707] á Hólum. Hann var nokkuð drukkinn og svæsinn. Varð lögmanni það að orðum, að bezt væri að kveða hann niður. Prestur sagði hann skyldi þá gera það, ef hann gæti:

Sittu í náðum, séra Jón,
sé þér leingi friður,
vertu guði þarfur þjón;
þetta er að kveða þig niður.

Prestur sagði hann hefði nú einasti maður kveðið sig niður og gerðist þá miklu spakari, því hann vænti í fyrstunni að vísan mundi verða slæm.

Menn voru á reið saman og töluðu um ungar stúlkur og amores; lögmaður og séra Ólafur Jónsson kirkjuprestur í Skálholti töluðu saman; lögmaður sá í því stjörnuna Venerem og kvað [1698—1708]:

O Venus alma parens, teneris optata puellis,
Cur juvenes tenero ducis amore Venus?

Samkvæði Páls Vídalíns og Jón Sigurðssonar Dalaskálds (d. 1720).

Vísur þessar munu vera ortar einhvern tíma á árunum 1698—1707. Árið 1698 verður Björn Þorleifsson biskup á Hólum, en Jón Einarsson vicerector deyr í stórubólu 1707.

Digitized by Google

I.

[Landsbókasafn 360. 8vo bls. 40 með hendi Grunnavíkur-Jóns 1728].

Talio[1]) fyrir óvirðingarvísu um Norðlenzka, sem Jón Sigurðsson frá Bæ í Dölum kvað á beinakerlingu á svo látandi:[2])

Menn hér brúka margir hött,
[mektar stázið ringar,[3])
eiga skylt við urðarkött
allir Norðlendingar.

Um haustið eptir var lögmaður Páll Vídalín gestkominn á Hólum. Mag. Björn sagði honum vísuna, og að henni heyrðri kastaði lögmaðurinn fram þessari stöku:

Þín eru nokkuð hljóðin há,
heyrðu til mín sögu:
kötturinn ætti að klóra upp á
kjaptinn á þér bögu.

En Jón Einarsson vicerector kvað þessar, ut fertur:[4])

Kjapturinn[5]) sá, sem kvæði spjó,
ketti er teingdur[6]) blauða;
honum var nær að sækja í sjó
Sigurð þann hinn dauða[7]).

---

[1]) þ. e. endurgjald. [2]) Vísan er prentuð í Ísl. þjóðs. I, 536 og er þar sagt, að Jón hafi kveðið hana, þegar hann gekk fram hjá tjaldi Páls á þingi og hattur hékk á tjaldsúlunni. Gísli Konráðsson segir í þætti Jóns kap. 4, að Jón hafi að eins ort síðari hluta vísunnar. Vísan finst og í Landsb. 270. 4to bls. 165—66 og JSig. 278. 4to skr. c. 1770; [3]) [mest þá skartið þvingar, þjóðs.; [og miklar spázéringar 278, 270; [4]) þ. e. að sögn. Fyrri vísan er prentuð í Isl. Þjóðs. 536 og eignuð Páli Vídalín. [5]) Kauðinn, aðr. [6]) líkur (skyldur), aðr.; [7]) Sigurður Dalaskáld, faðir Jóns, druknaði 1687. Gísli Konráðsson eignar Páli báðar þessar vísur í þætti Jóns kap. 4, og segir, að Jón hafi með urðarkettinum þótzt eiga við, að Norðlendingar væri komnir af Finnboga ramma, sem kallaður var Urðarköttur.

Digitized by Google

Hann, er[1]) kattar sudda sjó
setti á Norðlendinga,
einginn þekkir; er hann þó
afskúm Vestfirðinga.

II.

[Landsb. 360. 8vo bls. 164, 165 með hendi Grunnavíkur-Jóns, og eignar hann eingum íslenzku vísuna; JSig. 278. 4to, blöð í 8vo skr. c. 1770; Landsb. 270. 4to bls. 165 (eptir handriti í safni Jóns Pétursonar); bæði síðustu handritin eigna vísuna Páli og Jóni í sameiningu].

Páll Vídalín kvað:

Sigurður Gíslason kvað mart,
sá var skáld í Dölum.

Jón Sigurðsson bætti við:

Sumt var gaman, sumt var þarft,
um sumt vér ekki tölum.[2])

Egill Guðmundsson verterað(i)[3]) [vísunni] svo:

Plurima Sigurdus cecinit Gislavius olim,
in Dalis sollers ille poeta fuit;
utile in his multum fuerit, multumque jocosum,
multum dein præstat, quod tacuisse diu.[4])

III.

[Handrit í 8vo, sem eg á, skrifað á Skarði á Skarðsströnd 1748 af Jóni Egilssyni; JSig. 278. 4to blöð í 8vo skr. c.

---

[1]) [GKonr.; sá sem, JÓlGrv. Fyrri vísan er og eignuð Páli í JSig. 278. 4to skr. c. 1770 og í Landsb. 270. 4to bls. 166 (eptir handriti í safni Jóns Pétursonar). [2]) Gísli Konráðsson segir, að Jón hafi orðið fyrri til að bæta við vísuna en Páll; hafi Páll sagzt hafa ætlað að botna hana svo:

Sumt var gaman, sumt óþarft,
en sálin lenti í kvölum.

[3]) ɔ: sneri. [4]) Þýðingin latneska finst að eins hjá Grunnavíkur-Jóni (Landsb. 360. 8vo).

Digitized by Google

1770; Landsb. 270. 4to bls. 165 (eptir handriti í safni Jóns Péturssonar); JSig. 278. 4to með hendi Jóns Sigurðssonar = 278b. GKonr. þáttr frá Jóni Sigurðssyni kap. 1].

Herra P[áll] J[óns]s[on] kvað:

[Ef eg mæla við þig vil,[1])
vertu[2]) [þá ei sem annað[3]) flón;
máttu gegna, ef maður ert til;
[mætustum við[4]) enn þá, Jón[5])

Jón Sigurðsson svaraði:

Skaparann ekki skortir[6]) neitt;
[skilurðu þessi svörin[7]) mín?[8])
Ætlarðu hann hafi aungum veitt
utan [Páli Vídalín?[9])

Hann, sem yður gáfur gaf,
getur og látið þverra;
stærið yður ei stórum af
strigaþurkunni, herra.[10])

Það í hug þér láttu leitt,
lífs þér herrann kenni,
að fleira mót hann átti en eitt
að þér, væskilmenni.[11])

---

[1]) Hdr. mitt; Við þig tala víst eg vil 270, 278. [2]) láttu, hdr. mitt. [3]) [nú ekki eins og 270, 278. [4]) mætumst við nú 270, 278. [5]) Vísuna vantar í 278b, en hefir í staðinn vísu Steins biskup: Hér kemur maður og heitir Steinn, og eignar vísurnar Steini biskupi, eins og hann hefði kveðið þær við Pál Vídalín. [6]) skorti 278b. [7]) orðin 270, 278. [8]) [skipta kann hann gáfum sín 278b. [9]) [þér, Páll Vídalín 270, 278. [10]) þessi vísa er einungis í 278b. [11]) Þessi vísa er tekin eptir Gísla Konráðssyni, sem ekki hefir hinar vísurnar, og segir hann hana svar upp á: Hvert er þetta þrælalið &c., sem Páll hafi átt að gera, þegar hann sá barnahóp Sigurðar Dalaskálds. Fær það reyndar ekki staðizt, að sú vísa sé eptir Pál, því hana gerði Steinn biskup í Kaupmannahöfn um 1687. En þessi vísa, sem hér er prentuð, getur eingu að síður verið réttilega eignað Jóni um Pál.

Digitized by Google

IV.

[JSig. 278. 4to blöð í 8vo skr. c. 1770; Landsb. 270. 4to bls. 165 (eptir handriti í safni Jóns Pétursonar)].

P[áll] Víd[alín] um Jón Sig[urðsson] s[ýslumann] í Dölum.[1])

Veit eg ekki verra flón
á Vestur breiðum skaga
en sódómiska svínið Jón;
svei honum alla daga.[2])

Sofðu, vaktu, sittu, ligðu,
sá er þinn passi,
ældu, drektu, ettu, tygðu
alt í rassi.

V.

[Landsb. 270. 4to bls. 166 (eptir handriti í safni Jóns Pétursonar); JSig. 278. 4to blöð í 8vo skr. c. 1770. Vísu þessa láta handritin vera svar upp á vísuna: Kjapturinn sá, sem kvæði spjó, er þau eigna Páli Vídalín].

Jón [Sigurðsson] kvað:

Örnin hefir í þér vit
ekkert gert að byrla,
heldur er það hrafnadrit,
hrossagauka og smirla.

Þá Bessi bryti á Hólum fylgdi þeim Birni biskupi [1698—1710] frá Víðivöllum heim að Hólum fordrukkinn og reið á undan:

---

[1]) sl. 270. [2]) Gísli Konráðsson eignar Páli þessa vísu um Jón í þættinum af Jóni:

Þú aðkastaðir auma hjörð
og guðs vesalinga,
en afskúm varst þó eitt á jörð
allra Vestfirðinga.

Líklega er þó eitthvað bogið við það.

Digitized by Google

Eg skal fylgja forsjón Bessa,
fremstan til eg hann liðsins þessa,
ekki er nú að efa það.
Sá er vanur til sverða vessa,
við smérpallana tamur að messa
ölgvaður heima á Hólastað.

Lögmaður galt honum tóbaksalin fyrir vísuna, þá heim að Hólum kom.

Kveðjuvísa við Mag. Björn á Hólum [1698—1710], þá lögmaður skildi við hann einu sinni:

Nú er eg orðnin frí og frjáls,
fyrir mér dvelur eingi,
leggi þér Kristur hönd um háls,
hann sé vin þinn leingi.

Hjónavísur [um 1700].

Lögmaður var staddur á reisu á Marðarnúpi í Vatnsdal, þá hann kvað þessar vísur, boðinn í brullaup Haldórs Einarssonar, en gat ei komið, og sendi því þessar vísur til að syngja:

Fyrir brúðguma minni:

Kongsmenn þiggja kongsins náð,
kvonfang, sæmd og geingi;
blessan, heiður, heill og ráð,
Haldór njóti leingi.

En fyrir brúðar minni:

Veitt sé brúði fremd og fé,
fylgið því eg kenni;
æra og blessan ávalt sé
yfirklæði á henni.

Þá hann sá Skautaljóð [um 1700] varð honum þetta að orðum:

Digitized by Google

Skoðað hef eg Skautaljóð,
skaði er að Gvendur þanninn kvað;
stoðar eigi að erta fljóð;
að er; hann má bæta það.

»Þess var að honum von«, sagði Guðmundur Bergþórsson, þá hann heyrði vísuna.

Vísa gerð á áfangastað á Arnarvatnsheiði [1700—1704?].

Biskups tel eg væri von,
við hafi mátt hér dvelja,
ella Sigurður Einarsson,
ekki er um fleiri að velja.

Fyrir óvirðingar vísu um sjálfan hann, er Haldóra Erlendsdóttir í Bólstaðarhlíð lét Benedikt samsetja svoleiðis [1700—1709].[1]) [Landsb. 360. 8vo 41. Tvær fyrstu vísurnar prentaðar í æfisögu Páls framan við Fornyrðin Rvík 1854 bls. Liii. Önnur vísa (Dóra þú &c.) prentuð í Bragfræði séra Helga Sigurðssonar Rvík 1891 bls. 83a]:

Á gráum[2]) klæðum skartið skín,
skrítilega kvað hann;
virðar segja Vídalín
vera skrækhljóðaðan.

Þá kvað hann svo á mót, er hann þetta heyrði:

Dóra þú lézt dikta ljóð,
dári þig sérhver maður;
búri þinn hefir bekrahljóð
blestur og dimmraddaður.

---

[1]) Sumir segja að þessar vísur sé tvær (ÍBfél. 635. 8vo), en aðrir eigna hina vísuna Siggu skáldu, sem uppi var austur í Hreppum og enn á lífi 1707, og er það líklegra (sbr. Landsb. 270. 4to bls. 163), og er næst að halda að vísa Haldóru sé snúin út úr henni, en vísan er svo:

Eingan sá eg á æfi mín
við Óma bát svo hraðan
sem virðulegan Vídalín,
vel og snoturt kvað hann.

[2]) grænum, aðr.

Digitized by Google

Þú munt verða af þessu glödd,
það er þinn barndóms vani,
gömul álpt með gæsa rödd
grimm sem reiður hani.

Séra þorsteinn Ketilsson, fyr þénari hjá Pálli lögmanni, kom að Bólstaðarhlíð, þar Haldóra Erlendsdóttir bjó, og sá nefnda vísu krítaða þar á bita í kirkjunni. Hann skrifaði með krít fyrir neðan vísu þessa:

Þinna kvæða skartið skín
skærst í klæðasniði,
lærðu að þekkja lýtin þín,
og láttu hann vera í friði.

Þessa vísu kvað lögmaðurinn á beinakerlingu 1702,[1]) þá hann frétti til komu assessors Árna til landsins, óvitandi að uppskriptarverkið snerti sig. [Landsb. 360. 8vo 18.; JÓlGrv. ísl. orðab. Island, kyn]:

Nú er hugur minn
horfinn ástum
síðan til álmdrósar
eisu freys spurðak,
þeim eð alvaldr
Jóta kindar
bauð of Norðmanna
börn órkynjað.

Við Margrétu Eggertsdóttur, sem nú er kona Teits Arasonar sýslumanns [1702—12]:

Margur um hug sér mæla kann,
meyjar gera svo fleiri,
eptir á fær hún Margrét mann,
máske jeg það heyri.

Lögmaður Páll ásamt herra assessor Árna Magnússyni voru á kommissionsreisunni á Vestfjörðum og lágu við tjald hjá Múla; færði Margrét þeim mat og töluðu þeir að gamni sínu við hana meðal annars, hvort hún vildi giptast. Hún lét sér eigi vera hug á því. Þá kvað lögmaður þetta.

---

[1]) b. v. JÓlGrv. í orðab.

Digitized by Google

Draumvísa [1704].

Hann veit særður, hvað í þrá
hefir mátt hér reyna,
illa nærður út í frá,
aungvar lærður konstir á.

Dreymdi að kona austur á Kirkjubæ kvæði um hund, sem venjast hefði átt.

Til Þorsteins Þorleifssonar og Elenar Þorláksdóttur [fyrir 1705]:

Himinn, jörðin, heimar, storð,
hjólin veðra, sólin með,
máninn, stjörnur, steinar, járn,
strandir, græðir, sandar, hæð,
hvað sig færir, féð og dýr,
fagrar áttir, dagur, nátt
frú og þegna[1]) þor og megn
þjóni gjörvalt hjónum snjalt.

Hann var gestkominn til séra Jóns Bjarnasonar á Staðarbakka í Miðfirði. Hann hafði verið skólameistari á Hólum 18 ár. Hann bað hann að útleggja sér á vers einhverja moraliska grein Horatii, ef mig rétt minnir. Hann yfirsetti svo [(fyrir 1705). Landsb. 360. 8vo 6—7]:

Æ hvað margföld umbreyting
æfina mannsins hrekur[2])
lægra staddan lands á hring
lukkan minna skekur.

Svo minnir mig hann segði sjálfur, að það hefði verið yfirsett eitthvert vers Horatii, en þó gæti vel staðist, að svo væri útlagt þetta Senecæ:

---

[1]) þegni 734, 410. [2]) skekur, hdr.

Digitized by Google

Qvanti casus humana rotant,
minus in parvis fortuna ferit,
leviusque ferit leviora Deus,
seruat placidos obscura quies
præbet somnos casa securos.[1])

Jón Einarsson vice-rector á Hólum kvað [fyrir 1707]:

Ter mihi svaviolum, rector venerande, parata
omnia vivaci sunt, Widaline, tibi:
Sin minus inscribas faciei carmina nostræ,
Et fore te morem Paule voveto mei.

Hinn svaraði:

Cum nos Einarius vellet libare, nequibat
Quam nequit Einarius, ferre petebat opem.

»Það var von eg beiddi mér brotinna kögla að glettast við þig«, sagði Jón, þá hann heyrði svarið.[2])

---

[1]) Landsb. 360. 8vo 13 segir JGrv. svo frá: Séra Jón Bjarnason á Staðarbakka las Horatium Carm. lib. 2. Ode X. þar af féll hann í þanka og kvað:

Æ hvað margföld umbreyting
æfina mannsins hrekur.

Þá bar Pál lögmann að. Prestur sagði honum vísuna og kvaðst ei geta bætt við. Páll lögmaður bætti þá við:

lægra staddan lands á hring
lukkan minna skekur.

[2]) Sami Jón Einarsson kvað þetta og einu sinni á beinakerlingu:

Sat hér fyrr með saungva þjóð,
svo sem var til vonar,
bezt þó létu brókarljóð
Benedikts Einarssonar.

Lögmaður þekti á vísunni, að Jón Einarsson mundi hafa kveðið, en ei hinna neinn, sem undir eins voru á ferð. Það var og satt.

Digitized by Google

Við Haugakvísl á Arnarvatnsheiði á alþingisreisu með lögmanni Páli. Þorlákur (Guðbrandsson, d. 1707) kvað:

[Landsb. 360. 8vo 148 (JÓlGrv.). Landsb. 270. 4to bls. 116 (með hendi Jóns Árnasonar). Landsb. 179. 8vo bls. 244 (eignuð Páli). Annars eigna sumir Þórði á Shjúgi þessa vísu. Prentuð í Ísl. þjóðs. I, 471 og í Arkiv f. nord Filologi IV, 1888 bls. 264. Corp. poet. boreale II, 414, og Saungbók Stúdentafélagsins Rvík 1894]:

Þó slípist klár, en slitni gjörð,
slettunum ekki kvíddu.

Lögmaður bætti við:

Hugsaðu ekki um himin né jörð,
haltu þér fast og ríddu.

Um hest feinginn hjá séra Gunnari Pálssyni [fyrir 1707]:

Högna á að kalla hryssunið, þó höldar banni;
hesturinn minn skal heita Glanni,
hann hefir það nafn af góðum manni.

Um meyfiskinn eður *Skötuvísur* [fyrir 1707].

Spurn.

Klerkurinn veit að kynna frá
kvöðunum spurnar minnar,
mundi ei all-ljóst markið á
meydóm brúðarinnar?

Andsvar.

Af meyfiskum ei fá not
upp þó reki á Skaga
þeir sem ei hafa þingborið skot,
það má hann Ljótur klaga.

[vantar eina vísu Þorláks Guðbrandssonar, að hann samþykkir, að þeir eigi ekkert tilkall til rekans, sem ei hafa þingborið skot, svo sem Ljótur].

Þingborið skeyti þurfti hann sízt,
það er kunnugt mönnum;
skatan sjálf hefir skotinu lýst
skýrt fyrir sínum grönnum.

Digitized by Google

[vantar aðra vísu Þorláks, að skatan hafi aldrei lýst skotinu að lögum. Kanske sú hér fyrir neðan: þjófur útlægur &c].

Ekki bægir öllum frá
úrskurðurinn fljótur,
skuli réttur ske þar á
skotmannshlut á hann Ljótur.

Jtem eru þessar Páli Vídalín eignaðar:[1])

Þjófur útlægur það er sá
þegn hver skotinu leyndi,
hér um klerkurinn hugsa má,
hann meyfiskinn reyndi.

Þegar hann kominn þangað var
þá er nú rétt útmálað,
til Arnljóts fann hann eigi par,
eitthvað þótti brjálað.

Þessi vísa heyrir og til:

Eg vil biðja álýktar[2])
[um ef skeytið[3]) þekkir,
hvort skotmanninum skutilsfar
skrokkinn helgar ekki.

Þessar meyfisksvísur komu svo til, að menn sögðu, að Arnljótur nokkur vestur undir Jökli hefði haldið við Björgu[4]) dóttur Jóns gamla á Hamrendum, sem séra Illugi á Kúlu eignaðist síðan etc. Þessar vísur eru allmargar til hjá Þorsteini Hákonarsyni.

Lukkuósk nýfæddrar dóttur biskups Vídalíns [fyrir 1707].

[Landsb. 360. 8vo 16. Prentuð í Árb. Espól. IX, 54—55].

---

[1]) þessar þrjár síðustu vísur eru í IBfél. 629. 8vo með hendi séra Einars Hálfdanarsonar og er þar fyrirsögn »Páll Vídalín, rectius Þorlákur Arngrímsson Vídalín(!)«. [2]) álits þar 629. [3]) [af þingborna ..... 629 (vantar í hdr.). [4]) Björg dó 1707 (Esp. ætt. bls. 538).

Digitized by Google

Solveigu sæl dægur ali,
siðláta við mátann iðna
guð hæstur[1]) góðkostum skrýði,
gagn, æru, magn hærur fagni,
lof, unan líf svinnrar hafi,
list, prýði, fyrst blíðu Christi,
sér heiður hýr græði mærin
hægð, dáðir, nægð, ráð með frægðum.

Biskupinum þótti meir með þessari einni vísu sagt en mörgum latínuversum séra Þórðar á Staðastað.

[Beinakerlingarvísur].

Jóhann[2]) reið til alþingis níu vetra gamall:

Hver mann veitir heimsókn mér?
Heldur nær eg springi;
ákæru þó eina ber
að ungum Húnvetningi.

Atlot hans eg upp á tel
unglings móti vonum,
góði herra, gætið vel,
gerið mér rétt á honum.

Áður þess eg annan bað,
anzaði sá til friðar,
varla kæmi við sig það
og vísaði mér til yðar.

Er mér þó um efnið bágt
alt að hafa í framme,
því mun eg verða að lúta lágt,
leggið þér til, madamme.

Þessi (er sú) vísa, sem Jens Spendrúp kvað um Guðrúnu Jónsdóttur. Guðrún kallaði alla þá ókvæntu bauka. Var þá Jens Spendrúp eptirlegumaður í Höfða, en hún þar á Ströndinni á Eyrum. [fyrir 1710]:

---

[1]) eða: beztur, JGrv. [2]) þ. e. Jóhann Gottrúp (d. 1754).

Digitized by Google

Kaller du mig helvízk[1]) bauk
din forbandet geitnehaus
upp úr höfði gíel gaus
og skrattinn[2]) henni landið strauk.

Páll Vídalín, þá hann heyrði vísuna:

Af því [mér ber[3]) anza til
upp [vil eg[4]) dóminn segja:
handaskömm var hróðrar spil,
honum var betra að þegja.

1711. Um sendimann einn, sem beið eptir bréfum í Víðidalstungu:

Burðamaður er Bjarni minn,
berst hans frægðar saga,
hann hefir ekki hálfelt skinn
í heila tíu daga.

En Jón Magnússon kvað. Hann var þar þann vetur:

Skinnið aldrei mýkjast má,
í moðinu hefir legið,
því er hann Bjarni þreyttur á
að þæfa klippingsgreyið.

Biskups Steins og Páls lögmanns vísur sín á milli út af nöfnum þeirra til gamans, í Stykkishólmi, að mér er sagt, þá herra Steinn kom fyrst út biskup [1711], og hann kom í tjald til lögmanns Páls, sem þá var þar staddur. Kona einhver sat í tjaldinu lögmanns og vildi upp standa, þá biskup kom. Lögmaðurinn bað hana að sitja og kvað:

Sæmdum vafin silkirein,
sætið máttu nytja,
þokaðu ekki um þveran Stein,
þarna skaltu sitja.

---

[1]) bölvað (orðam. JÓlGrv.). [2]) fjandinn (orðam. JÓlGrv.).
[3]) [eg á að, orðam. JÓlGrv. [4]) [skal, orðam. JÓlGrv.

Digitized by Google

Þá kvað herra Steinn:

Konunni þykir meir en mál
til mannsins heim að reisa,
[en sé hún[1]) streingd við Stein og Pál
strangt mun hana að leysa.[2])

Um Þorstein Sigurðsson [um 1712], er síðar varð sýslumaður í Múlasýslu. [JSig. 278. 4to blöð í 8vo skr. c. 1770, sem á eru »Nokkrar vísur Páls lögmanns Vídalíns«]:

Björg í Tungu barnið ól,
brjálaði meydóms þingi,
þetta kendi hún þó fyrir Jól
Þorsteini Haukdælingi.[3])

Ráðningarvísa við assessor (Árna) Magnússon, er mér sagt:

Yður hef eg nú ekki séð
átján vikur og tíu,
eina og fjórtán eg tel með,
og legg þar til níu.[4])

Þessar sextánmæltar vísur sýnist lögmaðurinn kveðið hafi eptir það assessor Árni Magnússon sigldi 1712 [Landsb. 360. 8vo 6—7. Tvær fyrstu vísurnar prentaðar í Huld I, 1890 bls. 75]:

Hvað er títt? Horfinn friður.
Hvað er ráð? Ger sem áður.
Hvað þá? Hinir æða.
Hví nú? Fækka mínir.
Hvern þreyrðu? Hvarf Árna.
Hans er von? Enn ef stanzar
Hvað er gott? Haltu á flótta.
Hvert á láð? Til guðs náðar.[5])

---

[1]) [ef hún er (orðam.) JólGrv. [2]) sumir eigna Páli þessa vísu þegar Jón eldri sonur hans gekk að eiga Helgu dóttur Steins biskups (Landsb. 270. 4to bls. 65), en það mun vera rángt. [3]) Þorsteinn var frá Jörva í Haukadal og var um tíma sveinn Páls Vídalíns. [4]) þ. e. 52, heilt ár (JólGrv.). [5]) eða: náða.

Digitized by Google

Einn em eg. Sigldur er Árni.
Óttar þjóð. Margur hljóðnar.
Vinfátt. Flestir hætta.
Frýs dáð. Prettir lýsast.
Syrg eigi. Sól er á morgun.
Sjá við ugg. Það er huggun.
Gott sé þér, og guð óttast,
geisa þeir að sakleysi.

Hremsa þýtr, ýmsu er otað,
amar lið, ramir niðra,
garmr lætr, ormar eitrast,
ýlir refr, grýlur hefjast,
flýgur hrafn, hegri lifnar,
hvín tóa, gín kjói,
gaddr ball, broddur tryllist,
brenni ráð, — enn hef eg náðir.[1])

Til Árna Magnússonar 1712.

Næsta skyggir nú í ál
og norðan yfir;
hræðslan styggir hvergi Pál
því herrann lifir.

[Beinakerlingarvísur] til Sumarliða.[2])

Kanske verið hafi þá Sumarliði forlét Gottrúp, en gaf sig til O'dds).

Ellimóð sit enn nú hér
eg á fornu miði;
herra lögmann[3]), heill séuð þér!
Hvar er hann Sumarliði?

---

[1]) það ætla sumir að í þessari vísu felist nöfn óvina Páls (270. 4to með hendi Jóns Áruasonar eptir handr. Brynjólfs Oddssonar, en athugasemd þessi er án efa eptir Gísla Konráðsson).
[2]) þ. e. Sumarliði Klemensson lögsagnari í Húnavatnssýslu (1712—1717). [3]) eða Lauritz, JÓlGrv.

Digitized by Google

Sakna eg manns í selskapinn,
sem eg þó ástir byði;
heilir Jóhann hjartans minn!
Hvar er hann Sumarliði?

Sigurður djákni segðu á skil,
sem minn hugann friði,
heilla vinur, hvað kemur til?
Hvar er hann Sumarliði?

Á yður deila eg alla vil
og aungvan sjá í friði;
heyra vil eg hér á skil,
hvar er hann Sumarliði?

Séra Þorsteinn Ketilsson segja sumir [sé höfundur].

Gamanvísur við börn.

Um syni sína og aðra kenslupilta, sem voru í Víðidalstungu um árin 1712—15, og lét hann þá reyna sig á að skrifa hvern sína vísu.

Eldri Jón skrifar einka vel,
aktar hann reglur valla;
soddan letur sæma eg tel
sögunni af Grautar-Halla.

Letri[1]) *Jóns hins yngra* er
eigi vert að hrósa;
sá má skrifa sýnist mér
söguna af Gamla-Bósa.[2])

Magnús leynir mentum ei,
minst er honum um fræði;
skoði menn hans skriptargrey
skapað í Grýlukvæði.

---

[1]) Letrið, hdr. [2]) Kvenna-Bósa, aðr.

Digitized by Google

Yngri Magnús, ekkert lag
er á skældum línum;
Leppa- tel eg -lúða brag
letrum hæfa þínum.

Um tökupiltana.
Um Jón Sigurðsson.

[*Jón Sigurðsson* ekki kann
efni á letri högu;[1])
af Vilmundi viðutan
vil eg hann riti sögu.

Jón Ólafsson alllítt kann
eins og börnin lötu;
senn má hann rita smámsaman
söguna af Þrándi í Götu.

Ef þú *Jón minn Ólafsson*
ekki skrifar betur
áttu á snoppung vísa von,
vesnar nú þitt letur.

[Lagast tekur letrið nú fyrir litla *Jóni,*
skrifi hann fagurt fram að nóni
fyrir sig þaðan í kvöldi þjóni.

Jóni gefur byr af bekk
bindur skóna eigi,
fyrir utan orlof gekk
út á miðjum degi.[2])

Item þá *Jón* var að læra að skrifa lét lögmaður hann sýna sína skript á þessari vísu til móður sinnar, afa og ömmu í bréfi sínu:

---

[1]) [má svo líklega tilsetjast fyrri partur vísunnar, þó eg muni hann eigi (JÓlGrv.). [2]) [»Séra Þorsteinn Ketilsson orti«, JÓlGrv. á spássíu, og enn á spássíu: »Forte séra Þorsteins Ketilssonar, þá hann var þénari lögmanns þar í Víðidalstungu«.

Digitized by Google

Eigi verða verkin sýnd,
veturinn gerðist stuttur
áður en letin öll var týnd,
sem í var eg hingað fluttur.

[Sælar móðir mín góð,
sælir afi góður, sælar amma góð,
sælir bræður mínir, sælar systur mínar.[1])

Jón Ólafsson eldri er
öðrum skrifurum meiri,
hann má rita hugsast mér
hróðurinn þaðan af Eyri.

Hann var nýkominn vestan frá Narfeyri með föður sínum séra Ólafi Eirfkssyni, og var þeim feðgum mikið í munni um velmakt Odds.

Um Sigurð Thomasson, sem síðan hætti við lærdóminn:

Leti Sigurðar lítið dvín,
laginn er hann á óra;
hann má skrifa og skammast sín
Skaufhalabálk hinn stóra.

Sigurður skrifar sveina vest;
sex eru þeir að letri;
hann hefir sér í huga fest
hvergi að verða betri.

Samt skal hann verða að sitja við bók
sér til yfirbóta,
unz hann kemst í asnakrók,
ei skal leingur hóta.

---

[1]) [vísan til á lausu blaði með hendi lögmanns sjálfs, og þar er þessu bætt við.

Digitized by Google

Locatur mun láta þá
lötum höggin ríða,
hrísið dettur hrygginn á,
hvað er það betra að líða?

Seinast það og satt eg tel
um Sigurð veslings dreinginn,
lítt er von hann letri vel,
lötum kennir einginn.

Það er gert til siðasaka, Sigurður frændi,
að láta fá þér lærdómsgreinir,
lagfæring þú aungva reynir.[1])

Vísa litlu Katrínu til gamans.

Mér líst orsök ærin,
Eggert rakaði skeggið,
máské Katrín klæi
kamp Eggerts á skeggi,

ungra manna er einginn
Eggert líkur að skeggi,
því mun auðar eyja
Eggerts hræðast skeggið.

Litla Katrín letikös
lærir ekki að vinna;
tæðu ull og týndu grös
til málbóta þinna.

Því kom eg hér, eg hugði að láta sjá mig;
heiðursvífið, hverninn líst þér á mig?[2])

Katrín vefi væn bönd,
verzli þeim í útlönd,
Katrín ekki vill vönd,
vera skal hún toppönd.

Eitthvað verður athlægið til ástar vinna
snótin Katrín snildar kvinna
snjótitlingur móður sinnar.

---

[1]) sýnir, hdr. [2]) meina eg sé úr þessu kvæði.

Digitized by Google

Nú má eg syngja í sessi og kór
sigur á kvæði mínu,
glerastyr á flótta fór
frá henni Catharinu.

Um litla Sigurð Eyjólfsson.

Dulitli kallinn og dreingstifrið mitt,
hvert ertu fallinn og hvar er fólk þitt?

Vísa hans um Hólmfríði dóttur sína.

[Landsb. 360. 8vo 90. Prentuð í æfisögu Páls framan við Fornyrðin Rvík 1854 bls. Lj. Guðbr. Vigfússon: Corpus poeticum boreale II, 412]:

Níu vetra nú í vor,
nemur seint íþróttir,
hefir saumað hvert eitt spor
Hólmfríður Pálsdóttir.

Og sagt er að hún hafi kunnað alla sauma, þá hún var 12 vetra.

Epistola biskups mag. Vídalíns til Páls lögmanns Vídalíns á Þingi, eg meina verið hafi (17)13 eður 1714; eptir 1717 var það ei:

Tolle precor mihi tolle moras, nos occupat æstus,
Excutit imperium gens inimica Deo.

Flýttu þér bróðir, flýttu þér,
flóðið dynur að löndum;
[stjórnina[1]) öldin ætlar sér
úr guðs slíta höndum.

Næsta hvort það var ei, þá Oddur hóf málið við biskupinn.

Um Odd lögmann Sigurðsson.

I.

Lýsing Odds.

[JSig. 478. 8vo (= JArn. A IV) bls. 46 með hendi Jóns Árnasonar].

---

[1]) [öldin stjórn því, orðam. JGrv.

Digitized by Google

Hann á að vera hábeinóttr,
harla mjór um dausinn,
en að framan arnhöfðóttr,
ofan svartur hausinn.

II.

Um framferði og nokkra lífspósta Odds lögmanns, á beinakerlingu.

Hvatir kappar kýs eg að mér
kvæðin fögur syngi;
geldingurinn orðinn er
óður niður á þingi.

Hann hefir vaðið upp í ár
og sig þankað herra;
Baskar gerðu í fyrra fár,
fá mun hann síðar verra.

Yfir um fjöll og saltan sog
sögurnar bragnar heyra.
Hvað er nú títt af Hrafnseyjar vog?
Hvað er af þingi fleira?

III.

Þegar út tók um giptingu Odds Sigurðssonar og dóttur Guðmundar ríka í Brokey biðlaði Oddur til Guðrúnar Þorsteinsdóttur á Gröfum. Var það orðið hljóðbært, að hún væri hans heitstúlka, því Magnús kapteinn Arasonar sendi inn brúðkaupsvísur. Þær sá eg[1]) ungur; voru þær með gyltum bókstöfum. Í millitíð vildi svo til, að enskt skip kom í Búðaós og tók að höndla við innbyggjarana. Oddur reið þangað með sína þénara, fyrirbauð þeim höndlun og var stórorður. Þeir svöruðu illa um. Oddur skipaði þá fylgjurum sínum að höggva festar skipsins. Þá hinir ensku heyrðu það faunguðu þeir Odd og hans fylgdarmenn, en sleptu strax öllum þeim aptur, utan Oddi. Honum héldu þeir í hálfan mánuð. Var það síðan samandregið,

---

[1]) líklega Grunnavíkur-Jón.

Digitized by Google

þá ekkert varð af giptingu Odds, að hann mundi hafa geltur verið, og því sagði Páll Vídalín í vísunni: Geldingurinn orðinn er ærður niðri á þíngi. Þetta frétti Oddur. Þá sagði hann á þingi við Pál: »Kveddu nú um geldinguna«. En Páll svaraði: Login held og sagan sé &c. [Landsb 270. 4to bls. 46]. Aðrir segja svo frá tildrögum vísunnar: »1713, þegar dæmt var embætti af Páli er sagt að Oddur Sigurðsson hafi sagt við hann: »Kveð þú nú, Páll!« Hann snerist við og kvað jafnskjótt: Login held eg &c.« [ÍBfél. 208. 4to]. En sögn Grunnavíkur-Jóns [í 360. 8vo] er sú, að Páll hafi kveðið vísuna. »1713 í Þingvalla kirkjudyrum, svo hátt að hinumegin ár heyrðist og það þrisvar. Oddur lögmaður var inni og skipti litum«. [Fyrsta vísan er prentuð í Esp. Árb. IX, 16].

Login trúi[1]) eg sagan sé
sögð af geldingunni,
[geingur [samt að gabbi[2]) og spé
gilt í ýmsra[3]) munni.

Þessar vísur eiga hér og að tilsetjast:

Broddi (Barki) fram í bráðadanz
brokkar á yxna þingi etc.
vide alibi

Árna í latínu og Páls í íslenzku um geldinguna.[4])

Item í öðru sinni um hið sama:

Meiddur, fundinn, mæddur, eltur,
misjafnt leið á bárum,
hýddur, bundinn, hæddur, geltur,
heima beið í sárum.

Jón Steinsson kvað þetta í blóra við lögmann og breytti eptir hans orðfæri.

IV.

Um viðureign Odds lögmanns og Bischavier.

Þessar vísur kenna margir lögmanni Vídalín.

(Vantar eina) . . . . . .

. . . . . .

aldrei lá hann með systur sinni.

---

[1]) held, aðr. [2]) [soddan gabb, aðr. [3]) [liggur þetta last og spé | ljóst í hvers manns Landsb. 270. 4to bls. 66. [4]) Jón hefir aldrei tilfært þessar vísur hér og eg hef hvergi fundið þær.

Digitized by Google

Aldrei kaðal halurinn hjó á hvalaraskipi,
undir land með lesta gripi
lífs í nauðsyn þó hann hlypi.

Hann og aldrei hýddur var af hvalfangara
húðina því hefir til vara,
hvað sem eptir á kann að fara.

V.

Nú hef eg eingin erindin ný að segja,
amtmann, Svartzkopp, Oddur og þeir
eru að spurðir — viti þér meir? —
hvort landskrifarinn lifa muni eður deyja.

VI.

Sumir eigna honum þessar vísur í Ellakvæði.

Þar var inni *Broddi* og *Bask*,
Barki og þrællinn *Liði*,[1])
Hágikkur[2]) með hundinn *Vask*
og hákalls byrði af Sviði,
svarti Narfi sendi rask,
en sauð hans mella.
Það var alt í húunni hans Ella.

Barki átti þar borð og sæng
og bölvaða dalapyngju,
Lísa og *Dísa* lúrðu á væng,
láu þau þrjú í dyngju,
Marteinn, *Ásta* hrósar hæng
og hlíðin pella.
Það var alt í húunni hans Ella.

---

[1]) = Sumarliði Klemensson. [2]) Snorri hágikkur var í Miðfirði.

Digitized by Google

VII.

[Landsb. 270. 4to bls. 162 (eptir handriti Jóns Pétursonar)].

Hef eg ei slíkan harmasón
heyrt um æfi mína,
ef það er satt að úlfur og ljón
eti nú dóma sína.

Undur mikil þótti það
þar á Deildarvöllum:[1])
Broddi og Dúfa urðu að
apturgaungu tröllum.

Gefið úrskurð góðir menn,
sem gripina skuluð virða,
brúnklukkuna og bröndungenn
bezt mun saman að spyrða.

Þegar hann gekk á skip í Spákonufellshöfða 11. Oktober 1715 til siglingar upp á mál sitt við Odd Sigurðsson [Landsb. 360. 8vo, 78. Prentnð í Arb. Espól. IX, 25 og í æfisögu Páls framan við Fornyrði Jónsbókar, Rvík 1854, bls. xxxv. Guðbr. Vigf. Corpus poeticum boreale II, 413]:

[Eins er leiks að[2]) bíða börn,
befölum guði tíma,
þegar eg kemst yfir þessa tjörn
þá er mér ráðin glíma.

Þetta mun kveðið, þá þeir voru í máli sínu í Kaupinhöfn 1715 eptir Jól, þá Oddur hafði gert tilræðið á sér.[3]) [Landsbókas. 360. 8vo bls. 134—35; Landsb. 270. 4to bls. 72—75; JSig. 410. 4to með hendi Haldórs Hjálmarssonar »eptir hendi séra E(inars) H(álfdanar)s(onar)«. Prentað í Tímariti Bókmentafélagsins XI, 110—112]:

---

[1]) = þingvöllum. [2]) [Látum líða og, Esp. & æfis. Corp. ofl.
[3]) »Eða kanske það hafi verið þá hæstaréttardómur hefir verið geinginn í sökinni 1716«, setur JÓlGrv. aptan við kvæðið.

Digitized by Google

Man eg það ílt er að una
órétt bundinn prettum,
einn man eg enn þá börnin
ung í Víðidalstungu,
man[1]) eik móins dýnu,
mín sæta þá grætur:
nú situr auðareyja
angruð dagana langa.

Man eg það ílt er að una,
oss grét þó[2]) með kossi
sæt að seinsta móti
seims lín eg var heiman;
sáu börn sárt var að þreyja
sinn vin þar höf stynja;
nú situr auðareyja
angruð dagana langa.

Man eg það ílt er að una
Odd í ferðar broddi;
hér em eg. Hvað er þá meira?
Hvað[3]) er mark á hans barka?
Æðra er ef óframs bíður
aptans sök fyrir hans krapti;
nú situr auðareyja
angruð dagana langa.

Man eg það ílt er [að una[4])
auðn[5]) lands, þúsund vanza;
man eg að allir una
ánauð dygða snauðir.
Hvað er hinum til ráða?
Hví má eg landið flýja?
Nú situr auðareyja
angruð dagana langa.

---

[1]) eg b. v. 270. [2]) hún 270. [3]) hvort 270.
[4]) [hið eina 270. [5]) auðnu, JólGrv. orðam.

Digitized by Google

Man eg það enn skal una,
oss og bauga hnossu[1])
guð sá, er gæfu ræður,
gefur sigur í dyn vigra;
föðurs börn fyrir mæðu
fagna kviklát gagni;
þá lifir auðareyja
angurlaus dagana langa.

Um Jón Hreggviðsson kvað assessor Árni Magnússon seinast þá Jón fór úr Kaupinhafn til Íslands [mig minnir það væri 1716, sama veturinn, sem lögmaðurinn var utanlands upp á mál sitt]:

Líta munu upp í ár
Íslands búar kærir,
að Hreggviðsniður hæru grár
höfuð til landsins færir.

Lögmaður kom að og kvað:

Hann fer seinna hrætetrið hann kolur,
höfuðið fylgist enn nú jafnt sem bolur,
um ílt var hann leingi yfirburða þolur,
til Íslands færa karlinn hægar golur.

[Kveðið] 1717 [á ferð] frá alþingi á Arnarvatnsheiði; saung það og stundum eptir hússlestur [Landsb. 360. 8vo bls. 1; handrit mitt í 8vo með hendi Daða Níelssonar eptir eiginhandriti]:

Jesú, mitt frelsi, friður og stoð,
forða mér smán og pínum;
eg skal heiðra þín heilög boð
í hjarta og orðum mínum,
í vilja, í raun, í von og trú,
vertu [hjá mér[1]) og bjarga nú
neyðstöddum þræli þínum.

---

[1]) hnossum 270. [2]) [mér guð 360.

Digitized by Google

Á beinakerlingu [1717], þegur Gizurarmálið, Gottrups og Árna sýslumál voru á veifi og sukk og vastur fleiri Húnvetninga:

Gottrup, Spendrup, Gizur og Hallur[1])
gæzku börnin frómu,
nú er sálmurinn orðinn allur etc.[2])

Samt er eptir Árni í Hlíð,[3])
eg skal vera honum hjartans blíð,
ó og ó og ó og ó,
sextíumælt, og það er hún nóg.

Um Niels Ker [1717] [Landsb. 360. 8vo, 138—139. Prentuð í Safni II, 151 og í Corpus poeticum boreale útg. af Guðbr. Vigf. II, 414]:

[Skipað er rúm þar seggur[4]) sitr
svo sem aða í leirum;
sé eg halurinn sýnist vitr
sér, en ekki fleirum.

Við Benedikt Bech [fyrir 1719], á Hólum staddur. Benedikt var að heimta skatt af manni nokkrum, Matthías að nafni, örsnauðum.

Undur oss þér kenduð;
æpir fólk; mun það glæpur?
dugir aumum eigi
aðsjón, gjaftollsmaður;
sýnist sem þú munir
sjá til að nóg fáir;
mál er að margur voli,
Matthías er í skatti.

[Beinakerlingarvísur] upp á Benedikt Bech [fyrir 1719].

Herra Gottrúp hugur minn fékk
huggunar í voninni smekk,

---

[1]) prófastur Grv. J. [þ. e. séra Hallur Ólafsson]. [2]) Jón hefir ekki skrifað síðustu línu vísunnar. [3]) þ. e. Árni Þorsteinsson í Bólstaðarhlíð (?) [4]) [í dómara sæti seggrinn, Safn, Corp. ofl.

Digitized by Google

er sú fregnin undan gekk,
að yður mundi fylgja Bech.

Ef svo sker hann sýnir sig
í samför yðar um þennan stig,
von er og ósk mín vinsamlig,
að vígi þér saman Bech og mig.

Blíðum Jóhann bezt eg ann,
brúðarsvein eg kýs mér hann,
Sumarliði sé siðamann,
en Sigurður skrifi kaupmálann.

Er þá hófið alskipað;
ekki sakna eg þess er kvað,
alt hann gildir einu um það,
ef þér brosið stökunum að.

Þá lögmaður sendi hústrú Valgerði [1719] norður að Hólum (hún var þá sturluð) þennan sálm: Ó, guð eg skríð fyrir augsjón þér &c. kvað hann þessar vísur til að segja henni til nafnsins síns, en bað þó það væri eigi sett fyrir sálminn:

P-rýðist yðar æfiljós
á-star Christi safni!
l-ágin fögur loga sjós
l-eynið mínu nafni.
Vi-lji skilja dýr með dáð
da-gsins laxa mjaðar
li-lja, dylji, nú hefir náð
n-afnið jafnt til staðar.

Um Odd Sigurðsson og hans mál, á beinakerlingu 1719:

Öll mín skulu orðin sönn,
aungu vil eg ljúga,
sækir að Oddi háskahrönn,
hefir geiblu bjúga.

Digitized by Google

Um Guðmund Þorleifsson í Brokey (d. 1720).

Guðmundur hafði gefið Níels Furhmann amtmanni allan auð sinn skömmu fyrir andlát sitt. Þetta var kveðið, þegar Páll frétti lát Guðmundar um veturinn. [Landsb. 360. 8vo bls. 129—30; AM. 437. Fol. bls. 12; Add. 25. 4to (JÓlGrv.) og segir þar að vísurnar sé gerðar 1720, þegar Páll frétti lát Guðmundar um veturinn; Rask 55. 4to bls. 72 (séra Jón í Hítardal); Bergsbók Jóns Arnasonar; Landsb. 270. 4to bls. 42. Fyrsta vísan prentuð í Corpus poeticum boreale ed. Guðbr. Vigfússon, og eignuð Páli.]

[Sínum örfum[1]) sinti ei par
sálugi Gvendur ríki;
auður í Brokey eptir var,
þá öndin skrapp úr líki.[2])

Gvendur skildist gózið við,
gekk frá leifðu snauður;[3])
þar komst ekki í þriðja lið
Þorleifs lögmanns auður.[4])

Amtmanni lét auðnan dæmd
arfinn,[5]) sæmd og geingi,
honum bauð með heiðri og sæmd
að halda og njóta leingi.

Heyri eg sagt að hindruð þing
harmasærin byrli.
Skal það vera skoðað í kring?
Skötu rekr á Þyrli.

Jón Sigurðsson í Bæ kvað þetta epigramm yfir Guðmund Þorleifsson í Brokey. [Bók í 8vo með kvæðum skr. 1748 af Jóni Egilssyni síðar á Vatnshorni, bls. 146; Landsb. 270. 4to bls. 130. AM. 437. Fol. bls. 12—13, að eins vísa Jóns; um hana segir Grunnavíkur-Jón: »þessa vísu heyrði Páll lögmaður fyrst um vorið í Ljáskógum hjá lögsagnara sínum Jóni Arnórsyni; þótti brosleg og

---

[1]) [Um sína arfa, aðr. [2]) Þessi vísa er aðeins í Bergsb. og 270, og eigna sumir hana Þormóði í Gvendareyjum. [3]) dauður, aðr. [4]) sumir hafa fyrri partinn síðar og síðari partinn fyrr. [5]) óðulin, aðr.

Digitized by Google

hafði títt yfir«. Vísa Páls er og í Þingvallabók JSig. 260. 4to bls. 418 (skr. c. 1790)].

Gvendur var grönnum kendur,
gaf lítið, smánýtinn og skrítinn,
heiptrækur hefnd að sækja,
hraðsinna, klókur maður við skaða;
undarlegur auðslundur
með arfinn kunni að starfa til þarfa;
misti önd, mund og kvendi
mold byrgir; fáir syrgja þá lyrgju.

Páli lögmanni þótti þessa vísa þrosleg. Þá hann heyrði hana kvað hann:

Jón kvað með sínum són,
til svölunar hölum í Dölum,
Tíma fram falda rímu[1])
tjáði og skráði með háði;
Oddi galt illan todda
æði margræðið það kvæði;
betra er lítið letra
en ljóða óhróður um þjóðir.

Um Ísleif Einarsson sýslumann í Skaptafellssýslu [d. 1720].[2]) [Landsb. 360. 8vo 139; JSig. 278. 4to blöð í 8vo skr. c. 1770].

Ísleifur er nú út af dauður
og í kistu lagður snauður,
góði mann.
Ólafi[3]) dæmdist eign og auður,
arfur, góz sem gull og hauður;
glaður er hann.

Við Hamarslæk 1720, þá þeir frændur Jón Þorkelsson biskup Vídalín og Páll lögmaður töluðu seinast saman. Það var í Julio seint, en 20. Augusti deyði hann í sæluhúsum. Kvað Páll af þeirra samtali:

Allvel telur þú um fyrir mér,
að eg sé til skriptatækur;
hugsaðu, bróðir, þá fyrir þér
að þú verðir ekki rækur.

---

[1]) Tímaríma er háðkvæði um Odd lögmann og Sigríði móður hans. [2]) Fyrirsögnina vantar í 360. [3]) Ólafur Einarsson sýslumaður á þykkvabæjarklaustri dó reyndar 1717, þrem árum fyrri en Ísleifur.

Digitized by Google

Á Mannam[óts]flötum 20. Junij 1720 í ræðu við Sigurð landskrifara:

Sú er ein af öllum frétt
af öllum löndum:
fáðu þér einhvern blíðublett
á baugaströndum.

Við séra Ólaf Þorvarðsson einu sinni [fyrir 1721]:

Ólafur syngur innar í kór
og eingin hrellir pín;
svo búinn aptur fjandinn fór
með flærðarskeytin sín.

eður:

Olafur syngur enn í kór
og eingin hrellir pína;
svo búinn aptur fjandinn fór
með flærð og hrekki sína.

Séra Ólafur þessi var hans kirkjuprestur, bezti saungmaður.

Séra Ólafur sami bað um pappír einu sinni:

Ekki er gott um pappír, prestur,
pappír minn er eyddur mestur,
pappír aldrei penna brestur,
pappír þarf eg austr og vestur.

Pappír fær af pennum orður,
pappír fer á ýmsar storður,
pappír eingar pinta skorður,
pappír þarf eg suðr og norður.

Þessar vísur sendi hann með pappírnum.

Við sama prest yfir drykkjuborðum:

Þú ert orðinn ellióra og útlifaður,
gráhærður og gamall maður.

Orðabrellur séra Ólafs Þorvarðssonar. með tón: Nú bið eg guð &c.

[Sjá eptir nokkuð svo fyrir mér[a])
Sigurgefnir og blessaðer,

---

a) [Svo hafið þér að sjá eptir, JÓlGrv. Add. 8. 4to p. 3358.

Digitized by Google

aldregi fyrri sá eg slíkt
svo situr mín húan nett og líkt[1])
rétt vel ferðugt, eg þeinki þá,
þar er Jóhannes einn upp á![2])
Hugsið þér ekki hót fyrir því,
hvað fyrir benvízkt pússarí.

Penultima hending eru skáldsins eigin orð.

Séra Ólafur Þorvarðsson hafði þessa vísu svo:

Þó langt hafi verið síðan eg sá
svinna bauga eiri,
ef þekki eg ekki þornagná
þá er mér skömmin meiri.

Lögmaður verteraði svo:

Þó langt hafi verið síðan eg sá
selju grábaks láða,
ef þekki eg eigi þornagná
þá er mér fátt til ráða.

Við séra Ólaf Þorvarðsson, þá Gísli son hans var ungur með honum á reið yfir Arnarvatnsheiði. Prestur ávítaði Gísla fyrir burtuveru í hvannaleit:

Aga þú þennan arfa þinn
og er hann þá beztur;
hægra er að kenna heilræðin
en halda þau, prestur.

Þessar vísur hefir hann dreymt:

Kristín liggur í kistu lík,
kallaði vífið dauði,
presturinn grætur gullhlaðsbrík,
en Gísli fagnar auði.

Þessi Kristín var til heimilis á Skarði í Langadal, dóttir

---

[1]) Kom svo til að séra Ólafur var einu sinni fordrukkinn að hreykja húfunni sinni utan í hundaþúfu niður á Breiðabólstaðarvelli, og sáu það komumenn, og sagði (hann) þá þetta. [2]) Séra Ólafur hafði um sig ólarbelti með Johannis bílæti, að hann sagði, á stykkinu.

Digitized by Google

séra Ólafs Þorvarðssonar á Breiðabólstað, en systir Gísla. Hún andaðist í sama mánuði á sömu nótt, sem lögmann dreymdi vísuna, en látið fréttist fáum dögum síðar.[1])

Draumvísa önnur:

Þér eg segi, þeink um fremur,
þorna raptur,
hvort að eigi kópur kemur
úr köfunum aptur.

Hann þóttist, staddur þar úti í smiðjunni, og Sveinn Ingimundarson á Auðunarstöðum, sem þar smíðaði tíðum, kveða þessa vísu, þá Hrafn, er verið hafði vinnunaður föður hans og þá var dauður, kom upp úr kolahrúgunni etc.

Á beinakerlingu 1721. Þessi og næsta hreystivísur um sig sjálfan:

Um það tala eg ekki meir,
einn[2]) er vís að framan;
nú eru sjö ár síðan þeir
saman tefldu gaman.

Vera skulu eingin ill
orð í mínum hótum:
athugi hver, sem athuga vill,
enn er hann Páll á fótum.

Eg skal fella erindin(n),
aungvu fyrir þig kvíða;
æ, æ, æ, æ! Oddur minn,
eins er leiks að bíða.

Á alþingi 1722, 27 Julij. Um Odd; hann svaraði Mála-Marteini:

Aldrei fær hann uppreisn meir á æfi sinni,
þú mátt hafa það í minni,
þaðan af í veröldinni.

Mála-Marteinn lagði til seinustu hending(una).

---

[1]) Kristín dó 1721, Espól. ætt. bls. 482.

[2]) ɔ: guð, JólGrv.

Digitized by Google

Gerð 1722 á alþingi:

Áköllum þann almáttuga,
öll munu þá ráðin duga,
það hef eg reynt;
láttu hann aldrei hverfa úr huga,
hver sem vill þig sorgin buga
ljóst eður leynt.

[Beinakerlingarvísur].

1722 við Benedikt lögmann og biskup Stein.

Vicelögmann virðir bezt,
þó verði ljóðin fyrir mér klest;
hvers mun norðan hærra von?
Heyrðu Benedikt Þorsteinsson!

Þú munt koma, en ekki einn,
æðri maður er herra Steinn;
taki þið eiðkorn eitt af mér
efalaust að mey jeg er.

1722 [um Benedikt Þorsteinsson á beinakerlingu]:

Vicelögmaður, vinurinn minn,
veiztu laganna skorður,
ljáðu mér hann þórodd þinn,
þegar þú ríður norður.

Við Snæbjörn [Pálsson] 1722 í Oktober vegna Þórkötlu gerð:

Gott er að treysta á góðan Krist, og góðs því vonum;
berðu þig vel í búmanns raunum,
bið eg mér þess að kvæðislaunum.

Um Sigurð Thomasson 1722 í Decembri:

Seinka þykir mér Sigurði þeim,
sem eg átti að vona;
þegar þeir eiga að hugsa heim
hafa þeir það svona.

Upptalningsvísa.

Lögmaðurinn kvað um sitt reisufólk 1723, 23. Junij í

Digitized by Google

Hvannamó á alþingisferð. Hann sagði einhver skyldi byrja eitthvað að kveða eður tala, en eingi vildi:

Einar hvergi unir,
arnsúg dregur hann Bjarni,
Markús ei vill yrkja,
enn Jón hafnar tónum,

Magnús ei sér eignar
orð Haldóru skorðuð,
Hólmfríður hrindir sálmum,
hrekur mál að Páli.

Gerð 1723 á alþingi:

Kristur biður einn fyrir oss,
oss kemur það að gagni;
hann er sá, sem hékk á kross,
og hratt um dauðans magni.

Um Odd Sigurðsson á alþingi 1722 eða 1723.[1])
[Landsb. 360. 6vo 82; Landsb. 270. 4to bls. 39]:

Falla menn, þótt fræknir sé,
fregnað hafa það lýðir;
Barki verður vitra spé
og veraldar spott um síðir.

7. Julij 1723 á alþingi. Naut gaulaði yfir á hólmanum, svo tók undir í gjánni:

Hrópar tarfur, heyrir Steinn,
hann er gamall í elli;
þriðja vantar undir einn
Einar á Hvassafelli.

Einar var saungmaður og göntuðu menn hann einu sinni að hafa tvísaung við mannýgt naut. Það var þá, þegar Einar sagði til nautsins: »Þér hafið bassann of lágt«. Nautið varð forviða af hljóðum Einars, og það frelsaði þá frá nautinu. Sumir segja það væri á alþingi, sumir á reisu í Hítardal.

Við Sigurð Sigurðsson landþingsskrifara og Orm Daðason sýslumann á alþingi, 9. Julij 1723:

Þið eruð báðir Orms af ætt,
Ormi eru báðir líkir,
lítið á og látið bætt,[2])
lifni fleiri slíkir.

---

[1]) Incertum quando, JÓlGrv.

[2]) þ. e. það, sem áfátt var í þessu lífinu (JÓlGrv).

Digitized by Google

[Beinakerlingarvísur.]

1723 af alþingi, þá Hans Scheving fór norður með sína festarmey:

Hans minn Scheving, hugsa eg,
helzt mun til mín sækja,
nema gangi víf í veg,
vináttu hans sem rækja.

Þó mun eg flestum þykja dæl
þrifin á menta gnóttir;
glettstu ei við mig, góðin sæl,
Guðrún Vigfúsdóttir.

Um veturinn minnisstæða 1723. Þau töluðu eitt sinn við föður sinn mæðginin um einhverja lagfæring. Hólmfríður bætti síðara hluta vísunnar við. [Landsb. 360. 8vo, 126. Vísan er prentuð í Æfisögn Páls framan við Fornyrðin Rvík 1854 bls. L, og er eignuð þar Páli einum, og svo er víðar. Corpus poeticum boreale útg. af Guðbr. Vigf. II, 414.]

Hann kvað:

[Þú mátt lofa[1]) fögru fljóð,
fer það sem er vani.

Hún lagði til:

Sáttin verður á svenskan[2]) móð,
sem þeir gera við Dani.

Við Erlend Bárðarson meðreiðarmann prófasts séra Orms B(jarna)s(onar). Hann kvaddi prófast til ferðar 1723:

Erlend minn skal eiga tröll,
Óðinn kendi þessi ljóð,
hrellir anngvann hverdags sköll,
hljóðin læra menn og fljóð.

Erlendur var aðkallssamur, en lögmaður drukkinn.

Vestan í Auðunarstaðahálsi á reisu til Melstaðar að standa yfir greptran Ingiríðar sálugu konu prófasts séra O(rms); nokkur snjór var, blaut færð og slæm, 1723, 3. Octobris. [Landsb. 360. 8vo, 96. Vísan er prentuð í Huld I, 1890 bls. 74]:

---

[1]) [þó þú lofir, aðrir. [2]) Svenskra, aðrir.

Digitized by Google

Af mér dregur ellin þó, fyrri hef eg farið um snjó,
æskuna týnda sýnir; förunautar mínir.

1723 in Octobri:

Mikið er veröldin völt og flá,
var hef eg þessa orðið;
hún mig vildi hrekja frá
og hrinda mér undir borðið.

Við Magnús Magnússon systurson sinn 1723 in Novembri. [Magnús var þá tökupiltur í Víðidalstungu]:

Sæll barn, sért mér hollur,
slíks eru dæmi, að líkjast
móður — mundu það — bræðrum
mest að öllu flestir.
Hlýttu, og haf þú drottinn,
hans ráð er gott, vanza
flýr þú og fær þá æru,
fyrst með þér; sá er Kristur.

1723 in Decembri. Lögmaður var drukkinn lítið. Jón [Ólafsson uppeldissonur hans] fór með full staup:

Stattu og sittu stöðugt Jón, svo steypist eigi;
vertu Páli þarfur þjón á þessum degi.

Teitur og Ormur.

[Landsb. 270. 4to bls. 165 (eptir handriti Jóns Pétursonar). JSig. 278. 4to blöð í 8vo skr. c. 1770 Teitur sýslumaður Arason átti í málum 1723—4.]

Ærðist Teitur, brandi brá
bundinn nauða sjóði,
særðist neytur Ormur[1]) á,
undin[2]) rauða flóði.

---

[1]) þ. e. Ormur Daðason. [2]) undan hdrr.

Digitized by Google

Hrepti neytur Ormur ör,
öllum veitir sóma,
slepti Teitur hvössum hjör,
höllum beitir skjóma.

Við séra Jón í Vesturhópshólum þá prestlausan [um 1724] og hestlausan. Lögmaður fékk honum ónýtan hest, en séra Jón gat narrað út fyrir hann góðan hest síðan etc.:

Heyri eg að þú sért hestafár
í hrossaþaufi;
hafðu með þér húðarklár,
sem heitir Paufi.

Apturbeinin eru honum traust,
en æ er hann latur;
framan er skrípið fótalaust
og flughrafns matur.

Umboðsfæran ætla eg vil,
ef á skal reyna;
hann er í Babel hafður til
að hefja á steina.

1. Januar 1724:

Ekki tjáir þetta þér,
þú munt verða að gegna mér;
aldrei kvað eg erindi fyr,
ekki er nú á kvæðum byr.

1724 um veturinn norður á Hólum við herra Stein:

Hraður gekk eg hingað inn
og hýra kvaddi frúna;
heilir og sælir, herra minn;
hreint af drakk eg núna.

1724, 8. Apr. við matselju sína:

Fiskurinn er eins og ól,
er Elizabeth gefur;
býsna leingi baugasól
með betri matinn tefur.

Digitized by Google

1724, 3. Maij í Ljáskógum um séra Ólaf Eiríksson:

Eg er opt að þukla um það,
þanka venda í kringum,
hvar mun Ólafur hænast að
hrakinn frá Saurbæingum?

Deest altera[1]). Það var það fimta prestakall, sem séra Ólafur hélt.

1724 í Ljáskógum. Séra Árni í Hvítadal kvað til gamans við litla Brynjólf son Jóns lögs(agnara):

Brynjólfur er bezta barn,
betra er að eiga þau fleiri.

[Þá bætti lögmaðurinn við]:

Öll er kvæðin yðar skarn,
ekki vil eg þau meiri.

Á Sölvamannagötum 1724, 13. Maij:

Hyllir undir helga menn og hundinn líka;
hvar er að finna herra slíka?
Hvergi veit eg þeirra líka.

[Beinakerlingarvísur.]

1724, þá suður var farið um tvo, sem ei höfðu fyrr farið, og voru í ferðinni:

Erlendur[2]) gerir mér aldrei skil á æfi sinni;
leggið þið, piltar, liðsemd til, að lög hann vinni.

Jón hefir góðan yndisal í ástarfellu;
hann kom vestan úr Hörðudal að hugga kellu.

Nikulás fann mig nú í svip fyrir nauðsyn alla;
sá hefir þegninn þokka grip; eg þoldi hann valla.

Á reisu til alþingis 1724. Gleymzt hafði að taka salt til ferðarinnar:

Ingunn bjó mig illa af stað,
ekki er nú að fást um það,
saltlaust ei eg etið get
ostinn, smérið, fisk né ket.

---

[1]) þ. e. vantar aðra til. [2]) þ. e. Ólafsson, JÓlGrv.

Digitized by Google

1724, 29. Julij á reisu af alþingi fyrir ofan Brunna:

Málin þau arna öll til samans,
ef menn tala sér til gamans,
eru nokkuð athugaverð;
hver sem sæi á þeim enda,
á því mætti reiður henda,
að lög væri þá með lögum gerð.

Á reisu af alþingi 1724, 31. Julij í Kalmanstungu, þegar hann hafði unnið hross-skinnsleingju-málið, fyrir vinnumann sinn Bjarna Andrésson, á móti Oddi, hann [var] þar um spurður. [Landsb. 360. 8vo 80. Prentuð í Æfisögu framan við Fornyrðin Rvík 1854 bls. XLIV og í Árb. Esp. IX, 73—74. Guðbr. Vigf. Corpus poeticum boreale II, 414]:

Hross-skinnsleingjan er nú elt,
alt fór það með snilli;
hún hefir leingi legið melt
lögmannanna á milli.

Á beinakerlingu 1724 frá alþingi. [Landsb. 360. 8vo, 78. Prentuð í Esp. Árb. IX, 74]:

[Nýtt er lítið nú[1]) um sinn
nauðsynlegt[2]) að bóka:
Oddur, Jóhann, Ormur minn
eru að tæta flóka.

Við hund sinn Biram 1724.

Svívirðilega svangur ertu, og svei þér leingi;
hundurinn minn er kominn í keingi;
kvikindinu bjargar eingi.

Um Hólaprentsmiðju.

[Eptir handriti hjá mér, með hendi Daða Níelssonar. Vísur þessar voru að vitni Grunnavíkur-Jóns prentaðar á Hólum 1725 sérstakar, og hið sama segir séra Gunnar Pálsson í Prentsmiðju sögu sinni, en hvar sé nú til eintak af þeim

---

[1]) [Nú er ekki neitt, Esp. ofl. Nýungarnar IBfél. 37. 8vo.
[2]) nauðsyn er ei IBfél. 37. 8vo.

Digitized by Google

prentuðum, er óvíst. Grunnavíkur-Jón vitnar í kvæðið í orðabók sinni undir áðan og óa og í Add. B. U. Hafn. 8. 4to bls. 2423, 2802, og eignar alstaðar Páli. Þegar þeir Brynjólfur Þórðarson á Hlíðarenda og Steinn biskup sættust um prentsmiðjuna á alþingi 17. Júlí 1724 kvað Páll lögmaður vísur þessar]:

1. Gott þeim guð vorn óttast,
gott, sæl móðir drottins,
þú átt, marghelg meyja,
meyja blóm, skilinn sóma;
Guðbrandur gaf þér andann,[1])
gagn prentverks og hagnað;
þig má eigin eigu
einginn ræna leingi.

2. Stóð gjöf stilt með heiðri,
stóð, það er sæmd og hróður,
satt tel eg, sjö sinn átta
svo nær vetra tvo betur;
þá kom, það[2]) menn óar,
[þing undirrettinga;[3])
misti mærin bezta
mundinn nokkrar stundir.

3. Þrennum þrettán sinnum
það gekk ár, en rekkar
afhuga allir sváfu,
utan Steinn biskup, hreinnar;
meyjar rétt maður drottins
mintist, því lög sintu;
vann með heiðri hennar
heiðurs eign; verum feignir.

4. Sjáið, ullar ægis
elds, hve reis hinn feldi,
Steinn vann stað til lýðum
styrk, með guðs dómkirkju;

---

[1]) áðan JólGrv. í orðab. undir áðan. [2]) er b. v. JólGrv. í orðab. undir óá. [3]) = cimelium notificationum, scil. ad regem de legato episcopi Gudbrandi, JÓl.

Digitized by Google

hún skal marar mána
meiðir launa heiðri,
svo skín, sérhver uni,
sól prentverks á Hólum.

5. Guði sé hæstur heiður,
hróðurs njóti guðs móðir;
láð íss leingi prýði
liðug bókasmiðja;
Guðbrand lofi lýðir,
ljóði gjöf hans þjóðin;
iðju Steins, aptur er knúði,
iðugleg virðing styðji.

Svo kvað
Philalethes Philopator 1724.

1724, 29. Septembris:

Höfum vér allan huginn vorn til himnaríkja,
þá mun Óðinn aungvan svíkja;
aldrei skal frá drottni víkja.

Á haustinu 1724 við Jón eldra son sinn; lögmaður sat um kveldið í stofu sinni, og var Jón ekki hjá honum:

Það er mikið þú ert dæll,
þolir neinn mig eigi;
langt mér þykir, sonr minn sæll,
sit eg einn og þegi.

Í annan tíma kveðið:

Það er mikið þanka rugl,
þjáir hyggju veika;
hugurinn er sem annar fugl
út og suður að reika.

Við Snæbjörn Pálsson, 1724, 7. Octobris:

Séð hefir eikin skarlats skýr að skipin slingra;
angurlaus mun eyjan hringa
endir þegar verður þinga.

Digitized by Google

Kanske hann meini hér Þórkötlu. Síðan mælti hann og það máltak brúkaði hann optar: »fíflin eru getspökust«.

Snæbjörn lagði til orðin, en lögmaður skáldskapinn. Það er að segja, Snæbjörn talaði þetta í sundurlausu máli, en lögmaður las orðin saman í vísu í Víðidalstungu 1724, 7. Oktober:

Lítt er séð fyrir endann inn,
ei er mál til lykta,
við hann Orm og Markús minn
mun eg verða að fikta.

Í sama sinn, því Snæbjörn var eigi minna kendur en lögmaður:

Settu þig niður, Snæbjörn minn,
singraðu ekki leingur;
málin ganga út og inn;
á þeim verður keingur.

Jón eldri son hans sló í botninn.

Aldrei hræðist eg almenning,
ekki er sagan farin í kring,
ef að eg kæmi á það fyrsta örvarþing.

7. Octobris 1724 við Snæbjörn, sem áður er á minzt, að þá var í Víðidalstungu, til gamans út af mjólkursteypu:

Sjaldan lýgur almenn öld,
ílt mun verst að hreppa;
fyrst þú mígur mjólk í kvöld
má eg þér ekki sleppa.

1724. Jón eldri sonur hans lagði til fyrra hlutann, þá hinn var kveðinn:

Einum drotni eg þig fel } J(ón) P(áls)s(on).
og hans vænti náða;
það hefir leingi lukkast vel, } Lögmaður.
látum hann öllu ráða.

Við Jón eldra Pálsson[1])

[Landsb. 360. 8vo 5—6. JÓlGrv. Lex. Isl. undir (ein)tómur.]

---

[1]) Lbs. 270. 4to bls. 125.

Digitized by Google

Ef að eg skal um vort lífið ræða,
hver sem gerir þanka[1]) um það,
þar vill lúta gjörvalt að:
það er eintómt erfiðið og mæða.

Um vinnumann sinn og vinnukonu. 1724 um haustið. [Brúðkaupvísa]:

Bjarni kjörna brúði fær,
batt hann sér Valgerði,
ástar kostum eru þau nær,
alt til gæfu verði.

Jón Pálsson yngri og séra Haldór kváðu og sinn hvora. Ekki man eg þær.

Vísa við Inguni ráðskonu sína 2. Novembris 1724:

Herlega fer um haus á þér,
hefir þú mart í iðju;
styttan er, svo stönzum vér,
stilt á læri miðju.

1724, 22. Decembris. Jóhann Gottrup var nýkominn að vestan og var að segja frá sínu málastarfi við Odd, og mitt í rausinu talaði hann fyrri partinn vísunnar óvitandi, en lögmaður bætti við:

Oddur lögmann á sig tók
orð og skammir allar,
en hann Jóhann á það jók
öllu því hann kallar.

Bœnarvers.

[Prentuð í Litlu-Vísnabók 1. útg. Hólum 1757 F 3, og 2. útg. Viðarjeykl. 1839 bls. 227—228. Lbs. 360. 8vo 1—2; Handrit mitt með hendi Daða eptir eiginhandarriti.]

Þetta kvað lögmaður 1725 eptir nýjár í Januario:

1. Jesus, hjartans hugvölun mín,
hjartað og sálin flýr til þín
angruð[2]) af ýmsri stríðu,

---

[1]) þannig 360; þeinkja JÓlGrv. Lex. [2]) angráð, aðr.

Digitized by Google

syndin mín þjakar aumri önd,
óttast má eg þinn reiðivönd,
æ væg og veit mér blíðu;
Jesus, Jesus,
gefðu mér náð og gefðu mér ráð,
svo glatist eg[1]) eigi;
þreingi mér ekkert frá þínum vegi.

2. Eg fel sál mína æru og líf,
embætti og ráð alt þinni hlíf,
Jesus, mín hjálparhella;
augunum mæni eg til þín,
ástarþeli vend þú til mín,
hvað helzt sem vill mig hrella;
Jesus, Jesus,
frels mig af ljótri flærðar[2]) nót
og fjanda minna;
eg skal þér lofgjörð um eilífð inna.

Um hvolp, sem hét Vargur, þá hann átti að færast norður að Hólum 19. Febr. 1725; tija hans var frönsk:

Lýstur er í »kuld og kjön«,[3])
kann á frönsku að hrína,
fanturinn argur fýlir grön
framan í ömmu sína.[4])

Um Eirík stump eður velstilt 20. Febr. 1725:

Eiríkur er yfriks flón,
ekki er því að neita,
svo var hans faðir sálugi Jón,
sonur mun eptir breyta.

1725, 27. Febrúar undir nótt, af Þorkelshólsþingi, milli Þórukots og Lækjamóts. Ámundi á Hrafnsstöðum reið undan:

Hann mun rata hverja geil
vor holt í kringum,
Ámunda slær aldrei feil
með Ólafshringum.

Því Ámundi lézt búa yfir kukli.

---

[1]) sl. Vb & Daði. [2]) fjandans, aðr [3]) N. L. lib. 5. Art. 71, JÓlGrv. [4]) »því hann hafði ranseiði« JÓlGrv.

Digitized by Google

Páll Vídalín um Guðmund nokkurn, sem kallaður var Klettskúkur, því að hann var frá Kletti í Kollafirði, og stuttur og digur; kveðið veturinn 1725, þegar við vorum á ferð í Svínadal í Dalasýslu, og Guðmundur reið á undan [JólGrv. ísl. orðabók undir: kafa]:

Hér hefir Gvendur kúkur Kletts
kafað um fannir breiðar,
vísar hann okkur vel til rétts
vegar um fjöll og heiðar.

Á beinakerlingu til alþingis 1725:[1])

Benedikt vefðu veft og garn
vinnumanna þinna;
Páll er orðinn eins og barn,
ekki er honum að sinna.

Horfir alt til fegurðar forms,
[fáa kann eg slíka;[2])
tóið hans Odds og tóið hans Orms
og tóið hans Jóhanns líka.

Á reisunni frá alþingi sama ár [1725] á beinakerlingu:

Nú hef eg eingin efnin til að orð mín klingi;
höiðingjarnir hafa á þingi
hagrætt því, er tíðir syngi.

En þó verð eg yður um það með art að biðja,
svo sem þú[3]) vilt þig sjálfur styðja,
sjáðu fram á nösina miðja.

1725, 10. Sept. (Steinn) biskup var kominn til Víðidalstungu í visitazíureið. Lögmaður kvað í tjaldi biskups:

Þá skal gera þér til meins,
það eg orka kunni,
að setjast niður á sessu Steins;
svo fara ljóð af munni.

---

[1]) Þetta gerði Páll hér um 1724 í málinu milli þeirra sýslumanns Jóhanns Gottorp og Orms Daðasonar, er Benedikt Þorsteinsson dæmdi í á Staðarbakka í Helgafellssveit um haustið 1724, ef mig rétt minnir. JólGrv. Add. 8. 4to bls. 3247.
[2]) [al. fann eg aldrei slíka. JólGrv. [3]) ɔ: Benedikt, JólGrv.

Digitized by Google

Biskup kvað:

Gerum oss allir glaða hér,
gangi ei neitt að meini;
hirðum ekki hverninn fer,
hefni Páll á Steini.

Mintust þeir þá á gamlan kunningskap og gamanlæti og hversu þeir væri nú orðnir báðir stirðir til skáldskapar.

10. Septembris 1725 við herra Stein. Hann var kominn að Víðidalstungu í vísitazíureið:

Gaktu bæði út og inn
í eingla dróttins friði;
hjálpi þér Kristur, herra minn,
héðan af þessu miði.

16. Septembris 1725, lagfært úr orðum Sveins á Þóreyjarnúpi:

Það er heiður einginn í
að iðka hrekki;
lofað hef eg honum því,
en haldið ekki.

Hildur sáluga Arngrímsdóttir og aðrir vildu setja: hét eg reiður, fyrir: lofað hef eg.

Síðasta gamanvísa hans við móður sína, Hildi Arngrímsdóttur, öndverðlega in Octobri 1725. Hún kom til hans einn morgun sem optar. Hún andaðist nóttina milli 11. og 12. ejusdem. [Landsb. 360. 8vo 9. Vísan er prentuð í Huld I, 1890 bls. 74].

Erenda fjöldinn aldrei dvín,
allmart vill þau kreinkja;
komið þér sælar, móðir mín,
mart á eg nú að þeinkja.

10. Oktober 1725:

Jeg er ekki á flótta fær
að fara til næstu bæja;
argur er sá, sem að því hlær;
ekki mun jeg þó vægja.

Digitized by Google

10. Octobris 1725, þá von var á Benedikt vicelögmanni til nýju laga deliberationarinnar:

Ef hann Benedikt kemr í kvöld
kviknar annað gaman;
þá mun verða önnur öld,
yglast báðir saman.

Hann kom þó ei fyrr en þann 18. ejusdem og var til 23. Á þeim tíma yfirfór hann mikið stykki af projectinu lögmannsins. En sýslumennirnir Ormur, Markús og Spendrup, sem komu þann 10. (svo sem þeir höfðu á alþingi tilsett) riðu burt þann 12., þegar þeir sáu að Benedikt kom eigi. Það varð alt úr því móti.

1725, 7. Novembris [um Odd lögmann]:

Um það neitt eg ekki kveð,
orð mín skaltu marka:
þér hafið enn nú eigi séð
endir á málum Barka.

Við Þorbjörgu (konu) sína um skáldskap Einars Guttormssonar:

Næsta viltur nú um sinn,
nær ei Þundar skálum,
ær og tryltur Einar þinn
er í skáldamálum.

Um rímnakveðskap sama Einars 24. Decembris 1725:

Skáldfíflanna skoða má hér
sköpun á döpru letri,
Einar, þegar þú yrkja fer
af honum Lykla-Pétri.

Varnaður skyldi verða þér
vítin allra flóna,
Einar, þegar þú yrkja fer
af henni Magellóna.[1])

---

[1]) þ. e. að Einar skyldi ekki fara að yrkja »Ilias post Homerum«, því að séra Hallgrímur Pétursson hafði áður ort Magellóna rímur.

Digitized by Google

Um séra Haldór Hallsson.

I.

Við séra Haldór Hallsson 26. Januar 1726; báðir voru að drekka saman, og var tekið til að fá á prest:

Hingað betr og hingað nær,
hann sér eigi að skeinkja;
nú er Haldór orðinn ær,
ílt mun klerkur þeinkja.

II.

[Kvæðabók í Fol. (bls. 187), sem eg á, með hendi Páls Hjaltalíns í Stykkishólmi 1861—71, meðal »tækifærisvísna Páls Vídalíns«].

Oss mun gerast bragar brestr,
betra mundi á kvæðum frestr;
hvort ertu orðum óður prestr?
Aldrei kom hér slíkur gestr.

Um teninginn yfir kotru í forkæring 1726, 6. Febr:

Lifir hann æ við lygar og stuld,
leikur að slægð og prettum,
æran hans er öllum duld;
enn segi eg nýtt í fréttum.

Á alþingi 1726. Lögmaður gegndi Sigríði á Leirá upp á það hún sagði, þeir mundi þykjast hafa efni til að segja, að hann gæti ei leingur sýslað við málin á alþingi eður setið lögréttuna vegna óhreysti:

Það ætla eg þeir þykist hafa,
þar um er ekki fleira að skrafa
nú að sinni, nistilsey,
af því draga þeir allan vafa,
ekkert vera skuli til tafa,
þeirra málum, þegar eg dey.

Á næsta lögþingi þar eptir, 1727, andaðist hann, og voru þeir bæði þá og svo (17)28 ekki fljótari en fyrr.

Í bréfi til séra Ólafs 9. Febr. 1726 um Jóhann Gottrúp út

Digitized by Google

af ýmsum hlutum, er fóru á milli prófasts og líka lögmanns við goðann, sem þá var farinn að abalienera sig lögmanni (og) brúka sitt eigið höfuð, svo hinum tókst eigi að hæna hann að sér leingur:

Guð náði vorn goða,
gildir ei slíka að stoða,
vísar hann mér í[1]) voða,
[en vill þó[2]) hlýðni boða.

þegar skynjugir skoða,
skrópana fótum troða,
eitt mun[3]) eptir loða,
sem aflar kinnum roða.

Um J(óhann) G(ottrup) 21. Maij 1726. Þeir þeistu fram hjá honum við Hörðudals á upp á Blönduhlíðar þing:

Þeir eru komnir yfir um á;
Óðinn bið eg leiði þá
upp á þing og þaðan í frá;
þið megið [síðan um þá spá.[4])

Hinir komu eptir og riðu þá undan.

Á Mannam[óts]flötum, þá hann frétti 1727[5]) af málum Odds, hæstaréttardómi og hans apturkomu til landsins. [Landsb. 360. 8vo, 81. Prentað í Æfisögu Páls framan við Fornyrðin Rvík 1854 bls. XLVI og í Árb. Espólíns IX, 79.]:

Nú er sagan nógu laung,
nú eru dómar kreptir;
Broddi er kominn í glæfragaung,
Gottrup hrekur á eptir.

Þetta orð hrekur skilja aðrir fyrir activum, en aðrir fyrir verbum impersonale. Þessa vísu gerði lögmaður á sinni seinustu alþingis reisu 1727, og er sú hans seinasta um Odd. Falla hér í eptirskrifaðar Spádómsvísur um hann og það er hann opt sagði: »eptir á hann kollhríðina enn«.

Við Þorlák Gíslason tókupilt frá Valadal 1727 um veturinn:

Gagaraljóð.

Ef þú hlýðir ekki mér,
önnur[6]) ráð eg hitta skal,
fálkarnir skulu[7]) fylgja þér,
farðu norður að Valadal.

---

[1]) sl. sumir, JÓlGrv. [2]) [og vill þá, JÓlGrv. [3]) vill, al. JÓlGrv. [4]) [sögur um þá fá (orðam.), JÓlGrv. [5]) bætt við fyrir ofan síðar 1726, sem er rangt. [6]) annað, orðam., JÓlGrv. [7]) mega, orðam., JÓlGrv.

Digitized by Google

Þú munt vera þangað[1]) fús
að [þreifa á[2]) mykju og ganga í fjós,
glaður við þín heimahús,
hyggur það sé mesta[3]) hrós.

1727 um veturinn einn sunnudag; tiltalað var um þau tökubörn, sem þá voru þar á bænum:

Öll eru ráðleg orðin þín,
er vér skyldum kunna,
Karitas og Katrín mín
og kvendið hún litla Gunna.

1727. Um veturinn í bréfi sínu til Sigurðar landskrifara. Um Schwartzchoffsmál:

Athuga skaltu orðin mín
auðs um liðna þöllu,
meinaðu ekki að meyjan þín[4])
muni dauð með öllu.

Einhvern tíma á sínum seinasta æfivetri 1727:

Ætli þér nú eptir lestri að sækja,
eruð vanir skriptina glögt að rækja,
báðir skulið þið bæta við.
Arnór nennir ei til þess að krækja.
Yður skal í þessu máli flækja;
nú má einhver leggja lið.

Svo var hann orðinn stirðskældinn seinast.

1727 á Arnarvatnsheiði á veginum suður að Mannam[óts]-fl[ötum] seinasta sinn. Jón sálugi eldri hafði skrifað upp þá sauði, sem hann átti hjá öðrum:

Son minn skráði sauðalið
samið í björtu ljósi,
nú kveður einginn nei þar við,
nema hann Gísli á Ósi.

Af bréfi séra Jóns Sigurðssonar prófasts í Ísafjarðarsýslu til mín[5]) 1739: »Seinasta vísa. sem Páll heitinn lögmaður hafi

---

[1]) þar til, orðam, JÓlGrv. [2]) [þukla um, orðam. JÓlGrv.
[3]) bezta, orðam. JÓlGrv. [4]) þ. e. Schwartzkoff, JÓlGrv.
[5]) þ. e. Grunnavíkur-Jóns.

Digitized by Google

gert, og hafi verið að raula hana fyrir munni sér seinast, hann reið ofan með Ármannsfelli á alþing (hvort sem hún er aldeilis rétt eptir honum höfð í þriðju hendingunni) er mér sögð þessi«.

[Landsb. 360. 8vo, 128; Add. 47. A Fol. bls. 64, og skýrt eins frá vísunni, en ekki getið bréfs séra Jóns. Prentuð í Æfisögu Páls framan við Fornyrðin Rvík 1854 bls. XLVIII og í Árb. Esp. IX, 88.]:

Leiðast tekur himin og hauður,
hagur bagur alla daga,
sem andvana frá auð burt vendi,
undarlegt er stríð lífsstunda.

Vers.

I.

Ó, herra guð mér hjálpa af náð,
háðung og spotti varna,
fyrir soninn þinn,
frelsarann minn,
færðu mig inn
í flokkinn þinna barna.

II.

Ó, drottinn guð mitt einkaráð,
eg lifi og dey við þína náð,
sál mín, æra, embætti og líf,
alt sé befalað þinni hlíf;
öndin mín kvakar upp á þig,
æ, drottinn kendu í brjósti um mig.

III.

Hvernig sem þín hirting þjáir
holdið veikt í raunum sín,
það er mér svölun nóg að náir
náð þín Jesú enn til mín;
þó mig kremji kross og hrjái
kyssi eg á limið vandar þín.

Vantar eitt vess fyrir framan þetta, og annað fyrir aptan. Þau voru aldrei kveðin, nema þrjú.

Digitized by Google

IV.

Mér ber svo mart til rauna
mest af því eg stygði guð,
ætti eg þar yfir að kveina
og alvarlega hans rækja boð,
sem vill og kann við að rétta,
von á hann sízt mun pretta,
eg fyrir sann optlega reyndi þetta.

Í þessari vísu er sín hendingin hjá hverju skáldinu tekin, og þessi vísa úr smíðuð:

Ókomnum þú aldrei degi kvíðir;
gott er að falla í herrans hönd;
hann á bæði líf og önd;
mun þá falla mjög vel alt um síðir.

Vísa herra Páls Vídalín.

[JSig. 278. 4to með hendi Jóns Sigurðssonar eptir »Guðlaugsstaðakveri í 8vo«]:

Guð oss gefi náðir,
græði slíka mæðu,
þraut er við þetta að býta,
þokar að heimsins lokum;
fátt er gott í fréttum,
fyllist heimur af illu,
brátt kemr dómur drottins,
drótt má fyrir því óttast.

Þýdd vísa.

[Bodl. Oxford FMagn. 109, 8vo skr. c. 1770].

Mors tua, mors Christi, fraus mundi, gaudia cæli
et dolor inferni, sint meditanda tibi.

Versio herra P(áls) J(óns)s(onar) Víd(alíns):

Hugsaðu maður um heimför þín,
herrans Christi dauða og pín,
sviksemd heims og heljarneyð
og himnaríkis sætu leið.

Lögmaður batt í eina vísu alt argumentum bókarinnar

Digitized by Google

Vinaspegils, [sem séra Sveinn Símonarson hefir lagt út[1]). [Landsb. 360. 8vo 13; Add. B. U. H. 3. Fol. ad bls. 4 (JÓlGrv.)].

Vinur gleðst vinar af láni,
varar hinn og áminnir,
trúir með trygð og þegir,
trauður í aungvum nauðum.
Vel á bak hinum hjalar,
hryggur skilst við hinn dyggva,
enn þó ei aptur finnist
um aldur trúskap halda.

Norður á Víðivöllum á kóngsbænadaginn, þá hann sá fyrst hærur sér í skeggi:

Mál eg tel að hugsa heim,
heimurinn vill það eigi,
bezt mun að hætta brösunum þeim
og búast við andlátsdegi.

Lögmaður skildist við Jón biskup Vídalín um þriðju hringing heima á Þingvöllum, en biskup vildi hann drykki meir og teði leingur:

Að drekka vín og dæma mál
dugir ekki vel fyrir Pál,
því hann á að sjá fyrir sál,[2])
en súpa mun eg af þessa skál.

Reisuhindranir.

Við Mag. Jón Vídalín. Lögmaður vildi kveðja, en hinn dvaldi og vildi að lögmaður biði leingur:

Alljafnt heyri eg eitthvað nýtt,
ölið er nóg á gangi.
Hvað er í fréttum? Hvað er títt?
Hvort er eg orðinn fangi?

Draumvísa.

[Landsb. 270. 4to bls. 20].

Bezt er að láta brekum[3]) af
og bera vel raunir harðar;

---

[1]) [Add. 3. Fol. Vinaspegill var prentaður á Hólum 1618.
[2]) Næsta hvort hann átti ekki að dæma í lífleysismáli (JÓlGv).
[3]) [aðrir: leggja brekin.

Digitized by Google

nú er meir en hálfsótt[1]) haf
heim til sælujarðar.

Vísa, sem Grunnavíkur-Jón segir að fyrra parti af sé snúið úr Brönurímum, og svo hafi Páll bætt við síðara partinum [Orðab. GrvJ. undir trúa]:

Vel get eg séð, þó veður sé glatt,
voðinn er mér það eingi;
trúa mín veit eg tala það satt,
að teflt hef eg við þá leingi.

Um ellina.

Athuga þú hvað ellin sé,
ungdóms týndum fjöðrum,
falls er von að fornu tré,
fara mun þér sem öðrum.

Þessa vísu sagði hann opt að vera eina sína beztu. Þá hann kvað hana var svo ástatt, að hann var einhversstaðar á sinni kommissionsreisu, og var unglingur að ásaka einhvern gamlan mann fyrir sinn seinleika. Lögmaður heyrði það í gegnum svefninn og kvað vísuna. Þeir áttu að fara til sjós, minnir mig, og voru að búa sig til þess.

Monsr. Staffel.[2]) [veteraði]:

Heug! puer attendas senium juvenalibus annis
quid sit jam lapsis, proderit istud enim.
Arboribus præceps exesis imminet, audis!
casus, sors eadem te manet atque alios.

Um séra Jón Gíslason, sem var í Mýrdal[3]) austur:

Von er á falli viðarins forns,
vita það allir lýðir;
síga mun og fyrir honum til horns,
hugsast mér, um síðir.

Spá um aldur sinn:

Sjö um fimtugt[4]) feðgar þrír
fram til moldar hnigu,

---

[1]) aðrir: hálfnað. [2]) þ. e. Egill Guðmundsson Staffeldt. [3]) þ. e. Miðdal, d. 1698. [4]) Mun eiga að vera fertugt, því að Páll Guðbrandsson er fæddur 1575 og dó 1622. Hann kom fyrst

Digitized by Google

líkast fjórði fleinatýr
feti sömu stigu.

En það brást, því hann andaðist á alþingi 18. Júlí 1727.

Um sjálfan sig.

Þegar eg vænti alls og ills og einskis betra
þá var eg tvennra þrettán vetra.

Þá hófust fyrst hans óvildarmenn og þá mun hann hafa verið búinn að vera 3 ár skólameistari.

Ein vísa lögmanns Páls:

Liggur á borði
Lögbók og Edda,
Saga Sturlunga
hjá Snorra og Hvítfeld,
Tvímánuður
hjá Talbyrðingi,
en Biblían sjálf
er í burtu mflu.

Svefn.

[Landsb. 270. 4to bls. 74 með hendi Jóns Árnasonar eptir bók Brynjólfs Oddssonar, en þar var vísan tekin eptir »ýmsum handritum«; JSig. 278. 4to með hendi Jóns Sigurðssonar, eptir kvæðabók Gunnlaugs á Skuggabjörgum]:

Mig vill mjög svo buga —
má jeg nefna það? — svefninn.
Hann gerir oss, [þó at[1]) unnum
eldur renni, at kveldi
langsamt, ef að eingi[2]) —
er-at svo vitni? — berast
[ný, svo[3]) brögnum nægi
námlyndum, tíðindi.

Draugavísur.

[Landsb. 360. 8vo, 102—103. Sbr. AM. 437. Fol. bls. 59. Pentaðar í Tímariti Bókmentafélagsins XI, 109—110].

---

til landsins úr siglingu 1605 og getur því Þorlákur sonur hans ekki hafa verið 57 ára, þegar hann dó. Hefir því verið fæddur 1610. Espólín segir í ættartölubók sinni (bls 320), að Þorlákur hafi verið 53 ára 1657, þegar hann dó 1657. Jón Þorláksson andaðist 1695 (Esp. ættart. 322). [1]) [þótt, hdr. [2]) leingi, hdrr. [3]) [ný sú, Gunnl.

Digitized by Google

Við þá fyrstu vofu, sem var send að sækja kverið, og hann heimsótti í samfeldar þrjár nætur. Vísuna kvað hann þriðju nóttina, þá þau héldust á um buxurnar, sem kverið var í. Varð þessi vofa, sem var ein Skotta, svo reið, að hún kastaði hurðunum upp á gátt, sem lokaðar voru um kvöldið. Þá var hann skólameistari:[1])

Opt hef eg slíkan óvin minn
og illúðlegri séðan;
eg forakta þig fjandinn þinn,
farðu í burtu héðan.[2])

Kveðin milli Lækjamóts og Þórukots; fyrst heyrði hann sem harðan rjúpnaþyt, og síðan sýndist honum naut flegið aptur að bógum og draga húðina:

Eg hræðist ekki myrkrin mjeg,
minst hef eg beig af álfum,
fram skal eg enn og fara minn veg,
þó fjandanum rigni sjálfum.

Dimt mér þótti Dals við á,
dró af gaman að hálfu,
að mér sóttu þrjótar þá
þrír af Sathans álfu.[3])

Þá hann var skólameistari var hann einu sinni á ferð á náttarþeli um Hagann í Húnavatnsþingi, — það eru miklar flatlendismýrar svo kallaðar, og er þar sagt draugasamt. Með honum reið sá maður, er hét Eiríkur Kráksson. Hann var skygn. Hann kvartaði um, að hann kæmist eigi fram fyrir draugum, sem spritti eins og eldibrandar kringum hestinn. Skólameistari kvaðst vilja kenna honum eina fjandafælu, og kvað þá eptirfylgjandi vísu. Eiríkur lærði og kvað við raust. Hann var og góður raddmaður. Við það spöktust allir draugar. Vísan hljóðar svo:

Um Hagann draugar svipa sér
svo sem eldibrandar,
þykir gaman að þessu mér,
það eru skozkir[4]) fjandar.

---

[1]) »Líka freistuðu féndur hans og leituðu nóg við að fyrirkoma honum með djöfulsins aðstoð og útréttingum. En hann sló á alt slíkt guðhræddu forakti, eins og stendur í vísu þessari«. JÓlGrv. í AM. 437. Fol. bls. 59. [2]) prentuð í formála Ísl. þjóðs. bls. XXIII. [3]) Prentuð í Ísl. þjóðs. I, 581. [4]) danskir, IBfél. 635. 8vo.

Digitized by Google

1724 (í) Septembri um vofu, sem þeir kölluðu Andrés og kváðu vera N. fylgjara og sendisvein:

Hvað viltu nú hingað inn?
Hvað ber þér til rauna?
þú ef kemur í þriðja sinn
þér skal eg fullu launa.

Þeir sögðu hann hafa verið þá svo nærgaungulann, að hann gekk framan að borðinu, lagði aðra klóna upp á borðið, en aðra á stól, er þar stóð. Svoddan vísur og sagnir eru þó enn fleiri til um vofur, en hann talaði sjaldan um það; er og eigi vert í frásögu að færa.

Kveðið á Hólum. Einhver sagðist hafa heyrt drauga hljóða. Vísunum fjölgaði sem hljóðunum. Þetta er sú fimta og síðasta:

Svo var röddin drauga dimm
sem dunur í fjallaskarði;
nú hef eg heyrt þá hljóða fimm
í Hólakirkjugarði.[1])

Item:

Á stólnum[2]) draugar syngja svo
sem mig ekki varði;
nú hef eg heyrt þá hljóða tvo
í Hólakirkjugarði.

Draugavísa,
annaðhvort á Langadalsheiði(l) við Apavatn eður heldur einhverstaðar í Grímsnesi; eg man ei hvort heldur:

Nú erum við frá Narfabæli,
nafn það gaf þinn bróðir sæli,
þegar hann veg til vítis óð;
enn þótt draugur skeggið skæli
og skoppi lítt á vökrum hæli
forakt eitt hann fær hjá þjóð.

Páll lofaði förukarli að vera og kvað hann í gletti [Landsb. 270. 4to bls. 162 eptir afskript með hendi Jóns Espólíns]:

Eitt er það, sem angrar mig
allra mest í hljóði,

---

[1]) Sbr. Íslj. þjóðs. I, 306; Corpus poeticum boreale útg. Guðbr. Vigf. II, 415. [2]) þ. e. Biskupsstólnum á Hólum.

Digitized by Google.

að draugar muni drepa þig,
drottins vinurinn góði.

Karl svaraði aptur og kvað:

Ei munu draugar drepa mig,
drottins vinurinn kátur,
en andskotinn[1]) mun æra þig
og illar þínar gátur.

[Sléttubönd]. [Landsb. 270. 4to ad bls 38 (eptir handriti Jóns í Þórormstungu, og þar sýnist vísan hafa verið eignuð Páli)].

Dygðum safnar ekki ill
eykur vandamálin
stygðum hafna valla vill
veikum blanda tálin.

Hrunhent:[2])

Geingur að griðungi,
gaular hún baula,
ílt er sársoltnum,
sunnan fer Gunnar,

ber Sæmund bára,
blundar Sigmudur,
beinn[3]) er Snæbirni,
beljar Sesselja.

Gagaraljóð:

Hafi eg mælt í málum halt
og mátt í nokkru styggja þig,
það skal bætast aptur alt,
öllið hefir brjálað mig.

Við Guðr(íði) Benediktsdóttur, þá hún einu sinni talaði um, hvað fljótt hann gæti kveðið. [Landsb. 360. 8vo 38—39. Vísurnar eru prentaðar í Sýnishorni Rasks Stockh. 1818 bls. 275—76]:

Lærðu að yrkja laukahlíð,
list er skáld að vera,
hægt mun vera hringþöll blíð
hagleg orð að gera.

Ótal smíða erindin má
eins og lystir meingi;
segja skal þér satt í frá
svona er eg að því leingi.

---

[1]) eða: ágirndin; [2]) Hringhent, IBfél. 734. 8vo; [3]) sc. byr, forte, GrvJ.

Digitized by Google

Aldrei skortir erindi mig
ef eg drekk með vinum,—
reyna máttu á þessu þig, —
þó er það eins hjá hinum.

Gamanvísur.

[IBfél. 635. 8vo með hendi Þorsteins Þorsteinssonar á Upsum; hér er að eins fyrri vísan (eign. P. V.); IBfél. D. á Isl. 139. 8vo bls. 233 með hendi Bergs Guðmundssonar Strandalíns; hér er að eins síðari vísan eignuð Páli Vídalín. Yrpa, kvæðabók í 4to í eigu Jóns Borgfirðings með hendi Geirs Vigfússonar, bls. 108. Landsb. 270. 4to bls. 70, og 162, báðar eignaðar þar Páli Vídalín. Prentað í »Íslenzkar skemtanir« eptir Ólaf Davíðsson Kh. 1888—1892, bls. 214]:

Mun eg úr Óðins mýrarlaut
mærðar stinga hnausa,
því[1]) skal heitum hróðrar graut
í heyrnar keröld ausa.

[2])Berlings læt eg brókar lög
úr Boðnar[3]) ausu drífa,
[því skal Herjans[4]) hornasög
hróðrar drumbinn rífa.

Einhver hafði yfir erindi úr Rollanzrímum; lögmaður heyrði það og lagfærði, og kvað [Landsb. 360. 8vo 41. Prentuð í Arkiv f. nord. Filologi IV, 1888, bls. 266; Jón Þorkelsson: Om digtn. på Isl. i det 15. og 16. årh. Kh. 1888, bls. 344].

Þórður[5]) undan arnarhramm
aldrei hreytti leiri,
skaraði hann langt hjá skáldum fram
sem skírast gull af eiri.

Um Þórð á Strjúgi í Langadal, þá lögmaður Vídalín einhverju sinni reið fyrir neðan Strjúgi [Landsb. 270. 4to bls. 15, 19 (eptir handriti í safni Jóns Árnasonar, og hdr. Brynjólfs Oddssonar). Prent. í Arkiv f. nord. Filologi IV, 1888, bls. 266; Jón Þorkelsson: Om digtn. på Isl. i det 15. og 16. årh. Kh. 1888, bls. 344]:

---

[1]) þá, Yrpa; [2]) Fyrir framan þessa vísu stendur í Yrpu: »Annar orti«; [3]) Bölverks 139; [4]) [og með hæsings 139; [5]) þ. e. Þórður Magnússon á Strjúgi, enn á lífi 1591.

Digitized by Google

Aptur og fram um Ágarð fló
Óðinn vængja bjúgi:
þegar Þórður þarna bjó
þá draup vín á Strjúgi.

Censura yfir Lakarímu séra Jóns Grímssonar sáluga á Hjaltabakka:

Heptu bræði, brendu kvæði bragsmíðanna;
ljótt er kvæði, ei við æði aldursmanna.

Censura yfir kvæði, sem séra Jón Jónsson í Vesturhópshólum átti að yrkja eptir bón lögmanns undir þessu viðkvæði:[1])

Hafir þú vísdóm vald og féð,
vöxt og afl yfir lýði,
guð hefir þetta gjörvalt léð,
gættu þess og geymdu það vel með prýði.

Þegar kvæðið kom til handa lögmanni dæmdi hann svo um það:

Letrið vandað lítt af klerk
líkt er eingri sögu;
þú hefir unnið óþarft verk
að yrkja slíka bögu.

Fá eru dæmin, einskis er
efnis gætt með snilli,
hroðabagl í hrúgum fer,
hégómaraus á milli.

Hending naumast hitta má
hér né kenning rétta;
láttu aungvann ljóðin sjá;
leirburð kalla eg þetta.

Ferhendurnar fara þó skást,
en fylgir margur brestur;
ekki get eg að öllu dást;
yrktu betur, prestur.

---

[1]) Þessa vísu fékk lögmaður séra Jóni Jónssyni í Vesturhópshólum fyrir viðkvæði að gera kvæði undir. Það gerði séra Jón, en lögmaður censureraði yfir. JÓlGrv.

Digitized by Google

þú hefir gott á ljóðum lag
ef letin baggar eigi;
lifðu heill um húm og dag;
hygðu að því eg segi,

Þá svaraði séra Jón:

Yður prýðir tvisvar tvent:
að tala, kenna og greina,
en mér hlýðir þrisvar þrent:
að þola, læra og reyna,

og hefir séra Jón sá nálega aldrei optar gert svo góða vísu og skáldlega.

Lögmaður bætti úr vísu Árna Guðmundssonar, hver svo var:

Allvel þori eg að gegna þér,
eigi þarftu að glotta;
nú er ekki gull í skel,
einhver mun þig spotta.

Lögmaður lagfærði svo:

Allvel gegna þori eg þér,
þarftu ekki að glotta;
gull í skeljum ekkert er,
einhver mun þig spotta.

[Dróttkveðið].

[Landsb. 270. 4to bls. 24; Rask 81. 8vo með hendi Rasks].

Dylur at drakons bóla
dreifist sagna þras bragna
. . . . . .
. . . . . .
nú trú' ek álfr at elfar
auði ok hringum rauðum
náð hafi naumu[1]) glóða,
njóti drós og hann, spjóta.

Vísa gerð að imitationem veterum; maðurinn bað að gefa sér konuhár í parucqve:

---

[1]) Rask getur upp á: nanna.

Digitized by Google

Hvítt biðr Hrugnis slétta
hausþang yðr at fanga
(verð má fært at furþo)
freyr bylgio logs eirar
vill ofundar allra
ormlátrs við gný storma
vífs klæða vandrátt hôfoþ
viþr hjarna stalls fiðri.[1])

Plura forte aliis locis talia inveniri possunt, sed hoc specialiter ad imitationem veterum factum est.

Lagavísa Páls Vídalíns.

[JÓlGrv. ísl. orðabók undir lag, lög. Almanak hins íslenzka Þjóðvinafélags um árið 1875. Khöfn 1874, bls. 44. Corpus poeticum boreale útg. Guðbr. Vigf. II, 413].

Forlög koma ofan að,
örlög kringum sveima,
álögin úr ýmsum stað,
en ólög fæðast heima.

Lagavísa önnur.

[Rask 87. 8vo, með hendi Þorsteins Gíslasonar á Stokkahlöðum (d. 1838). Eignuð hér Páli Vídalín]:

Lög ei leingur duga,
lög á þessum dögum,
lögin lýta eigi,
lög sér smíða ófögur;
lög eru færð úr lagi,
lög rétt mæta jögun,
lög ei lyndi haga
lögvitringa rögu.

[Aldarháttur].

[Bibl. Bodl. Collect. FMagn. 180. 4to skr. um 1770—90 (eignar Páli vísuna); Landsb. 270. 4to bls. 66 (eptir handriti Dr. Schevings, og var vísan þar eignuð Páli). Prentuð í Skýringum Páls yfir fornyrði Jónsbókar, Rvík 1854 bls. 115 og í Nýjum Félagsritum XXIV, Kh. 1864 bls. 4 (og eingnuð þar Páli)]:

---

[1]) JÓlGrv. tekur vísuna svo saman: Freyr Hrungnis slétta biðr yðr at fanga hvítt hausþang bylgju logs eirar. Verð má fært at furðu. Ormlátrs viðr vill klæða vandrátt höfuð hjarnastalls fiðri vífs við gný allra öfundar storma.

Digitized by Google

Listir fækka, letin eykst,
land er fátækt, rúið,
agann vantar, ilskan leikst,
er við háska búið.

Dvergmál.

[Rask 87. 8vo með hendi Þorsteins Gíslasonar á Stokka hlöðum (d. 1838). Eignað hér Páli Vídalín]:

Öllu hnignar, illir magnast,
æsast prettir, kæsist réttur,
álmur geisar, ólmast dísir,
örvar stýrir, börvar rýrast.

Lygar danza, rógur runzar,
ránin hækka, lánið smækkar,
hauður stynur, græðir grenjar,
gremjast vindar, emja kindur.

Heimur eldist, húmar (að) kvöldi,
hatri miðar, glatast friður,
helgir æpa, fjölgar fleipur,
fjandinn sálgar, vandi nálgast.

Mammon sníkir, hremma haukar,
hegrar grimmast, egra rimmur,
stefnur pjakka, stofnast hnykkur, —
stattu hjá oss máttur hái.

Ef-vísa.

[Landsb. 270. 4to bls. 37 (eptir handriti Dr. Schevings)]:

Ef reynir öll próf,
ef setur lagastef,
ef prettar ung víf,
ef flækir hvern vef,
ef hindrar öll kaup,
ef styttir lífs vef,
ef gerir opt kíf,
ef er sett í hvert bréf.

Vani.

Vísa, sem mér er sagt að Páll lögmaður Vídalín, fósturfaðir minn, hafi gert, og minnist að Monsr Jón Magnússon, sá lærði maður, bróðir sáliga assessoris Árna hafði einu sinni yfir, quasi

Digitized by Google

allegans [Landsb. 360. 8vo, 139. JÓlGrv. ísl. orðab. undir vani, og eignar Jóni bróður Árna. Prentuð í Sýnishorni Rasks Stokkh. 1818 bls. 276 og í Nýjum Félagsritum XXIV, Kh. 1864 bls. 5. Guðbr. Vigf. Corp. poet. boreale II, 418 (eignuð Páli). Rask 81. 8vo eignar Páli þessa vísu og ber fyrir því Geir biskup Vídalín]:

[Vilji nokkur[1]) segja þeim satt
svara þeir á annan veg:
Faðir minn sæli, sé honum glatt,
sá hafði það eins og jeg.[2])

Vísur.

I.

[Landsb. 270. 4to bls. 165 (eptir handriti Jóns Pétursonar)]:

Akta eg hvorki orð né verk
andskotans né þræla;
mér hlífir drottins höndin sterk,
hvað sem aðrir mæla.

II.

[Landsb. 270. 4to bls. 165 (eptir handriti Jóns Pétursonar); JSig. 278. 4to blöð í 8vo skr. c. 1770]:

Stoðar lítt að stæra sig,
styttast heimsins náðir;
maðkurinn jetur mig og þig,
mold erum við báðir.

Fortuna.

[IBfél. 734. 8vo með hendi Þorsteins Gíslasonar á Stokkahlöðum nál. 1803. Eignað Páli Vídalín]:

Espist, þagnar, eyðir, hatar, elskar, hafnar,
skúfar, fagnar, skemmir, batar, skekkir, jafnar.

Stöðug, hvikul, stelur, gefur, strýkur, hýðir,
trúlynd, svikul, týnir, hefur, tignar, níðir.

---

[1]) [Ef nokkur ætlar, Sýnish., R. 81. [2]) skr. síðar neðan við (360): »Nb. þessi vísa er úr þrælarímu«.

Digitized by Google

Eins og veður er hennar lag, þó öld við sporni,
hita meður hlýtt í dag, en harka að morni.

Um Víga-Styr.

Bjarni í Arnarbæli sagðist hafa vilzt nokkrum sinnum í fjúki að dys Styrs á Kerlingarskarði, og kveðið vísu um Styr með tón: Tak af oss faðir. Lögmaður kvað það órétt, og sagði það ætti að vera upp á heiðna vísu. Bjarni spurði hversu? Lögmaður kvað þá rétt upp á höndina. Það var í kaupmannsbúðinni í Stykkishólmi.

Styr, sem einatt óra
æsti, en vægði fæstum,
heygður hér frá bygðum
hvílir[1]) eina mílu,
fjúkið farveg þoku
fyllir, [svo að villumst[2])
eg að öðrum draugi;
illa fer [ef hann tryllist.[3])

Ævisaga compendiosa Þorkels Guðbjartssonar. Lögmaður reið á Vatnskarði í fjúki og óveðri; varð tiltalað til Þorkels. Hét hann að gera um hann lofvísu, ef veðrið batnaði. Það skeði, og þá hann var seztur um kyrt í Bólstaðarhlíð kvað hann. [Landsb. 360. 8vo 16. Prentað í: Jón Þorkelsson: Om digtn. på Island i det 15. og 15. årh. Kh. 1888, bls. 253]:

Frægð hófst, frami drýgðist,
franskur ól, gekk í skóla,
Þorkell nam, það er að merkjum
Þýzkra prís, Dana vísu;
aptur kom, efldist gipta,
auð fékk, stýrði rekkum,
lof hélzt, lauk svo æfi,
liðþarfur Guðbjarts arfi.

Um beztu og þörfustu menn landsins, sem verið hafa. [Prentað í Shums Nye Samlinger til den danske Historie II, 188—189, með latneskri þýðingu eptir Langebeck]:

Drottinn veit einn, sá'g óttast,
alt hvað stöðugt og valt er,
hann mun oss, sem að unnum
ægis þilju fold[4]), vægja;
vörðu vitugir forðum
(veri sæmd eptir að gera)

---

[1]) eða: hvílist, GrvJ. [2]) [eg því villist (orðam.) GrvJ. [3]) [ef við tryllumst (orðam.) GrvJ. [4]) þ. e. Ísland.

Digitized by Google

lagðir í láð með frægðum
land, Þorgeir, Rafn, Guðbrandur.

Þ. e. Þorgeir Ljósvetningagoði, Rafn Oddsson lögmaður(!), Guðbrandur biskup.

Við séra Jón á Hjaltabakka. Prestur var nokkuð glaður; hafði verið nokkuð ungæðisfullur á fyrri æfidögum; var og aldrei rétt skikkanlegur prestur:

Æsku verk og orku[1])
ól, þá leið frá skóla,
áður enn til réðist
yrkju guðs í kirkju,
síðan heimsins siðu[2])
sannyrðir Jón manna
hvítur af hærum láti
hvað bezt Grímsson prestur.

Sumir sneru þeim seinustu orðum svo:

hvítur af hærum lætur
hvað vest Grímsson prestur.

Kveðið, að eg meina, af séra Jóni Grímssyni út af orðum Sumarliða og undir hans persónu:

Víst er eg, kvað vella álfur,
virðulegri enn faðir minn sjálfur,
þó honum lúti heimurinn hálfur
hjá mér er hann eins og kálfur.

Þessa vísu sagði séra Jón lögmanni. Hann svaraði og sneri:

Víst er háðgjarn auðar álfur,
allur verri en faðir hans hálfur,
þó honum lúti Sathan sjálfur
svín mun hann blífa, þuss og kálfur.

Um Björn sýslumann Pétursson á Bustarfelli [Landsb. 270. 4to bls. 66 (eptir Jóni Sigurðssyni í Njarðvík); Huld II, 40—41]:

Kúgaðu fé af kotungi,
svo kveini undan þér almúgi;
þú hefnir þess í héraði,
sem hallaðist á alþingi.

---

[1]) þ. e. áflog (JÓlGrv.). [2]) Hann var góður prédikari, þá hann vildi vanda (JÓlGrv.).

Digitized by Google

Um tvo menn, sem fyrrum voru í Víðidal [Landsb. 360. 8vo 20. Prentuð í Huld I, 1890, bls. 74]:

Arngrímur geymir illan mann,
einginn trúi eg það reingi;
þeir eru vinir Þórður og hann,
en það verður ekki leingi.

Þá Magnús Einarson[1]) týndi silfurskálinni á Lyngdalsheiði:

Tekur þér af munni mál,
Magnús, veslings dreingur;
Páll fær aptur aðra skál,
ei skulum syrgja leingur.

Hún fanst aptur.

Þegar Thomas Höskuldsson tjaldmaður hans fálmaði í hlandpollinn í hörklinu á Hjaltabakkahlaði um morguninn. og sagði að úti væri hláka, því svefn var í augunum á honum:

Víst er hann Thomas veðurglöggur maður,
veit hann hvaðan hlýrra bylja staður
horfir að oss og hlákuvindur glaður;
hann mun vera í stjörnulist mentaður.

Við Bjarna, sem var í Gafli, bróður Brands á Þverá, sem ætlaði að klaga af Sveini Guðnasyni Klambrarpart:

Hér máttu nú heyra,
hvort þér líkar Bjarni minn,
ef þú ljær til eyra
oss hvað bar[2]) hann frændi þinn,
sæmdarkarlinn Sveinn í Grafarkoti
um Klambrarpart og kynja mart,
sem lýtur að þessu þroti.

Fósturdóttir séra Arnbjarnar[3]) gekk með þunga Isaachs, sem þá hafði keypt sér aðra stúlku:

Isaach á Undirfelli
Arinbirni leifir elli, —
það kemur ekki mál við mig;

---

[1]) Magnús var um hríð sveinn Páls Vídalíns. Hann bjó síðar á Jörva í Haukadal. [2]) svaraði (orðam.) GrvJ. [3]) Séra Arnbjörn Jónsson var prestur í Undenfelli 1691—1731.

Digitized by Google

ské má einhvern æðra hrelli,
ef svo ber til í sögunum félli
sem að öld ber upp í sig.

Sveinn Guðnason var riðinn úr hlaði og kominn út í tröðina; litlu síðar reið Steinn á Þorkelshóli:

Eg sá aptan undir Svein
út hjá traðarmunni,
hafði í togi stóran Stein,
stökk þá hvor sem kunni.

Orðabrellur Jóns sonar Galdra- eður lærða Gísla Jónssonar.

Ekki hefir Hákon hrútana fundið,
hann þó víða ríði um grundir,
heyrið þér nú það harmaspil;
senn mun hann leita sunnar og ofar,
svo skal vera, ef drottinn lofar,
svoddan er það, já, sjáið þér til.

Í Þessari vísu eru Jóns eigin orð, fyrsta og tvær síðustu hendiugarnar, item: heyrið þér nú. Jón var mannorðsbeztur og meinlausastur sona Gísla, aldrei við ílt dreyfður, nema þá maðurinn á Vatnshorni sló son Jóns, Hákon, fyrir hestreiðina, en Hákon 12 vetra grét; maðurinn fékk, eptir sem sagt er, verk og síðan mátlleysi í höndina þar til í sama mund sama kvöld árinu eptir, eptir orðum Jóns, sem þá bjó í Vatnshól.

Um Bjarna í Gafli:

Því mun hann Bjarni bak mitt naga,
brák er yfir því að klaga,
þó eg hafi þetta reynt;
bezt er hann fái böðuls aga,
svo beri hann merkin alla daga;
heimska mun að snotra seint.

Við Bjarna Vilhjálmsson. Lögmaður mætti honum á reið vestur í Miðfirði einhversstaðar. Bjarni reiddi byssu. Lögmaður spurði, hvað hann hefði gert eður farið. Bjarni svaraði: »Eg skaut skrattann, karl minn«:

Það var lán og lukkupar,
landhreinsun og undur,
þegar skæður skrattinn var
skotinn mitt í sundur.

Digitized by Google

Við hústrú Þrúði[1]), um nálaprillu hennar:

Upp eg lokið ekki get, nema öðru megin,
horfið þið á að hún er dregin,
holinu neðra varð eg feginn.

Til hústrú Þrúðar einu sinni, að eg meina:

Gáðu þráða Þrúður að
þjóð ei ljóð má bjóða;
skráði ráða rúður blað
rjóður Óðins glóða.

Til Þorsteins, sem var á Fallandastöðum, sent honum með grallara:

Sjáið þér nú sálmsvers enn,
seims er hét eg baldri;
sannast hér, það segja menn,
seint er betra en aldri.

Stúlka einhver bað hann að láta skrifa fyrir sig eitthvað, og þá það var búið, sendi hann henni þessar vísur með:

Dróttkvætt.

Bað mig blossa flæðar
brík hin æruríka
þennan þátt, ef eg kynni
það, fá uppskrifaðan;
gat at göfugur sævar
glóðatýr, sinn bróður
óskað hefði af hoskum
hann að upp leita svanna.

Gjörði sveigir sverða
slíkt er mátti, og þáttinn
gat ei garprinn betur,
gaf mér, þó að hafi
ritað hann fyrir hreytir
hringa viðvæningur,
vorkunn er á fyrir verkið,
viljann hlýt eg að skilja.

Vilda eg viðris elda
viði og hauður skriða
hvílu, hér um, lilju
hlýða, og beiddi síðan
álmdrósar mér eisu
elrunn lítið kunnan,
þar sem eg vissi vera,
vita, ef feingi ritað.

Virði vindsvals orða
vefjan, það eg hefi
látið rekka rita,
rjóðleit mér til góða.
Biðji þess og blíðan
bróður hringa tróðu,
vel er, vignis mála
viði ríkum ef líkar.

---

[1]) þ. e. Þrúður Þorleifsdóttir kona Björns biskups f. 1666, d. 1738.

Digitized by Google

Kenningalítil vísa.

Æruverðug auðsvör!
yður helzt eg þess bið,
virðið betur, veigskorð,
en vera bréfsins til er;
ei eg skrifa mart má,
mér er óvíst hvert ber
sá er færir þegn, því
það á að koma langt að.

Vísur.

I.

Því er vikið þann á hátt,
ef þetta nýtið,
hugurinn mikið hefir þrátt,
en höndin lítið.

II.

Tröll eigi Björn[1]) og tröll eigi Pál,
tröll eigi frændur báða;
tröllabörn hafa tröllamál,
og tröll skulu öllu ráða.

III.

Þú hefir feingið skemdarskegg,
skalli í miðju snoðinn,
eins og jarlinn undir vegg
allur af myglu loðinn.

IV.

Anna hlýtur að berja um bresti,
bragð var að þá Sigurður festi,
stanzar mig;
sorg er að vita svoddan gesti,
sjá óblíðu þá á presti;
það um sig.

Vísa um Magnús Benediktsson.

Láttu ganga lestur um kring,
letjast gestir fínir;
fjandinn eigi þinn fjórmenning,
þá frá er eg talinn og mínir.

[1]) Líklega Björn á Bustarfelli. Þeir voru frændur Páll og hann.

Digitized by Google

Um sakamann.

[Landsb. 270. 4to bls. 35 (eptir handriti Björns Jóhannessonar á Finnstöðum í Kinn)].

Eyjólfur nokkur, er um tíma var vinnumaður á Völlum í Svarfaðardal hjá nafna sínum Eyjólfi þar,[1]) varð fyrir þeim álögum álfkonu, er hann vildi þýðast til samlags, að (hann) skyldi aldrei vera óstelandi. Önnur álfkona, móðir hinnar, bætti nokkuð úr þessu með þeim ummælum, að eingin snara skyldi halda honum, ef heingdur væri, og ef hann kæmist í útlönd, skyldi hann verða lánsmaður. Á Eyjólfi rættist, að hann varð sístelandi eins og hitt, að þó hann væri tekinn og hengdur hélt honum eingin snara, svo hann slapp jafnan, unz hann á sumri einu snemma var tekinn í Húnavatnssýslu, dæmdur og eptir ráðlegging sýslumanns heingdur á ás einum eða færi, sem lagt var milli tveggja kletta yfir Blöndu. Slitnaði snaran að sönnu, en Eyjólfur féll ofan í ána og drukknaði þar. Um sumarið á alþingi hitti Páll lögmaður Vídalín sýslumann Húnvetninga og varð honum þá þessi vísa af munni:

Eyjólf drapstu út í Blöndu,
á því sundi miðju;
en skipið lá við Skagaströndu;
skömm var að slíkri iðju.

Þ. e. að honnm hefði verið nær að koma honum undan og í skip, svo hann kæmist út.

Bónorðsvísur.

Þá hann [var] skólameistari (1691—96) eptir fimtu bónorðsför með Jón, sem var á Síðu, [og] hafði feingið honum til handa Rósu dóttur Þórðar í Melrakkadal:

Enn skal herma yður ný
orð í máli ljósu:
jeg mun verða að játa því,
Jón vill eiga Rósu.

Kemr hann þar sem auðgrund er,
yndið kviknar viður,
maðrinn biður að miskuna sér
og mælir, að hér sé friður.

---

[1]) Prestur á Völlum 1705—1745.

Digitized by Google

Jeg veit það, ef já fæst á
Jóns og þórðar mægðum,
karlinn strýkur kampa grá
og kæmtir þá í hægðum.

En ef vífið ekki má
elska maðrinn svinni,
hefir hann Þórður ábyrgð á
allri dóttur sinni.

Hamingjan bið eg hringaná
honum þessa gæfi,
skemtan mun að skoða þau þá;
skipað er á í hæfi.

Þetta voru orðtæki Jóns: »guð miskuni mér«, »hér sé friður«.

Galdrasnápurinn Pétur son Galdra-Gísla fjölgaði þessum vísum og setti í þær klám og háð, og ætlaði svo til að skólameistara skildi verða eignað.

Þegar kaupin áttu fram að fara, vildi séra Ólafur Þorvarðsson eigi gera þau, nema samþykki móður Rósu kæmi til. (Hann gerði hér í þá tregðu, sem hann gat, vegna þess hann hafði einu sinni farið með sömu erindi áður og eigi geingið). Sendi því skólameistari eptir því um embættið frá Breiðabólstað yfir að Dal. Sendimennirnir komu aptur áður en lokið var tíðum. Lögmaður var úti og kvað:

Hvernig skildi Þráinn og þú?
það er mér fýsn að heyra.
Hafið þér fundið hringabrú?
Hvað er í fréttum meira?

Því þessi móðir Rósu stóð altíð mest á móti. Sá Jón sprakk af harmi, þá Rósa var í barnsnauð, en hún lifði af og leingi eptir.

Maður bað hann að fara með sig kvonbænaför; lögmaður taldist undan; maðurinu spurði að orsökinni. Þegar lögmaður var kominn á hestbak sagði hann:

Það eru gátur gulls um brík,
— getið þér léð því eyra? —
hún hafi látið klá sér krík;
kveð eg ei um það meira.

Nokkru síðar spurði maðurinn hennar barneign.

Digitized by Google

Menn voru að tala, að stúlka einhver ætti von á biðli:

Þó eg valla viti hver
þau verkin fremur,
það eg kalla satt og sver
að senn hann kemur.

[vantar tvær vísur fyrir framan.[1])

[Piltur einn og stúlka flugust á í órum milli þess þau voru að moka hesthús, og varð hann undir, en vildi ei heyra það. Þá kvað Páll:[2])

Það er raup, er þú segir frá,
því eg aldrei trúði:
hringþöll kraup, en halurinn lá, —
hitt átti upp á brúði.

Píkunum þykir prýðin ei
þar nema hugur og þanki;
af því vill hann eingin mey,
að honum sækir vanki.

Afmorsvísa.

[Landsb. 360. 8vo 52. Add. 41. bls. 99 (JÓlGrv.) og er eignuð þar líka Páli. JSig. 231. 4to skr. c. 1760]:

Viltu eg kenni þér litinn leik?
[Legðu drós á hrygginn;
brúðurin sé í kviðinum keik,
kyrlát, þögul og hyggin.[3])

Monser Staffel [veteraði]:

Vis te aliquid doceam, mulierem sterne supinam,
ut jaceat belle, cev dea læta Gnidi,
motibus abstineat non aptis, sitque modesta,
pauciloqua et sapiens ventreque prominula.

---

[1]) [athugagr. Grv. J. [2]) Landsb. 270. bls. 115 með hendi Jóns Árnasonar. [3]) etc. 360.

Digitized by Google

Refhvörf mestu.

Elda sævar unn fold
ulli stála námfull
hirðir leyfir lóns jörð
ljósa rjóða báls sjós
neiti býti foss fit
funa síkja víst grun
hef eg sleppi hæft[1]) of
hafið loga raun skraf.[2])

Artificium er í því, að hvert orð er öðru gagnstæðilegt; aðra sagðist lögmaður kveðið hafa samslags um eina konu og sjö vetra gamalt barn hennar. Þorlákur Guðbrandsson hafði sagt, hann hefði komizt af með hálfa vísuna og hætt svo við, og þó reynt tvisvar til.

Eg mælti þessa refhvarfa vísu einu (sinni) fram við assessor Árna. Þótti honum hún ei svo fullkomin að öllu sem Snorra vísa, sem honum þótti meistaraleg.

Krabbagangur.[3])

Þessi vísa má kveðast á fjóra vegu. Versus retrogradus sive cancerinus, qui tamen sententiam non mutat lectione retrorsum flexa [Landsb. 360. 8vo 55. JÓlGrv. ísl. orðab.]:

Fjæri getur ljúfa líf
leiðum harmi hrundið,
færi betur væri víf
vorum armi bundið.

Vísa.

[Landsb. 360. 8vo 55. JSig. 278. 4to blöð í 8vo skr. c. 1770]:

[Harmur er stríður,[4]) herleg rönd,[5])
hörð er ægis drífa,
[armur er blíður,[6]) herleg hönd,
hægur er magi vífa.

---

[1]) aðr.: hóft. [2]) Grunnavíkur-Jón vill taka vísuna svo saman: Námfull sævar elda fold unn ulli stála, báls hirðir sjós leyfir rjóða jörð lóns ljósa; neiti fit síkja funa býti foss loga hef eg víst grun, að sleppi hafið hæft skraf of raun. [3]) Krabbagangur, velta, kallar Jón Ólafsson þenna bragarhátt í orðabók sinni; er sléttubönd. [4]) [stríður er harmur, aðr. [5]) lönd, 278. [6]) blíður er armur, aðr.

Digitized by Google

Um Kr[istínu] konu séra Árna Skaptasonar í Sauðanesi:[1])

Brosleit armleggs ísa
eik sýnist gjörn til leika,
mjúklát mærin þykist
mannvaxin, það sannast.
Hvern skal hodda nönnu
hýrublendinn vin senda
þann, er allvel unni
eyju hrings á beðþingi?

Það kom svo til að hann kvað vísuna, að hann reið norður að Hólum; spurði Þorsteinn Sigurðsson sýslumaður. sem þá var með honum, hvað honnm þætti um þessa stúlku.

Gamanvísur.

I.

Mundu móins landa,
maður, eyju glaða,
enn þótt elda hrannar
eik sé fjarri leiki;
senn fær ránar sunnu
sofnis dýnu lofnin
ver að hitta hýran;
happ er þið megið klappast.

[Þessa vísu segist lögmaður hafa ort að gamni sínu á ferð við förunaut sinn, því unnusta hans hafi verið á veginum.[2])

II.

Fyrir oss liggur foldin græn,
flýtum söðlahrafni;
reflaeik er rjóð og væn,
ríddu í hennar nafni.

Lögmaður kvað þessa vísu fyrir Mag. Jón, sem hann skrifaði í bréfi sínu til Sigríðar hústrú sinnar [Landsb. 360. 8vo 57. Prentað í Rasks Anvisning till. Isl. Stokkh. 1818 bls. 253].

Ekki smakkast vörunum vín,
vísitazían aldrei dvín;

---

[1]) Séra Árni tékk Sauðanes 1717, dó 1770. [2]) [Landsb. 270. 4to bls. 70, eptir handr. Brynjólfs Oddssonar.

Digitized by Google

hugurinn flýgur heim til þín,
hjartans allra kærastan mín.

Lögmaður gerði þessa vísu fyrir biskup sáluga Vídalín í hans bréfi til séra Þorsteins Oddssonar í Holti, föður Jóns Þorsteinssonar, þá hann skreiddist yfir um ísinn á Þjórsá að besækja Kristínu Hermundardóttir, eptir á konu sína:

Kossinn sætur sinnið stangar,
  særir ástin heit;
æ, hvað nætur yfrið langar
  eg þér finnast veit.

Afmorsvísa.

I.

Að mínum vilja mærin ljós,
  mig ef faðma næði,
fögur liljan loga sjós,
  þá skyldi eg þylja þér kvæði.

Einginn hefir kveðið undir þessu viðkvæði, nema Þorlákur Guðbrandsson eptir bón lögmanns, yfrið myrkt kvæði, svo lögmaður sendi honum það aptur, og kvaðst varla skilja, og taldi óvíst að nokkur myndi skilja, og efandi hvort hann mundi alt hafa rétt kent, ergo væri það ónýtt; í því kvæði kendi hann stúlkuna »mardægrafjöl«.

II.

[Landsb. 270. 4to bls. 37 (eptir handriti Dr. Schevings, handriti í safni Jóns Péturssonar og Þingeyrabók JSig. 231. 4to)].

Enn nærist[1]) elskan sanna,
enn kærleiks funinn brennur,
enn blossar[2]) ástar tinna,
enn kviknar glóð af henni,
enn giptist ungur svanni,
enn saman hugir renna,
enn gefast meyjar mönnum,
menn hallast enn til kvenna.

---

[1]) reynist, Schv. [2]) leiptrar, 231.

Digitized by Google

Heilræði.

[Rask 81. 8vo með hendi Rasks].

Ef þér sætan auðnast á
ein sem bætir trega,
með fríða og mæta faldagná
farðu gætilega.

Hjónavísur.

[JSig. 231. 4to. bls. 270, Þingeyrabók, skr. c. 1760, eignar Páli allar þessar vísur; JSig. 278. 4to a) blöð í 8vo, skr. c. 1770 eigna Páli allar þessar vísur; b) blöð í aflaungu broti, skr. c. 1820, eigna Steini biskupi 1. og 2. vísuna, en Páli 3. og 4. Jón frá Grunnavík segir að Páll hafi ort eitthvað af af þessum hjónavísum og nefnir sérstaklega til 1. vísuna; hún finst og eignuð honum víðar, svo sem í Bibl. Bodl. Oxf. Coll. FM. 109. 8vo, skr. c. 1770. en sumstaðar er ekki getið höfundar, svo sem í IBfél. 634. 8vo (Þórkatla minni) skr. c. 1760. Fyrsta vísan er prentuð neðanmáls í kvæðum Stephán Ólafssonar II, 14].

Þau samhentu hjón.

P(áll) J(ónsson) V(ídalín).

1. Ungt mannval
artugur, fríður, hýr,
svo sem skal
siðprúður, dygðaskír,
vaxinn bezt og vitur með,
vinlegur, glaður,
heilráður með hógvært geð
og hugprúður maður,
málsnillinn,
mjög framsýnn, rjóður,
orðgætinn,
afbrigðis fróður,
hyggja svinn,
hálærður, góður;
óttast guð og elskar frið;
:|: sú er heppin hringa-
spaung,
er hann fær að unna :|:

2. Línspaung mjúk,
lagleg og rjóð á kinn,
með keikan búk,
kvenleg og réttvaxin,
mittisfögur, mjaðmasmá,
munnfríð, vel siðuð,
mentum prýdd og meðalhá
og mátlega kviðuð,
fagurhent,
fróm, þrifin, iðin,
kæn við ment,
kær haldi friðinn,
fái kent
kvenprýðis sniðin,
elski guð og ektamann,
:|: hvað sælt er að búa
við svoddan sprund
sá veit, er reynir :|:

Digitized by Google

Önnur samhent hjón.

3. Ungur þræll,
afhrak og rétt óhýr,
mjög ódæll,
mannfýla dygðarýr,
allra skepna vaxinn vest,
vondur, óglaður,
fúllyndasti fantur mest
og fíflheimskur maður,
ærusljór,
ágjarn úr máta,
drýgir hór,
dugir að státa,
inst á flór
illa kann láta,
hatar allan helgidóm;
:|: getið þið hvernig hússtjórn sé,
ef hann fær sinn líka :|:

4. Gentan stirð
gráleit og föl á kinn,
skarti firð,
skessuleg, rassbogin,
mittisdigur, mjaðmabreið,
munnvíð, lítt siðuð,
skakkeygð, fúllynd, fótagleið,
og fjandlega kviðuð,
skitinhent,
skrípi, sízt iðin,
vanti ment,
vekur ófriðinn,
fær ei kent
kvendygða sniðin,
hatar guð og hollan mann;
:|: að lifa með vífi er vesta pest
og voðasöm æfi :|:

Vísa Páls Vídalíns.

[Eptir kvæðabók í 8vo, bls. 184, með hendi Geirs Vigfússonar í safni Jóns Borgfirðings].

Veit eg það er vegleg vist
að vera hjá honum dýrðar[1]) Krist
í dýrri himna höllu,
þó vil eg ekki fara það fyst,
fyrr en eg hefi auðgrund kyst,
því maturinn er fyrir öllu.

Vísa á bréfs uppkasti til Christophers Tonner.
[Landsb. 270. 4to bls. 70].

Mart að ræða um menjagnár
minn ei þorir penni;
hann er orðinn uggasár,
enn þó blekið renni.

---

[1]) himna, aðr.

Digitized by Google

[Beinakerlingarvísur].

Við (óvissan mér)[1]) einhvern.

. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .
þeir léku sér Hörgdælingar.

Annars gerði eg aungva bið
ástir þér að veita,
nú er eg geingin lærs úr lið
og lömuð um fleiri reita.

Nenni þó ekki að neita þér,
njóttu veikra þinga,
hitt er verr, ef ófær er
þá að ber Skagfirðinga.

Hýruna sér heimta þeir,
hvað sem undan geingur;
æ, svei, kompan, ekki meir,
ekki þoli' eg það leingur.

[Beinakerlingarvísa].

Við Sigríði Jónsdóttur á Stórahóli í Eyjafirði:

Áður virtu mig æðri
enn þau dánumenni,
er í dag framhjá fóru
og forsmá elli vora;
biskupsjóð hýrt eð hoska
halda má þessu valdi,
maður hver augun mæðir
mænandi á jómfrú væna.

Um Þyril í Borgarfirði, kveðið á kommissionsreisunni:

Þanninn lízt á Þyril mér,
það er heljarklettur,
ofan á þá, sem eru hér,
aldrei veit nær dettur.

---

[1]) Þ. e. Grunnavíkur-Jón.

Digitized by Google

Falli á bæinn fjallið hátt
fátt mun ske til þarfa,
trúi eg það drepi báða brátt
bræður Gvend og Narfa.

Ferðalagsvísur
[frá ýmsum tímum].

I.

[Landsb. 360. 8vo 95. Prentuð í Guðbr. Vigfússon: Corpus poeticum boreale II, 413].

Á Sölvamannagötum einhvern tíma.

Einatt liggur illa á mér,
ekki eru vegir fínir;
heilir og sælir séuð þér,
snjótitlingar mínir.

II.

[Landsb. 360. 8vo, 95. Vísan er prentuð í Sýnishorni Rasks, Stoch. 1818., bls. 276].

Látum rása reiðardýr
og reynum hesta,
þeir skulu másа, málmatýr,
þá melar bresta.

III.

Ríðið hraðar heiðursmenn,
hestar svitni fínir;
hafið fram það horfir enn,
harðara, piltar mínir.

Hann reið manna mest ungur, og átti leingstum allgóða hesta, en af dró mikla reiðlagið á seinustu árum.

IV.

Ferðalagsvísa.[1])

Sumir eigna þessa vísu honum, en eg ætla þó órétt.[2])

Mér er svo dátt í mínum hrygg,
mál er að heim mig langi,

---

[1]) Landsb. 270. 4to bls. 73. [2]) Jón Ólafsson eignar Páli Vídalín vísuna hiklaust þrisvar sinnum í öðrum ritum sínum (orðab.: dárr; Add. 6. 4to bls. 842; Add. 7. 4to, 3245).

Digitized by Google

svo er hvort eg sit eða ligg
og sama þó eg gangi.

V.

Um bágleika af veðurlagi á reisum.

Ílt er að þola ísinn blá,
sem andlit skeður;
nú er gola nefjum á
og norðan-veður.

VI.

Á Hjaltadalsheiði í svo miklu kafaldi, að ekki sást fremsti hestur af 11 í lest:

Andverður er okkur byr,
ami er að kafhríðinni,
betra er að hýrast heima kyr
hjá Þorbjörgu sinni.

VII.

Um Einar Guttormsson. Það lá við sendiferð, en Einar var eigi aptur kominn úr þeirri, sem þá var hann í, á til(sett)-um degi.

Illa brást nú Einar mér,
armur paurans hrotti;
ofurlúið er það hrer
orðið af ferðaskotti.

VIII.

[Landsb. 360. 8vo, 136. Vísan er prentuð í Sýnishorni Rasks, Stockh. 1818, bls. 276].

Kanske um Einar Kalmann.

Hreinlega ratar hjörvagrér,
þó hríðar streymi bylgja,
Einar glatar ei, nema sér
og öllum þeim honum fylgja.

IX.

[Landsb. 360. 8vo, 136. Prentuð í Huld I, 1890, bls. 75].

Ferðaívsa einhver.

Fyrir þreyttum ferðasegg
fölskvast ljósin brúna;

Digitized by Google

ráði guð fyrir oddi og egg,
ekki rata eg núna.

X.

Um Einar í Kalmannstungu.

Kominn er Einar af kaupaþingi,
kynstur berast þaðan og kyngi
allra mest;
eptir á hygg eg annað klingi
upp má ske þeir rétta syngi,
þá fer verst.

XI.

Einn morgun hei . . . . . en annari hafði verið . . . . . að fara einhversstaðar.

Ekki er hann Einar Kalmann klæddur,
kostum er hann þó nógum gæddur,
viti menn;
sá mun lítt við hegning hræddur,
hallar sér á koddan mæddur;
sefur hann enn.[1])

XII.

Þessi vísa mun vera eptir Pál Vídalín.

Nú er gola norðan köld,
nú ei víniið gleður öld,
nú í taka nefið skal,
nú sé eg í Haukadal.

XII.

[Landsb. 270. 4to bls. 156 (eptir handriti Jóns Péturssonar). JSig. 278. 4to, blöð í 8vo skr. c. 1770].

Eg er svangur, sifjaður,
svívirtur og hrakinn.

---

[1]) Landsb. 270. 4to ad bls. 176 eignar vísuna móður Páls.

Digitized by Google

Hvenær mun eg heitur, þur,
hrestur, saddur, vakinn?

XIV.

[Landsb. 270. 4to bls. 104 (með hendi Jóns Árnasonar eptir bók Brynjólfs Oddssonar. en þar var skrifað epir afskript Espólíns)].

Lögmaður var eitt sinn á ferð um vortíma, hældi fylgdarmaður hans færðinni, en lögmaður kvað:

Talaðu ekki að tarna barn,
tifaðu veginn hraður;
hvítasunnuhjarn er skarn,
hæli því einginn maður.

XV.

[Landsb. 270. 4to bls. 45 (eptir Bergsbók Jóns Arnasonar). JSig. 278. 4to, blöð í 8vo skr. c. 1770].

Um Þingvallatröð.

Hestar vafra hérna feil
og hætt við kvilla;
betra er að hafa bein sín heil
en brotin illa.

XVI.

[Landsb. 270. 4to bls. 107 (eptir Bergsbók Jóns Árnasonar). JSig. 278 4to, blöð í 8vo skr. c. 1770, (að eins fyrri vísan)].

Vegur heiðar laung er leið
[lýttur[1]) mikið fönnum,
tregur[2]), reiðar[3]) gaung ei greið,
grýttur þykir mönnum.

Norðan leiður garður grár
gistir, stynur bára;
borða skeiður harður, hnár
hristir vinur Kára.

---

[1]) [liggur undir, hdrr. [2]) trega, hdrr. [3]) reiða, hdrr.; reiðar, 278.

Digitized by Google

XVII.

Þorbjörg Magnúsdóttir kona hans hafði riðið og dóttir þeirra Hólmfríður með henni ofan að Breiðabólstað til að besækja Önnu frændkonu sína, og leingdist honum eptir þeirra apturkomu og kvað:

Stamaraljóð.

Eg er að vænta þín, þín,
Þorbjörgin mín, mín,
þykir þér ekki mál, mál
að finna þennan Pál, Pál
og með litlu kind, kind?
Á klafa eg bind, bind
ykkur báðar þá, þá,
það er svo, já, já.

Langloka.

[IBfél. 734. 8vo með hendi Þorsteins Gíslasonar á Stokkahlöðum, nál. 1803. Eignar Páli Vídalín]:

Á hestinn lagði eg haft og stokk
hérna fram á ströndunum
hjá geðugri einni gæzkudokk,
sem gekk þar fram úr röndunum;
hnýtti eg í kjaptinn hrosshárslokk,
hann fann eg á söndunum;
klárinn hljóp og hýddi á brokk
á hverjum mel og gröndunum;
af honum fékk eg skemdar skokk
og skeinu á báðum höndunum,
tapaði skó og svörtum sokk
og seinast leggjaböndunum;
setti á fjöllin svartan mokk,
svo varð dimt í löndunum;
bölvaði eg þeim skjótta skrokk
og skeinkti hann vítis öndunum.

Um einhvern latan lestarhest einhverntíma á ferðalagi:

Valur sá, sem klæki kaus,
kjaggar enn, þótt sárni daus,

Digitized by Google

skekur hann bæði bunur og haus
bölvaður og ærulaus.

Hundavísur.

I.

Velox þinn með víli
í vanganum ber sitt angur,
rænulaus af raunum
riðar á ýmsar hliðar,
svikarinn sinnisveikur
situr og missir vitið,
eyrun hvolpinn æra,
ærulaus bið eg hann væri.

Þorbjörg átti hvolpinn, og þoldi hann illa að þá voru nýfestir hnappar í eyrun á honum.

II.

Um Fantast, vænan hund, er hann átti;

Blakkur piltur ber á dyr,
branar í lopti krúna,
varla stiltur, varð ei fyr
við honum snúist núna.

III.

Um sama hund:

Fitjar saman fætur
Fantast, argur ganti,
gálaus, grafinn í víli,
gegnir ekki þegnum,
hann veit hvergi snúinn,
hugur hans er sem fluga,
þolir argur auli
alt, þegar honum kalt er.

IV.

Við fyrnefndan Fantast[1]):

Létt er þeim, sem lausir flakka,
líka er þér það, kindin blakka,

[1]) Þessa vísu eigna sumir séra Stepháni Ólafssyni, sem mun vera miður rétt (Sbr. St. Ól.: Kvæði, Kh. II, 159).

Digitized by Google

svo kveð eg við seppann minn;
vertu fimur að fljúga á rakka,
fáðu þér ætíð nóg að smakka;
svipgóður ertu, svikarinn þinn.!

V.

[Lands. 270. 4to, bls. 20 (eptir Bergsbók Jóns Árnasonar)].

Um hund móður sinnar.

Bendax er heimskur hundur,
hundur verstur í lundu,
hundur á Herjans kvendi
hundana bítur stundum,
hundurinn hvolpum grandar,
hundurinn eltir sprundin,
hundur að hrekkjum kendur;
á hundinum þeim mig undrar.

VI.

Barn svaf og hraut hjá hundi þeim, er Vígi hét, vestur á Mýrum í Dýrafirði. Barnið hét Katrín, en Þorbjörg Magnúsdóttir átti hundinn:

Snörlar í freyju elda áls
fyrir eyrum mínum;
vært er eyju voga báls
hjá Víga þínum.

VII.

Kolsvört hjá mér situr, svín
snávist mat að finna;
núna tekur tíkin mín
til að læra að spinna.

VIII.

Ef hún Kolsvört eitthvað þarf að klaga
uggir hana um réttarfeing og laga,
fyrst að berst af Sveinsstaðaþingi saga,
sem hún ætlar hala kunni að draga.

Því það var það sama kvöldið, sem fréttist af Sveinsstaðaþingi, að Árni Þorvaldsson tók vanryktið um sig, þegar hann vildi ná sýslunni frá J(óhanni) Gottrúp, og það sama sleit hans sýslumensku.

Digitized by Google

Þýdd vísa.

Í Bacchii postillu stendur þetta vers, ni fallor[1]), einhvers-staðar:

Quando conveniunt Geirthrudis, Margareta, Sybilla.
Sermones faciunt et ab hoc et ab hac et ab illa.

Heyrt hefi eg, að Páll lögmaður hafi þessu svo snúið:

Þegar þær setjast saman í hring
hún Salka, Valka og hún Halla,
slefa þær mart og slaðra í kring,
um sig og þig og alla.

Um kettunnu.

Kettunnan er góður gripur,
gagn má að henni vera.
Það er á henni sauðar svipur,
sú kann að attestera.

Hani, krummi, hundur, svín.

[AM. 1028. 4to á miða við bls. 7 með hendi Grunnavíkur-Jóns; IBíél. 388. 8vo; Landsb. 270. 4to ad. bls. 179 eptir handriti í safni Jóns Árnasonar og þar er vísan eignuð Steini biskupi. Vísan er prentuð í »Lítið ungt stöfunarbarn« eptir séra Gunnar Pálsson, Hrappsey 1782, og eignar séra Gunnar vísuna Jóni Steinssyni. Í Barnagulli séra Bjarna Arngrímssonar, Viðey 1821, bls. 48, Viðey 1836, bls. 35, Rvík 1846, bls. 30 og Rvík 1863, bls. 42, er vísan prentuð, en eignuð þar alveg ranglega séra Gunnari Pálssyni. Enn fremur er vísan prentuð í Snót, Kh. 1850, bls. 228, og Rvík 1865, bls. 334. Sönuleiðis er hún prentuð í Germania XIV, 1869, og eignar Maurer þar fyrra partinn Páli Vídalín, en seinna partinn Jóni sýslumanni Sigurðssyni í Dölum. Hið sama gerir og Gísli Konráðsson í þætti frá Jóni Sigurðssyni Dalakálds, kap. 4. Hún er og prentuð hjá Guðbr. Vigfússyni í Corpus poeticum boreale II, 418 (eingum eignuð) og að síðustu í Rímnabragfræði Helga Sigurðssonar, Rvík 1891, bls. 71 b, og er þar eignuð Páli Vídalín]:

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, titlingur,
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur,

---

[1]) þ. e. Grunnavíkur-Jón. (Sbr. Landsb. 360. 8vo bls. 127, 138).

Digitized by Google

Tóukvæði.

[Kvæðabók í 8vo, sem eg á, skr. 1780—85 í Gaulverjabæ af Hannesi Kolbeinssyni (eignar séra Hallgrími Péturssyni); IBfél. 108. 8vo, sundurlaus blöð; IBfél. 584 8vo, stór kvæðabók; Thott. 489. 8vo, skr. á 18. öld; Rask. 81. 8vo, með hendi Rasks sjálfs; JArn. A x, bls. 405—407 (= JSig. 479. 8vo); Landsbókasafn 176. 8vo, bls. 131—34 (= Páls safn IV); JArn. A IV bls. 37—46 (= JSig. 473. 8vo); JSig. 233. 8vo, bls. 67—73. Síðustu handritin eigna Páli Vídalín. Landsb. 270. 4to, bls. 149—50 (PP XX). Kvæði þetta finst og eignað Jóni Guðmundssyni lærða. Prentað í »Nokkur ljóðmæli eptir Hallgrím Pétursson«. Rvík 1885, bls. 87—81. Sbr. Hdr.safn Sv. Grundtvigs 67. 4to (afskriptarbrot frá Pétri Guðjohnsen)].

Tóa tölti um stræti
til þess hana sá,
heilsar honum þá;
bað sitt angur bæti.

Kom eg úr kaupstað einum,
keypta eg ölfaung þar,
skeinkt á skálar var
mér og mínum sveinum.

Þá við þaðan fórum,
þess eg ekki dyl,
þá bar þetta til,
mig eg meiddi stórum.

Eg í augað hefi
óvart rekið strá,
eg bið þig burt að ná
því með þínu nefi.

Þú ert gáfum góðum
gæddur utan skrum,
frægstur af fuglunum,
með geðugum góðum
hljóðum.

Læknislist frábæra
lært hefir þú er sagt,
að því gef eg agt,
kóngs með krónu skæra.

Veiztu eiktir allar,
einkum mornum á,
raust þín hvell og há
fólk á fætur kallar.

Haninn fjaðrir hristi,
hátt í eik þar sat,
fagurt galað gat,
lof sitt heyra lysti.

Tregur er eg að trúa,
tóa mín, á þig,
máske þú svíkir mig;
að heilu er bezt að búa.

Sumir af þér segja
sértu fáum trygg,
lymsk, í lund ódygg,
vön til véla að teygja.

Hverjir þvætta þetta?
þeir hafa orðskemt mig
og logið því í þig,
á bak mér brigzlum
sletta.

Digitized by Google

Sjá máttu smámsaman
svikalausa trú,
kom og kyss mig nú,
gerum okkur gaman.

Haninn heimskur trúði
háleitur og gól,
hennar þóknast hól,
í skjól til skolla flúði.

Fór það víst að vonum,
vék sér tóa að,
komdu sæll, hún kvað,
og höfuðið beit af honum.

Avi, ertu dauður,
anzar tóa þá,
haninn látinn lá,
beint, sem bitinn sauður.

Þá hún er þetta að tala,
þar sem haninn lá,
kom þar kisa grá,
mjálma tók og mala.

Heilsar systur sinni
svipljót kisa þá,
frétti mörgu frá
grett í gráu skinni.

Alt var heilt á hófi
heima á mínum stað
tasvíg tóa kvað
þreytt af gaunguþófi.

Fýsti mig að finna,
falska kisa tér,
þig, og bera þér
kveðju krakka minna.

Við skulum, frænka, fara
og fá oss villibráð,
kát fékk kisa tjáð,
eg mun ei það spara.

Fann eg á förnum vegi
fagra eik og sá,
uxu ber þar á,
en þeim náði eg eigi.

Anzar rebbi aptur:
ótal kann eg ráð;
fljótt þeim fæ eg náð,
minn er meiri kraptur.

Á því er mér grunur,
yður sé meira veitt;
eg hefi ei utan eitt;
það er mikill munur.

En ef ráð mitt eina
orkar meira' en þín,
það er meining mín;
þó skal þetta reyna.

Sem þær voru að segja
saman þetta tvær
hóað heyrðu þær,
grimmir hundar geyja.

Kisa klærnar þandi,
klifrar hátt í eik,
laungum mjúk í leik,
laus frá lífsins grandi.

Hátt í eik sig halar,
hundar tóu ná,
fárlega fór hún þá,
drepin varð án dvalar.

Kisa upp á kvisti
köldum spent af móð
ýgld og stuttleit stóð,
hala og eyru hristi.

Digitized by Google

Hrædd var mjög við hunda
í hnipri saman lá,
fékk sér færi á
heim til húss að skunda.

Er það einginn vafi,
einatt svo við ber,
falskur sjálfum sér
gefur gröf, þótt grafi.

Um tóuna og úlfinn.

[Kvæðabók í 8vo, sem eg á, skrifuð í Gaulverjabæ 1780—85 af Hannesi Kolbeinssyni, og eignar hann Hallgrími Péturssyni kvæðið; Rask 81. 8vo, með hendi Rasks sjálfs; IBfél. 659. 8vo, nýleg afskript; JArn. A IV. 8vo (eignar Páli Vídalín); JSig. 233. 8vo, bls. 73—78 (eignar Páli Vídalín). Landsb. 270. 4to, bls. 150—151 (PP XX). Prentað í Sýnishorni Rasks af fornum og nýjum norrænum ritum, 1818, bls, 273—75 og í Snót, Rvík 1865, bls. 234—38, og er þar eignað Páli Vídalín]:

Tóa og úlfur tóku
að tala saman á grund,
eina aptanstund
með sér málbragð jóku.

Tóan teygði ræðu,
tunglið upp kom þá;
úlfurinn, sem það sá,
mælti hátt af mæðu:

Langt er, sagði hún, síðan
sá eg, frændi, þig,
teingdan mjög við mig;
á eg ætthring fríðan.

Ef eg svo stóran ætti
ost að gamni mér
og skjöldinn, sem þú sér,
víst mér vænt um þætti.

Viltu ei, karl minn kæri,
kaupa ost af mér?
Undra stór hann er;
ódýr vildi' eg hann væri.

Máske hann verði ei minni,
mælti tóa þá,
eg skal svo til sjá,
því að eg þér unni.

Úlfurinn ógnar feginn
auðgintur þá tér:
þekt er þetta mér;
vísa þú mér veginn.

Komu þau brátt að brunni;
blankar tunglið þá
breiðum botni á;
klóklegt ráð hún kunni.

Er hann í einum brunni,
anzar tóa slæg,
ei er eg svo fræg
að upp honum koma kunni.

Hygg þú nú að, herra,
hér er osturinn;
reyndu rammleik þinn;
ei lát orku þverra.

Digitized by Google

Farðu fyrst, mín kæra,
fáðu ostinn mér,
skal eg sem skyldugt er,
þýðar þakkir færa.

Ei svo orðum haga;
utan njóti eg þín
eigi megðan mín
orkar hann upp að draga.

Farðu, frændi, niður,
fljótt upp ostinn tak,
undir ber þitt bak,
eg skal hjálpa yður.

Sem þig svo upp halar
settu gómbein þitt
skjótt í skottið mitt,
drag þig svo án dvalar.

Eg mun yðar bíða
upp á bakkanum;
hana! Hvað er um?
Kastaðu öllum kvíða.

Úlfurinn ær því trúði;
ofan í brunninn stökk,
síðan niður sökk;
leirinn mjög hann lúði.

Tóa tekur að brosa,
tyldrar augum vítt:
Ferst þér, frændi, lítt
þig úr leir að losa.

Úlfurinn kallar aptur:
æ þú, tóa mín,
legg mér liðsemd þín;
er minn eyddur kraptur.

Svo ef mætti segja
sveikstu mig í trú;
ráð mér nokkuð nú,
eg mun annars deyja.

Hygðu að heimsku þinni,
hrekkvís tóa kvað,
þakkaðu henni það
meir en ótrygð minni.

Eg skal yfir þér syngja
og yrkja líka vess,
ef þú óskar þess;
eg sé yður þyngja.

Sómir ekki að sinni
soddan kjaptamas,
umbrot þau né þras;
lokið er lífs stund þinni.

Refurinn trygða trauður
tölti síðan heim,
skildi þar með þeim;
úlfurinn er þá dauður.

Soddan sýnir þetta:
Sá einfaldur við
klókan semur sið
sig mun sjálfan pretta.

Nokkrar Æsópiskar dæmisögur

ortar af P(ála) J(ónssyni) Vídalín, sýslumanni í Dalasýslu.

[Landsb. 270. 4to, bls. 153—156, með hendi Páls Pálssonar, með orðamun eptir tveim handritum í safni Jóns Árnasonar. IBfél. 639. 8vo, skr. c. 1790 (Varðgjárkver). 1., 2.,

Digitized by Google

10 og 11. vísa þessa kvæðis er prentuð í Sýnishorni Rasks, Stokkhólmi 1818, bls. 271—272. Alt er kvæðið prentað í lestrarkveri Rasks handa heldri manna börnum, Kaupmannahöfn 1830, bls, 52—59 (eptir handriti í safni Rasks 81. 8vo) og í »Nokkrum gamankvæðum«, sem Þórarinn Sveinsson gaf út í Kaupmannahöfn 1832, bls. 95—105. Auk þess er 13. dæmisagan prentuð í 1. útg. Snótar, Khöfn 1850, bls. 222. Líklega ort á árunum 1695—1706]:

1. Um hanann, sem fann gaimsteininn.

Haninn rótar haugi í
og hittir perlu í sorpi því;
byggkorn, segir hann, betra er mér
en birta sú, sem stendur af þér.
Heimskum lukkan hnossið opt í hendur ber.

2. Um hundinn og ketstykkið.

Hundurinn krás í kjapti ber,
kominn að á sinn skugga sér,
þann hygst ræna og þrífa á lopt, —
þaut burt ket, en glenti hann hvopt.
Þá hugurinn mikið, höndin lítið hefir opt.

3. Um asnann og hvolpinn.

Húsbóndi við hvolp sér lék,
honum klappar og líður brek;
það sér asni og í hans kné
upp stökkur, en slæst með tré.
Eigi er virt fyrir öllum eins, þó eitt verk sé.

4. Krákan með lánsfjöðrum.

Af öðrum fuglum krákan kæn
í kyrtil sinn hlaut fiður með bæn;
en þegar dramblát sómdi sér
sína burt tók fjöður hver.
Völt eru lánsþing, krákan kvað, þá kúrði hún ber.

5. Um apann og refinn.

Ref bað apinn aptan ber
einn lið gefa af rófu sér,

Digitized by Google

þó yrði eg að flytja hana færleik á,
foxið tér, þú skyldir ei fá.
Ágjarn vill við aumingjann af aungvu sjá.

6. Um ljónið og refinn.

Sjúku ljóni tóa tér,
sem teygja vildi' hana inn að sér:
Eg hræðist för, þau horfa' öll inn,
en héðan eingin liggja finn.
Mart er að varast, vertu forsjáll, vinur minn.

7. Um trönuna og úlfinn.

Trana um kaup sitt talaði ein,
er togaði úr kverkum úlfsins bein.
Bjóstu, sagði hann, betra við?
beit eg ei af þér höfuðið.
Hjálparmenn að hata tel eg hrekkja sið.

8. Um lækninn og þann framliðna.

Lænir einn í líkför manns
lýsir því fyrir vinum hans.
Við vín ef hefði ei lagt sitt lag
lifa mundi hann enn í dag.
Ósvinnum koma eptirráðin illa í hag.

9. Um húsfreyju og griðkonúr.

Húsfreyja, nær haninn gól,
hrökti upp þernur fyrir sól;
þær drápu hanann; hér epter,
hálfu fyrr hún vekja fer.
Mart fer stundum öðruvísi en ætlað er.

10. Um magann og limina.

Limirnir segja: Lýjumst vér,
latur magi, að þjóna þér.
Þegar neita þörfum hans
þverruðu burðir líkamans.
Ósamþykkið auðnuleysi ollir manns.

Digitized by Google

11. Um apynjurnar.

Apynjurnar danza dátt,
dúðaðar upp með silkið smátt,
þær neita skarti og synja seim,
nær sýnd voru fögur epli þeim.
Þó náttúran sé lamin með lurk, hún leitar heim.

12. Um vaxið.

Tígulsteinsins hátt upphaf
og hörku feikna eðli af
öfundar vax og fer á flakk
fram að glóð, en rann sem lakk.
Vittu að sníða vexti eptir vænan stakk.

13. Hver er sjálfum sér næstur.

Sætan átti sjúkan mann,
sér kaus dauða, ef lifði hann.
Þegar hel sér þreingdi inn:
þarna er, sagði hún, maðurinn.
Hver finst næstur sjálfum sér, þá sorg er stinn.

14. Um asnann, sem rasaði.

Lúinn asni lötraði um hlað,
sem leingi hafði og vel þjónað,
hann rasaði um stein, en sá á sat
með svipunni lamdi hann fast sem gat.
Svo launar margur sopna mjólk og svelgdan mat.

15. Um músina og hrafninn.

Kæra mýsla, krummi tér,
kroppaðu snöru af fæti mér;
liðsemd músin lét í té,
losnaður henni slátraðe.
Algrei gott er oflaunað, nema illu sé.

16. Um refinn og krókódílinn.

Kappskraf höfðu um kynþátt sinn
krókódíll og refurinn.

Digitized by Google

Ei þarf orðin, tóa tér,
teiknin gjörvöll skinnið ber.
Af máli laungum merkjast kann, hver maðurinn er.

17. Um eikina og fleygana.

Greinir trjánna garpurinn hjó
og gilda fleiga sér til bjó;
stundi eik, er átti föl
af eigin kvistum reyna kvöl.
Sárt er að líða af sér nákomnum sorg og böl.

18. Um asnann, sem þrír áttu.

Bræður erfðu asna þrír,
allir brúka vinnudýr;
þeir möttust um að metta hann,
í megurð af því deyja vann.
Úr dárlega snýttu dreyrinn nefi detta kann.

19. Um mýsnar og köttinn.

Mýs samtóku svoddan ráð
að sauma bjöllu á kött með þráð.
Þá hver aðra um þetta bað,
þorði eingin kisu að.
Hægra er að kenna heilræðið en halda það.

20. Um hrafninn og úlfinn.

Hrafn af úlfi heimtir krás,
því honum ætíð fylgdi á rás;
anst þú bráða ekki mér,
úlfur talar, þá svo við ber.
Gættu að af geði hverju gert sé þér.

21. Um gæsir og trönur.

Gæsir og trönur eru með á,
eingin veiðimanninn sá;
þungar gæsir fangast frí,
flugu margar trönur um bý.
Létt er þeim, sem lausir flakka, lærðu af því.

Digitized by Google

22. Um gamminn og fuglana.

Gammurinn fuglum gerði í hag
gestaboð á fæðingardag;
ölvaða þar óvart hann
alla drap og lemstra vann.
I vellystingum voði er nær en varir mann.

23. Um hænuna, sem átti gulleggið.

Húskarl ágjarn hænu þá,
sem hvern dag fagurt gullegg á,
kruföi, og ætlar innra þar
sé undra gull, en fann ei par.
Fíknin spillir feingnum hlut, sem fyrir var.

24. Um fjöllin jóðsjúku.

Furðaði sig firða drótt,
fjöllin tóku léttasótt;
af felmtri og ugg er fólkið þreytt,
fæddist músarkornið eitt.
Hlýzt opt smátt af höggi því, sem hátt er reitt.

25. Um froskinn.

Út sér froskur öllum skaut
og ætlaði að verða stór sem naut.
Þó þú springir, móðir, með,
mælti son, það getr ei skeð.
Hátt úr máta hrokar sér opt heimskra geð.

26. Þrætan um asnann.

Asnann fundu ýtar tveir,
eignast vildu hann báðir þeir;
enn sem þrættu um þennan plóg
þrammaði asninn fram á skóg.
Missast kunna kjörgripir fyrir kíf og róg.

27. Um asnann sjúka.

Fregn var að asninn félli í sótt,
fóru hundar að vitja hans skjótt;

Digitized by Google

fölur sagði fljótt við þá:
Færari er eg en vilduð sjá.
Sum vinátta er svikum næst, það sést hér á.

28. Um krabbann.

Krabbinn segir son sinn við:
Sífelt geingurðu út á hlið.
Ef þín spor væri áfram sett,
anzaði hinn, þá geingi eg rétt.
Hver aðra síðar sjálfur ræki sína stétt.

29. Um karlinn og dauðann.

Karl örmæddur byrði ber,
bað grátandi dauða sér.
Kom þar Dauði, — karl við brá
og keyrði upp á sig baggann þá.
Dýrt er líf og fagurt er fjör, þá farast á.

30. Um mýsnar og köttinn.

Kötturinn vært í kyrðum lá,
komu mýsnar það að sjá;
ein fer að kyssa kisu í stað,
kokkuð var hún strax í spað.
Opt er flagð í fögru skinni, og forðast það.

Samkvæði Páls og Guðrúnar, prestskonu nyrðra.
[Eptir Landsb. 270, 4to, bls. 46. 70].

Guðrún kvað til Páls:

Eins ertu sem annar Njáll;
auðnan bið eg þér sinni;
hljóttu svo marga hamingju, Páll,
sem hár eru á λειϰυ minni.

Páll svaraði:

Frímóðugan fáðu σνιπ
framan í ϰλεττιϛμυννα
hjá honum séra Sigurði á Ríp,
og sæl ertu þá, Gunna.[1])

---

[1]) Gísli Konráðsson skýrir nokkuð á annan veg frá þessum vísum í þætti sínum af Jóni Sigurðssyni Dalaskálds (6. kap.).

Digitized by Google

Vísnabrot.

I.

[Landsbókasafn 360. 8vo, bls. 123].

Fragment.

Hver mætir hér brjóti geira?
Hallmundur kall undan fjalli.

Desunt reliqua.

II.

[Landsbókasafn 360. 8vo, bls. 131].

Lóneisu lín prísa
ljóð bæði &c.[1])

III.

[AM. 1028. 4to með hendi Grunnavíkur-Jóns].

Páll Vídalín, að sagt er:

Lofað hef eg að kaupa *Q*,
kanske líka fáist *S*.

IV.

[Orðabók Grunnavíkur-Jóns undir vit].

Adagii locum habet dictum forte Pauli Widalini:

Vöxtur og afliö víða fer,
vitið þó fyrir öllu er.

Segir hann fyrri vísuna hafi kveðið kerling ein vestra, dóttur Þórðar á Strjúgi, og hafi Jón Sigurðsson verið þar við, ásamt Páli. Hafi hún þá og kveðið um Jón þessa vísu:

Situr vitur, hægur, hýr,
heiðursmenta hraður
Jón Sigurðsson dáðadýr
Dalasýslumaður.

En tæplega mun það fá staðizt, að kerlingin hafi verið dóttir Þórðar. Hann var roskinn maður 1591 og mun hafa dáið skömmu síðar, en vísan varla gerð fyrri en um eða eptir 1700, svo að dóttir hans hefði þá orðið að vera vel tíræð. Gísli segir og, að kerling hafi að upphafi kveðið til þeirra beggja þessa vísu:

Má hér byrja mærðar snið,
ef máls eru streingir hrærðir,
þótt ekki kveði eg eins og þið,
öldungarnir lærðir.

[1]) þannig hjá Grunnavíkur-Jóni.

Digitized by Google

Vídaliniana.

eða vísur, sem vafasamt er í meira lagi, hvort Páll Vídalín hefir ort, þótt þær finnist eignaðar honum.

I.

[Landsb. 270. 4to, bls. 143—146, með hendi Jóns Árnasonar eptir handriti, sem Brynjólfur bókbindari Oddsson (d. 1887) átti, skrifað af Matthíasi Ásgeirssyni eptir handriti Gísla Konráðssonar, en óvíst er eptir hverju Gísli hefir skrifað. Eingin fyrirsögn hefir þar verið fyrir þessum vísum, en Gísli hefir haldið, að þær væri eptir Pál Vídalín, og ortar til Þorbjargar unnustu hans Magnúsdóttur. En í safni Páls Pálssonar 1. 8vo, VI, bls. 1—4, eru vísurnar skýlaust eignaðar Staðarhóls-Páli, og beinlínis sagt, að þær sé »til Haldóru Guðbrandsdóttur«. Fylgir Páll þar handriti Björns Olsens, og eptir þeirri afskript er kvæðið prentað í bók minni um kveðskap á Íslandi á 15. og 16. öld, Khöfn 1888, bls. 388—389. Jón Ólafsson eignar Páli hvergi þessar vísur]:

Blessi þig guð af allri átt
og æfinlega þér hlífi,
vertu blíða baugagátt
blessuð á sál og lífi.

Guð á hæðum gleðji þig
og gefi þér blessan sanna;
láttu ei af að elska mig,
af bragð flestra svanna.

Gefi þér drottinn gleði og frið,
góz og virðing dýra,
eg þér slíks af alhug bið,
ástarvífið hýra.

Einginn fær nú erindi af mér,
nema eigi eg koss í vonum,
þó af eingri utan þér,
en eptir langt er honum.

Þanninn hættir þetta mál,
þrifleg silkilína:
ann eg þér sem eigin sál
alla dagana mína.

Hugsar blaðið héðan á veg
í hendi að lenda þinni,
og þá á bréfið betra en eg,
bagi er að fjarlægðinni.

Fyrir því læt eg erindin ei
orðatöluna fylla,
sízt eg veit, hin væna mey,
hvort vel fara bréf eða illa.

Elskaðu dátt og unn þú mér,
elska og dygðaríki þitt,
meðan blóð í æðum er,
allra kærasta hjartað mitt.[1])

---

[1]) »þessi síðasta vísa er óbreytt gagaraljóð, en hinar ferskeyttar. Þær fyrri sýnast og eptirfylgjandi vísur hafa verið sundurlausar og sumar neðan á bréfum til Þorbjargar«. Athugagr. í hdr. og mun hún án efa vera eptir Gísla Konráðsson.

Digitized by Google

Skothenda.

Jesús hlífi jafnan þér,
játaðu ei öðrum manni,
meðan líf í æðum er
unna vil eg þér, svanni.

Ferskeytt.

Æðstur drottinn unni þér
eptir heiti sínu,
hann veit gerst hver um þig er
ást í geðinu mínu.

Svo kveð eg með ástsemd þig,
eikin nöðru dýnu;
fljótlega muntu faðma mig
fari að ráði mínu.

Fagurt ei eg yrki nú
elda sævar lilja,
en elska þig samt af ást og trú
eptir drottins vilja.

Skammhenda stikluð.

Æ þér lendi auðnan með
og æðstu hnossir;
unga sprundið eg þig kveð
með ástarkossi.

Vísur kveðnar á haust.

Fyrirgef nú, auðþöll ung,
illa vandað letur;
hjartað mæðir hugraun þung,
þá horfi eg á komandi vetur.

Nú er varla vandað bréf,
veigaskorðin rjóða,
ritað sem í hasti eg hef,
haldið þér til góða.

Gefi þér vetur gleðilegan,
sem græddi mein og angur;
hans náð getur huggað mann,
svo hann ekki verði langur.

Heilsu og líf á hann, sem gaf,
hirðum ekki að kvíða,
harmatárin hvörmum af
herrann þerrar lýða.

Allar stundir mundu mig,
mart skal nú ei ljóða;
annist drottinn ávalt þig
elskulífið góða.

Svo þú megir svoddan bréf
sætan rjóða þekkja,
sjáðu eg ritað sjálfur hef,
sízt á eg þig að blekkja.

Ferhenda.[1])

Herrann fyrir þá helgu pín,
hjartans allra kærastan mín,
geymi þig eins og augun sín
um eilífð þar til sumarið skín.

Úrkast sniðskotið.

Kveð eg þig blíða foldin falda,
fáðu gæða dáð;
meyju fríða um aldir alda
eilíf gleðji náð.

Ferskeytt.

Kveð eg svo væna veigabil,
verndin guðs þér hlífi,
ann eg þér meðan er eg til
eins og mínu lífi.

[1]) þessi vísa er sérstök meðal annara vísna Páls Vídalíns í JSig. 245. 4to.

Digitized by Google

Er mín bónin, auðarbrú,
að mín þekkir kvæði;
hjartans mundu mig í trú
meðan við lifum bæði.

Ferhenda.

Skortir ljóð, en skoðaðu mál,
í skrifinu mínu er ekkert tál,
á ástum því mun aldrei brjál,
en elskaðu svo sem líf þitt Pál.

II.

[Landsb. 270. 4to, bls. 70 (eptir handr. Dr. Schevings). Kynni að vera til Þorbjargar].

Mér er í minni
menja fögur hrund,
herleg, eg inni,
hverja næturstund;
mér sýnist eg finni
sævar loga hrund;
ann elsku þinni
þrávalt mín lund
þann veg sem kynni
eins í vöku og blund;
gleð svanninn svinni
Sviðris elda þund;
síðan báðum linni
sorg við ástafund.

III.

[Landsb. 270. 4to, bls. 86 (eptir hdr. Dr. Schevings). Gæti verið, að þessi vísa sé til Þorbjargar].

Samt er rjóðust mér í minni
meyjan fróða hverju sinni,
hana óðum hugurinn þreyr;
vil eg bjóða, svanninn svinni,
svana slóðir keltu þinni,
ununin góða eykst þá meir.

IV.

[Landsb. 270. 4to, bls. 45 (eptir handriti Dr. Schevings)]:

Hjartað hrygðin snertir,
hjartað sundrast í parta óspart,
hugur með harmi vagar,
hugann vill sorgin buga öflug,
mærin það meina eg geri,
mærin vor allra kærust ærleg,
brennir oss blossinn svanna,
brennunst af elsku hennar enn nú.

Digitized by Google

V.

[Landsb. 270. 4to, bls. 133 (eptir handriti séra Þorsteins Helgasonar)].

Visa.

Ein hryggir ött[1]) mig,
auðsnorn, man þig
Báleygs blæingur;
hvarmalands sól sig
sorga tekur á rig;
mæðist margur hvur;
ýmsir ganga auðs stig,
eru þeirra lystig
hæru harðviður;
fjörgin falds búna!
fegri en gláms rúna
vopna túna
víst ólúna,
veit eg enn, hvar þú ert núna,
að þér einatt spur,
til vona og vara
veldis þara
skorðan skara
skal ei spara
fjör andvara,
þó tóra og hjara
mjötviðs mara
meiðs hyrjar svara
eins og tré tjara
tolli mærð snara
til ástar umfara
við önd glæsihara,
þó þundar ara
með þögn láti stara,
þó gláms fjara
en rara
gefist girðils hara,
gangi sem eg vil
téðum ástaryl.
Leyndu mér hjá þér
þistils raddar bil!
hvað sem sker
hverninn fer,
eg sver
ekkert er
illa fer,
nú far vel,
nauðugur við þig skil.

VI.

[Landsb. 270. 4to, bls. 107 (eptir handriti Dr. Schevings og handriti Jóns Árnasonar). Mundi ekki þetta vera eptir Árna Böðvarsson?].

Veit eg eina
andlits hreina
ei þó seina
byrði meina
að bera létt,
allvel dyggva,
einatt hryggva,
ekki styggva,
mikið tryggva,
minstan fyrir prett;

---

[1]) átt, hdr.

Digitized by Google

sú er vinda
syrpu kinda
sólin strinda
elda linda
unun sett;

hana geymir
hugr og dreymir
hvert hann streymir,
aldrei gleymir;
orð mín taktu rétt.

VII.

[Landsb. 270. 4to, bls. 111 (eptir handriti Haldórs Jakobssonar, skr. í Víðidalstungu 1806). Þar vísan eignuð Páli. Er hún þó ekki vel lík kveðskap haans].

Ullarvindill,
öflugur skýfir randa,
músar rindill
má þér einginn granda,
þú hefir, dindill,
drukkið mér til handa.

VIII.

[Landsb. 270. 4to, bls. 17—18. Þótt þetta sé fortakslaust eignað Páli, líkist það þó ekki kveðsksp hans].

Yfir Epitaphium, sem biskup Jón Þ(orkelsson) Vídalín orti yfir Teit Torfason, sem drukknaði í Bauluósi.[1])

Snemma baldur auðs þó aldur fylti
eptir blíðu ektabanz
yndistíðir stuttar hans.

---

[1]) Teitur drukknaði 1668. Vísur Jóns biskups eru þessar:

Mature nimium, plenis tamen integer annis
Post vix adscensi gaudia curta thori
Hic Titus Hectoreos artus et Achillea membra
Destituit, summo restituanda die.
Spiritus in coelis, nomen durabit in orbe
Hoc hominum studiis ille favore Dei.
Funeream vero quicunque accedis ad urnam
Eximii casum commiserare viri.

[Landsb. 360, 8vo, bls. 146; Hálfd. Einarss. Sciagr. Hafn. 1777 & Lipz. 1786, bls. 165; sbr. Esp. Árb. VII, 54 og Sýslum.æf. I, 524].

Digitized by Google

Hektors liðu hér hefir niður lagða
og limu annars Achillis,
er nú vann að ganga á mis.

Aptur fær á efsta skærum degi;
lifir hæðum andinn á
við ástargæði drottins há.

Í veröld nafn að vinsæld jafnan lifir,
hver sem leiði hittir hans
harmi deyð þess mæta manns.

IX.

[JSig. 278. 4to eptir handr. Dr. Schevings, meðal vísna, sem eignaðar eru Páli Vídalín, og er það svo að skilja, að hann hafi þýtt latnesku vísuna, og er þýðingin ekki ólík kveðskap hans].

Vertu svo sem vera ber
völdum runni geira;
láttu aðra lifa sér
og legg ei til þess fleira.

Esto, quod es, quod sunt alii, sine quemlibet esse.

X.

[Eptir minni].

Vísa eignuð Páli Vídalín, og er þá líklegt, að hann hafi gert hana annaðhvort eptir hæstaréttardóminn 1716, eða þegar Oddur misti æruna. Sumir eigna þó vísuna séra Páli skálda (d. 1846).

Mér hefir verið heimur háll,
hættur og tíðum slysinn;
nú er eg orðinn annar Páll
upp að nýju risinn.

XI.

Um Sumarliða lögsagnara Klemensson.

[Vísa þessi er skýlaust eignuð »P(áli) Widalin«, í kvæðabók einni, er eg á og að mestu leyti er skrifuð af Jóni Egilssyni á Vatnshorni nálægt 1760. En Grunnavíkur-Jón eignar hana stundum í ritum sínum Jóni Magnússyni bróður Árna (d. 1738)].

Liði órór
las svo sem skrifað er;

Digitized by Google

á heilakór
hvítt paruk stundum ber;
úr kattarullu kynt er mér,
að kembt væri strýið,
í Valhöll — lítil virðing er —
af völskum út migið;
perfectus
pússunar hnykkur,
delectus
dárlegur gikkur,
rejectus
rustanna hlykkur,
sniðugt rækalls raritet
:|: bendir randa bundinn synd
og berbeinum líkur :|:

XII.

[JSig. 278. 4to, blöð í 8vo skr. 1770, sem á eru »Nokkrar vísur Páls lögmanns Vídalínsc].

Hugurinn ber mann hálfa leið og Hallgrím líka
á Hrappstöðum er herleg píka.
hennar vill hann strjúka χριχα.

XIII.

Harmagrátur.

[Landsb. 270. 4to, bls. 42 (eptir handriti frá séra Þorsteini Helgasyni)].

Grátandi eg gekk þar hjá,
gleðinnar fyltur[1]) banni,
er þjónusta mín lagleg lá
í lopt υππ υνδιρ manni.

XIV.

Amatorium.

[Landsb. 270. 4to, bls. 86 (eptir handriti frá séra Þorsteini Helgasyni)].

Sorgar hlýt eg sögu fram að telja:
Arnfríði frá Yztabæ
allskjaldan eg líta fæ.

[1]) firður, hdr.

Digitized by Google

XV.

Önnur. [Sama heimild].

Sannlega gleðja mundi mig,
motrar eikin fríða,
ef eg mætti υππ α þig
endilangur ςχρτδα.

XVI.

[JSig. 278. 4to, eptir handr. Dr. Schevings. Er meðal vísna, sem eignaðar eru Páli Vídalín. Óvíst er þó, að þetta sé eptir hann, og lakar er það kveðið en venjulegt er hjá honum].

Herðir Finnur hljóðin grá,[1])
hvergi linnir skvaldri,
rekur stinna ringi á,
rifinn finna hvíld ei má.

Einatt þagna hljóðin hás,
hóstinn magnast stundum,
hans við sagnar orða ás
út um dragnast raddar bás.

XVII.

[JÓlGrv, Orðab.: belgj(a). Jón Sigurðsson ætlar að þessi vísa kunni að vera eptir Pál, og er hún ekki ólík því].

Að blása upp hvopt og belgja kinnur
býsna lítið það á vinnur,
þó þú herðir þig sem mest,
að höggva í lopt, þó hjör sé stinnur,
og hvessa sínar augnatinnur
einan fælir æðru gest.

XVIII.

[Orðabók Jóns frá Grunnavík undir grér, og er þar eignað eingum, en Jón Sigurðsson ætlar, að bagan kunni að vera eptir Pál Vídalín].

Suður ber, sýnist mér,
seima grér, hvað lízt þér?
Undir sker aungull fer,
einginn hér fiskur er.

---

[1]) r.: flá?

Digitized by Google

XIX.

[JSig. 410. 4to, með hendi Halldórs konrektors Hjálmarssonar eptir handriti séra Einars Hálfdánarsonar. Vísan er þar eignuð Páli Vídalín, og næst er á undan: Gáðu þráða þrúður að &c. Vísa þessi er lakar kveðin en vísur Páls eru vanar að vera].

Víñð þegar við skilder
vildi sorgin fergja,
því frá eg að veitti fljóðið þér
ferju[1]) borgun dverga.

XX.

[JSig. 278. 4to (eptir handriti Dr. Schevings) meðal vísna þeirra, sem eignaðar eru Páli Vídalín; IBfél. 464. 8vo eignar eingum].

Högg fræða heimskan,
eymd ódjarfan,
hót huglausan,
gjald fégjarnan,
ást auðsveipan,
ráð réttvísan,
ment minnugan,
lof lundprúðan.

Auk þessara vísna, er hér eru prentaðar sem óvissar, eru tvö kvæði með vikivakabragarhætti eignuð Páli.

1. »Dúfukvæði eignað herra Páli Jónssyni Vídalín«.

Viðlag: Dilla eg þér, dúfan mín,
og dilla eg þér,
dilla eg minni dúfunni
og dilli guð mér.

Upphaf: Andinn guðs mig endurnæri &c.

Alls 7 erindi (JSig. 491. 8vo = JArn. XXII).

Kvæði þetta er annars eignað séra Hallgrími Péturssyni, og mun það ekki vera eptir Pál Vídalín.

2. Kvæði með viðlagi:

Veldur það vökunum
vart gekk í kjer;
stytti eg með stökunum
stundirnar mér.

---

[1]) Freyju, hdr.

Digitized by Google

Upphaf: Undvars fróða hindin hýði &c.

Alls 5 err. (Kvæðabók Gannlaugs á Skuggabjörgum IV, 124—125). Kvæði þetta mun varla vera eptir Pál, og Grunnavíkur-Jón eignar Steini biskupi kvæði með þessu viðlagi.

3. Enn virðist Páli vera eignað »Eitt kvæði af kossum«, er byrjar svo:

Hví mun kvenfólk kossa spara &c,

Alls 7 err. (JSig. 410. 4to, með hendi Haldórs konrektors Hjálmarssonar), en kvæðið er ekki þesslegt, að það muni vera eptir Pál, svo að því er slept hér.

4. Enn er Páli stundum eignuð vísan:

Eg aulinn sá raulandi ýtandi Hvít &c.

og á hann að hafa ort hana ungur (Landsb. 270. 4to, bls. 27, og Kvæðab. Gunnlaugs á Skuggabjörgum, JSig. 278. 4to), en sú vísa er eignuð svo mörgum, að óvíst er hvenær hún er rétt feðruð, en optast er hún eignuð séra Stephání Ólafssyni (Kvæði II, 139).

Af vísum, sem með vissu eru eptir Pál og Grunnavíkur-Jón eignar honum skýlaust og fundizt hefir, er að eins slept einni hér í útgáfunni, sem er býsna klúr:

Kviklæti keik snótin vekur,
kærleika mær eikur færi &c.

(Landsbókasafn 360. 8vo).

Sálmar

eru nokkrir til eptir Pál Vídalín, en þeim er öllum slept hér í útgáfunni, nema versum þeim, sem hann hefir frumkveðið, og minnisversunum yfir Gerhardi hugvekjur. Hinir frumkveðnu sálmar hans finnast nú heldur ekki, og þýddu sálmarnir hafa verið margprentaðir í Grallaranum og hinum fyrri sálmabókum, og hafa þeir verið vinsælir. Um sálmakveðskap Páls fer Grunnavíkur-Jón svo feldum orðum (Landsb. 360. 8vo, bls. 8—12):

»Heilaga sálma hefir hann þessa gert.

Þegar að Þórður biskup lét þrykkja Grallarann 1691, bað hann lögmann, sem þá var skólameistari að leiðrétta þá gömlu,

1, Jesuminning,

því sér þætti hún stirð í nokkrum versum. Þetta var á laugardagskvöld. Lagðist svo lögmaður upp í sæng sína og lét Böðvar Pálsson, sem nú býr á Slítandastöðum, en þá var hans discipulus, skrifa eptir sér svo fljótt, sem hann kunni, og drakk

Digitized by Google

um nóttina á meðan mörk brennivíns. Sneri hann þá hverjn versi upp á íslenzku, svo hún var alt eins lauug í íslenzku sem hún var í latínu, Jubilus Bernhardi de nomine Jesu, því honum þótti eigi vel saman eiga að láta þá gömlu version vera á sumum versunum, en sína á sumum. Daginn eptir lét hann Ólaf Jónsson, sem þá var skólapiltur, en síðan kirkjuprestur í Skálholti, vera frá kirkju og skrifa hana hreint upp; sýndi svo biskupinum, þá þeir komu inn úr kirkjunni. Sá biskupinn, að hann hafði snúið henni allri og lét lesa sér. En þá hann hafði heyrt hana alla til enda, stóð hann upp og þakkaði skólameistara með kossi grátandi, og sagði hún mundi sungin verða í guðs kirkju þar á landi, þá báðir þeir væru fúnir í moldu. Sagði lögmaður, að síðan hefði hann séð í henni smáyfirsjónir í einum eða tveimur stöðum, sem liðugra hefði verið að setja öðruvísi, en ekki væri það neinn stór munur.

2. Þann sálm í Grallaranum: Á guð alleina sagðist hann úr dönsku hafa verterað með nógri umþeinkingarstund, og hafi sýnt hann í trúnaði einn sunnudag séra Hjalta Þorsteinssyni, þá kirkjupresti í Skálholti, en vissi ekki fyrri til en hann var kominn undir pressuna á mánudagsmorguninn.

3. Enn aldrei þótti honum neitt að kveða versioninni á sálminum Gleð þig guðssonar brúð.

4, Einhvern vikusálmanna, sem eru aptan við Þórðarrím hefir hannn gert heilan, heldur en að nokkru leyti. Hvort það er laugardags eða sunnudags sálmurinn eður hver þeirra, man eg ei. Í honum minnir mig sé 3 vers.

5. Hann hefir og ort þann iðrunursálm, sem stendur sine authoris nomine aptan við Tárapressu bækling herra Steins. Sálminn útlagði hann úr þýzku með sömu melódíu og sama versafjölda eins og í þýzkunni, eins og Jesuminning og Á guð alleina etc. að sínu leyti. Nefndur iðrunarsálmur byrjast svo:

Ó guð eg skríð fyrir ásjón þér etc.

Þá hann sendi hann hústrú Valgerði, sem þá var enn veik, norður að Hólum sama vetrinn, sem bæklingurinn var þryktur, skrifaði hann með þær vísur sem standa infra pag. 85 [hér í útg. bls. 96], til þess hún vissi hver sálminn hefði gert og sent, þó hann beiddi það supprimeraðist fyrir almenningi.[1])

6. Nokkra sálma gerði hann út af drottinlegri bæn endrum og sinnum á veturnar 1724—25—26 inter pias meditationes, þá annríkin leyfðu. En það liggur meðal hans pappírsblaða,

---

[1]) Þessi sálmur hefir ekki fundizt. Það var þenna vetur (1719), að Valgerður biskupsfrú var sturluð. Jón sonur þeirra biskups hafði fyrirfarið sér, og foreldrum hans gekk það mjög til hjarta, sem von var, því að þá trúðu því allir menn, að sjálfsmorð-

Digitized by Google

því hann hirti ekki það kæmi vítt út á meðal fólks vegna stirðs kveðskapar á sínum stöðum.[1])

7. Item hefir hann gert andlátsminning eptir Þorleif Gíslason, son Gísla Magnússonar, biskups mágs, er andaðist í Oxfort á Englandi anno 1677 á síns 19. aldurs ári. Eru þrykt í Skálh. 1696.

8. Hér fyrir utan gerði hann æruminning eptir Ingiríði Pálsdóttur kvinnu prófastsins séra Orms á Melstað. Hún deyði 1723.[1])

9. Svo og fyrir bón Sigríðar Erlendsdóttur á Syðri-Völlum minning eptir son hennar Svein, er deyði úr bólunni, að mig minnir, 13 vetra, mannsefnislegur og hugvitsamur piltur.[1])

10. Eignaðar eru honum Prentverksvísurnar, þryktar 1725, þá biskup Steinn hafði unnið það undir dómkirkjuna sumarið fyrir, en sumum hlutaðeigendum líkaði ekki sú prentverks historia í öllum greinum«.

Af þessu, sem Grunnavíkur-Ión telur hér þekkist nú þetta:

1. Jesúminning (Jubilus Sancti Bernhardi: Jesu dulcis memoria) »revíderað hefur, fullkomnað og samanborið við sjálfan originalinn heiðurlegur og vellærður Páll Jónsson skólameistari að Skálholti«.

Jesú þín minning mjög sæt er
og mjúka hjartans gleði lér,
um fram hunang, og alt hvað er,
ilmar af Jesu nafni hér. Alls 48 vers.

[Prentuð fyrst í Grallaranum í Skálholti 1691, bls. 10—15, og síðan í öllum útgáfum Grallarans. Ennfremur í »Prestavillu« Hólum 1742, bls. 39—44].

2. »Sálmur nýlega á íslenzkt mál útsettur úr þeirri dönsku sálmabók af P(áli) J(óns)s(yni) skólameistara«.

---

ingjum stæði helvíti eitt opið. Jón var gáfaður maður og læknir góður. Um hann var þetta kveðið:

Steins var kundar kunst ótrauð
með kraptaverk við ýta:
bóginn hann af svörtum sauð
setti á þann hinn hvíta.

En einu sinni sál hans bar
sútar harðan kvilla;
lækning hans, en versta var;
verr fór þá en illa.

Svo eru meinin sára-frek,
er sálina vora mæða,
að ekkert heimsins apótek
orkar þau að græða.

Vísur þessar eru hér teknar epir háyfirdómaraekkjufrú Sigþrúði Friðriksdóttur í Reykjavík 1/9. 1893 (J. Þ.).

[1]) þekkist nú ekki.

Digitized by Google

Á guð alleina
eg hefi sett mitt traust,
hans orðið hreina
mér hjálpar efalaust &c. Alls 6 vers.

[Þýddur 1690—91. Prentaður fyrst í Grallaranum í Skálholti 1691, bls. 217—18, og síðan í öllum útgáfum Grallarans. Ennfremur í »Prestavillu«, Hólum 1742, bls. 192—93].

3. »Sálmur, hvern nýlega úr þeirri dönsku sálmabók útsett hefur Páll J(óns)s(on) skólam(eistari)«:

Gleð þig guðs sonar brúð,
gleð þig og við þinn guð &c. Alls 7 vers.

[Prentaður fyrst í Grallaranum í Skálholti 1691, bls. 19—20 og síðan í hinum seinni útgáfum hans. Ennfremur í »Prestavillu«, Hólum 1742, bls. 62—63]:

4. »Sálmur með sínum tón« [(kvöldsálmur úr dönsku útlagður) = Nr. 4 hjá Grv.J. hér að framan]:

Sá ljósi dagur liðinn er,
líður að nætur stund,
ó herra Jesú hjá oss ver,
hægan gef þú oss blund.
Gleðji oss alla guð í himnaríki. 12. vers.

[Prentaður í Olearii bænabók, Skálholti 1692, bls. 205—207, og í öllum Grallaraútgáfum upp frá því, í »Prestavillu«, Hólum 1742, bls. 255—56, í Sálmab., Kh. 1746, bls. 536—38, Sálmab., Hólum 1751, bls. 659—61, Höfuðgreinabók, Hólum 1772, bls. 475—76, í Leirargarðasálmabók 1801, bls. 239—40, og í síðari útgáfum hennar, í Sálmab. 1871, og í Sálmab. 1886, en nokkuð breyttur í þrem seinustu sálmabókunum].

5 »Vyrdugl[igu og] Lofsverdu Nafne og Mannorde þess Edla og Ættgøfuga Vnga Mans | Thorleifs Gislason | ar (Sællar Minningar). Hvør ed til Eilijfs Fagnadar og Vegsemdar Drottens Vtvaldra fra þessu Stundlega Lijfe Burtkalladur, Hvijler Lijkama sinn um Eptertid Drottens Tilkomu j þeim Nafnfræga Stad Oxfort A Einglande. Fáeord Ljoodmæle til Skyldugrar Virdingar«.

1. Hvað er þó manns í heimi líf,
hvað er það nema sorg og kíf?
Guðs ástvin, gáðu að því,
hvert sem þú lítur heims um bý,
harmur og gleði er selskapnum í.

Alls 41 erindi. Aptan við stendur:

Digitized by Google

»Hans Eptirlifande | Edla og Gøfugum Astvinum | til Þacklætis, og Þienustumerkis, | samsett | Af | Pæle Jonssyne, Vidalin. | Schol. Skalholt: | p. t. Rect. | Prentad [i] Skalholte, Af Jone Snorrasyne, Anno cIↃ. IↃC. XCVI.« Er á blaði í arkarbroti (í Landsbókasafni = Nr. 7 hjá Grv.-Jóni).

Af hinu, sem Jón nefnir, þekkist nú ekkert, nema Prentverksvísurnar, sem prentaðar eru hér að framan á bls 108—110.

Af veraldlegum kvæðum Páls vantar nú og »latínsk vers«, sem Grunnavíkur-Jón segir, að hann hafi gert »til Cancellie-Raad Wieland(t) circa 1724, en Assessor Arna þótti Wielandt ei forþéna, að þryktar yrðu«.

Viðbætir.

A.

Vísur Hildar móður Páls, barna hans og annara ættmanna, og nokkrar vísur Steins biskups.

[Jón frá Grunnavík hefir ætlazt svo til, að vísur þessar skyldu fylgja kvæðasafni Páls Vídalíns, og hefir sett þær að niðurlagi í bók sína: Landsb. 360. 8vo, og kallar þann flokk »Vísur authoris náskyldra ættmanna«; eiga þær og vel heima aptan við kvæði Páls, því að vafi leikur á um sumar vísurnar, hvort þær sé ekki einmitt eptir hann. Meðal vísna þessara hefir og Grunnavíkur-Jón sett nokkrar vísur eptir Jón biskup Vídalín, en þeim er þó slept hér af því að allmikið kvæðasafn (nær alt á latínu) er til eptir hann, sem einhvern tíma ætti að gefa út í safni sér. Hinsvegar er haldið hér vísum Steins biskups, því að fátt mun þekkjast annað af þesskonar eptir hann. Hefi eg aukið þar litlu við. Við vísur Þórðar Þorkelssonar hefi eg aukið fáeinu framar en stendur hjá Jóni. Hið sama er að segja um vísur Jóns Pálssonar eldra. Veit eg nú ekki að fleiri vísur þekkist með vissu eptir móður Páls og börn. Nokkrar fleiri vísur eru á kveri Grunnavíkur-Jóns eptir hina og þessa, en þeim er hér öllum slept, af því að þeir menn eða þær vísur koma ekki við Páli né kvæðum hans].

I.

Móður hans Hildar Arngrímsdóttur.

Til Önnu J(óns)d(óttur) á Breiðabólstað, þá Gísli Ó(lafs)s(on) son hennar kom til.

Son þinn bezt að sönnu
sannheilagur annist,
annist þýðan þrennur
þrennur og alt gott kenni.
kenni þeim mentir manni,
mannvit auki þanninn;
þanninn ljóðin linna;
linni ei gæfu þinni.

Digitized by Google

Dagur Bjarnason hét vinnumaður í Víðidalstungu sunnan að kominn, og hélt sig og vildi láta halda son séra Hallgríms Péturssonar. Hann var vel hagmæltur og tóbaksmaður. Hann var um haustið á eingjum og lét færa Hildi þessa vísu heim:

Tómir gómar tyggja hey, segðu það blíðri silkiey,
tóbak fæst nú valla; að slættinum taki að halla.

Hún sendi honum tóbak út á eingjarnar og þessa vísu með:

Nú er ekki tóbak til,
tjörguviðurinn snjalli;
segðu honum Degi sönn á skil,
að sendingunum halli.

Hún hreytti fram þessari stöku um skæðaskurð einu sinni:

Öll eru orðin skæði skökk eg má hafa illa þökk
skorin með hníf(a) móru, eins og galt eg Þóru.

Hún hafði og gert nokkra heilaga sálma, þrjá að vísu, sem hún lét upp skrifa og eptir hana voru. Fleiri gerði hún vísur, þó ei viti eg.

II.

Sigríðar Jónsdóttur systur lögmanns,

þá séra Ólafur Þorvarðsson skrifaði til Víðidalstungu og bauð í erfið eptir föður sinn þeim hjónunum Jóni Þorlákssyni og Hildi og þeira börnum. Með tón: Sá frjáls við lögmál &c.

Ólafur sendi sorgarlakk, honum í moldarholu stakk,
þá séra faðir hans deyði, hún heitir Þorvarðsleiði.

Séra Ólafur hafði einhvern tíma komizt svo að orði hér um, og kvað hún vísuna, að eg meina, heldur en lögmaðurinn bróðir hennar.

III.

Jón Pálsson eldri[1]) í kaupstaðarferð í Spákonufellshöfða 1724:

Látum fáka mædda mása,
þeir mega ekki leingur rása
nú um sinn,
ef að þeir fá ekki að blása,
eflaust fær þá strax til krása
hræfuglinn.[2])

---

[1]) til eru sorgarljóð um lát Jóns í IBfél. Kh. 390. 8vo.
[2]) eignuð P. V. í JS. 278. 4to, 8vo blöð c. 1770.

Digitized by Google

Við Snæbjörn Pálsson. sem staddur var í Víðadalstungu og framan er um getið 1724, 7. Octobris.

Snæbjörn snotur kjarni,
sniðugur hjörva viður,
ræðir af Ormi óðum
eða um Markús kveðnr,
tvinnar saman tennur,
tinnar gæzka af kinnum,
munnurinn talar á manni,
mann honum það ei bannar.

Item við sama í sama sinni:

Snæbjörn aldrei sneiðir hjá þeim snotru orðum;
valinn maður víst er sá hjá veigaskorðum.

[Landsb. 270. bls. 174]: Jón Pálsson eldri:

Harma sögur heyra má
helzt um túnið svana,
Eyri grætur eptir þá
Oddur skilzt við hana.

(aðrir eigna vísuna Jóni Steinssyni).

Farvel Hólar fyrr og síð,
far vel sprund og halur,
far vel Rapta fögur hlíð,
far vel Hjaltadalur.

Þá hann reið frá Hólum og varð úti á Hjaltadalsheiði, þá til baka reisti. Handgull sitt hafði hann lagt undir tungurætur sér. Þá hann ei fannst um veturinn, sagði Páll Vídalín að lækur rynni undir hnésbætur hans, sem og reyndist, þá hann fanst um vorið. Þénarinn lá við fætur hans.

(aðrir eigna vísuna Jóni Steinssyni).

Þegar hann reið seinast frá Myrká 12. Octobr.

Ó hvað tíminn er sjá
undarlega skaptur.
Hvað mun dagurinn heita sá
að hingað kem eg aptur?[1])

Stundum eignuð Páli föður hans og byrjar þá svo:

Hrópa skal eg herrann á
hans þver aldrei kraptur &c.

IV.

Jón yngri Pálsson,

1722, þá Oddur Sigurðsson beit sinn gamla þjón Pál G. s. í vörina í Kalmannstungu þar í laga conventinum, en áflogin skeðu í tjaldi Odds þar vestur við fljótið:

[1]) prentuð í Esp. Árb, IX, 86 og Corpus poeticum boreale útg. af Guðbr. Vigf. II, 413.

Digitized by Google

Þó einginn haldi upp um þig
O O[1]) minning þinni,
tannaförin sýna sig
samt á mannkindinni.[2])

Sama sumar þá farið var norður yfir Kaldadal af alþingi og óveður var á dalnum:[3])

Nú er lítið vísna val,
[verður fátt um gaman,[4])
kalt er veður á Kaldadal,
kólnar oss [í framan.[5])

Á beinakerlingu, þá suður um var farið, um Einar Guttormsson:

Einar Kalmann eg vil þig
af öllum mætti ræka,
þú vilt ekki þýðast mig
og þeinkir að eg sé skækja.

Þegar hann kvað, þá kvað hann liðlega. 1722, 11. Junij, kom hann heim utanlands frá. Sigldi aptur 1723 um haustið. Deyði á Regensi attestatus laudabilis 1725, 23. Septembris.

Í Miðfirði sá með sann
seggur er haldinn skarta &c.

V.

Þessa vísu kvað *Hólmfríður* um Markús litla Snæbjarnarson á ferð til alþingis 1723 undir Sandfelli 23. Junij. Hún fór þá fyrst austur í Skálholt:

Forðast hrekki fár né hel,
fæstu mun sá kvíða,
mágur minn er varla vel
vandur á að ríða.

Item helming vísu supra og fleiri, hún og aðrir áðurskrifaðir bræður hennar, þó ei sé hér getið.

VI.

Hvernig *Þorlákur Guðbrandsson* circumscriberaði nafn sitt í rúnum:

---

[1]) Oddur, Æfis. [2]) Frá þessari vísu er skýrt öðruvísi í æfisögu Páls hér framan við bókina, og að það hafi verið Páll Vídalín, sem Oddur beit. [3]) eignuð Páli Vídalín í JS. 278, 4to blöð skr. c. 1770. [4]) [vesælt þykir gaman, 278.; til gamans, Grv.J. [5]) [öllum saman, 278.

Digitized by Google

Kampa þeytir,[1]) glennir gýfur,
gugna hroði,
stampa bleytir,[2]) ennis ýfur,
augna voði.

Þorlákur Guðbrandsson kvað um Höfðaskip, er þá lá á höfninni, með hverju hann sigldi. Þorlákur var staddur á Blöndubakka undir eins og sú var kveðin, sem er pag.(!)

Ritan situr kólgu kná skjöldungs öldu skipin þá
kyr til byrjar læginu á, skeiðina leiðir höfnum frá.

Við Haugakvísl á Arnarvatnsheiði á alþingisreisu með lögmanni Páli. Þorlákur kvað:

Þó slípist hestur og slitni gjörð (sjá bls. 78).

Þorlákur hefir og kveðið supra og kvæðið myrkva, er nefnist(!)

Item einn háttalykil, óskiljanlega dimt kveðinn, sem lögmaður skrifaði upp á fyrir censuram:

»Delirium poeticum Þorláks Guðbrandssonar«

Eg hef hann.

Úlfars rímur viij eður nokkuð á IXdu.

En í latínu Epitaphium eptir séra Ólaf Jónsson prest í Grunnavík. Þrykt Hafniæ 17 . . . Það fanst á borðinu eptir hann dauðan bóluhaustið. Hann var þá sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bjó í Súðavík.

Hef eg. Séra Ólafur var faðir minn.

Þorlákur Guðbrandsson um mann nokkurn, er lézt kunna kukl, drafsaltaði í lagaflækju og efaði um hjúskapar trygð konu sinnar. Gat þó ekkert bevísað:

Ef aulinn kemst heim aptur lífs
aldrei lögin þreyti,
laga, galdra og líka vífs
löglegur snápur heiti.

Þorlákur Guðbrandsson um böðul sinn. [Landsb. 270. 4to, bls. 178]:

Þorbjörn fleingdi Þorbjörnsson á Þrumarhylnum
Ísafjarðar inst í salnum
ættaðan Jón úr Svarfaðardalnum.

[1]) sc. Þór. [2]) sc. lögur.

Digitized by Google

Þorbjörn nefnist þegninn glöggr,
þrávalt iðja nennir,
steglir, markar, heingir, höggr,
hýðir, drekkir, brennir.[1])

VII.

Þórður Þorkelsson verteraði svo á latínu þessu erindi í fyrstu Úlfarsrímu Þorláks Guðbrandssonar (I, 6):

Ó þér guðir í Ása höll, látið spretta ljóðavöll
ölstýrendur kera, og líka ávöxt bera.

Vos gorgonei rectores montis, ab alto
culmine demissas Heliconis spargite lymphas.
Ordine tu versus Polyhymnia funde rotunda,
et fac Pieridum steriles florescere campos.

Þórðar Þorkelssonar vísa við fylgdarmann sinn. Þeir riðu yfir um læk:

Ríddu hérna, ragur hvinn,
réttur er það vegurinn,
aldrei þeim, sem hanga hlýtr
heljar til í djúpið skýtr.

Við stelpu í eldhúsi. Hann sat hjá. Hún var að tala um föður sinn, sem var mesti svíðingur, og bar sinn fisk og faldi í einu fjalli hjá, sem heitir Kall:

Sálugi faðir sæli minn — } hennar
signi drottinn menn og hús; } orð.
faldi í Kalli fiskinn sinn,
við fyrða ekki sá af lús.

Þórður Þorkelsson um séra Guðmund Magnússon í Stafafelli, sem kom eptir séra Guðmund Ormsson föður Monsr. Egils:

Est pastor populique gregis, nauta atque bubulcus,
Et littus, lanam, lac et fabrilia, curat.

---

[1]) Eptir Bergsbók Jóns Árnasonar hljóðar vísan svo:

Fúsi er í fari snöggr, drekkir, markar, heingir, höggr,
flestalt gera nennir, hýðir, steglir, brennir.

Digitized by Google

Monsr. Egill setti svo upp á íslenzku 1732:

Er hann prestur fólks og fjár og fiskimaður,
fjósastrákur fullhugaður.[1])

Ant er honum eins um sjó og ullar tæzlu,
mjólkurfaung og meitla gæzlu.

Þórður Þorkelsson um hinn sama prest:

Þegar fellur fönn á svell bragnar kalla bruðningsfell
og fýkur á vatna hjúpi bæinn undir núpi.

Þórður Þorkelsson gerði þetta distichon á legstein séra Guðmundar Ormssonar í Stafafelli í Lóni:

Exemplar virtutis erat Gudmundus, at ille
conditur hoc tumulo; quid facis, o, Lachesis?

Monsr. Egill sonur séra Guðmundar Ormssonar hins sama bætti við í Kaupinhöfn 1732:

Wormius haud totus terræ successit, in aura
Pars melior super est, dum superest genius.

Á íslenzku hinn sami:

Orms ei niður allur skreið
undir heljar dýnu,
eptir liður annar beið
Egill fjörs á línu.

Þórður Þorkelsson yfir sjálfann sig:

Spiritus ascendit, cætera cepit humus.

Vísur Þórðar Þorkelssonar um Kokk reiðhest séra Benedikts í Bjarnanesi. [Bibl. Bodley. Oxf. Coll. FMagn. 109. 8vo með hendi frá c. 1780. Á undan eru Kokksvísur séra Runólfs-Hinrikssonar]:

In eundem Epitaphium Theodori Thorchillii Widalini.

Hic Coquus, hic jaceo quondam qui verbera terræ
Multa dedi pedibus, nunc tegor ater ea.

---

[1]) því hann vildi aldrei láta vaka yfir kúm.

Digitized by Google

Me fecit Dominus, ne turpiter ossa jacerent,
Condier: at sonipes siste repente gradum:
Namque ego, vos armos, phaleras, vos fervida colla
sistite, vos inter victor ubique fui.
Tunde citus Pyroe, ach tristem tibi Chyntia noctem
Nunciat, atque Eton nec tibi parta quies.
Eoe et roseam fuscato vellere frontem.
Cinge: Coquum tandem sustulit atra dies.
Quid faciendum sit in conspectu puellarum?
Quid facies? facies, Veneris, cum veneris ante
Ne sedeas, sed eas, ne pereas per eas.

VIII.

Jón prófastur Jónsson Vídalín í Laufási (d. 1767). Það var á beinakerlingu eitt sinn að Sveinn lögmaður kvað um hann í gamni [Landsb. 270, 4to, bls. 181]:

Þó þú sért á síðum múk,
séra Víðdælingur,
minn við rjála máttu búk
með ellefta fingur.

Séra Jón kvað aptur til lögmanns:

Lögmannstitil þekki eg þinn,
þó mig ellin kreinki;
skríddu upp á maga minn
meðan þér hlýnar, Sveinki.

IX.

Biskupsins herra Steins.

Um öxina í Skálholti gerðri(!) eptir öxi Skarphéðins að forlagi Magister Brynjólfs. Herra Steinn var þá kirkjuprestur og kvað vísuna undir eins og lögmaður sína, supra, relatore Þórði Guðmundssyni.[1])

Skarphéðinn eggjar yrpu
æsti með huga stæstum,

---

[1]) Herra Steinn um öxina Rem(m)eg(g)ju í Skálholti 1725, Landsb. 270. 4to. p. 19.

Digitized by Google

gráðugleg skapta gríður
gein yfir runnum fleina,
rendum rykti í sundur,
rann blóðið, hetjur sannar
bryntröll blóðugt um granir
beljandi rak til heljar.

Gerð veturinn 1724—25 eða 1725—26 með og eptir eigin handarriti biskups í handritinu:

Versus reciprocus, relectus sensu contrario.

Þjáða kætir aungva enn
illa hrekki sæmir,
dáða gætir síður senn
svika flekki ræmir.

má lesast öfugt, og er þá öfug meiningin, viðlíka (og) sú, er faðir hans séra Jón Þorgeirsson á Hjaltabakka kvað um(!):

Sóma stundar aldrei ann
illu pretta táli
dóma grundar hvergi hann
hallar réttu máli.[1])

Vísa hans til Páls lögmanns:

Páli sendir Sviðris öl &c. (sjá bls. 18).

Herra Steinn, þá hann og séra Gísli Einarsson í Múla voru stúdentar utanlands kvað hann:

Meina eg Gísla mjaðma hjör
meyjunum aldrei grandi;
hann á að þreyja í þungri kör;
það er einn linur fjandi.

Tvö erindi úr kvæði, sem hann hefir ort með þessu viðlagi: Stytti eg með stökunum stundirnar mér. [Vikivakabók Ólafs Davíðss. Kh. 1894, bls. 327—328].

Fleiri hans stökur vide supra, enn ásamt lögmanninum gerðar.

---

[1]) Vísa þessi er í handritinu með hendi JÓlGrv. og á lausum miða með hendi Steins biskups. Í Bragfræði Helga Sigurðssonar, Rvík 1891, er vísan eignuð Páli Vídalín (ranglega) bls. 71 a.

Digitized by Google

Biskup herra Steinn um haustið 1785, þá ein stúlka, Karitas að nafni, var að gera við hönd hans, sem hann hafði kýli eður sull í, og kendi til. Eptir á varð sú Karitas kona Sigurðar Vigfússonar Rectoris, síðan sýslumanns í Dalasýslu:

Ýmist geingur með eða mót,
mæðustund er skjaldan ein,
guð mun vinna á bölinu bót,
bágt á Karitas með Stein.

Vísa Steins biskups við skólapilta á Hólum, þegar þeir höfðu stofnað galdrafélagið, og áttu að raka sig (sbr. þátt af Galdra-Lopti eptir Gísla Konráðsson; sbr. JSig. 278. 4to):

Hér er maður og heitir Steinn,
hefir[1]) skegg á grönum;
hann mun verða[2]) eptir einn,
ekki [rakið þið[3]) hönum.

B.

Ýmsir viðaukar.

Bls. 68—72. Til er enn vísa eptir Jón Dalasýslumann, sem virðist eiga eitthvað skylt við samkvæði Páls og hans, og er hún svo (eptir kvæðabók, sem eg á, skr. á Skarði 1748):

Mér er varla ment sú kring,
mig þó bæri hingað,
að segja lög eða setja þing.
Sælir Norðlendingar!

Bls. 79—80. Hvort latínuvísur séra Þórðar á Staðarstað, sem hann gerði við fæðing Solveigar dóttur Jóns biskups Vídalíns, sé nú til, er óvíst, en til er kvæði séra Þórðar á íslenzku um það efni, og er það svo (kvæðabók, sem eg á, skr. á Skarði 1748, og er kvæðið þar heilt, en að eins þrjú fyrstu erindin eru í Landsb. 512. 4to):

---

[1]) sá, b. v. aðr.; [2]) vera, aðr.; [3]) [er rakað af, aðr.

Digitized by Google

Séra Þ(órður) J(ónsson) í Skálholti.[1])

Skal ei tendrast ör önd
með yndi, sorgum frálynd,
að greiða ungri gulls hlíð
glaða kveðju úr róms stað
og fagna viður frekt megn
fagurlega þeim dag,
þá blóma heppin baugs upp
á biskupsstóli rann sól?

Okkar kom í ætt þekk
sem aldinplómið[2]) meyja blóm,
sæl og fæðist sú tíð,[3])
sunnurjóðan fyrst munn
gaf þá[4]) móðir mey glöð
og mundum spenti víf klént,
sútin hvarf, en sást skjót
sveitin gleðjast brosleit.

Landabeltis blyss strönd,
er bjarta hefir kyns art,
í fagran heiðurs háveg
hafin rótum upp af,
skylt er að sem mest mælt
má eg óskir þér tjá
blóma lukku, er bezt þekk
bjóðist þér um lífs slóð.[5])

Vindur gríðar, vænt sprund,
vandar þér um geðs land,
yndis vekur upp stund
anda meður, Hárs bland,
lindin fegurst brá blund
banda ljóma fróns, grand

[1]) »Nokkur ljóðmæli til ættgöfugrar jómfrúr Solveigar Jónsdóttur, ort af séra Þórði Jónssyni«, 512; [2]) plómuð, 512; [3]) lýð, 512; [4]) þér, 512; [5]) Hér endar 512, og setur aptan við »Tantum«.

Digitized by Google

hindrar ekkert hæst mynd
handar reifa gulls strand.

Eg þér beiði af alhug,
eigulegust Solveig,
sigurfrægð og faung nóg,
fleyga lukku, Solveig,
hagur í lukku háveg
hneigist að þér, Solveig,
fögur himna finn stig,
feig þá verður, Solveig.

Yfirburða al-lof
um æfi hljóttu spektgæf,
sem dreyfist ljós um lopthaf
eða lifir dýr við fróns sif
og gefur blómstur gauts víf,
gnæf blessan fjölhæf,
sjáfar ljóma snót mjóf
svífi ei á þig bölkíf.

Glöðust bíði guðs náð
glóða móðu rjóð slóð,
hlaðin dáða hæð með,
hlýði blíðu fríð tíð,
auð og gleði góð mið,
gæða næði í friðhæð
bróðurs lýða gríðgráð
greiði neyða, er leið deyð.

Fljóðið unga
firrist[1]) alt hið verra,
fárið þunga
láti drottinn þverra;
gefi sinn anda
æ stjórnanda
ey gulls banda
himins og landa herra.

[1]) firtist, hdr.

Digitized by Google

Bls. 97—98. Um lát Guðmundar ríka í Brokey og erfðaskipan hans hefir verið kveðið ýmislegt fleira en til er fært hér í bókinni, því að mörgum þótti undarlegt, að hann skyldi arfleiða Fuhrmann amtmann að fé sínu. Eitt er þetta eptir séra Benedikt í Bjarnanesi (Bibl. Bodl. Oxford FM. 110. 8vo):

Gvendur ríki gekk á braut,
gózi hans er svo varið:
Oddur misti, amtmann hlaut,
arfinn fékk ei parið.

Til eru og vísur eptir Jón Sigurðsson sýslumann í Dölum, ortar seint um veturinn 1720, skömmu eptir að Guðmundur dó 8/2 1720 (eptir bók, sem eg á, — skrifuð á Skarði á Skarðsströnd 1748 af Jóni Egilssyni; prentaðar í Sunnanfara III, 5), og eru þær þessar:

Það er meint og það er skeð
á þessum aldar vetri:
undarlegt hefir Gvendur geð
geymt í hjarta tetri.

Arfa Lauritz[1]) um svo bjó,
á er von þó svífi,
koppaflotann Dönskum dró
drottinsmaðr í lífi.

Oddr í rekast ekki má
og eðli fylgja sínu,
nú eru freðnar fingur á
fóstra[2]) tetri mínu.

---

[1]) þ. e. arfa Lauritz Schevings, sem átti dóttur Þorleifs Kortssonar. Han(ne)s Scheving stóð næstur arfi eptir Guðmund, þegar börn hans voru dáin, en Guðmundur gaf (1719) Fuhrmann amtmanni alt fé sitt. [2]) þ. e. Oddi. Jón var lögsagnari hans, en var þó ekki vel til hans, og orti um hann hið mesta flim í Tímaímu. Um unnustu sína orti Jón þetta meðal annars (JSig. 267. 4to):

Ertu að gráta? Því er það?
þurkaðu upp á þér vitin!
Sona að láta sér er hvað!
Svei þér! Þú ert skitin!

Manstu sprund, er meydóminn
mistir undir fötum?
Fékstu blund, er faðminn þinn
festir undir hvötum?

En hún á að hafa sagt honum upp fyrir þennan kveðskap.

Digitized by Google

Bls. 128. Í riti Ólafs Davíðssonar um íslenzkar skemtanir, Kh. 1888—1892, bls. 14, eru tilfærðar nokkrar vísur með afkárakenningum, en til eru enn fleiri og meðal þeirra tvær. sem ekki vantar mikið á, að sé eignaðar Páli Vídalín (standa meðal vísna, sem honum eru eignaðar í JSig. 278. 4to eptir handriti Dr. Hallgr. Schevings), og eru þær þessar:

Berlings helli eg brókarlög á Boðnarsýju
úr þelkeraldi þéttu og nýju,
þurka eg mína pottarýju.

Austra kæsir efna skal til Yggjar flauta,
Berlings upp með þyrli þeyta,
í Þundar strympu að honum leita.

Ennfremur eru samskonar vísur til bæði eptir Bjarna Jónsson djöflabana á Knerri í Breiðuvík (d. 1790) og séra Grím Bessason (d. 1785) og eru þær svo (Landsb. 270. 4to, bls. 162, eptir handriti Jóns Péturssonar):

Vísa Bjarna bana.

Hér skal láta Hveðrungs hval
Hleiðólfs saxið rjóða,
Austrar stykkin öll svo skal
í Yggjar potti sjóða.

Visa séra Grims Bessasonar:

Burt af tönn er stokkið stál
í stuttum mærðar hefli,
einninn vantar Óma nál
og Óðins þráðarkefli.

C.

Visur um Pál lögmann Vídalín og málaferli hans eptir ýmsa.[1])

---

[1]) Til er baga ein um foreldra Páls og stelpu nokkra, er þau höfðu alið upp, lítilla manna (Orðabók Grunnavíkur-Jóns undir: hundur; prentuð í Sunnanfara IV, 79):

Værir þú sem firna flón
eða freðinn leppr á hjarni,
hefði ekki Hildr og Jón
hrest þig upp úr skarni.

Digitized by Google

I.

Kvæði Jóns biskups Vídalíns til Páls framan við »Calliopes Respublica, carmen in laudes Svadæ Schalholtinæ... et in Schola Scalholtina publice recitatum d. 4. Cal. Apr. Anno 1692«. [British Museum Add. 11, 198. 4to; sbr. bls. 63—64 hér í útgáfunni]:

Ad virum clarissimum atque eruditissimum Paulum Widalinum Jonæ filium Scholæ Schalholtinæ Rectorem dignissimum, Fratrem et amicum integerrimum, eloquentiam publice laudantem.

Ludit Hyperboreis dum Mars Gradivus in undis,
  Terribili glasto et farragine fuscus Ibera,
Et cupiens uni miles succurrere vitæ
  Innumeras sequitur mortes et non sua fata
Jacturæ caput ipse suæ sævumque molarem
  Perpetitur truncus membris et prodigus ævi
Corpora noctiferæ præbet populanda sagittæ,
  Te tua Musa tenet Paulum, tu Palladis armis
Maximus ardentis Theatri stupor, ignea Pe(i)tho,
  Hostis inanspicuus qui te modo fassus amicum
Ante animo regnas quam te tua regna petentem
  Fulmineo sensit mens circumfusa tumultu;
Exultent alii cristis et casside fulva,
  Non dubito insurgunt cælo certantibus armis
Flammivomumqve ensem glomerant trepidante lacerto;
  Te tua palla decet; quoque examinantur ab hoste
Turritæ Ausonidum puppes, Graiæque phalanges
  Et spes et metus, et laxo luxuria peplo;
Hunc tua magnificis Fabiorum æquata triumphis
  Svada rapit cæleste tonans atque æmula ferro,
Hunc fugat, hunc premit, hunc petit, hunc sibi deligit hostem,
  Et tibi materies laudum quam diva magistra
Sorte dedit, quæ posse mori, quæ posse taceri.
  Tota vetet, quæ mille sophos, quæ mille nepotum
Applausus dabit, ut raptum super æther(a) livor
  Destituet, tardus sese sublimis agendo;

Digitized by Google

Jurabuntque omnes; adeoque fetebitur ipse
Quo bellent Ramnes animo te dicere svetum.
Posuit
Jonas Widal(inus) Thork(illi) F(ilius)[1]).

II.

Vísa séra Jóns á Staðarbakka Bjarnasonar til lögmannsins Páls [Landsb. 360. 8vo, bls. 152]:

Te nunquam meriti capiet oblivio vestri
Debita sit facto gratia viva tuo.

Hann kvað og í íslenzku eitt og annað.

III.

Vísur séra Benedikts Jónssonar í Bjarnanesi »um málaferli á árunum 1712 og þar eptir«. [Bibl. Bodl. FM. Collect. 6. Fol., bls. 42 a—b., og Bodl. 109. 8vo; þar eru að eins fjórar síðustu vísurnar og kallast þar »Skollabragur 1709«. Sbr. Bodl. Oxf. 110. 8vo]:

1. Sunnan heyri eg muldr og mas,
málasókn frábæra,
runnar geira þreyta þras,
þar mega heimskir læra.

2. Heyrist út um héruðen(n),
hver vill annan níða;
þegar berjast beztu menn
boðar hrösun lýða.

4. Þó að nokkrir kotakrit
kalli þetta stærri,
hinir sjá, sem hafa vit,
heims endir er nærri.

4. Ræsis stefna um Runka mál
rituð á danska tungu,
brýtur Odd, en beygir Pál;
báðir prestinn stungu.

Finale huius.

[1]) Eg ábyrgist ekki, að þetta kvæði kunni ekki að vera afbakað í einhverju.

Digitized by Google

5. Nýtt í fréttum nú er mál,
nokkrir fornt þó meini,
Runka Mettu reif og Pál
og rotaði Odd á steini.

6. Hringur dæmdi Hákon mát,
þá hlotnaðist Brinka sóminn,
sumarið fimtánda' í sig át
ársins fyrra dóminn.

7. Fleingdi Broddi Foldarsting
með ferteinaðri hríslu,
af honum dæmdi aura og þing,
embættið með sýslu.

8. Foldarstingur fleingdi Hring
fyrir æðra rétti,
af honum dæmdi aura bing,
æru og virðing fletti.

9. Þingið orða þannig bleif,
þá varð nokkuð fleira:
Hringur korða lagði Leif,
lagið hitti eyra.

10. Gekk á téðar gerðir sár
grið sín á Þingvelli;
ekki er skeð um aldir þrjár
annað slíkt tilfelli.[1])

11. Reiðdýr Oddur Leifi leið,
lituðust haukastrandir,
eyrað vinstra af honum sneið,
ýtar skáru randir.

12. Skolli dæmdi um skollamál
í skollans sök torveldri,
skolli vildi skolla tál,
en skollinn réð sá eldri.

---

[1]) Broddi og Hringur sýnist kallaðir hér Oddur lögmaður ýmist, en Foldarhringur Páll lögmaður (hdr).

Digitized by Google

13. Skollinn sá af skollum bar
í skollamáli slyngur,
skollans flókinn skollum var
skollinn Íslendingur.

14. Skollar fóru í skollaleik,
skollinn æðri ráða
skollann hinn til skollans sveik;
skollinn hafi þá báða.

Jtem.

Heyrði eg æðsta réttar róm:
ræk varð Örn[1]) með Páli;
Sekkur og Skolli [sögðu' upp dóm,
sem þeim varð að táli.[2])

IV.

Brot af vísum Þormóðar í Gvendareyjum um Pál Vídalín og Níels Kjer. [Landsb. 360. 8vo,, bls. 130].

Þormóður Eiríksson í Guðmundareyjum á Drangaþingi 1719 í Oktobri um Pál lögmann:

. . . . . .

vitur maður er herra Páll

. . . . . .

vafinn í lögunum eins og Njáll.

Um lögmann Niels Kjer á sama Drangaþingi:

. . . . . .

vicelögmaður Níels Kjer

. . . . . .

nettur og smár í vexti er.

V.

Vísur Jóns rifsa á Sandi um Pál lögmann Vídalín, og las Jón þær upp í Ingjaldshólskirkju. [JSig. 278. 4to eptir kvæðakveri í Landsbókasafni, frá Sað á Reykjanesi, bls 65—66; í Landsb. 177. 8vo (úr Pálssafni), bls. 244, er fyrsta vísa þessa kvæðis. Sbr. æfisöguna hér að framan, bls. CV]:

---

[1]) þ. e. Árni Magnússon. [2]) [rifið úr handritinu. Vera má að þessi vísa séra Benedikts lúti að málum þessum [Bodl. Oxf. 110. 8vo]:

Heyri þeir, sem hvetja róg
og hafna friðnum mæta:
í helvíti er hatur nóg,
hrekkir, öfund, þræta.

Digitized by Google

Nokkrar gamanvísur.

Heldur varstu hátalaður Hóls á þingi,
herra Páll, með hárið danska,
hafðir á lopti reyrinn spanska.

Heyrt hef eg[1]) þinn herradómur hér á nesi,
að keypt hafi[2]) af þrælum þínum
að þjaka fast að beinum mínum,

Og gefið til þess gjaldið slétta (úr) gulum posa;
svo köruglega skeinkja meiga
og skyrinu sletta, sem það eiga.

Þú gefur mér hvorki gelgju[roð né[3]) gáms þunnildi,
það er víl og þó án hneisu,
þér eigið sjálfir langa reisu.

Aldrei hef eg á æfi minni áður fyrri
verið úr húsi drottins dreginn
og dapurlega höggum sleginn.

Gerzt hef eg hjá góðum mönnum glaðr af víni,
alli(r) þeir með æru sína
ósiðsemi liðu mína.

En það leizt ekki þér að gera, þú lögmaður!
ef þú mátt með heiðri[4]) heita;
heppinn er sá góðs skal leita.

Aldrei skal eg þó áhrinsorðum[5]) illa biðja,
nema eg til þess neyðast meigi;
náðin drottins bregzt mér eigi.

Það var yðar lítillæti lofstír sléttur
að sýna yður smáan svo á hjalli
að sjá í rass á Jóni kalli.[6])

---

[1]) hefir, hdr.; [2]) hafir, hdr.; [3]) [rodeñ, hdr.; [4]) æru, hdr.; [5]) áhreinsorðum, hdr.

[6]) Gísli Konráðsson getur þess, að Páll hafi ekki viljað svara þessum vísum, heldur hafi hann sent Jóni speciu og þægilegt bréf með (kver í 12mo, sem eg á, með hendi Daða fróða).

Digitized by Google

VI.

Vísur séra Benedikts Jónssonar í Bjarnanesi 1727, þegar Páll Vídalín var dæmdur á deyjandi degi eða dáinn í sekt í klukkumálinu á alþingi (Bibl. Bodl. Oxford FM. 110. 8vo):

Vanir frekt á villumál
víns í drykkjuslögum
dæmdu sekt á dauðan Pál
drottna móti lögum.

Það var maður, þeir eru börn,
þannig máttu skilja,
þunghugaður þessi örn,
þorði einginn kylja.

Allar nauðir orðaróms
afsló lífs til þinga,
en lögðu dauðan lensu góms
lögmann Íslendinga.

VII.

Vísa Grunnavíkur-Jóns um Pál lögmann Vídalín fóstra sinn [AM. 434., Fol.]:

Stælt hugprýðis stilta
stál, það var hjá Páli,
viti með að meta
mál, það var hjá Páli,
tíðar trygðasnauða
tál var langt frá Páli,
Skollvalds skýrust allra
skál stóð nærri Páli.

VIII.

Önnur vísa Grunnavíkur-Jóns um Pál Vídalín. [AM. 437. bls. 119]:

Leggja máttu lofs í skál
lest af gulli þungu;
vegur hún ekki við hann Pál
Víðidals í tungu.

Eg hefi þó gert fleiri vísur við endann af vita hans, sem eg hefi samanskrifað fyrst á íslenzku, og síðan gert compendium þar af latinum fyrir Etazraad Bernh. Möllmann.[1])

---

[1]) þessar vísur Jóns eru þó ekki nú í AM. 437. Fol., og munu þar aldrei hafa verið.

Digitized by Google

Registur

vísna Páls Vídalíns, eptir upphöfum.

Á feigu tafli fiplar hönd 40
Á hestinn lagði eg hapt og stokk 153
Á stólnum draugar syngja svo 126
Að drekka vín og dæma mál 122
Að mínum vilja mærin ljós 145
Áður virtu mig æðri 148
Af mér dregur ellin þó 105
Af því mér ber anza til 81
Aga þú þennan arfa þinn 100
Akta eg hvorki orð né verk 133
Áköllum þann almáttuga 102
Aldrei fær hann uppreisn meir á æfi sinni 101
Aldrei hræðist eg almenning 111
Aldrei kaðal halrinn hjó á hvalaraskipi 90—91.
Aldrei skal eg að þér snúa 62
Aldrei skortir erindi mig 128
Allskjaldan það orðtak brást 57.
Alltjafnt heyri eg eitthvað nýtt 122
Allur fugl úr eggi skríður 1
Allvel gegna þori eg þér 130
Allvel telur þú um fyrir mér 98
Ampa er komin undir burð 64
Andverður er okkar byr 150
Anna hlýtur að berja um bresti 139
Annars gerði eg aungva bið 148
Aptur og fram um Ásgarð fló 129
Árna líður einkar vel 40
Arngrímur geymir illan mann 136
Árni satt eg anza vil 18
Athuga skaltu orðin mín 123
Athuga þú hvað ellin sé 119
Átján er eg vetra 9—10

Bað mig blossa flæðar 138
Bendax er heimskur hundur 155
Benedikt vefðu veft og garn 114
Bezt er að láta brekum af 122
Biskups tel eg væri von 74
Bjarni kjörna brúði fær 112
Björg í Tungu barnið ól 82
Blakkur piltur ber á dyr 154
Brand Skarphéðins hendur 39
Broddi (Barki) fram í bráða danz 90
Brosleit armleggs ísa 144
Brynjólfur er bezta barn 107
Burðamaður er Bjarni minn 81

Cum nos Einarius 77

Dasast, svaðast, svíður, meiðist 2
Dimt mér þótti Dals við á 125
Doctor Vandel dýr og vitr 11
Dóra þú lézt dikta ljóð 74—75
Drós prúða þrís góðan kjósi 51
Drottinn veit einn sá eg óttast 134—35
Duðrarinn, snuðrarinn, daðrarinn, slaðrarinn 10

Digitized by Google

Dulitli karlinn og dreingstífrið mitt 88
Dygðum safnar ekki ill 127
Dylrat drakons bóla 130

Ef að eg skal anza þér 65
Ef að eg skal um vort lífið ræða 112
Ef að þú vilt unna mér 41
Ef eg mæla við þig vil 71
Ef hann Benedikt kemr í kvöld 116
Ef hún Kolsvört eitthvað þarf að klaga 155
Ef reynir öll próf 132
Ef þér sætan auðnast á 146
Ef þú hlýðir ekki mér 118—119
Ef þú Jón minn Ólafsson 85
Eg er að vænta þín þín 153
Eg er ekki á flótta fær 115
Eg er opt að þukla um það 107
Eg er svangur, syfjaður 151
Eg hræðist ekki myrkrin mjeg125
Eg sá aptan undir Stein 137
Eg skal fylgja forsjá Bessa 73
Eg ætla þú sért arfi nær 38
Eigi verða verkin sýnd 86
Einar hvergi unir 103
Einatt heyri eg eitthvað nýtt 39
Einatt liggur illa á mér 149
Eins er leiks að bíða börn 92
Einum drottni eg þig fel 111
Eiríkur er yfriks flón 113
Eiríkur hefir óþarft raus 18
Eitt er það, sem angrar mig 126—27
Eitthvað verður athlægið til ástar vinna 87
Ekki er gott um pappír prestr 99
Ekki er hann Einar Kalmann klæddur 151
Ekki hefir Hákon hrútsins fundið 137
Ekki kann eg terindin við 19
Ekki smakkast vörunum vín 144—45
Ekki til að angra þjóð 19
Ekki tjáir þetta þér 106
Elda sævar unn fold 143
Eldri Jón skrifar einka vel 84
Ellimóð sit enn nú hér 83—84
Enn nærist elskan sanna 145
Enn skal herma yður ný 140—41
Ergo ne gestabit 63
Erindafjöldinn aldrei dvín 115
Erlendur gerir mér aldrei skil á æfi sinni 107
Erlend minn skal eiga tröll 104
Espist, þagnar, eyðir, hatar 133—34
Eyjólf drapstu út í Blöndu 140

Fagrar heyrði eg raddirnar 5—8
Falla menn þó fræknir sé 103
Feld var mærð í moldu 10—11
Fiskurinn er eins og ól 106
Fitjar saman fætur 154
Fjæri getur ljúfa líf 143
Flýttu þér, bróðir, flýttu þér 88
Forlög koma ofan að 131
Frímóðugan fáðu svip 166
Frægð hófst, frami drýgðist 134
Funa ránar róna fín 61
Fyrir oss liggur foldin græn 144
Fyrir þreyttum ferðasegg 150—51
Fyrirbýð eg þér óhóf allt 37

Gáðu þráða þrúður að 138
Gaktu bæði út og inn 115
Gaufari situr gólfi á 1
Geingur að griðungi 127
Gentan stirð 147
Gerður grábaksjarðar 67
Gísli er loðinn manns í mynd 19
Gleym þú mér ei 57
Gott ár Jón Gísla niðji 10
Gott er að treysta á góðan Krist 102
Gott þeim guð vorn óttast 108—110
Gottrúp, Spendrúp, Gizur og Hallr 95

Digitized by Google

Guð náði vorn goða 118
Guð oss gefi náðir 121
Gvendur skildist góssið við, sjá Sínum örfum sinti ei par
Gæði fáðu gott fljóð 51—52

Hafi eg mælt í málum halt 127
Hafir þú vísdóm vald og féð 129
Hakkaðu í þinn hola skrokk 13
Haninn rótar haugi í 160—166
Hann á að vera hábeinóttur 89
Hann fer seinna hrætetrið hann Kolur 94
Hann mun rata hverja geil 113
Hann veit særður hvað í þrá 76
Hans minn Scheving hugsa eg 104
Harmur er stríður, herleg rönd 143
Hef eg ei slíkan harmasón 92
Heiður, gleði og hróður fljóðið bíði 51
Heiðrum vér drottins heilagt nafn 143
Heil, sæl hringa þilja 47—51
Heim eg ríða hryssu skal 61
Helgi er varla volgur LXXXIII, 13—14
Helgi skrifar herlegar sögur 14
Heptu bræði, brendu fræði 129
Hér hefir Gvendur kúkur Kletts 114
Hér máttu nú heyra 136
Herðir Jón á hljóða mátt 62
Herlega fer um haus á þér 112
Herra Gottrúp hugr minn fékk 95—96
Herrann gefi þér hæga að fá 61
Hestar vafra hérna feil 152
Heyri eg að þú sért hesta fár 106
Himinn, jörðin, heimar, storð 76
Hingað betur, hingað nær 117
Hjá Norðlenzkum úði er enn 38
Hljót þú hrundin teita 41—46
Horfið á höldar djarfir 9
Hraður gekk eg hingað inn 106
Hreinlega ratar hjörvagrér 150
Hremsa þýtur, ýmsu er otað, sjá: Hvað er títt horfinn friður
Hrópar tarfur, heyrir Steinn 103
Hrossskinnsleingjan er nú ekt 108
Hryllilegt er að heyra tröll 11
Hugsaðu, maður, um heimför þín 121
Húsið réði reisa 67
Hvað er títt? horfinn friður 82—83
Hvað er þó manns í heimi líf 180
Hvað, sem höfundur dáða 53
Hvað vill karl með kossaflens 63
Hvað viltu nú hingað inn 126
Hvatir kappar kýs eg að mér 89
Hver mann veitir heimsókn mér 80
Hver mætir hér brjóti geira 167
Hverjum sem liggur lækning á 20—25
Hvernig sem þín hirting þjáir 120
Hvernig skildi Þráinn og þú 141
Hvítt biður Hru(n)gnis stétta 131
Hyllir undir helga menn 107
Höfum vér allan huginn vorn til himnaríkja 110
Högna á að kalla hryssu nið 78
Högni bóndi í Höfðann reið 1

Illa brást nú Einar mér 150
Ílt er að þola ísinn blá 150
Ingunn bjó mig illa af stað 107
Isaach á Undirfelli 136—37
Ísleifur er nú út af dauður 98

Jesu hjartans hugsvölun mín 112—113
Jesu mitt frelsi, friðr og stoð 94
Jón kvað með sínum són 98
Jón Ólafsson all-lítt kann 85
Jón Ólafsson eldri er 86
Jón Sigurðsson ekki kann 85

Katrín vefi væn bönd 87
Kettunnan er góður gripur 156
Kiðinn gestur að kisu frá eg korða renni 66

Digitized by Google

Klerkurinn veit að kynna frá 78—79
Kolsvört hjá mér situr svín 155
Kominn er Einar af kaupaþingi 151
Kongsmenn þiggi kongsins náð 78
Kossinn sætur sinnið stangar 145
Kristín liggur í kistu lík XC, 100
Kristur biður enn fyrir oss 103
Kúgaðu fé af kotungi 135
Kviklæti keik snótin vekur 177

Lagast tekur letrið nú fyrir litla Jóni 85
Land, sjór, lopt og vindur 53—54
Láttu ganga lestr um kring 139
Látum rása reiðardýr 149
Leiðast tekur himinn og hauður CI, 120
Leingi blður laufagrér 53
Leti Sigurðar lítið dvín 86
Letri Jóns hins yngra er 84
Letrið vandað lítt af klerk 129—30
Létt er þeim, sem lausir flakka 154—155
Lif heil, ljúf, sæl, göfug 55
Lifir hann æ við lygar og stuld 117
Liggur á borði 124
Liljan lægis bála 46—47
Línspaung mjúk 146
Listir fækka, letin eykst 132
Litars bátur heim að hýði 8
Litars bátur lakur, veikur 2—5
Litars bátur leita má 5—8
Lítið á og látið bætt 2
Litla Katrín letikös 87
Lítt er séð fyrir endann inn 111
Lofað hef eg að kaupa kú 167
Login trú eg sagan sé 90
Lón eisu lín prísa 167
Lýstur er í kuld og kjön 113
Lærðu að yrkja laukahlíð 127
Lög ei leingur duga 131

Magnús leynir mentum ei 84
Mál eg tel að hugsa heim 122
Málin þau arna öll til samans 108
Man eg að menja lína 54—55
Man eg það ílt er að una 93—94
Margur um hug sér mæla kann 75
Mart að ræða um menjagnár 147
Mér ber svo mart til rauna 121
Mér er svo dátt í mínum hrygg 149—50
Mér lízt orsök ærin 87
Mig vill mjög svo buga 124
Mikið er veröldin völt og flá 105
Mundu móins landa 144
Mun eg úr Óðins mýrarlaut 128
Mæla bragnar meining þá 9
Mörg er fögur menslóð 12—13
Mörg hér móins torga 11—12
Mörgum þótti mikið um Skeið 39

Níu vetra nú í vor 87
Nú er eg orðinn frí og frjáls 73
Nú er hugur minn horfinn ástum 75
Nú er gola norðan köld 151
Nú er sagan nógu laung 118
Nú erum við hjá Narfabæli 126
Nú hef eg eingin efnin til að orð mín klingi 114
Nú hef eg eingin erindi ný að segja 91
Nú má eg syngja í sessi og kór 88
Nýtt er lítið nú um sinn 108
Næsta skyggir nú í ál LXXI, 83
Næsta viltur nú um sinn 116

Ó drottinn guð mitt einka ráð 120
Ó herra guð mér hjálpa af náð 120
O Venus alma parens 68
Oddur lögmann á sig tók 112

Digitized by Google

Ókomnum þú aldrei degi kvíðir 121
Ólafur syngur enn (innar) í kór 99
Opt hef eg slíkan óvin minn LXXXVI, 125
Oss mun gerast bragar brestr 117

Pétur fór í danzinn með anzinn 19—20
Píkunum þykir prýðin ei 142
Postquam grammaticus 37
Prýðist yðar æfiljós 96

Quid tento vestras 40

Ránar ljóni læt eg fleyta 57—60
Regna canis Vidaline 64
Ríðið hraðar heiðursmenn 149
Rjómann vantar randameiðr 1
Rómaborgar vek eg vörð 14—17

Sá sem fyrir veröld var 60
Satan heimti skuldaskil 38
Séð hefir eikin skarlats skýr að skipin slingra 110
Seinka tekur Sigurði þeim 102
Settu þig niður Snæbjörn minn 111
Siðug sævar glóða 53
Sigurður Gíslason kvað mart 70
Sigurður skrifar sveina verst 86—87
Sínum örfum sinti ei par 97
Sitji glöð og góðlát 68
Sittu í náðum séra Jón 68
Sjá eptir nokkuð svo fyrir mér 99
Sjái þér nú sálmsvers enn 138
Sjaldan lýgur almenn öld 111
Sjö um fimtugt feðgar þrír C, 123—24
Skáldíflanna skoða má hér 116
Skipað er rúm þar seggur sitr 95
Skoðað hef eg Skautaljóð 74
Snörlar í frøyju elda áls 155
Sofðu, vaktu, sittu, ligðu 72
Solveigu sæl dægur ali 80
Son minn skráði sauðalið 119
Stattu, sittu stöðugt Jón 105
Stoðar lítt að stæra sig 133
Stuttur, digur, stubbaraligr 9
Styr, sem einatt óra 134
Stýrir klerka hóf hér 68
Sú er ein af öllum frétt 99
Sveimar Sigtýs lómur 60
Svívirðilega svangur ertu 108
Svo var röddin drauga dimm 126
Syndugar Helgi sjá þitt ráð 14
Sæll barn, sért mér hollur 105
Sæmdum vafin silkirein 81
Sögu vil eg þér segja 24—26

Taktu ekki á mínum maga 18
Talaðu ekki að tarna barn 152
Tekur þér af munni mál 136
Tóa og úlfur tóku 159—160
Tóa tölti um stræti 157—159
Tröll eigi Björn og tröll eigi Pál 139
Tvisvar hef eg með heita kinn 67

Um það neitt eg ekki kveð 116
Um Hagann draugar svipa sér 125
Um það tala eg ekki meir 101
Undur oss þér kenduð 95
Ungt mannval 146
Ungur þræll 147
Upp eg lokið ekki gat 138
Út ertú við eyjar blár (Litars bátur lakur, veikur) 2—5

Valur, sá sem klæki kaus 153—54
Varla er mannvant við hann Ampa 64
Vegur heiðar laung er leið 152
Veit eg að skúr er vestra frekr 2
Veit eg það er vegleg vist 147
Veit eg ekki verra flón 72
Veitt sé brúði fremd og fé 73
Vel get eg séð, þó veður sé glatt 123

Digitized by Google

Velox þinn með víli 154
Verði þér bæði vært og fritt 60
Vertu sæl mitt hýra hjarta 56
Vicelögmaðr vinrinn minn 102
Vicelögmann virðir bezt 102
Vildi foldin flæðarbáls 62
Vilji nokkur segja þeim satt 133
Viltu eg kenni þér lítinn leik 142
Vinur gleðst vinar af láni 122
Virginis insigni 65
Víst er háðgjarn auðarálfur 135
Víst er hann Thomas veðurglöggur maður 136
Von er á falli viðarins forns 123
Vöxtur og aflið víða fer 167

Yður hef eg nú ekki séð 82
Yngri Magnús ekkert lag 85

Þá skal gera þér til meins 114
Það er að segja satt um hal (Sturlurima) 26—37
Það er gert til siðasaka Sigurðr frændi 87
Það er heiðr einginn í 115
Það er mikið þankarugl 110
Það er mikið þú ert dæll 110
Það er raup, er þú segir frá 142
Það eru gátur gulls um brík 141
Það var lán og lukkupar 137
Það ætla eg þeir þykist hafa 117
Þanninn lízt á Þyril mér 148
Þar var inni Broddi og Bask 91
Þegar að sefur vært á væng 39
Þegar eg vænti alls og ílls 124
Þegar þær setjast saman í hring 156
Þeir eru komnir yfir um á 118
Þér eg segi þeink um fremur 101
Þetta er mikið þrælalið 17
Þið eruð báðir Orms af ætt 108
Þiljan rjóða nóga náð 55—56
Þín eru nokkuð hljóðin há 69
Þó eg varla viti hver 142
Þó langt hafi verið síðan eg sá 100
Þó slípist hestur, slitni gjörð 78
Þórður undan arnarhramm 128
Þrúður auðar allfrið 52
Þú ert orðinn ellióra 99—100
Þú hefir feingið skemdarskegg 139
Þú mátt lofa fögru fljóð 104
Því er vikið þann á hátt 139
Því kom eg hér og hugði 87
Því mun hann Bjarni bak mitt naga 137
Þær sitja á bekk með Frigg og Freyju 67

Æ hvað margföld umbreyting 76
Ærðist Teitur, brandi brá 105—106
Æruverðug auðsvör 139
Æskuverk og orku 135
Ætið man eg auðs fit 54
Ætli þér nú eptir lestri að sækja 119

Öll eru ráðleg orðin þín 119
Öll mín skulu orðin sönn 96
Öllu hnignar, illir magnast 132

Vidaliniana.

Að blása upp hvopt og belgja kinnur 175

Blessi þig guð af allri átt 168—70

Dilla eg þér dúfan mín 176

Eg aulann sá raulandi ýtandi Hvít 177
Ein hryggir ótt mig 171

Herðir Finnur hljóðin grá 175
Hjartað hrygðin snertir 170
Hugurinn ber mig hálfa leið 174
Hví mun kvenfólk kossa spara 177
Högg fræða heimskan 176

Digitized by Google

Liði órór 173—174

Mér er í minni 170
Mér hefir verið heimur háll 173

Samt er rjóðust mér í minni 170
Sannlega gleðja mundi mig 175
Snemma baldur auðs þó aldur fylti 172—73
Sorgar hlýt eg sögu fram að telja 174
Suður ber sýnist mér 175

Ullarvindill 172

Veit eg eina andlitshreina 171
Veldur það vökunum 176—177
Vertu svo sem vera ber 173
Vífið þegar viðskilder 176

Þú aðkastaðir auma hjörð 72

Sálmar.

(177—180).

Á guð alleina 170, 180
Gleð þig guðs sonar brúð 178,180
Jesú þín minning mjög sæt er 177, 180
Ó, guð eg skríð fyrir ásjón þér 178
Sá ljósi dagur liðinn er 178, 180.

Digitized by Google

Registur

vísna ýmsra manna, er standa í þessu kveri.

Arngrímur Jónsson lærði:
Judas koss er haldinn hnoss XX
Páfinn og hans prestaleir XX
Árni Hákonarson:
Helgi serðir hundsbelg LXXXIII.
Árni Magnússon prófessor (d. 1730):
Líta munu upp í ár 94
Skylt er víst að skýri jeg 13.
Benedikt Jónsson prófastur í Bjarnanesi (d. 1744):
Gvendur ríki gekk á braut 193
Heyrði eg æðsta réttar róm 198
Heyri þeir, sem hvetja róg 198
Nýtt í fréttum nú er mál 196—198
Sunnan heyri' eg muldr og mas 196
Vanir frekt á villumál 200.
Bjarni Jónsson djöflabani (Latínu-Bjarni) á Knerri í Breiðuvík (d. 1790):
Hér skal láta Hveðrungs hval 194.
Brynjólfur Haldórsson prófastur í Kirkjubæ (d. 1737):
Fast er nú um fljóðaást 41.
Dagur Bjarnason kaupamaður í Víðidalstungu (um 1680—90):
Tómir gómar tyggja hey 182.
Egill Guðmundsson Staffelius (Staffeldt, Snotrutóstri, enn á lífi 1752):
Er hann prestur fólks og fjár 187
Heug, puer, attendas 128
Orms ei niður allur skreið 187
Plurima Sigurdus 70
Vis te aliquid doceam 142
Wormius haud totus 187.
Grímur Bessason prestur á Hjaltastað (d. 1785):
Burt af tönn er stokkið stál 194.
Guðrún prestskona:
Eins ertu sem annar Njáll 167.

Digitized by Google

Haldór Hallsson prestur á Breiðabólstað:
Svita laungum lekur bað CXIV.
Haldóra Erlendsdóttir í Bólstaðarhlíð:
Á gráum klæðum skartið skín 74.
Hallgrímur Pétursson:
Eins og forinn feitur XXI
Sofnar, vaknar, sér við snýr XXXI
Helgi Ólafsson prestur á Stað:
Úr lopti drífa leit eg skúr LXXXIV.
Hildur Arngrímsdóttir móðir Páls lögmanns (d. 1725):
Nú er ekki tóbak til 182
Son þinn bezt að sönnu 181
Öll eru orðin skæði skökk 182.
Hólmfríður Pálsdóttir Vídalíns (d. 1736):
Forðast hrekki, fár og hel 184.
Jens Spendrup sýslumaður:
Kaller du mig helvízk bauk 81.
Jón Bjarnason prestur á Staðarbakka:
Te nunquam meriti 196.
Jón Einarsson conrector (d. 1707):
Kjaptrinn sá, sem kvæði spjó 69
Sat hér fyrr með saungvaþjóð 77
Ter mihi svaviolum 77.
Jón Grímsson prestur á Hjaltabakka (d. 1724):
Víst er eg kvað vellaálfur 135.
Jón Jónsson prestur í Vesturhópshólum (d. 1730):
Yður prýðir tvisvar tvent 130.
Jón Magnússon bróðir Árna (d. 1738).
Skinnið aldrei mýkjast má 81.
Jón Ólafsson frá Grunnavík (d. 1779):
Leggja máttu lofs í skál 200
Stælt hugprýðis stilta 200.
Jón Pálsson Vídalín hinn eldri:
Far vel Hólar fyrr og síð 183
Fyrir mig ber hún þungan þrótt XCVII
Harmasögu heyra má 183
Látum fáka mædda mása 182
Ó hvað tíminn er að sjá 183
Snæbjörn aldrei sneiðir hjá 183
Snæbjörn snotur kjarni 183
Ykkur kveð eg öll í senn XCVII.
Jón Pálsson Vídalín hinn yngri:
Einar Kalmann eg vil þig 184.
Í Miðfirði sá með sann 184
Nú er lítið vísnaval 184
Þó einginn haldi upp um þig 184.

Digitized by Google

Jón rifsi (Keflavíkur-Jón, Jón Jöklaskáld):
Heldur varstu hátalaður Hóls á þingi CV, 198—300.
Jón Sigurðsson Dalasýslumaður (d. 1720):
Ertu að gráta? Því er það? 193
Gvendur var grönnum kendur 98
Manstu sprund, er meydóminn 193
Menn hér brúka margir hött 69
Mér er varla ment sú kring 190
Skaparann ekki skorti neitt 71
Það er meint og það er skeð 193
Örnin hefir í þér vit 72.
Jón Sigurðsson prófastur á Rafnseyri:
Rétt er að yrkja um það brag XCV
Sögu hef eg að segja þér XCV.
Jón Steinsson Bergmann (d. 1719):
Meiddur fundinn, mæddur eltur 90.
Jón Vídalín Jónsson prófastur í Laufási (d. 1767):
Lögmannstitil þekki eg þinn 188.
Jón Vídalín Þorkelsson biskup í Skálholti (d. 1720):
Gislavus est hirsutus homo 19
Kunn er í Flóa sagan sú 66.
Ludit Hyperboreis 195—196
Marture nimium 173
Nobilitas morum 65
Non nociturus ego 18
Tolle precor mihi 88.
Jón Þorgeirsson prestur á Hjaltabakka:
Sóma stundar aldrei ann 189.
Karl, er gisti í Víðidalstungu:
Ei munu draugar drepa mig 127.
Kerling vestra:
Má hér byrja mærðar snið 167
Situr, vitur, hægur, hýr 167.
Ókunnir höfundar:
Austra kæsir efna skal 194
Berlings helli eg brókar lög 194
Dithmar drafni og rotni XIX
Ellimóðum er við hnoll CV
Gluggar lýsa glæstum sal XCV
Jarpur dó, en Skjoni skreið LXXI
Minka tekur matrinn hans XXXVII
Seinka tekur segja spár LXVII
Steins var kundar kunst ótrauð 179
Værir þú sem firna flón 194.
Sigga skálda (d. 1707):
Eingann sá eg á æfi mín 74.

Digitized by Google

Sigríður Jónsdóttir, Þorlákssonar:
Ólafur sendi sorgarlakk 182
Steinn Jónsson biskup (d. 1739):
Gerum oss allir glaða hér 115
Hér er maður og heitir Steinn 190
Konunni þykir meir en mál 82
Meina eg Gísla mjaðmahjör 189
Páli sendir Sviðris öl 18
Skarphéðinn eggjar yrpu 188—189
Svo kann falla selja mens 63
Ymist geingur með eða mót 190
Þjáða kætir aungva enn 189.
Stulli, vinnumaður í Viðidalstungu:
Eiríks sonur er sá Jón 36
Hrökkvi og stökkvi hetjan blauð 36
Óðum bragar byrja eg ljóð 37
Sveinn Sölvason lögmaður (d. 1782):
Þó þú sért á síðum múk 188.
Þórður Jónsson prófastur á Staðastað (d. 1720):
Fljóðið unga 192
Skal ei tendrast ör önd 191—192.
Þórður Þorkelsson Vídalín skólameistari (d. 1742):
Est pastor populi 186
Exemplar virtutis 187
Hic Coquus, hic jaceo 187—188
Ríddu hérna ragur hvinn 186
Sálugi faðir sæli minn 186
Spiritus ascendit 187
Vos gorgonei 186
Þegar fellur fönn á svell 187.
Þorkell Arngrímsson prestur í Görðum:
Glumraði Gandreið XXIII.
Þorlákur Guðbrandsson sýslumaður í Ísafjarðarsýslu (d. 1707):
Ef aulinn kemst heim aptur lífs 185
Fúsi er í fari snöggr, sjá Þorbjörn nefnist þegninn glöggr.
Kampaþeytir glennir gýfur 185
Ó, þér guðir í Ásahöll 186
Ritan situr kólgukná 185
Þorbjörn fleingdi Þorbjörnsson 185
Þorbjörn nefnist þegninn glöggr 186.
Þorlákur Jónsson norðlendingur:
Til afmorsverka eg þig kýs 38.
Þormóður Eiríksson í Gvendareyjum (d. 1747):
Vitur maður er herra Páll 198.
Þorsteinn Ketilsson prófastur á Hrafnagili (d. 1754):
Jóni gefur byr af bekk 85
Þinna kvæða skartið skín 75.

Digitized by Google

Nafnaregistur.

[Rómversku tölurnar merkja bls. í æfisögunni framan við kverið]

Agatha griðkona á Breiðabólstað í Vesturhópi CXI
Ámundi á Hrafnsstöðum 113
Andrés unglingspiltur á Breiðabólstað CXI
— Þorsteinsson á Harastöðum LXXXV, LXXXVIII
Anna Jónsdóttir, Arasonar, kona séra Ólafs Þorvarðssonar (d. 28/4 1722) LXX, XC, 139(?), 181
— Stephánsdóttir frá Vallanesi XXVIII
Ari Magnússon í Ögri XVII, XXXIII, LXXXV, CIII
Arnbjörn Jónsson prestur á Undenfelli (1691—1731) XCIX, 136
Arnfríður frá Yztabæ 174
Arngrímur Bjarnason ráðsmaður í Skálholti (d. 1724) XXI, XXXIX
— Jónsson prestur (d. 1579) XV
— Jónsson lærði XV—XXII, XXV—XXVII, XXIX, XXXI, XXXII, XXXV, LXI, CIV.
— í Víðidal (á Litlu-Ásgeirsá, Blóðtöku-Grímsi) L, 136
— Þorkelsson Vídalín rektor XXII
Árni Böðvarsson skáld á Ökrum (d. 1777) 171
— í Grímsnesi 40
— Gíslason á Hlíðarenda XVII, XXXIII
Árni Guðmundsson 130
— Hákonarson stúdent LXXXII—LXXXIII, 13—14
— Jónsson prestur í Hvítadal (d. 1722) 107
— Magnússon prófessor IX, XI, XII, XIV, XVII, XVIII, XXXV, XXXVI, XLVI, XLIX, L, LI, LII, LVIII, LXI, LXVIII, LXXVI, CIII, CIV, 12—13, 75, 82—83, 94, 132, 133, 143, 198
— Ólafsson á Siðu í Víðidal CXII
— Pétursson sendimaður frá Víðidalstungu LI
— Sigurðsson lögréttumaður á Grund í Skorradal LXVII
— Skaptason prestur á Sauðanesi (d. 1770) 144
— Þorsteinsson í Bólstaðahlíð XXXVI, 95
— Þorvaldsson 151
— Þorvarðsson prófastur á Þingvöllum (d. 1702) 39, 65
Arnljótur undan Jökli 78—79
Ásgeir Jónsson, Jónssonar XCIII, XCV
Ásgrímur Sigmundsson (d. 1483) XVIII
Ásta, óvíst hver 91
Ástríður Bjarnadóttir, Haldórssonar IV, XCVIII—XCIX, CIII

Digitized by Google

Ástríður Jónsdóttir frá Holti LXXXVII

Barki = Oddur Sigurðsson
Bask 91 (= Bischavier?)
Benedikt Bech sýslumaðnr (d. 1719) 95
— Einarsson biskups Þorsteinssonar 77
— Jónsson prestur í Bjarnanesi (d. 1744) 187, 193, 196—198, 200
— Pálsson, Guðbrandssonar XXXIII—XXXI.
— snikkari LXXX
— Þorsteinsson lögmaður XXVIII, LXV—LXVI, LXVII, 74, 102, 114, 116
Bergur Benediktsson á Ámóti 40
Bessi bryti á Hólum (um 1700) 72
Bjarni Andrésson vinnumaður í Víðidalstungu LX, 108, 112(?)
— Arngrímsson prestur á Höskuldsstöðum XXII, XXV, XXXII, XXXIX
— Bjarnason í Arnarbæli 134
— á Gafli 136, 137
— Haldórsson sýslumaður á Þingeyrum IV, V, VII, XLVI, XLVIII, LXIX, LXXXI, XCVII—XCIX, CII—CIII
— Jónsson djöflabani á Knerri í Breiðuvík (d. 1790) 194
— (Ketilsson?) á Auðunarstöðum LXXIX
— Nikulásson sýslumaður LXVI
— Pétursson ríki á Skarði LIII
— Sigurðsson frá Ásgarði XXII
— Vilhjálmsson 137
Björg Jónsdóttir frá Hamraendum (d. 1707) 79
— Kráksdóttir XXVII
— Pálsdóttir kona Þorsteins sýslumanns Sigurðssonar 82
Þorvaldsdóttir frá Móbergi XVII
Björn Einarsson Jórsalafari XVI
Björn Jónsson lögsagnari á Staðarfelli 65
— Pétursson sýslumaður á Bustarfelli LIII, 135, 139
— Þorleifsson ríki XVI, XVII
— Þorleifsson biskup á Hólum (d. 1710) 65, 68, 69, 72, 73, 138
— Þorsteinsson prestur á Staðarbakka XXVII
Brandur á Þverá 136
Broddi = Oddur Sigurðsson
Brynjólfur Haldórsson prestur í Kirkjubæ (d. 1737) 41
— Jónsson, Arnórssonar 107
— Pálsson frá Melstað XXIX
— Sveinsson biskup í Skálholti (d. 1675) XXIV, 38, 188
— Þórðarson sýslumaður á Hlíðarenda LIII, LIV, LVII, LIX, LXXXIX, 67, 107 197
Buchwald, Johann, líflæknir konungs XII, XCI.
Böðvar Pálsson á Slítandastöðum 177

Cecilia Sigurðardóitir, Björnssonar XLIX

Dagur Bjarnason kaupamaður í Víðidalstungu 182
Digri-Láfi 11[1])
Dísa, eitthvert uppnefni 91
Eggert Jónsson lögréttum. á Ökrum (d. c. 1721) XLIII, LXXIV
— Ólafsson vicelögmaður IV, V
Egill Guðmundsson Staffelius (Staffeldt, Snotrufóstri, enn á lífi 1752) 70, 123, 142, 186—187
Einar Eiríksson í Vatnsfirði XVI
— Eyjólfsson lögsagn. XIX, LXI

---

[1]) Í æfisögu séra Haldórs Hallssonar segir, að þetta sé séra Ólafur Hallsson í Grímstungum (d. 1681), en það fær tæplega staðizt.

Digitized by Google

Einar Guttormsson í Kalmanstungu (Einar Kalmann) 108, 116, 150—151, 184
— á Hvassafelli 103
— Nikulásson á Söndum CIII
— Þorsteinsson biskup á Hólum XXVI
Eiríkur Bjarnason prestur á Hallormsstað (d. 1726) 18
— Eggertsson, Jónssonar XLIV
— Jónsson stumpur 113
— Jónsson, Andréssonar XXXVI
— Kráksson 125
— Sveinbjarnarson riddari í Vatnsfirði XVI
Elín Jónsdóttir á Stað í Grunnavík XXVIII
— Þorláksdóttir Skúlasonar 76
Elízabet matselja í Víðidalst. 106
Erlendur Bárðarson meðreiðarmaður Páls Vídalíns 104
— Jónsson á Hvoli XLIX
— Ólafsson prestur á Melstað XV, XX, XXVII—XXIX, XXXVI
— Ólafsson sýslumaður Ísfirðinga LXII, 107
— Sigurðsson cand. juris XCIX
Eyjólfur á Augastöðum XXIV, XXV
— í Hvarfi LXXXIX, LXXX
— Jónsson prestur á Völlum (d. 1745) XI, XXVII, 140
— þjófur 140

Finnbogi Jónsson gamli (d. 1441) XVII, XXXII
Finnur 175
— Jónsson biskup LIII
Fuhrmann, sjá Niels
Fúsi 186

Galdra-Páll á Ánastöðum XXVI
Gísli Einarsson prestur í Múla (d. 1723) 19, 189
— bróðir Hákonar beykis XXVIII
— Jónsson í Melrakkadal (d. 1671) 137, 141
Gísli Magnússon, sýslumaður á Hlíðarenda (Vísi-Gísli) XLVI, CVI, 38, 41, 63, 66—67, 179, 180—181
— Magnússon biskup (d. 1779) XVII, XCIX
— Ólafsson prests Þorvarðssonar LXXXV, XC, 100—101, 181
— á Ósi 119
— Þorláksson biskup á Hólum XL, XLIII
Gizur Eiríksson prestur á Tjörn á Vatnsnesi (d. 1750) 95
Gottskálk Nikulásson Hólabiskup (d. 1520) XVII—XVIII
Grímur Bessason prestur á Hjaltastað (d. 1785) 194
— Jónsson lögréttumaður á Auðunarstöðum LXXXV, XC
Guðbrandur Arngrímsson sýslumaður í Húnavatnssýslu (d. 1719) XXV, XXVI, XXXI, 9
— Guðbrandur Þorláksson biskup á Hólum XV, XVI, XVII—XIX, XXV, XXXII, XXXIII, LXX, CIV, 109, 110, 133
Guðlaug Jónsdóttir, Magnússonar XXXVI
Guðmundur Bergþórsson skáld (d. 1705) 74
— Klettskúkur 114
— Magnússon prestur á Stafafelli 186—187
— Ólafsson fornfræðingur í Svíþjóð LXXXII—LXXXIII, 14
— Vilhjálmsson í Ávík á Ströndum CXIII
— Þorleifsson í Brokey (d. 1720) XXXVII—XXXVIII, LIII, LX—LXI, 89, 97—98, 193
— á Þyrli 149
Guðný Sveinbjarnardóttir XVII, XXXIII
Guðríður Benediktsdóttir CIX, 127
— Gísladóttir biskupsfrú í Skálholti 67—68
Guðrún Erlendsdóttir frá Melstað XXVIII, XXXI.

Digitized by Google

Guðrún Gísladóttir barnfóstra í Víðidalstungu LXXIX
— Jónsdóttir Magnúss. XXXVII
— Jónsdóttir, Sigmundss. XVI
— Jónsdóttir, Þorlákss. XXXV
— Jónsdóttir 80
— prestskona 166
— Sæmundardóttir, Eiríkssonar XVII, XXXIII
— Vigfúsdóttir 104
— Þorsteinsdóttir á Gröfum 89
— Þorvaldsdóttir frá Auðbrekku XXVIII
Gunna tökubarn í Víðidalstungu 119
Gunnar 127
— Pálsson prestur í Stafholti (d. 1707) 66, 78
— Pálsson prestur í Hjarðarholti (d. 1791) 156
Gyldenlöve, U. Chr. stiptamtmaður XLIX—L

Hágikkur, sjá Snorri
Hákon beykir XXVIII
— Hannesson sýslumaður Rangæinga LIV, LXVI, 197
— Jónsson, Gislasonar 137
— Magnússon, Benediktssonar XXXIV
— Pálsson Vídalín LXXXIX—XC
— Þorkelsson, lögréttumaður á Hofi í Vatnsdal LXXXIX—XC
Haldór Árnason prestur á Húsafelli XCVII
— Bjarnason klausturhaldari á Reynistað XCVIII—XCIX, CIII
— Einarsson sýslumaður (d. 1707) IX, XXVIII, LXI, LXVIII, 73
— Hallsson prestur á Breiðabólstað (d. 1770) XIII, LXXII, LXXXV, LXXXVIII, CVIII—CXXI, 112, 117
Haldór Jakobsson sýslumaður (d. 1810) IV—V, VI, XCIX, CIII
— Jónsson prestur á Stað í Grunnavík XXVIII
Haldóra 103
— Árnadóttir biskupsfrú XVII XXXIII
— Erlendsdóttir í Bólstaðahlíð XXVIII, 74—75
Hálfdán Einarsson skólameistari X, XII
Hallgrímur 174
— Pétursson prestur í Saurbæ (d. 1674) IX, X, XX, XXI, XXX—XXXI, 116, 157, 159, 176, 182
— Sveinbjarnarson, Þórðarsonar XVII, XXXIII
Hallur Ólafsson prestur í Grímstungum CX, 95
Hannes Haldórsson prestur í Reykholti LIII
— Þorláksson prestur á Staðarbakka XXVII
— Þorleifsson, Kortssonar (fórst 1682) XXXVIII[1])
Hans (Hannes) Scheving sýslumaður Eyfirðinga (d. 1726) 104, 193
Harboe, Ludvig biskup LXIII, LXV
— Pétur prófessor LVI, XCI
Hedemann, Chr. landfógeti XLIII, 64
Helga Grímsdóttir (Mála-Helga) LXXXV, XC
— Jónsdóttir, Sigmundssonar XVI, XVII, XXXIII
— Sigurðardóttir landþingsskrifara XLIX, LXXXIX
— Steinsdóttir biskups XCVI, 82
Helgi Guðmundss. í Víðidal CX

[1]) Það var Hannes sem fórst; nótumerkið á bls. XXXVIII á að standa línu ofar en það gerir.

Digitized by Google

Helgi Illugason CXVI
— Ólafsson prestur á Stað í Hrútafirði LXXXII—LXXXIV, 13—14
Hess, Hendrich, bartskeri XCI, XCII
Hildur Arngrímsdóttir, móðir Páls Vídalíns (d. 1725) XX, XXIV, XXV, XXVI, XXIX—XXXII, XXXIV—XXXV, XXXVIII, XXXIX, XLVII, LI, CV, 115², 181—182, 194
Hjalti Þorsteinsson prestur í Vatnsfirði XLVI, 178
Hólm, jómfrú, fylgikona Fuhrmanns XXXVIII
Hólmfríður Pálsdóttir Vídalíns XIII, LXXII, LXXXI, LXXXVIII, XC, XCI, XCVII—XCIX, CI—CIII, CVIII—CIX, CXVIII—CXXI, 88, 103, 104, 184
— Sigurðardóttir í Vatnsfirði XCI
Hrafn vinnumaður í Víðidalstungu 101

Illugi Þorláksson prestur á Auðkúlu (d. 1707) 79
Ingibjörg Loptsdóttir, Þorkelssonar XVI
— Þorláksdóttir, Arngrímssonar XXII, XXXVIII
Ingimundur ferjumaður í Skálholti (1691—96) 62—63
Ingiríður Pálsdóttir á Melstað 179
Ingunn Sigurðardóttir ráðskona í Víðidalstungu XXXV, 107, 112
Isaach á Undenfelli 136
Ísleifur Einarsson sýslumaður Skaptfellinga (d. 1720) 98
Ívar illi XX

Jarþrúður Magnúsdóttir, Benediktssonar XXXIV
Jens Spendrup sýslumaður LXVII, LXVIII, 85—81, 95, 116
Jóhann Gottrup sýslumaður XXXVII, L, LX, XCVIII, CVIII, CXIV—CXV, CXIX, CXX, CXXI, 80, 83, 95, 96, 108, 112, 114, 117—118, 153
Jón Arason próf. í Vatnsfirði LXXXV, XCI, CIII
— Árnason biskup í Skálholti XI, XII, LXXII, XCVII—XCVIII, CII
— Arnbjörnsson XCIX
— Arnórsson í Ljáskógum XXII, LVIII, 97, 107
— Auðunarson á Melum (1694) 97
— Benediktsson sýslumaður Þingeyinga XXVIII
— Bjarnason prestur á Staðarbakka (d. 1705) LXXXIX, CIII, 76—77, 196
— Bjarnason, Haldórssonar XCVIII—XCIX, CIII
— Daðason prestur í Arnarbæli XXIII
— Eggertsson klausturhaldari (d. 1689) XLIII—XLIV, 18, 66
— Eggertsson í Héraðsdal XLIV
— Egilsson á Skarði í Langadal XXVI
— Einarsson konrektor á Hólum (d. 1707) 68, 69, 77
— Eiríksson lögsagnari LVIII
— Eyjólfsson vicelögmaður XXVII
— Gíslason prestur í Miðdal (d. 1698) 123
— Gíslason prestur í Saurbæ (d. 1724) 10
— Gíslason frá Melrakkadal 157

Digitized by Google

Jón Grímsson prestur á Hjaltabakka (d. 1724) 129, 135
— Gunnlaugsson kirkjuprestur á Hólum (1696—1707) XL, 68
— Haldórsson prestur í Hítardal LIII, LX
— Haldórsson prestur á Þingvöllum LIII, CI
— Hallvarðsson á Auðunarstöðum XVI
— Hreggviðsson 94
— Ingimundarson CXII—CXIII
— Jónsson lögmaður XIX
— Jónsson á Auðunarstöðum XV, XVI
— Jónsson prestur í Holti LXXXV
— Jónsson prestslausi prestur í Vesturhópshólum (d. 1730) 106, 129—130
— Jónsson sýslumaður á Hamraendum LVIII, 79
— Jónsson prestur á Breiðabólstað XCIII
— langur í Ási XVII, XXXII
— Magnússon sýslumaður í Dölum (d. 1641) IX, XXVIII, XXIX, XXXIII, XXXIV, XXXV—XXXVI
— Magnússon bróðir Árna XVI, XVII, XXVIII, XXXII, XCII, CIII, CIV, 81, 132—133, 173
— Magnússon prestur á Setbergi XXXV
— nyrðra 2
— Ólafsson frá Grunnavík III—VI, VII—XIII, XXXIII, XCIII—XCVI, 85—86, 103(?), 105, 185, 200
— Ólafsson prests Eiríkssonar 86
— Ólafsson vicelögmaður LXVII, LXVIII, CIII
— Ólafsson í Stóradal XVII—XIX
Jón Pálsson Vídalín hinn eldri XC, XCI, XCII, XCVI—XCVII, 82, 84, 110—111, 119, 181, 182—183
— Pálsson Vídalín hinn yngri XLIX, LXXXVIII, XC, XCII, XCVII, CXV—CXVIII, 84, 112, 183—184.
— rifsi (Jón Jöklaskáld, Keflavíkur-Jón) CIV—CV, 199—200
— á Síðu 140—41
— Sigmundsson lögmaður XVI, XVII, XVIII—XIX, XXXIII
— Sigurðsson Dalasýslumaður (d. 1720) 68—72, 97, 98, 156, 166—167, 190, 193
— Sigurðsson prestur á Rafnseyri (d. 1757) XLVII, XCIII—XCVI, CIX, CXV—CXVIII, 83, 119
— Snorrason prentari í Skálholti 38, 40
— Steinsson Bergmann (d. 1719) 90, 156, 178—179 183
— Torfason prestur á Stað í Súgandafirði XXIX
— Vestmann Jónsson XXIV
— Vídalín Þorkelsson biskup í Skálholti (d. 1720) XXI, XXII, XXV, XXXII, XLVI, LI, CXXII, 18—19, 61, 63, 64, 66, 88, 98, 122², 144—145, 172, 181, 190, 195—196
— Vídalín prestur í Laufási (d. 1767) XCVI, 188
— Vídalín Jónsson (hvortveggi) frá Laufási XCVI
— Vigfússon Hólabiskup XXII, XLVIII
— Vigfússon CII
— Þorbjörnsson úr Svarfaðardal 185
— Þorgeirsson prestur á Hjaltabakka (d. 1674) 189
— Þorláksson í Víðidalstungu (d. 1695) XXIV, XXVI,

Digitized by Google

XXXIII—XXXVII, XLVII, CIII, 9, 124, 182, 194
Jón Þorlákssonar, Grímssonar XCVI—XCVII
— Þorleifsson, Kortssonar XXXVIII
— Þorsteinsson prests Oddssonar 145
— Þorsteinsson prestur þíslarvottur XXIII, XXIV
— Þorvaldsson ábóti á Þingeyrum XVII
Jonas Daðason Gam LXXVIII

Karitas tökubarn í Víðidalstungu 119
— Guðmundsdóttir 190
Katrín Erlendsdóttir á Hvoli (d. 1693) 66—67
— Jónsdóttir frá Ljáskógum XXII
— Sigmundardóttir frá Sporði tökubarn í Víðidalstungu LXXIX—LXXX, 87—88, 119
Krákur Hallvarðsson XVI, XVII
Kristín Björnsdóttir, Vatnsfjarðar-Kristín XVI, XVII.
— Guðbrandsdóttir biskups XVII, XXXIII, CIII
— Hermundardóttir 145
— Jónsdóttir, Þorlákssonar XXXV—XXXVI
— kona Árna prests á Sauðanesi (!) 144
— Oddsdóttir frá Fitjum LXXVI, CXIII
— Ólafsdóttir, Þorvarðssonar XC, 100, 101
— Sigurðardóttir hins eldra LXXXIX
Kristján Eyjólfsson frá Hvarfi LXXX
— Müller amtmaður XI, LXXXIII—LXXXIV, 64
Kristopher Tonner 147
Lauritz Scheving sýslumaður XLIX—L, 193
Leifur (= Þorleifur Arason prestur á Breiðabólstað) 197
Liði = Sumarliði Klemensson
Lísa, eitthvert uppnefni 91
Loptur Guttormsson ríki XVI

Magnús Arason sýslum. XVII, XXXIII
— Arason kapteinn 89
— Benediktsson, Pálss. XXXIII—XXXIV, XLIV, 139
— Einarsson á Jörfa X, XIV, 136
— Gíslason amtmaður XXXVIII, LXIII, LXIV, LXVII
— Jónsson lögmaður LXVIII
— Jónsson sýslum. í Dölum XXXV
— Jónsson digri í Vigur (d. 1702) XLI, LXIX—LXX, LXXXV, XCI, CIII
— Ketilsson sýslumaður í Búðardal (d. 1803) XI
— Ketilsson prestur í Ísafirði LXXVIII
— Magnússon prófastur í Hvammi XXXV
— Magnússon frá Hvammi XXXV, XCIV, XCVI, 85, 105
— Pálsson Vídalín XXXV, LXXIX, LXXX, XCVI, CI, CVIII, XIX, 84
— Sigurðsson undan Jökli CXI
— Sigurðsson í Bræðratungu L
— á Úlfljótsvatni LIII
Mála-Marteinn Jónsson 91 (?), 101
Margrét Brún, fógetakona XXIV, XXX—XXXI
— Eggertsdóttir kona Teits sýslumanns Arasonar 75
— Hansdóttir, kona séra Jóns á Setbergi XXXV
— Þorsteinsdóttir, Jónssonar XXIV

Digitized by Google

Markús Bergsson sýslumaður LXIV, LXV, 111, 116, 183
— Ólafsson í Stóradal (d. 1590) XVII—XIX
— Pálsson lögréttumaður á Syðrivöllum XXVIII, 40
— Snæbjarnarson prestur í Flatey (d. 1787) XCIV, 103, 184
Marteinn Arnoddsson prentari LII
Matthías nyrðra 95
— Guðmundsson sýslumaður Snæfellinga XXXIV

Narfi á Þyrli 149
Niels Fuhrmann amtmaður XXXVIII, L, LX—LXI, LXXXVIII, CI, 97, 193
— Kjer lögmaður LXVII, 95, 198
Nikulás Magnússon sýslumaður XXXIII—XXXIV

Oddur Eiríksson á Fitjum LXXVI, LXXXIX
— Jónsson digri LXX, XCIX
— Sigurðsson lögmaður VIII, XIII, XXVIII, XXXVII—XXXVIII, XLIX, L, LI—LVIII, LIX—LXI, LXIII, LXVIII, LXXVI, LXXXIV, XCI, XCII, CIV, CVII, CVIII, CXV, 86, 88—92, 93, 96, 98, 101, 103, 108², 112, 114, 116, 118, 183, 184, 193, 196—198
Ólafur Einarsson sýslum. í Skaptafellssýslu (d. 1717) 98
— Eiríksson prestur í Saurbæjarþingum (d. 1748) XCII, 86, 107
— Erlendsson prestur á Breiðabólstað XXVIII
— Guðmundsson prestur á Hrafnagili XXVIII
— Hjaltason biskup XV
Ólafur Jónsson skólameistari XII—XIII, XL
— Jónsson prestur á Stað í Grunnavík XXVIII, XLIV, XLV, XLVII, C, 185
— Jónsson kirkjuprestur í Skálholti 65, 68, 178
— Klow, norskur stúdent XLII
— Pétursson prestur í Görðum (d. 1719) 40
— Stephánsson stiptamtmaður XXVIII
— Sörensson kaupmaður XCII
— Þorvarðsson prestur á Breiðabólstað í Vesturhópi (d. 1721) LXX, XC, 2, 34, 35, 99—101, 117, 141, 182
Ólöf Loptsdóttir ríka XVI
Ormur Bjarnason prestur á Melstað (d. 1764) XXVII, LXXXVIII, C, CII, CXIII, XCIV—CXXI, 104, 179
— Daðason sýslumaður (d. 1744) LXIII, LXIV, LXV, 103, 105—106, 108, 111, 114, 116, 183

Páll Bjarnason, Haldórssonar, stúdent XCVIII, CIII
— Björnsson prestur í Selárdal XXV
— G. s. þénari Odds 183
— Guðbrandsson sýslumaður (d. 1621) XXXIII, XXXIV, CIII, 123
— Jónsson á Staðarhóli (Staðarhóls-Páll, d. 1598) 168
— Jónsson prestur á Melstað XVII, XXVI, XXVIII, XXXIII, XLII
— Jónsson skáldi prestur (d. 1846) 173
— Pálsson (á 18. öld) IV
— Vídalín Jónsson frá Laufási XCVI
— Vigfússon lögmaður XXXIV

Digitized by Google

Pétur Bergmaður XXXI
— Gíslason frá Melrakkadal 141
— nyrðra 2, 19
Piper, sveinn Fuhrmanns XXXVIII

Rabe(n), Pétur, stiptamtmaður XLIII, LXIV, LXXXIV
Ragnheiður Einarsdóttir frá Söndum CIII
— Gísladóttir í Stafholti XCIX
— Jónsdóttir, biskupsfrú XLI
— Jónsdóttir, Egilssonar XXVI
— Ólafsdóttir, ráðskona á Þingeyrum XXVIII
Reenberg, Marteinn, Mag. LVI
Rósa Þórðardóttir í Melrakkadal 140—41
Runkamál 196—97
Rumólfur Henriksson prestur á Skorrastað (d. 1731) 187
— Jónsson skólameistari CV—CVI

Schwartzkoff 91, 119
Sesselja 127
Sigga skálda (d. eptir 1707) 74
Sighvatur skírari XXV
Sigmundur 127
— (Digri-Simbi) húskarl í Skálholti 38
— Gunnarsson í Súðavík XVI
— á Sporði LXXIX, LXXX
— Steindórsson prestur í Miklabæ (d. 1502) XVI, XVII, XVIII
Sigríður Bjarnadóttir, Gamlasonar XXI, XXV, XXIX, XXXII
— Erlendsdóttir á Syðri-Völlum á Vatnsnesi XXVIII, 179
— Hákonardóttir á Rauðamel LII
— Hannesdóttir lögréttumanns XXXV
— Jónsdóttir stórráða (d. 1694) 66—67
Sigríður Jónsdóttir, Þorlákssonar XXXV, 182
— Jónsdóttir á Stórahóli 148
— Jónsdóttir biskupsfrú í Skálholti XXII, XCVIII, CI, 144
— Jónsdóttir frá Setbergi XXXV
— Jónsdóttir frá Laufási XCVI
— á Leirá 117
— Magnúsdóttir í Laufási XCVI
— Þórðardóttir, Þorkelssonar XXII
— Þorvarðsdóttir, Ólafss. XC
Sigurður Björnsson lögmaður XLIX—L, LIII, LXVII, 65
— Egilsson í Ásgarði XXII, XXXII
— Einarsson lögsagnari XC, 74
— Eyjólfsson frá Hvarfi, tökupiltur í Víðidalstungu LXXIX, LXXX, 88
— Gíslason Dalaskáld (d. 1688) 2, 69, 70, 71
— Jónsson sýslumaður á Hvítárvöllum LXVI—LXVII, CI—CII
— nyrðra 139
— prestur á Ríp 166
— Sigurðsson eldri landsskrifari XLIX, LIII, LXVI, LXXXIX, CI, CIV, 96, 99, 103, 119
— Thomasson kenslupiltur í Víðidalstungu 86—87, 102
— Vigfússon Dalasýslumaður 190
Skúli Magnússon fógeti LXVII, XCVI, XCVIII, CIV
Snorri hágikkur í Miðfirði (fyrir, um og eptir 1700) 91
— Jónsson prestur á Helgafelli XXXVI, LX
Snæbjörn Pálsson (Mála-Snæbjörn) LXVIII, CIII, 102, 110—111, 127(?), 183

Digitized by Google

Solveig Bjarnadóttir frá Ásgarði XXII, XXXII
— Gunnarsdóttir, Gíslasonar XXI, XXII, XXXII
— Jónsdóttir biskups Vídalíns (d. 1707) XXII, 79—80, 190—192
— Þorleifsdóttir, Árnasonar XVI, XVII
Steinunn Erlendsdóttir á Melstað XXVIII
Steinn Jónsson biskup á Hólum (d. 1739) XII, LXVIII, LXXXVIII, XCIV, CXVI, 11, 14, 17—18, 62—63, 64, 66, 71, 81—82, 102, 103(?), 106, 109, 110, 114—115, 146, 156, 177, 178, 181, 188—190
— á Þorkelshóli 137
Stephán Ólafsson prestur í Vallanesi (d. 1688) XXVIII, 146, 152, 177
— Ólafsson prestur á Höskuldsstöðum XXVIII
Sturli vinnumaður Páls Vídalíns 25—37
Sumarliði Klemensson lögsagnari 83—84, 91, 96, 173
Svarti-Narfi 91 (= Oddur Sigurðsson á Narfaeyri?)
Sveinbjörn Sigmundarson Súðvíkings XVI
— Þórðarson officialis í Múla XVII, XXXII
Sveinn Guðnas. í Grafark. 136, 137
— Ingimundarson á Auðunarstöðum 101
— Markússon á Völlum 179
— Sölvason lögmaður (d. 1782) LXII, 188
— á Þóreyjarnúpi 115
Sæmundur 127
Sölvi 2

Teitur Arason sýslumaður á Barðaströnd 75, 105
Teitur Torfason sterki (d. 1668) 172
Thomas Höskuldsson sterki LXXX, 136
— Nikulásson fógeti XXIV—XXV, XXX—XXXI
Torfi Haldórsson prestur í Vindási LIII

Valgerður Jónsdóttir biskupsfrú á Hólum 96, 178
— Oddsdóttir frá Fitjum LXXIX
— vinnukona í Víðidalstungu 112
Wandel (Vandalín) próf. XLI—XLII, 11
Vaskur, eitthvert uppnefni 91
Wielandt kancelliráð XLVI, 181
Vigfús Gíslason sýslumaður á Hvoli 66
— Hannesson sýslum. Árnesinga LIII, LIV, LVII, LXXXIX
— Jónsson á Leirulæk (d. 1727) 2
— Jónsson á Leirá (d. 1726) LXVII
— Jónsson prófastur í Hítardal XI
Worm, Chr. biskup XLIII

Þórarinn Jónsson ríki á Ásgeirsá og Vatnshorni LXXVI
Þorbjörg Bjarnadóttir, Haldórssonar XCVIII—XCIX, CIII
— ráðskona á Giljá XXXVII
— Magnúsdóttir kona Páls Vídalíns (d. 1737) XIII, XLI, XLIX, LI, LXIX, LXXIII, LXXXV, LXXXIX, XC, XCI, CII, CIII, 41—62, 116, 151, 152, 153, 168, 170
— á Sporði CXXI
Þorbjörn böðull 185—186
Þórdís Finnbogadóttir hins gamla XVII, XXXII

Digitized by Google

Þórður í Melrakkadal 140—41
— í Víðidal 136
— Brynjólfsson, Þórðarsonar LXXXIX
— Guðmundsson prestur á Grenjaðarstað 188
— Jonsson prófastur á Staðastað (d. 1720) XLVIII, 80, 190—191
— Magnússon skáld á Strjúgi (á lífi 1574—1591) 1.8—129, 167
— Magnússon gullsmiður (d. 1727) XXXV
— Sveinsson prestur XXV
— Þorkelsson skólameistari (d. 1742) XXII, XLIV, XLV, LXXVII, 181, 186—188
— Þorláksson biskup í Skálholti (d. 1697) XXIV, XXV, XLIV, XLVI, 67—68, 178
— Þorleifsson klausturhaldari XXVIII
Þorgeir Jónsson ráðsmaður á Hólum, bróðir Steins biskups XCIV, 40
Þorkatla Jónsdóttir 111
Þorkell Arngrímsson prestur í Görðum XXI—XXV, XXIX, LI
— Gíslason frá Valadal 118—119
— Guðbjartsson prestur í Laufási (d. 1483) 134
— Þorsteinsson á Fallandastöðum prestur XCIII, XCV
Þorlákur Arngrímsson prestur á Staðarbakka XXII, XXIII, XXV, XXXVIII
— Björnsson lögréttumaður á Sólheimum XXXVI
— Grímsson prestur í Miklagarði XCVII
— Guðbrandsson lögsagnari (d. 1707) XXVI—XXVII, LXXXIX, 67, 78—79, 143, 145, 184—186
Þorlákur Hallgrímsson prestur á Staðarbakka (d. 1591) XVII, XXXIII
— Jónsson nyrðra 37—38
— Markússon annálamaður XCII
— Pálsson í Víðidalstungu (d. 1657) XXXIII, XXXIV, CIII, 124
— Skúlason biskup XL
— á Stóruborg XXXVIII—XXXIX
— Þórðarson biskups XXV
Þorleifur Árnason í Vatnsfirði XVI, XVII
— Gíslason, Magnússonar (d. 1677) 179, 180—181
— Kortsson lögmaður XXXVI XXXVII
Þormóður Eiríksson í Gvendareyjum (d. 1747) 97, 198
— Torfason sagnaritari XXXVII—XXXVIII
Þorsteinn Benediktsson í Bólstaðahlíð XXVIII
— Bjarnason lögréttumaður XXII
— á Fallandastöðum 138
— Geirsson skólameistari XL
— Hákonarson 79
— Jónsson prestur í Holti XXIV
— Ketilsson prestur á Hrafnagili (d. 1754) 40, 75², 84, 85
— Oddsson prestur í Holti 145
— Pálsson, Torfasonar LXVIII
— Pétursson prófastur á Staðarbakka X
— Sigurðsson sýslum. í Múlaþingi (d. 1765) CIV, 40, 82, 144
— Vídalín XXII, LVI
— Þorleifsson sýslum. 76
Þórunn Oddsdóttir, Jónssonar á Marðarnúpi XCIX
— Pálsdóttir, Jónssonar XVII, XXVIII, XXXII

Digitized by Google

Þórunn Þorvaldsdóttir frá Auðbrekku XXVIII
Þorvarðr Olafss. prestur á Breiðabólstað LXXXVI, 9—10
Þorvarður Pálsson frá Melstað XXIX
Þrúður Þorsteinsdóttir biskupsfrú (d. 1738) 138

Leiðréttingar.

Bls. VII$_{13}$ Rasks safn 46 4to ætti að vera Rasks safn 87 8vo; bls. XIV^{13} öðum l. öðrum; bls. XVII^{21} föður séra Páls, ætti að vera: föðurföður séra Páls; bls. XXXIII, 2 nmgr. Gaðbrandi l. Guðbrandi; bls. XL^{4} hann l. hana; bls. LIII^{21} Magns l. Magnús; bls. LXIII^{20} eirca l. cirka; bls. 1^{7} handrið l. hauðrið; bls. 38^{3} þá l. þú; bls. 57$_{12}$ órkynjað l. órkynjuð; bls. 73^{2} til l. tel; bls. 127^{16} Sigmudur l. Sigmundur; bls. 161^{9} gaimsteininn l. gimsteininn; bls. 167^{1} nm. dóttur l. dóttir; bls. 175^{6} ϛκριδα l. σκριδα; bls. 195$_{18}$ inanspicuus l. inaspicuus.

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

The borrower must return this item on or before the last date stamped below. If another user places a recall for this item, the borrower will be notified of the need for an earlier return.

*Non-receipt of overdue notices does **not** exempt the borrower from overdue fines.*

Harvard College Widener Library
Cambridge, MA 02138 617-495-2413

WIDENER
WIDENER
FEB 1 0 2002
MAY 2 3 2002
BOOK DUE
CANCELLED

Please handle with care.
Thank you for helping to preserve library collections at Harvard.

Digitized by Google

Digitized by Google